SVAVAR ÖRN SVAVARSSON

*Hugsar ekki um tísku heima*

Tíska

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



STÓRI DAGURINN

*Ætluð hvort öðru*

Árni Tryggvason og Kristín Nikulásdóttir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. mars 2006 — 67. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Skrifar, eldar og stílíserar

Fyrsti karlkyns blaðamaðurinn hefur verið ráðinn í fullt starf á Gestgjafanum.



FÓLK 34

### Afmælið heldur áfram

Jón Nordal tónskáld fagnaði áttræðisafmæli sínu á mánudag. Sinfóníuhljómsveit Íslands efnir til hátíðartónleika í tilefni þessa og flytur meðal annars fjóra einleikskonserta eftir hann.

MENNING 38

### Skuldir taka kipp

„Erlendar skammtímaskuldir Íslendinga nema nú nærri fimmföldum gjaldeyrisforðanum. Það lítur ekki vel út," segir Þorvaldur Gylfason.



Í DAG 30

### Úrslitin ráðast

Úrslitin í Iceland Express-deild karla í körfubolta ráðast í kvöld þegar Keflavík og Njarðvík mætast í hreinum úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn. Stuðningsmenn liðanna búast við blóði, svita og tárum.



ÍÞRÓTTIR 50

### VEÐRIÐ Í DAG




**FER AÐ RIGNA** Í dag verður vaxandi suðaustan og austan átt sunnan og vestan til, 10-15 m/s þegar líður á daginn. Annars staðar verður vindur hægari. Úrkomulítið framan af en fer að rigna suðvestan til þegar líður á daginn. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4






# Bankar sviptir völdum ef nauðsyn krefur í áföllum

**Tillögur starfshóps gera ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið getið vikið bankaráðum og bankastjórnum frá og fái vald hluthafafunda eða stofnfjáreigenda um aðgerðir gegn hugsanlegum áföllum á fjármálamarkaði.**

**FJÁRMÁL** Sex manna starfshópur á vegum stjórnvalda, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins leggur til í nýrri greinargerð að kannaðir verði kostir þess að sækja um aðild að samkomulagi Evrópusambandslanda um samvinnu fjármálaeftirlita, seðlabanka og fjármálaráðuneyta í áföllum sem skekið geta fjármálakerfið. Jafnframt telur hópurinn að liggja þurfi fyrir með skýrum hætti hverjir í stjórnkerfinu beri meginábyrgð og annist framkvæmd á úrlausn fjármálakreppu og hvaða heimildir þeir hafi í því skyni. Því þurfi að huga að lagabreytingum um opinbera fjármálastarfsemi og fjármálafyrirtæki.

Starfshópurinn telur í þessu sambandi æskilegt að Fjármálaeftirlitinu verði fært vald til þess að víkja stjórnum, bankastjórum eða framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja frá og skipa í stöður þeirra. Hópurinn telur jafnframt koma til greina að Fjármálaeftirlitið taki við valdi hluthafafundar eða stofnfjáreigenda. Önnur leið gæti falist í að Fjármálaeftirlitið hefði vald til þess að boða til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda og knýja fram tillögu um breytingar á stjórn og endurskoðun.

Starfshópurinn telur einnig að Fjármálaeftirlitið þurfi að hafa heimildir til að takmarka eða banna ráðstöfun banka á fjármunum og eignum sínum, sé það talið liður í aðgerðum til þess að koma fjárhag hans á réttan kjöl.

Starfshópurinn leggur til að samráðshópur Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans og þriggja ráðuneyta hittist eigi sjaldnar en tvisvar á ári en geti komið saman fyrirvaralaust ef þurfa þyki. Fram kemur í gögnum sem send hafa verið forsætisráðherra og þremur öðrum ráðherrum að á vegum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafi menn æft viðbrögð við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu og er lagt til að slíkum æfingum verði fram haldið.

Í greinargerð hópsins er áhersla lögð á að stjórnvöld hugi fyrir fram að viðbúnaði ef alvarlegir erfiðleikar kæmu upp á fjármálamarkaði, hvort sem það væri af völdum bresta í innlendu fjármálakerfi eða breyttra ytri aðstæðna. **- jh**



**BARÁTTUDAGUR KVENNA** Konur héldu mótmæla- og baráttufundi í flestum löndum heims í gær í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna. Meðal annars var barist gegn ofbeldi gegn konum, mansali og kynferðisglæpum, og jafnframt var barist fyrir frelsi og jafnræði. Þessi tyrkneska kona sýnir friðarmerkið framan við ræðismannsskrifstofu Bandaríkjanna í Ankara. NORDICPHOTOS/AFP

Uppnám vegna bankaskýrslu:

## Snörp lækkun á mörkuðum

**VIÐSKIPTI** Krónan veiktist snögglega í gærmorgun og hlutabréf féllu í verði. Úrvalsvísitalan lækkaði um rúm þrjú prósent og krónan veiktist um tæp fjögur prósent. Ástæða þessa er að viðskiptahallinn reyndist ívið meiri en búist var við. Auk þess birtist enn á ný skýrsla Merrill Lynch um íslensku bankana þar sem áhætta þeirra er talin meiri en matsfyrirtækin gera ráð fyrir í ítarlegum úttektum sínum á bönkunum.

Ávöxtunarkrafa skuldabréfa bankanna hækkaði af þessum sökum, en hún er meðal annars til marks um áhættumat á markaði.

Forsvarsmenn bankanna telja of dökka mynd dregna upp í skýrslu Merrill Lynch og þar gæti enn misskilnings um áhættu bankanna af hlutabréfum.

**- hh** sjá síðu 28






Atvinnurekendur í Borgarnesi sammælast um að draga úr sorgarsvip yfir bænum:

## Hætt að flagga í hálfa stöng

**FLÖGG** Forsvarsmenn nokkurra helstu fyrirtækja í Borgarnesi hafa sammælst um að hætta að flagga í hálfa stöng við andlát og útfarir í bænum. Ástæðan er sú að mönnum þótti of mikill sorgarsvipur fylgja fánaborginni meðfram þjóðveginum í gegnum bæinn.

Fjölmörg stórfyrirtæki standa við þjóðveg eitt sem liggur í gegnum Borgarnes og jafnan var fáni dreginn í hálfa stöng við þau öll þegar einhver dó eða var borinn til grafar.

Gísli Einarsson fréttamaður vakti athygli á málinu í grein í Skessuhorni og í kjölfarið var efnt til fundar sem fulltrúar helstu fyrirtækja og stofnana sátu ásamt sóknarprestinum Þorbirni Hlyni Árnasyni.

„Hér voru allt upp í tíu fánar í hálfa stöng meðfram þjóðveginum og ég heyrði á fólki sem ók í gegnum bæinn að þetta væri líkast því að hér ríkti stöðug sorg," segir Gísli Einarsson. Hann hefur vitneskju um að komið hafi fyrir að eigendur fánastanganna hafi flaggað í hálfa án þess að hafa hugmynd um hver væri látinn eða hvern væri verið að jarða. Fólk flaggaði af því að einhver annar gerði það.

Á áðurnefndum fundi sammæltust forsvarsmenn fyrirtækjanna um að hætta að flagga í hálfa stöng og eftirleiðis verður aðeins flaggað við Dvalarheimili aldraðra og við kirkjuna í Borgarnesi. Gísli er ánægður með ákvörðun atvinnurekendanna. „Þetta er siður sem einhvern tíma komst á og erfitt að breyta en menn tóku af skarið á þessum fundi og ég er mjög ánægður með það."

Séra Þorbjörn Hlynur Árnason er samþykkur þessari ráðstöfun. „Mér finnst eðlilegt að stilla þessu í hóf því fáni er tákn, hvort sem honum er flaggað í hálfa stöng eða að húni, og það ber að fara varlega með öll tákn. Þau má ekki ofnota því þá missa þau marks." **- bþs**



## SPURNING DAGSINS

*Eru karlmenn nokkurn tímann til friðs?*

„Nei, þeir eru aldrei til friðs.“

Guðlaug Þóra Marinósdóttir var fundarstýra á fundi Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna fyrir friði og jafnrétti í gær, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Unglæknar óska eftir að fá að taka út hvíldartíma síðasta dag þessa mánaðar:

# Unglæknar mæta ekki í vinnu

**KJARAMÁL** Unglæknar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi hafa sent sviðsstjórum bréf, þar sem þeir óska eftir því að fá að taka út hvíldarrétt föstudaginn 31. mars næstkomandi. Þetta er liður í áralangri baráttu þeirra fyrir því að fá lögboðinn hvíldartíma eða hvíld síðar, komi til skerðingar á honum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er sterkur vilji hjá mörgum unglæknum fyrir því að grípa til aðgerða þennan dag ef þeim verður neitað um umbeðinn hvíldartíma.



**UNGLÆKNAR** Á Landspítalanum starfa nú um 150 unglæknar. Þessir tveir hafa starfað á slysa- og bráðamóttöku.

„Í þessu bréfi bendum við á að LSH hefur að okkar mati ekki farið að lögum með að veita unglæknum fullan rétt á hvíldartíma,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags ungra lækna, sem segir unglækna eiga inni uppsafnaðan hvíldartíma. „Yfirmenn á Landspítala hafa viðurkennt að við eigum rétt á hvíldartíma en ef til skerðingar kemur telja þeir sig ekki skylduga til þess að veita okkur hvíld seinna eins og kveðið er á í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það hljómar auðvitað mjög furðulega að játa í einu orðinu að ætla sér að fara eftir lögum og veita unglæknum hvíldartíma en svo í næsta orði segja að ef hvíldartími skerðist sé það ekki á ábyrgð LSH að bæta okkur upp þetta tap á hvíld.“ **- jss**

Komuverslun í Leifsstöð:

# SVÞ kæra starfsemina

**VERSLUN** Samtök verslunar og þjónustu munu leggja fram kæru til ESA, Eftirlitsstofnunnar EFTA, vegna starfsemi komuverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Samtökin telja að sala ríkisins á algengum neysluvörum eins og snyrtivörum og rafmagnstækjum í samkeppni við einkarekna verslun brjóti í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, að því er fram kemur í fréttapósti þeirra.

SVÞ hafa óskað eftir því að sú reglugerð sem heimilt er að setja samkvæmt tollalögunum og er ætlað að takmarka vöruúrval í komuversluninni verði sett án tafar. ■



**NÝTT KRABBADÝR** Skepnan fannst í Suður-Kyrrahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýtt krabbadýr finnst:

# Blindur humar með silkifeld

**PARÍS, AP** Kafarar hafa uppgötvað nýtt krabbadýr í Suður-Kyrrahafi og er skepnan í hæsta máta óvenjuleg. Hún líkist helst humri, nema að hún er þakin silkimjúkum ljósum feldi.

Dýrið er hvítt á lit, um 15 sentimetra langt fullvaxið og er blint því það vantar í það augu, en kafararnir fundu það á 2.300 metra dýpi um 1.500 kílómetra suður af Páskaeyju. Það er svo ólíkt öðrum krabbadýrum að vísindamennirnir þurftu að búa til nýja ættkvísl fyrir dýrið, sem þeir nefndu Kiwa, eftir gyðju krabbadýra samkvæmt pólýnesískri goðafræði. **- smk**

Reykjavíkurskákmótið:

# Sterkasti keppandinn lagður

**SKÁK** Þröstur Þórhallsson stórmeistari sigraði Mamedyarov, stigahæsta mann mótsins, í 2. umferð Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótsins í gærkvöldi.

Skákmeistarinn er kallaður „arftaki Kasparovs“ og er á meðal fimmtán sterkustu skákmeistara í heimi. Mamedyarov er eini skákmeistari sögunnar sem hefur unnið heimsmeistaratitil ungmenna tvisvar. Hann er sterklega orðaður við heimsmeistaratitilinn á næstu árum.

Hinn ungi og efnilegi Atli Freyr Kristjánsson vann sænsku skákkonuna Viktoríu Johansson. **-shá**

# Búið að taka 24 kíló fíkniefna á þessu ári

**Vel á þriðja tug fíkniefna hefur verið gert upptækt af lögreglu það sem af er þessu ári. Rúm sex kíló höfðu verið gerð upptæk á sama tíma í fyrra. Yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar segir enga einhlíta skýringu á þessu magni.**

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega 24 kíló af fíkniefnum hafa verið gerð upptæk á þeim níu vikum sem liðnar eru af þessu ári. Á sama tíma í fyrra voru samtals 6,3 kíló gerð upptæk. Þau efni sem um ræðir hafa einkum verið tekin af fólki sem hefur reynt að smygla þeim til landsins en verið stöðvað. Inni í þeim tölum sem Fréttablaðið birtir nú eru ekki tvær áfengisflöskur með fljótandi amfetamíni, sem teknar voru af litháískum karlmanni fyrir skömmu. Ætlað er að amfetamínbasinn sem í þeim var geti gefið nokkur kíló af amfetamíni.

„Það vekur vissulega athygli hve mikið magn af fíkniefnum hefur verið tekið á svo skömmum tíma,“ segir Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, um magnið það sem af er þessu ári. Hann kveður enga einhlíta skýringu á þeim mikla mun á magni fíkniefna sem tekin voru á fyrstu níu vikum síðasta árs og sama tíma á þessu ári.



**ÁSGEIR KARLSSON**

„Maður getur aldrei sagt til um það með neinni vissu hvað þarna er að gerast,“ segir hann. „Í þessum tilvikum eru nokkrar stórar haldlagningar, allt upp í rúmlega þrjú kíló af amfetamíni í einni sendingu. Þá kann skýringin að hluta að vera sú að fleiri tilraunir til fíkniefnasmygls séu gerðar nú en áður.“

**HALDLÖGÐ EFNI Í GRÖMMUM FRÁ 1. JANÚAR TIL 06. MARS 2005 OG 2006 EFTIR TEGUND EFNIS (BRÁÐABIRGÐATÖLUR)**




Ásgeir segir enn fremur að lögregla og tollgæsla séu með svipaðan viðbúnað nú og í fyrra og menn þar séu mjög meðvitaðir um allt eftirlit. Þekkingin og vinnubrögðin hafi þróast með árunum en spurningin geti einnig snúist um heppni.

Spurður hvort menn séu ef til vill að taka með sér meira magn fíkniefna nú heldur en áður segir Ásgeir svo ekki þurfa að vera. Fólk hafi í gegnum tíðina verið tekið með mikið magn í einstökum tilvikum. Hann bendir jafnframt á að á síðasta ári hafi verið haldlögð samtals 72 kíló í fíkniefnum erlendis, sem ætluð hafi verið á markað hér á landi. Í sumum tilvikum hafi ábendingar lögreglu hér leitt til töku efnanna úti.

Varðandi lítið hlutfall fíkniefnisins LSD í smygltilraunum nú segir Ásgeir að þær tölur segi ekki allt um neyslumynstrið. Kókaín og amfetamín séu þó sýnilegir vímugjafar í hefðbundnu eftirliti lögreglu með fíkniefnaneyslu í borginni. Þau efni sem séu á markaði hér séu aðallega amfetamín, kókaín, kannabis og E-töflur.

**jss@frettabladid.is**

Ræða utanríkisráðherra:

# Höfum forðast að taka ábyrgð

**UTANRÍKISMÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra hélt síðdegis í gær erindi um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.



**GEIR H. HAARDE**

Geir telur að áhugi almennings sé ekki mikill á málinu og margir setji fyrir sig kostnaðinn sem veru í ráðinu fylgi. Hann segir það þægilegt að láta aðra leysa vandamálin og Íslendingar hafi verið á þeirri línu nema þegar um sé að ræða hagsmunamál þeirra sjálfra. Geir sér fyrir sér að Ísland beiti sér á vettvangi ráðsins með því að halda á lofti friði, réttlæti og auknu lýðræði. **- shá**



**GRÁGÆSIR Á AKUREYRI** Fuglaáhugamenn hafa orðið varir við grágæsir í Eyjafirði og á Hornafirði.

Farfuglum fjölgar:

# Grágæsirnar eru komnar

**FARFUGLAR** Fuglaáhugamenn telja víst að fyrstu grágæsirnar séu komnar til landsins eftir vetursetu á Bretlandseyjum, en fuglaflensan hefur enn ekki greinst þar.

Fyrstu álftirnar komu til landsins 21. febrúar en Brynjúlfur Brynjólfsson, starfsmaður Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands á Höfn, segir að sést hafi til grágæsa á Hornafirði og sjómaður tilkynnti um gæsahóp á flugi út Eyjafjörð. „Það er mjög ólíklegt að þær hafi haft vetursetu hér á landi. Undanfarin þrjú ár hafa þær komið til Íslands í byrjun mars og má segja að þær séu nú á réttu róli,“ segir Brynjúlfur. **- kk**






RARIK, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun halda stofnfund:

# Ríkið í smásölu á rafmagni

**ORKUMÁL** Stofnfundur um sameiginlegt smásölufyrirtæki RARIK, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar á raforkumarkaði verður á morgun, föstudag. Landsvirkjun leggur Laxárvirkjun ekki inn í sameiginlega fyrirtækið við það tækifæri heldur síðar.



**TRYGGVI ÞÓR HARALDSSON** Forstjóri RARIK.

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, segir að stofnað verði undirbúningsfélag með tíu milljón króna hlutafé. Alls 36 prósent verði í eigu RARIK, sami stærðarhlutur í eigu Orkubúsins og eignarhlutur Landsvirkjunar verði 28 prósent. Eignarhlutföllin geti breyst lítillega þegar Landsvirkjun leggi Laxárvirkjun inn í fyrirtækið.

„Starfsmönnum undirbúningsfélagsins er ætlað að ganga frá samningum um þjónustu og undirbúa annars vegar yfirtöku innkaupasamninga og hins vegar eigna. Þeir eiga að gera fyrirtækið að því sem við ætlum því að verða,“ segir Tryggvi.



**LAXÁRVIRKJUN** Virkjunin er bitbein borgar og ríkis. Landsvirkjun, í meirihlutaeigu ríkisins, vill hefja smásölu á orku með virkjuninni og fara í samkeppni við Orkuveita Reykjavíkur í eigu borgarinnar.

Forsvarsmenn eigenda Landsvirkjunar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, funduðu í gær vegna óánægju borgarinnar með að Landsvirkjun greiði hlut sinn í nýja sölufyrirtækinu með því að leggja Laxárvirkjun til þess. Borgin á 45 prósenta hluti í Landsvirkjun, Akureyri fimm og ríkið helming. Ríkið á bæði Orkubúið og RARIK.

Ekki náðist í borgarstjóra eða iðnaðarráðherra og Kristján vildi ekki tjá sig um efni fundarins. Hann sagði þó bæinn styðja stjórn Landsvirkjunar í að stofna smásölufyrirtækið. „Við teljum hagsmuni Landsvirkjunar best tryggða með þessari ákvörðun stjórnarinnar.“ **- gag**




# „ÁHYGGJULAUS"

## ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

Já, það er óþarfi að hafa áhyggjur af því hvernig flytja á vörur, búslóð, ferskmeti, einn smápakka, eða hvað sem er – milli landshluta eða innanbæjar. Flytjandi rekur eitt öflugasta þjónustunet í flutningum á Íslandi. Við leggjum áherslu á að koma sendingu þinni örugglega til skila á sem skemmstum tíma og á sem hagkvæmastan hátt.

- Áætlunarflutningar á 80 staði innanlands
- Vörudreifingarþjónusta um allt land t.d. kvölddreifing, útkeyrsla til þriðja aðila, flokkun fyrir dreifingu o.fl.
- Flutningar hvert á land sem er
- Allt frá smápökkum til gáma
- Heildarlausnir í innanlandsflutningum

**Þú einfaldlega hringir í 525 7800 og sérfræðingar okkar hjá viðskiptaþjónustu Eimskips sjá til þess að leiðin verði greið.**

Himinn og haf / SÍA

Flytjandi

EIMSKIP GREIÐ LEIÐ | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is | MEMBER OF AVION GROUP

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 8.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,82 | 69,14 |
| Sterlingspund | 119,64 | 120,22 |
| Evra | 82 | 82,46 |
| Dönsk króna | 10,996 | 11,06 |
| Norsk króna | 10,241 | 10,301 |
| Sænsk króna | 8,663 | 8,713 |
| Japanskt jen | 0,5839 | 0,5873 |
| SDR | 98,84 | 99,42 |

*Gengisvísitala krónunnar*

115,2111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök iðnaðarins telja hátækifyrirtæki þurfa meira en skilning á vandanum:

# Segir fyrirtækjum mismunað

**ATVINNULÍF** Samtök iðnaðarins segja stjórnvöld ekki gæta hlutleysis gagnvart fyrirtækjum í landinu.

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri samtakanna, segir að grípa þurfi til aðgerða gegn þeim vanda sem hafi skapast hjá fyrirtækjum eins og Marel, sem starfi í útflutningi á hátækni.

„Ríkið veitir stóriðju fyrirgreiðslu sem það veitir ekki öðrum,“ segir Jón Steindór. „Ríkið þarf að gæti viss jafnræðis í hvaða atvinnugreinar byggjast hér upp þannig að arðsemi rekstursins skipti höfuðmáli.“ Ekki megi stilla fólki upp með eða á móti stóriðju eða hátækni.



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON** Hvetur stjórnvöld til að setja almennar leikreglur fyrir atvinnulífið.

Jón Steindór segir að samtökin hafi lagt fram tillögur í janúar um hvernig halda megi hátæknifyrirtækjum í landinu og skorað á stjórnvöld að bregðast við. „Þau sýna skilning en við höfum ekki séð brugðist við beiðninni. Þessum fyrirtækjum dugir ekki skilningur einn.“

Jón Steindór segir samtökin á móti því að stjórnvöld stýri uppbyggingu atvinnulífsins. Þau eigi þess í stað að móta almenna stefnu og skapa almenn starfsskilyrði fyrir atvinnulífið. Hann hvetur stjórnvöld til að skapa almennar leikreglur svo allir sitji við sama borð. „Þá lifir arðbær atvinnuvegur af. Ef álver verður ofan á í slíkri samkeppni er það vel.“ Iðnaðarráðherra veitti ekki viðtal vegna anna. **- gag**

Unglæknar í notendahópi:

# Hafa dregið kæru til baka

**HEILBRIGÐISMÁL** Unglæknar hafa dregið til baka kæru sem þeir höfðu sent siðanefnd Læknafélags Íslands. Hún var til komin vegna ummæla framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala, Jóhannesar M. Gunnarssonar, um ástæðu þess að fulltrúi þeirra ætti ekki sæti í notendahópum sem um undirbúa byggingu hátæknisjúkrahúss. Framkvæmdastjórinn bað þá í Fréttablaðinu í gær velvirðingar á ummælunum.

Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags ungra lækna, sagði að unglæknar hefðu frá og með gærdeginum fengið sinn fulltrúa inn í notendahópana. Þessu máli væri því lokið og menn væru sáttir. **- jss**



**BARIST FYRIR RÉTTINDUM** Pakístanskar konur kröfðust jafnréttis um alla Palestínu í gær, á alþjóðlega konudeginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðlegi konudagurinn:

# Konur fögnuðu um allan heim

**KONUDAGURINN, AP** Tugmilljónir kvenna víðs vegar um allan heim héldu alþjóðlega baráttudag kvenna hátíðlegan í gær.

Í Bangladess mættu þúsundir karla og kvenna á fjöldafundi til að mótmæla sýru-árásum á konur sem enn viðgangast þar í landi.

Ellen Johnson Sirleaf Líberíuforseti hrósaði konum fyrir þátttöku þeirra í uppbyggingu þróunarlandanna, og Levy Mwanawasa Sambíuforseti lofaði að gefa konum fleiri valdastöður innan ríkisstjórnar Sambíu. Jacque Chirac Frakklandsforseti hvatti franskar konur af innflytjendaættum til að velja sér lífsstíl sinn sjálfar, og minnti á að með því væru þær hvorki að brjóta lög né hafna uppruna sínum. **- smk**

## ÞJÓÐLEIKHÚS

**Efst á lista** Viðgerðir á Þjóðleikhúsinu munu kosta um 1,6 milljarð króna. Menntamálaráðherra greindi frá þessu í gær og sagði jafnframt að viðgerðum á menningarstofnunum hefði verið forgangsraðað og að komið væri að því að ráðast í viðgerðir á Þjóðleikhúsinu.

## HVALVEIÐAR

**Hvalveiðar í atvinnuskyni** Sjávarútvegsráðherra fullyrti á Alþingi í gær að Íslendingar stefndu að því að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni. Íslendingar hétu því við inngöngu í Alþjóðhvalveiðiráðið að ekki yrðu hafnar atvinnuveiðar hér fyrr en í fyrsta lagi sumarið 2006.

# Björguðust úr bruna í Kaupmannahöfn

**Mikil mildi þykir að ekki fór verr þegar eldur kom upp í fjölbýlishúsi á Norðurbrú í Kaupmannahöfn í fyrrakvöld. Þrír Íslendingar vöknuðu við hljóð frá reykskynjara og kölluðu til slökkvilið sem kom fljótt á staðinn.**

**BRUNI** Júlía Bjarney og Inga Rún Björnsdætur, ásamt Braga Ólafssyni, kærasta Ingu Rúnar, björguðust með naumindum úr bruna á Norðurbrú í Kaupmannahöfn í gærkvöldi þegar þeim tókst að yfirgefa fjölbýlishús þar sem Júlía Bjarney og Inga Rún búa. „Skömmu fyrir tvö um nótt vaknaði Bragi við væl í reykskynjara og hann vakti Ingu Rún í kjölfarið. Þau vöktu mig síðan og ég hringdi strax í neyðarlínuna og tilkynnti um eldinn. Síðan tókum við til fótanna og yfirgáfum húsið í snatri,“ sagði Júlía Bjarney.

Inga Rún og Bragi gengu á hljóðið í reykskynjaranum en þeim mætti þéttur reykur af ganginum þegar þau opnuðu dyrnar. „Eldhúsið fylltist af reyk fljótlega eftir að Bragi opnaði hurðina. Þau hlupu síðan út á gang og hófu að banka á dyr íbúðanna í stigaganginum. Nágrannar okkar vöknuðu fljótt. Ég hljóp svo niður til þess að opna fyrir slökkviliðinu en það kom örfáum mínútum eftir að ég hafði hringt.“

Slökkviliðið hafði mikinn viðbúnað vegna eldsins. Töluverður eldur logaði á efstu hæðum hússins en allir íbúar þess komust út og var þeim fljótlega boðið að bíða í rútu sem kom að húsinu hálftíma eftir að eldsins varð vart. „Slökkviliðsmennirnir hlupu um allt hús og vöktu alla íbúa með því að öskra „politiet“ og bönkuðu þeir hressilega á allar dyrnar í húsinu. Við biðum fyrir utan húsið í dálitla stund. Það var svolítið erfitt þar sem það var mikill kuldi. Ung hjón með nýfætt barn þurftu að bíða úti í kuldanum dálitla stund en að lokum fór þetta nú allt saman vel.“

Íslendingunum var hleypt inn í íbúðina sína tæplega fjórum tímum eftir að slökkviliðið hafði verið kallað til og sváfu þeir með alla glugga opna til þess að reykræsta íbúðina almennilega. „Þetta var köld nótt en við hörkuðum þetta af okkur,“ sagði Júlía Bjarney. **magnush@frettabladid.is**



**ÞAK HÚSSINS ILLA FARIÐ** Þak fjölbýlishússins var illa farið eftir eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/JÚLÍA

**ELDUR LOGAR GLATT Í ÞAKI HÚSSINS** Eins og sést á þessari mynd logaði glatt í þaki hússins en slökkviliðinu að ná fljótt tökum á eldinum og kom íbúum hússins í skjól.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÚLÍA



**SYSTURNAR JÚLÍA BJARNEY OG INGA RÚN** Júlía Bjarney, Inga Rún og kærasti Ingu brugðust skjótt við eftir að þau urðu eldsins vör. FRÉTTABLAÐIÐ/JÚLÍA

Sparisjóður Vestfirðinga:

# Stækkar við sig og fjölgar fólki

**VIÐSKIPTI** Stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga hefur ákveðið að flytja afgreiðslu sína á Ísafirði í nýbyggingu sem nú rís við Hafnarstræti og er reiknað með að sparisjóðurinn verði kominn í hið nýja húsnæði í haust.

Húsakostur Sparisjóðsins stækkar mikið og breytir það einnig miklu að öll starfsemin verður nú á einni hæð og mögulegt verður að fjölga starfsmönnum bankans. Ástæða þess að þetta er gert nú er að viðskipti Sparisjóðsins eru sífellt að aukast, bæði á sviði einstaklinga og smærri fyrirtækja. **- shá**



**ÆTTINGJAR SYRGJA** Þessir tveir menn syrgja einn hinna látnu.

Ofbeldishrina í Bagdad:

# Lík finnast á víð og dreif

**BAGDAD, AP** Bandarískir og íraskir hermenn hafa á síðustu tveimur sólarhringum fundið 24 lík víðs vegar um Bagdad, höfuðborg Íraks. Átján líkanna fundust í litlum sendiferðabíl sem skilinn hafði verið eftir.

Í gær réðust vopnaðir menn inn á skrifstofur einkarekinnar öryggisþjónustu í Bagdad og rændu fimmtíu starfsmönnum.

Þessi ofbeldishrina kemur á sama tíma og hvorki gengur né rekur í samningaviðræðum milli sjía, súnnía og Kúrda um stjórnarmyndun. **- gb**


F E R M I N G A R G J Ö F I N

## Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi



**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

***Kynningarverð: 8.800 kr.***

ORÐABÓKAÚTGÁFAN




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HLÝNAR Í DAG Í BORGINNI**
Það er vaxandi vindur og fer að rigna sunnan- og suðvestan til þegar líður daginn. Samfara þessu hlýnar syðra þegar líður á morguninn og daginn.

**HELGIN**
Laugardagurinn verður úrkomusamur syðra, með skúrum eða éljum en á sunnudag snýst í norðanátt og rofar til syðra.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Vaxandi austanátt, 8-13 m/s eftir hádegi. Þurrt í fyrstu en síðan slydda og síðar rigning síðdegis.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-15 m/s norðvestan til og suðaustan til, annars hægari.

*» laugardagur*



Yfirleitt 5-13 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C hálfskýjað | París | 10°C hálfskýjað | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Osló | -8°C hálfskýjap | Berlín | 1°C alskýjað | Mílano | 11°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | - 5°C hálfskýjað | Frankfurt | 7°C skúrir | New York | 12°C skúrir |
| Helsinki | -11°C hálfskýjað | Madríd | 17°C hálfskýjað | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 17°C hálfskýjað | Orlando/Florída | 26°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Allt
## í einu korti

e² Vildarkort – Nýtt VISA kreditkort sem sameinar alla kosti Vildarkorts Icelandair og e-kortsins.

- Vildarpunktar og endurgreiðsla – allt í sömu færslunni
- Viðbótarvildarpunktar hjá yfir 100 samstarfsaðilum
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsaðilum ásamt veglegum sértilboðum

**Sæktu um e² Vildarkortið á www.e2.is**



ENDURGREIÐSLA VILDARPUNKTAR



spron

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

e² Vildarkort



## KJÖRKASSINN

*Ertu flughrædd(ur)?*

| | |
|---|---|
| Já | 19% |
| Nei | 81% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu áhyggjur af viðskiptahallanum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Hörmulegur eldsvoði í Þórshöfn í Færeyjum:

# Þrír drengir fórust í eldsvoða

**FÆREYJAR** Sex og níu ára gamlir bræður og tíu ára gamall vinur þeirra, sem var gestkomandi á heimili þeirra, létu lífið í eldsvoða í Þórshöfn í Færeyjum í fyrrakvöld. Upptök eldsins eru ókunn en sérfræðingar frá dönsku Brunamálastofnuninni voru fengnir til Færeyja og vinna nú að rannsókn málsins.

Um níuleytið í gærkvöldi hringdi nágranni í færeysku neyðarlínuna með upplýsingar um að kviknað væri í parhúsi við Hrafnseyrarveg. Lögregla, slökkvilið og sjúkrabílar voru þegar send á staðinn en komu of seint því drengirnir voru þá allir látnir úr reykeitrun. Þeir fundust í herbergi bræðranna þar sem þeir voru að leik þegar eldurinn braust út. Þeir voru einir heima því faðir bræðranna hafði skroppið í íbúðina við hliðina til að fá sér kaffisopa.

Jón Klein Olsen, varalögreglustjóri hjá lögreglunni í Þórshöfn, segir að þegar björgunarlið kom á staðinn hafi mikill eldur verið í eldhúsi og stofu og húsið fullt af reyk. Eldurinn virðist hafa átt upptök sín í eldhúsinu en það er enn ósannað. Færeyska lögreglan telur ekki að um íkveikju sé að ræða. - shá



**AF VETTVANGI** Lögregla, slökkvilið og sjúkrabílar brugðust skjótt við en drengirnir voru þegar látnir. Þeir voru að leika sér í herbergi bræðranna og létust allir af völdum reykeitrunar. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR LINDENSKOV

Fasteignamarkaðurinn:

# Mjög hefur dregið úr sölu

**HÚSNÆÐI** Sala á íbúðum í fjölbýli hefur dregist saman um 26 prósent milli ára að því er fram kemur í tölum frá Fasteignamati ríkisins. Á sama tíma hefur sala á einbýlishúsum aukist um fimmtán prósent.

Í febrúar sem nú er nýliðinn seldust um 679 íbúðir og einbýlishús en í febrúar á síðasta ári seldust 856 slíkar eignir. Þrátt fyrir að færri eignir hafi selst nú en á síðasta ári er veltan meiri og hefur meðalverð íbúða í fjölbýli hækkað um 29 prósent milli ára og meðalverð einbýlishúsa hækkað um fimmtung. - shá



**MÓTMÆLI** Framhaldsskólanemar fjölmenntu við Alþingishúsið í gær.

Fjöldafundur stúdenta:

# Mótmæltu á Austurvelli

**MENNTAMÁL** Vel á annað þúsund framhaldsskólanemar komu saman á Austurvelli í gær. Þeir voru að mótmæla fyrirætlunum menntamálaráðherra um styttingu náms til stúdentsprófs þrátt fyrir að ráðherra hafi sagt að styttingin komi ekki niður á gæðum námsins.

Framhaldsskólanemar hafa sent ráðherra um 6.000 póstkort þar sem þeir hvetja hann til að endurskoða fyrirhugaðar breytingar á stúdentsprófinu. - shá

## FUGLAFLENSA

**H5 finnst víðar í Svíþjóð** Sænsk yfirvöld tilkynntu í gær að fuglaflensuveira af stofninum H5 hefði fundist í fleiri villtum öndum nærri Karlskrona og Oxelösund á suðausturströnd Svíþjóðar. Verið er að rannsaka hvort veiran sé af H5N1-stofninum.

**Finnst í Albaníu** Bresk rannsóknarstofa tilkynnti í gær að H5N1-fuglaflensa hefði fundist í Suður-Albaníu. Veiran fannst í dauðum kjúklingi í þorpinu Cuke. Búið er að setja þorpið og nágrannabæi í sóttkví.

**Tíu hafa látist í Kína** Tíu manns hafa látist úr fuglaflensu í Kína. Tíunda fórnarlambið var níu ára gömul telpa sem dó á mánudag. Alls hafa 175 manns smitast um heim allan og þar af hafa 95 farist, samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta í fyrrinótt** Bíll ók út af veginum til móts við Krísuvíkurveg um miðnætti í fyrrinótt með þeim afleiðingum að bílnum hvolfdi. Engin meiðsl urðu á ökumanni eða farþegum.

# Bændur í vanda eftir kvótakaup

**Staðhæft er að bændur séu í vandræðum vegna lækkunar á verði mjólkurkvóta. Bankarnir segjast ekki lána út á kvóta eingöngu. Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda segir kaup á mjólkurkvóta tryggingu til framtíðar.**

**LANDBÚNAÐUR** Verð á mjólkurkvóta hefur lækkað mikið að undanförnu og er heildarverðmæti hans tíu milljörðum króna minna núna en það var í sumar. Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri einkareknu afurðastöðvarinnar Mjólku, segir að ef þessi þróun haldi áfram verði kvótaverðið komið niður í 250 krónur í sumar. Það þýði að eign bænda hafi þá rýrnað um helming á rúmu ári. Hann segir þetta valda bændum miklum vanda og útilokað sé fyrir þá að fara út úr greininni, því þeir nái fjárfestingu sinni aldrei til baka. Hann segir að bankarnir hljóti að vera uggandi um sinn hag þar sem þeir hafi lánað stórfé til kvótakaupa með veði í kvótanum sjálfum. „Þeir myndu hafa áhyggjur ef verð á fasteignum myndi lækka um tugi prósenta á hálfu ári,“ segir Ólafur.

Þorfinnur J. Björnsson, sérfræðingur hjá lánamati Landsbankans, lítur svo á að veðið sé alltaf tekið í jörðinni eða gæðum hennar í heild. Þorfinnur, sem var starfsmaður Lánasjóðs landbúnaðarins sem Landsbankinn keypti, segir að svo hafi einnig verið þar. „Við lánuðum mönnum til að kaupa jörð og þeir fengu hærra lán eftir því sem kvótinn var meiri, en aldrei bara út á kvótakaup.“

Friðrik S. Halldórsson hjá viðskiptabankasviði KB banka segir að lánað sé út á mjólkurkvóta eins og fiskikvóta en jörðin og kvótinn séu metin saman inn í virði hvers býlis. Friðrik lítur svo á að lækkunin nú sé ekkert til að hafa áhyggjur af.

Baldur H. Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, skýrir verðlækkunina með kvótaaukningu sem nam fimm milljónum lítra á þessu ári. Hann segir að einnig hafi áhrif að greitt sé fyrir alla umframmjólk og því þurfi ekki kvóta til að auka framleiðslu. Hann segir líklegt að svo verði einnig á næsta ári. Ástæðuna fyrir kvótakaupum við þessar aðstæður segir hann vera að bændur séu að kaupa hlutdeild í markaði og beingreiðslum til framtíðar. Um tryggingar bankanna segir Baldur: „Ef ég væri starfandi kúabóndi og ætlaði mér að kaupa 100.000 lítra í viðbótarkvóta myndu lánardrottnar vilja fá veð í jörðinni en ef það eru bara 10.000 lítrar er veðið bara í kvótanum. Þetta er síðan metið fyrir hvern og einn, eftir jörðinni, skuldastöðu og aldri.“

svavar@frettabladid.is



**ÚR FJÓSINU** Lán með tryggingu í mjólkurkvóta eru sögð geta orðið baggi á bændum eftir lækkun verðs á mjólkurkvóta. Bankarnir gera lítið úr áhrifum lækkunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞRÓUN VERÐS Á MJÓLKURKVÓTA FRÁ MARS 2005**

| Mánuður | Meðalverð |
|---|---|
| 1. mars | 366 |
| 1. apríl | 380 |
| 1. maí | 389 |
| 1. júní | 393 |
| 1. júlí | 405 |
| 1. ágúst | engin viðskipti |
| 1. sept. | 380 |
| 1. okt. | 386 |
| 1. nóv. | 379 |
| 1. des. | 387 |
| 1. jan. | 351 |
| 1. feb. | 323 |
| 1. mars | 314 |


PALOMINO FELLIHÝSI

SÝNING UM HELGINA kl. 12-16



*Sýnum hin stórglæsilegu Palomino fellihýsi um helgina. Verið velkomin!*

**Opið laugardag og sunnudag kl. 12-16 báða dagana.**

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203



Fimmtudagskvöld eru *fjármálakvöld*

*Fyrirlestur í Aðalútibúi Landsbankans, Austurstræti 11*

**í kvöld kl. 20**

– Spurt og svarað um skattamál

Skráning fer fram á **www.landsbanki.is** og í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á **www.landsbanki.is**. Að loknum fyrirlestri verða í boði kaffiveitingar. Fundargestir verða leystir út með litlili gjöf.

Landsbankinn Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31654 03/2006


Danskir fjárfestar hvattir til að selja íslensk verðbréf:

# Neikvæðir í garð krónunnar

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru ekki nýjar fréttir enda höfum við verið á þeirri skoðun í þó nokkurn tíma að íslenska krónan sé of hátt skráð,“ sagði Christian Farø, hagfræðingur hjá Jyske bank og höfundur skýrslu bankans, í viðtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir að bankinn sé í skýrslunni að taka undir gagnrýni matsfyrirtækisins Fitch á núverandi efnahagsstefnu Íslandi. „Íslenska hagkerfið hefur ofhitnað og veikari króna getur slegið á þá þróun. Við bendum einnig á að fjármálastefna ríkisins mætti vera strangari, sem gengur þvert á stefnu fjármálaráðuneytisins“, segir Christian.

Hann telur veikingu krónunnar jákvæða þróun fyrir íslenskt efnahagslíf enda þurfi viðskiptahallinn að minnka. „Við erum ekki að spá hruni krónunnar og teljum meiri líkur á því að lendingin verði mjúk.“

Christian segir það áhættusamt fyrir erlenda aðila að fjárfesta á Íslandi þar sem markaðurinn sé lítill. Því geti það verið erfitt að komast út af markaðnum ef margir vilji selja á sama tíma. Hann segir að það sé ekki spá bankans að þannig ástand skapist.



**KAUPHÖLLIN** Í skýrslu Jyske bank segir meðal annars að veiking krónunnar sé jákvæð fyrir íslenskt efnahagslíf.

Í skýrslunni kemur fram að síðustu tvær vikur hafi reynt á íslenska markaðinn og útlit sé fyrir að þrýstingurinn muni aukast. Því er einnig spáð að vextir muni hækka á næstunni og bent er á að verðbólga hafi farið yfir viðmið Seðlabankans síðustu sex mánuði.

Sérfræðingar Jyske bank líkja íslenskum fjárfestum við bandaríska í skýrslu sinni og segja þá viljugri til að taka áhættu á meðan Danir séu mun varkárari. Þetta eigi líka við um íslensku bankana. Það þurfi þó ekki að vera neikvætt en fyrr í vikunni sagði bankastjóri Jyske bank það ekki koma til greina að taka upp sömu stefnu og íslensku bankarnir fylgdu og fjárfesta í þeim fyrirtækjum sem þeir lánuðu til.

kristjan@frettabladid.is

# Danskir dagar



**HAMBURGERRYG** med ben
**899** kr/kg
Verð áður 1.398,-

**RIBBENSTEG**
**499** kr/kg

**NAKKEFILET** i skiver uden ben
**899** kr/kg
Verð áður 1.498,-

**FADKOTELETTER**
**1.699** kr/kg

**HERREGÅDS-KOTELETTER**
**1.199** kr/kg

**SKINKESTEAKS**
**1.289** kr/kg

**HERREGÅRDS-BØF**
**799** kr/kg



**Ekta danskt smörrebrauð**
á dönskum dögum

Nyheder på danske dage



**229** kr/stk

**Dönsk** kanillengja
- bökuð að hætti Dana

Nyheder på danske dage



**Danskt** gæðabrauð
- bakað í steinofni, 2 gerðir

Nyheder på danske dage



**Rynkeby** ávaxtasafi
- margar tegundir

Nyheder på danske dage



**Makrílflök**
- makríll og áll, beint frá Danmörku

Nyheder på danske dage



**Hatting** ciabatta m/pestó
- frábær nýjung

Nyheder på danske dage




**Dan sukker** sykur,
- færri kaloríur, gott í bakstur

Nyheder på danske dage




**149** kr/stk

**Faxe Kondi** 2 ltr.
- framleitt á Íslandi fyrir Dani



**Daloon** eplaskífur
- ómissandi á dönskum dögum

Nyheder på danske dage



**99** kr/pk

**Danskar** flødeboller
- 6 stk. í pakka

Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.

*Hvor Islændinge ka best li' at handle*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir eini maðurinn sem hefur verið ákærður vegna hryðjuverkanna 11. september 2001?*

2 *Hverjir skoruðu mörkin tvö í leik Chelsea og Barcelona í fyrradag?*

3 *Hvað heitir nýjasta kvikmynd Woody Allen?*

SVÖR Á BLS. 94

Þrír vopnaðir menn rændu peningum á flugvelli í Gautaborg:

# Einn í haldi vegna ránsins

**SVÍÞJÓÐ, AP** Einn maður hefur verið handtekinn í tengslum við rán sem framið var á Landvetter-flugvellinum fyrir utan Gautaborg í Svíþjóð á þriðjudag, að sögn talsmanna sænsku lögreglunnar. Maðurinn, sem er um fertugt, var handtekinn norðan Gautaborgar seint á þriðjudagskvöld, örfáum klukkustundum eftir að grímuklæddir byssumenn rændu fé úr SAS-flugvél á vellinum.

Flugvélin var nýkomin frá London og voru starfsmenn Securitas að flytja úr henni fé yfir í bíl fyrirtækisins þegar byssumennirnir birtust á rauðum jeppa, samkvæmt fréttum Dagens Nyheter. Þrír vopnaðir menn stukku út úr jeppanum, hrifsuðu féð og skelltu um leið pakka á flugbrautina sem lögreglan taldi að innihéldi sprengju. Svo óku þeir á brott í jeppanum og dreifðu nöglum á götuna á eftir sér til að hindra eftirför lögreglu.

Engan sakaði í ráninu og fannst jeppinn og Volvo-bifreið skömmu síðar skammt frá flugvellinum, en kveikt hafði verið í báðum bifreiðunum. Óvíst var hversu mikið fé þjófarnir komust á brott með en ljóst þótti að það væri töluvert. Ránið þykir minna á annað sem framið var árið 2002 á Arlanda-flugvellinum í Stokkhólmi. Það mál er enn óupplýst. **- smk**



**PENINGUM STOLIÐ** Þjófar stálu fé úr þessari flugvél í Gautaborg á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verðkönnun ASÍ:

# Verðmunur í sömu verslun

**VERÐKÖNNUN** Nokkur munur getur verið á verði matvöru innan sömu verslanakeðju, samkvæmt nýrri úttekt Alþýðusambands Íslands.

Farið var í 22 verslanir um land allt í vikunni og kannað hvort sama verð gilti á ákveðnum tegundum matvara í verslun úti á landi og gildir í sömu verslun á höfuðborgarsvæðinu. Oftast reyndist mismunandi verð á sömu vöru í verslun Hagkaupa. Reyndust þar 12 vörur af 24 ekki á sama verði en munurinn reyndist þó aldrei vera meiri en tíu krónur. Eina verslanakeðjan þar sem verð reyndist hið sama í öllum tilvikum var Samkaup. **- aöe**

Háir hitareikningar:

# Kuldakastið Dönum dýrt

**DANMÖRK** Hitareikningur meðalfjölskyldunnar í Danmörku mun hækka um tugi þúsunda í ár, enda hefur veturinn verið sá kaldasti í landinu í fimmtán ár. Hækkandi orkuverð hefur einnig neikvæð áhrif og því mun hitunarkostnaður meðalíbúðar í Danmörku hækka um að lágmarki 2.500 danskar krónur á ári.

Samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins jókst orkuframleiðsla í orkuverum landsins um tuttugu prósent fyrstu tvo mánuði ársins miðað við sama tíma fyrir ári. **- ks**

## ÍRLAND

**Níðingar í prestastétt** Kaþólska kirkjan á Írlandi skýrði frá því að 102 prestar í hennar röðum væru grunaðir um að hafa níðst kynferðislega á ekki færri en 150 börnum frá og með árinu 1940.

## SUÐUR-AFRÍKA

**Uppnám í fataiðnaði** Sökum sívaxandi markaðshlutdeildar Kínverja er hætta á að fataiðnaður í Suður-Afríku leggist alveg af, en mörg vestræn fyrirtæki hafa lengi látið sauma fatnað sinn þar. Stjórnvöld verða að grípa í taumana ef halda á iðnaðinum gangandi.

**Synti í átta og hálfan tíma** Fötluð kona komst í suður-afrískar sögubækur þegar hún varð bæði fyrsta konan og fyrsti fatlaði einstaklingurinn til að synda fimmtán kílómetra vegalengd frá Robben-eyju úti fyrir ströndum landsins og til baka.

# Sjötta hvert barn misnotað

**Sautján prósent íslenskra barna verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Formanni skólastjórafélagsins finnst hlutfallið óhugnanlega hátt. Nauðsynlegt að fræðsla um ofbeldi verði aukin innan skólana.**

**STÍGAMÓT** Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Stígamóta, vill að skólastofnanir í landinu bregðist með kröftugri hætti við staðreyndum sem fyrir liggja um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

„Sautján prósent íslenskra barna verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir átján ára aldur. Hvaða eru skólastofnanir að gera til þess að bregðast við þessum veruleika?“ sagði Guðrún í gær þegar ársskýrsla Stígamóta fyrir árið 2005 var kynnt í höfuðstöðvum samtakanna að Hverfisgötu 115.

Hanna Hjartardóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands og skólastjóri í Snælandsskóla í Kópavogi, segir marga grunnskóla haga innra starfi sínu þannig að eftirlit með kynferðislegu ofbeldi sé stöðugt frá degi til dags. „Í sumum skólum er skipulögð vinna á vegum hjúkrunarfræðinga þar sem 1. bekkjar nemendur tala við hjúkrunarfræðing um líkama sinn og þannig reynt að hafa eftirlit með því ef grunur leikur á kynferðislegu ofbeldi. Svo hafa skólar haldið námskeið um þessi mál fyrir starfsmenn þar sem fagfólk ræðir við starfsmenn um það hvernig mögulega sé hægt að vera á verði gagnvart ofbeldinu.“

Ljóst er að sögn Hönnu að betur má ef duga skal í þessum efnum. „Það er óhugnanlega hátt hlutfall barna sem verður fyrir ofbeldi og full ástæða til þess að taka þessi mál fastari tökum.“

Guðrún vill að eftirlit með kynferðisofbeldi innan skólastofnana verði eflt og kallar eftir því að málið verði sett betur á dagskrá innan skólana. „Ég tel að það sé nauðsynlegt að koma þessum málum betur á dagskrá. Nemendur fá aðstoð hjá sérkennara ef þeim gengur illa að læra. Ef þeir meiða sig vita þeir að hjúkrunarfræðingurinn hjálpar þeim. Að sama skapi þurfa nemendur að vita að hafi þeir verið beittir ofbeldi sé líka hjálp að fá og þau þurfa að vita hvert aðstoð á að sækja.“

Fjöldi nýrra mála hjá Stígamótum á árinu 2005 var nokkru hærri en árið á undan en 249 ný mál komu inn á borð Stígamóta. Árið 2004 komu 228 ný mál til umfjöllunar hjá Stígamótum og því fjölgaði málum milli ára um rúm níu prósent.

Í sextán ára sögu Stígamóta hafa 4.233 einstaklingar leitað aðstoðar hjá samtökunum og teljast ofbeldismennirnir vera rúmlega sex þúsund. Í raun eru þeir líklega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi. **magnush@frettabladid.is**



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR STÍGAMÓTA** Guðrún kynnti ársskýrslu Stígamóta fyrir blaðamönnum í gær en í henni kemur meðal annars fram að nýjum málum hjá Stígamótum fjölgaði um rúm níu prósent milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**AFDRIF MÁLA ER BÁRUST STÍGAMÓTUM ÁRIÐ 2005**







GEVALIA
það er kaffið!
Los Gevalios
ORIGINAL
GEVALIA
500g
GEVALIA Harði pakkinn í lofttæmdum umbúðum til að tryggja ferskleikann alla leið.



**HUNDASLEÐAKEPPNI** Norðmaðurinn Tore Albrightsen og hvuttarnir hans sjást hér þjóta framhjá Fingravatni í Alaska, en Albrightsen er einn 83 hundaáhugamanna sem keppa þessa dagana í Iditarod-hundasleðakeppninni í Alaska. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið um sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps:

# Hyggjast blása til sóknar

**SVEITARSTJÓRNIR** Þórshafnar- og Skeggjastaðahreppar hafa ákveðið að boða til kosninga um sameiningu sveitarfélaganna 8. apríl næstkomandi.

Áki Guðmundsson, oddviti hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps, segir íbúana fá stuttan fyrirvara en nauðsynlegt sé að hraða kosningunum þar sem eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor eigi sveitarfélögin ekki möguleika á sameiningarframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga vinnur nú að úttekt á kostum og göllum sameiningar. Niðurstaðan verður kynnt íbúunum í lok mars og kynningarfundir haldnir í báðum sveitarfélögunum 1. apríl.

Áki segist sjá ýmsa kosti við sameiningu og hann segir skuldir eða hallarekstur ekki liggja að baki sameiningarkosningunum. „Þetta er ekki varnarleikur heldur sóknarleikur. Samfélagsgerð sveitarfélaganna er sú sama og þau eiga sömu hagsmuna að gæta. Við sjáum fram á að rekstur sameinaðs sveitarfélags verði hagkvæmari og mikilvægt er að við tölum einu máli út á við,“ segir Áki. **- kk**



**BAKKAFJÖRÐUR** Tæplega 140 manns búa í Skeggjastaðahreppi og flestir þeirra á Bakkafirði. Íbúar Þórshafnarhrepps eru ríflega 400. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fylgi flokka í Noregi:

# Framfaraflokkurinn stærstur

**NOREGUR** Fylgi við öfga-hægriflokka í Noregi og Danmörku hefur aukist töluvert síðustu vikur. En samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem birt var í Noregi í fyrradag fengi Framfaraflokkurinn þar í landi um þriðjung atkvæða ef kosið yrði í dag.

Í frétt á vefsíðu Politiken er haft eftir sérfræðingum að mótmælin vegna Múhameðsteikninganna sem birtust í Jótlandspóstinum og umræðan í löndunum í kjölfar þeirra sé ástæðan fyrir auknu fylgi við flokkana.

Danski þjóðarflokkurinn mælist nú þriðji stærsti flokkur Danmerkur. **- ks**

Leiðtogi íhaldsmanna:

# Gjáin er horfin

**LONDON, AP** Sá djúpi hugmyndafræðilegi klofningur sem einkenndi breskt stjórnmál fyrir tveimur áratugum er ekki lengur fyrir hendi, að mati Davids Cameron, leiðtoga breska Íhaldsflokksins. Flokkarnir þrír í breskum stjórnmálum séu að mætast á miðjunni.



**DAVID CAMERON**

Sjálfur segist hann til dæmis ekki hafa miklar áhyggjur af því þótt hann sé stundum á sama máli og Tony Blair forsætisráðherra, leiðtogi Verkamannaflokksins, í mikilvægum málum á borð við menntamál. **- gb**

Sprengjur á Indlandi:

# Tuttugu farast í sprengjuárás

**INDLAND, AP** Öryggissveitir voru sendar til Varanasi-borgar á Indlandi í gær eftir að tuttugu manns fórust í sprengjuárásum þar á þriðjudag. Varanasi er helgasta borg hindúa þar í landi og óttuðust yfirvöld frekara ofbeldi trúarofstækismanna. Tæplega sextíu manns sem særðust í sprengingunum voru enn á sjúkrahúsi síðdegis í gær.

Sprengingarnar skóku bæði hof hindúa og lestarstöð borgarinnar og leita yfirvöld nú að þeim sem bera ábyrgð á sprengingunum. Hindúar lögðu niður störf í gær til að mótmæla ofbeldinu. **- smk**



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** Þó að engir Nóbelsverðlaunahafar séu starfandi innan veggja skólans telur rektor að með góðum stuðningi og markvissri stefnu geti Háskólinn skipað sér á bekk með þeim bestu á tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Háskólinn er ekki á lista

**Rektor Háskóla Íslands segir ekki hafa verið óskað eftir mati á formlegri stöðu skólans í heiminum. Hún segir markmiðið að HÍ verði í hópi 100 bestu háskóla heims og það sé mögulegt á tíu árum.**

**MENNTAMÁL** Yfirlýsing Kristínar Ingólfsdóttur, rektors við Háskóla Íslands, um að stefna eigi að því að koma skólanum í hóp þeirra allra bestu í heiminum hefur vakið verðskuldaða athygli.

Sitt sýnist hverjum um raunhæfi þessa. Bent hefur verið á að smæð skólans hafi áhrif. Hann sé í minni kantinum miðað við flesta þá háskóla sem eru nú þegar meðal hundrað bestu í heiminum auk þess sem fjárframlög til Háskóla Íslands séu óraveg frá þeim upphæðum sem flestir, ef ekki allir, skólar á þeim sama lista hafa milli handanna. Engu að síður er það mat flestra deildarforseta við Háskólann að umrætt markmið sé ekki jafn fjarri lagi og búast mætti við.

Allmargir listar eru til um bestu háskóla heims en viðmið þau er notuð eru geta verið mismunandi.




Listi sá er hér er vitnað til og þykir einna markverðastur kemur frá Jiao Tong-háskólanum í Kína. Viðmið þau er þar eru notuð eru af margvíslegum toga. Vægi kennslu og rannsókna við hvern skóla er sérstaklega metið út frá nokkrum breytum. Afar jákvætt er að kennari eða útskrifaður nemandi við skólann hafi hlotið verðlaun í sinni grein á alþjóðlegum vettvangi. Hvort birtar hafi verið greinar eftir kennara eða nemanda í viðurkenndum fagblöðum á borð við Nature eða Science er metið og tillit er enn fremur tekið til stærðar viðkomandi skóla þegar mat er lagt á kennslu. Allt rannsóknarstarf skiptir eðlilega einnig miklu máli.

**BESTU HÁSKÓLAR Í EVRÓPU**

1. Háskólinn í Cambridge, *Bretland*
2. Háskólinn í Oxford, *Bretland*
3. Imperial, *Bretland*
4. University College, *Bretland*
5. Tækniháskólinn í Zürich, *Sviss*

**BESTU HÁSKÓLAR Á NORÐURLÖNDUM**

7. Karolinska Institut, *Svíþjóð*
13. Kaupmannahafnarháskóli, *Danmörk*
15. Háskólinn í Uppsölum, *Svíþjóð*
20. Háskólinn í Ósló, *Noregur*
23. Háskólinn í Helsinki, *Finnland*

Að sögn Kristínar Ingólfsdóttur, háskólarektors, hefur ekki verið óskað eftir formlegu mati enn sem komið er og engin formleg tímasetning komin á hvenær óskað yrði eftir slíku. „Að mínu mati yrðu okkar meginatriði gæði náms og doktorsnáms auk birtinga vísindagreina og þar erum við að standa okkur vel á mörgum sviðum. Markmiðið að koma skólanum í hóp hinna bestu er langtímamarkmið og ég lít svo á að það sé mögulegt á tíu árum.“



FRÉTTASKÝRING
**ALBERT ÖRN EYÞÓRSSON**
albert@frettabladid.is

**AÐALFUNDUR CCP hf.**

Aðalfundur CCP hf. kt. 450697-3469, verður haldinn fimmtudaginn 23. mars 2006 kl. 16.00 á Nordica Hóteli, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

**DAGSKRÁ**

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykkta félagsins. Endanleg fundargögn, þ.m.t. endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda verða lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags viku fyrir fundinn.

Reykjavík, 9. mars 2006

Stjórn CCP hf.

CCP



Guðlaugur Þór Þórðarson leggur fram fyrirspurn:

# Ríkið láni ekki til íbúðakaupa

**ALÞINGI** Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um hvort hann hyggist beita sér fyrir því að samkeppnisstaða ríkisbanka á húsnæðismarkaði gagnvart einkabönkum verði jöfnuð.

„Það er algjörlega séríslenskt fyrirbæri að vera með jafn stórtæka lánastofnun á vegum ríkisins. Það liggur í augum uppi að jafnréttis á milli ríkisbanka og einkarekinna banka á sviði húsnæðislána er ekki gætt. Þessu þarf að breyta.“



**GUÐLAUGUR ÞÓR**

Fyrirspurn Guðlaugs Þórs er í sex liðum og er þar spurt hvort samkeppnisstaðan verði jöfnuð með tilliti til greiðslu ríkisábyrgðargjalds, greiðslu tekjuskatts, kröfu um eiginfjárhlutfall, reglna um greiðslu vaxtabóta vegna viðgerða húsa, skuldajöfnunar opinberra gjalda og uppgjörsferða. **- mh**


Glæsileg í dag!
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Sparaðu 300 kr.
LAMBA SIRLOIN ÚR KJÖTBORÐI
898 kr. kg
Ekta 90g hamborgari úr kjötborði
HAMBORGARI 90g ÚR KJÖTBORÐI
89 kr. stk
GOÐA SÚPUKJÖT FROSIÐ
399 kr. kg
Sparaðu 1.000 kr.
LAMBA FILLET RIB-EYE ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg
2l af Coke + lakkrís dúndur bitar
399 kr.
Frites
AL FORNO
BEUMARIS - FRANSKAR - BÁTAR MEÐ HÝÐI
299 kr. pk.
2 FYRIR 1
2 FYRIR 1 MYLLU HEILHVEITIBRAUÐ
268 kr. 2 pk.
Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



**LOÐIN TÍSKA** Tískumódel skartar loðfeldum í Frankfurt í Þýskalandi í gær, en tískusýningin Loðfeldir og tíska, eða Fur & Fashion, hófst þar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Björn Bjarnason segir ótímabært að ræða um flutning löggæslu til sveitarfélaga:

# Löggæsla fer ekki til sveitarfélaga

**LÖGGÆSLA** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segir að ekki standi til að færa löggæslu frá ríkinu til sveitarfélaga en Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri vill að það verði gert.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Töluverð umræða hefur vaknað um öryggismál í Reykjavík eftir tvær hnífstunguárásir við Tryggvagötu um síðastliðna helgi. Steinunn hefur oft opinberað þá skoðun sína að löggæsla væri í betri höndum hjá sveitarfélögunum heldur hjá ríkinu þar sem öryggismál standi sveitarfélögunum að mörgu leyti nærri en ríkinu.



**BJÖRN BJARNASON** Löggæsla verður ekki færð frá ríki til sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á lögreglulögum sem unnið hefur verið að síðan 2003. Að sögn Björns miðar það að því að efla lögreglulið með stækkun umdæma, sem ná yfir mörg sveitarfélög, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. „Við gerð þessa frumvarps var haft samráð við fjölmarga, þar á meðal sveitarstjórnarmenn, án þess að tillögur um flutning löggæslu til sveitarfélaga kæmi til. Að borgarstjórinn í Reykjavík skuli vera þessarar skoðunar er á skjön við þau sjónarmið, sem lögð hafa verið til grundvallar í þessu starfi. Flokksbræður borgarstjóra, sem eiga sæti á Alþingi, hafa ekki viðrað þessa skoðun.“ -mh

Alþjóðadómstóllinn:

# Serbía hefur málsvörn

**HAAG, AP** Lögmenn Serbíu hófu málsvörn sína fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag í Hollandi í gær í máli Bosníu gegn Serbíu-Svartfjallalandi vegna stríðsglæpa og þjóðarmorðs.

Þetta er í fyrsta sinn sem ríki er ákært fyrir þjóðarmorð. Lögmenn Serbíu segja stjórnina ekki hafa viljandi reynt að útrýma múslimum í Austur-Bosníu, og reyna að aðskilja milli Serbíu og þáverandi stjórnar Slobodan Milosevic. Serbía-Svartfjallaland er þjóðréttarlegur arftaki gömlu Júgóslavíu, en talið er að um 200.000 manns hafi tapað lífi þar í byrjun tíunda áratugarins.

Gert er ráð fyrir að dómstóllinn skili niðurstöðu á næsta ári. - smk

Hagstofa Íslands:

# Pólverjum fjölgar hraðast

**NÝBÚAR** Einstaklingum sem fá íslenskt ríkisfang hefur fjölgað ört á síðustu árum.

Árið 2005 voru þeir 726 samanborið við 161 árið 1991. Mest fjölgun varð á milli áranna 2003 og 2004 en þá fjölgaði þeim sem öðluðust ríkisfang hér úr 463 í 671. Pólverjum sem fá ríkisfang á Íslandi hefur fjölgað ört á undanförnum árum en fáir framan af síðasta áratug. Undanfarin tvö ár hafa þeir verið fjölmennastir allra sem hljóta íslenskt ríkisfang. Þeir voru 184 á árinu 2005 en næstir þeim komu Serbar og Svartfellingar og þá Taívanar. - shá

## PAKISTAN

**Aðgerðir tókust** Sameinuðu þjóðirnar segja hjálparstarf á jarðskjálftasvæðunum í Pakistan hafa skilað þeim árangri að meira en þrjár milljónir heimilislausra manna lifðu af veturinn.

Íranar harðorðir í yfirlýsingu:

# Hóta Bandaríkjunum sársauka og tjóni

**VÍN, AP** Íranar hóta Bandaríkjunum „tjóni og sársauka“ í beinu framhaldi af þeirri áherslu sem Bandaríkin hafa lagt á að draga írönsk stjórnvöld fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.



„Bandaríkin búa yfir mætti til þess að valda tjóni og sársauka,“ segir í yfirlýsingu frá írönskum stjórnvöldum, sem stíluð var á stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sem kom saman í Vínarborg til þess að ræða stefnu Írans í kjarnorkumálum.

„En Bandaríkin geta líka orðið fyrir tjóni og sársauka, þannig að ef þetta er leiðin sem Bandaríkin vilja kjósa skulum við láta boltann rúlla,“ sagði enn fremur í yfirlýsingunni.

**Á FUNDI ALÞJÓÐLEGU KJARNORKUMÁLASTOFNUNARINNAR** Ali Asghar Soltanieh, sendifulltrúi Írans hjá stofnuninni, spjallar við Yukiya Amand, yfirmann stofnunarinnar. MYND/AP








**ÓPÍUMVALMÚINN EYÐILAGÐUR** Starfsmenn fíkniefnalögreglunnar í Afganistan aka nú um ópíumakra landsins á dráttarvélum og eyðileggja uppskeruna meðan bændur og fjölskyldur þeirra fylgjast með lítt hrifin. MYND/AP

# Ráðist gegn valmúarækt

**Ópíumbændur í Afganistan fylgjast lítt hrifnir með því þegar lögreglumenn gera sitt besta til að eyðileggja akrana. Útlit er fyrir gríðarlega uppskeru í ár.**

**AFGANISTAN, AP** Í Afganistan er vorið á næsta leiti og hundruð bænda eru byrjuð að hlúa að sprotum ópíumvalmúans sem er að skríða upp úr jörðinni. Uppskeran virðist ætla að verða með stærra móti.

Starfsmenn afgönsku fíkniefnalögreglunnar reyna hvað þeir geta til þess að uppræta valmúann. Í gær hófust fjölmennir hópar handa við að eyðileggja akrana í Helmand, helsta ópíumræktarsvæði landsins. Starfsmenn hins opinbera óku þar um akrana á dráttarvélum og nutu til þess verndar þúsunda afganskra lögregluþjóna og hermanna meðan ópíumbændurnir og fjölskyldur þeirra fylgdust með lítt hrifin.

Hvenær sem er má búast við árásum á þá sem standa í þessum aðgerðum, annað hvort frá vopnuðum hópum fíkniefnasmyglara eða frá talibanasveitum, sem hafa heitið því að verja ópíumbændurna.

Næstum því níutíu prósent af öllu ópíumi og heróíni í heiminum eru enn þann dag í dag ræktuð í Afganistan, þrátt fyrir að ríki heims hafi dælt hundruðum milljóna dala í baráttuna gegn eiturlyfjasölum frá því talibanastjórninni var steypt af völdum árið 2001.

Aðgerðirnar eru fjármagnaðar af Bretum og Bandaríkjamönnum, en búast má við því að það taki áratugi að fá bændur í Afganistan til þess að hætta að rækta valmúa, sem þrífst vel í hrjóstrugri jörðinni sem sólin skín ótæpilega á. Sams konar herferð í Taílandi hafði staðið í aldarfjórðung áður en hún fór að skila verulegum árangri.

Haji Abdul Karim, bóndi í Kandahar, segist ekki geta brauðfætt börnin sín átta án þess að rækta valmúann á þeim fimm hektörum sem hann hefur til umráða.

„Ég á enga aðra kosti,“ segir hann. „Ég er ekki hrifinn af því að rækta valmúa. Ef ég gæti aflað fjár með einhverjum öðrum hætti myndi ég ekki rækta hann.“

Til þess að flækja málin enn frekar njóta bændur á borð við Abdul Karim gjarnan verndar vopnaðra hópa fíkniefnasmyglara. Hótanir hafa borist um árásir á upprætingarsveitir lögreglunnar. Á síðasta ári týndu nokkrir úr þeim sveitum lífinu við störf sín.

Vonast er til þess að um tuttugu þúsund hektarar verði eyðilagðir áður en uppskerutíminn hefst, en alls má reikna með að ópíumvalmúi verði ræktaður á um 130 þúsund hektörum í Afganistan í ár.

gudsteinn@frettabladid.is

**Ford**Mondeo

*Nýtt tákn um gæði*



## Veldu Mondeo Ghia í dag

# Ríkulegri en Avensis Sol

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol**

Ný hönnun færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford Mondeo.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Skoðaðu nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggiskerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að bíllinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg. Í náttmyrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | *Beinskiptur* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i | **2.260.000 kr.** | **2.400.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i | **2.320.000 kr.** | **2.460.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i | **2.380.000 kr.** | **2.520.000 kr.** |

**Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:**

ESP stöðugleikastýrikerfi
TCS spólvörn
Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
16" Ghia álfelgur
Viðaráferð í innréttingu
Regnskynjari í framrúðu
Upphitanleg framrúða
Aksturstölva
Hraðastillir
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum framsæta
Öryggispúðagardínur í hliðum
Stillanlegur hiti í framsætum
Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
Rafknúnar rúður að framan og aftan
Hálshnykksvörn í framsætum
IPS öryggisbúnaður
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
Fjarstýrð samlæsing
Þokuljós að framan
Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari

**Hægt að fá aukalega:**

Barnasetur í aftursæti
Leðuráklæði
Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
DVD spilari og skjár
Rafdrifin sóllúga
Sony hljómflutningstæki
Upphitanlegt aftursæti
Xenon gasluktir
Þjófavörn
Bakkskynjari
Aðfellanlegir útispeglar
Dökklitaðar rúður að aftan
Leður/tau áklæði
Loftkælanleg framsæti

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Fáðu meira fyrir minna. Keyptu Mondeo Ghia.

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

● **Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.

● **Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.

● **Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.

● **Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.

● **Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.

● **Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.

● **Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.

● **Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.

● **Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.

● **Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.

● **Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.

● **Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.

● **Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.

● **Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Ranger er tvílitur.

# Bjart og



**AGEN** stóll
58x58x79 sm **2.790,-**



**BIBBI SNURR**
teppi 150x240 sm **1.290,-**



1.490,-
**BIBBI SNURR / BIBBI BLAD**
sængurverasett 150x200/50x60 sm



490,-
**GRÖNÖ**
borðlampi 10x22 sm



**GRANAT**
ýmsir litir 50x50 sm **390,-**



**HEMNES** náttborð
39x39x68 sm **6.950,-**



195,-
**TINDRA** ilmkerti 4 stk.



**AGEN** kista
39x34x43 sm **2.990,-**



**VORK** motta marglita
70x105 sm **1.990,-**

## Tilefni til breytinga
### Dagana 9. mars - 22. apríl

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

# g ferskt!





**SMYCKA** gerviblóm
Gerbera **150,-**



990,-
**ALVINE SPETS**
gardínur 2 stk. 145x300 sm

**LYCKEBY**
kassar með loki 3 stk. **1.490,-**



**POLARVIDE** teppi
ýmsir litir 130x170 sm **490,-**



**FENJA RAND** púðaver
ýmsir litir 50x50 sm **790,-**

**LYKTA** borðlampi
ýmsir litir Ø15x27 sm **990,-**





**HEMNES** rúm/sófi
211x87x86 sm **39.900,-**



Fjölskyldutilboð
virka daga 17:30 - 19:30

Sænskar kjötbollur, tveir 10 bollu skammtar og tveir barnaskammtar af spaghetti ásamt safa.

990,-

IKEA Restaurant

IKEA®

# TÖLVUNÁM

## Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði ætlað byrjendum í tölvunotkun á öllum aldri. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur



Kennt er á mánudögum og miðvikudögum. Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12 og kvöldnámskeið kl 18 - 21. Lengd: 60 std. Kennsla hefst 13. mars og lýkur 8. maí (Páskafrí frá 6. til 19. apríl). Verð kr. 36.000,- (Allt kennsluefni innifalið)

## Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum.
Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12 og kvöldnámskeið kl 18 - 21.
Lengd: 63 std.
Kennsla hefst 16. mars og lýkur 9. maí.
(Páskafrí frá 7. til 17. apríl)
Verð kr. 39.900,- (Allt kennsluefni innifalið)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is




Bresk kona tapaði máli fyrir Mannréttindadómstól Evrópusambandsins:

# Fær ekki að nota fósturvísa

**STRASSBORG, AP** Mannréttindadómstóll Evrópusambandsins ákvað á þriðjudag að bresk kona hefði ekki rétt til þess að nota frosna fósturvísa sína til að eignast barn án samþykkis mannsins sem gaf sæðið.

Natalie Evans vildi fá að nota fósturvísana eftir að krabbameinsmeðferð gerði hana ófrjóa. Fyrir meðferðina létu hún og þáverandi unnusti hennar búa til og frysta sex fósturvísa, en þegar þau slitu samvistum dró maðurinn samþykki sitt við notkun fósturvísanna til baka.

Bresk lög fyrirskipa að samþykki beggja foreldra þurfi að liggja fyrir á öllum stigum glasafrjóvgvunar. Evans, sem er 34 ára, leitaði til Mannréttindadómstóls Evrópusambandsins í von um að hann leyfði notkun fósturvísanna þrátt fyrir neitun föðurins en dómararnir sögðu neitun mannsins standa og að fósturvísar ættu ekki sjálfstæðan rétt á lífi.

Evans segist ætla að áfrýja og verður fósturvísunum ekki eytt fyrr en eftir þau málaferli. Jafnframt bað hún fyrrverandi unnusta sinn um að endurskoða ákvörðun sína en hann sagði blaðamönnum að hann vildi einfaldlega ákveða sjálfur hvort og hvenær hann eignaðist fjölskyldu. **- smk**



**NATALIE EVANS** Bresk kona sem fær ekki að nota fósturvísa sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarfélagið Álftanes:

## Styrkur fyrir æskulýðinn

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að greiða foreldrum barna og unglinga í sveitarfélaginu á aldrinum sex til sextán ára fimmtán þúsund krónur til að greiða niður þátttökugjöld í íþrótta- og tómstundastarfi.

Gildir þar einu hvort það er ástundað utan eða innan sveitarfélagsins. Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri segir markmiðið vera að gera börnum og unglingum kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf óháð efnahag fjölskyldna þeirra og einnig að efla forvarnastarf á Álftanesi. **- jse**

**ÍSRAEL**

**Kosningaloforð** Leiðtogi Verkamannaflokks Ísraels lofaði í gær að fjarlægja 105 óleyfilegar útvarðstöðvar landnema á Vesturbakkanum, sigri flokkur hans í kosningunum sem fram fara þar í landi í lok þessa mánaðar.



**FRÁ GRJÓTAÞORPI** Íbúar gagnrýna breytingar á Hlaðvarpanum og ásýnd Fischersunds. Þeir eru einnig óánægðir með umgengni verktakans og óttast að viðkvæmur gróður verði eyðilagður. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Segja húsið vera of hátt

**Íbúar í Grjótaþorpi halda því fram að ekki hafi verið farið eftir byggingarleyfi við breytingar á Hlaðvarpanum. Bull, segir eigandinn. Byggingarfulltrúi hefur ekkert heyrt og treystir sér ekki til að tjá sig.**

**SKIPULAGSMÁL** Pétur Þór Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður og einn eigenda Hótel Plaza í Reykjavík, vísar því á bug að breytingar á Hlaðvarpanum séu ekki í samræmi við byggingarleyfi. Þráinn Bertelsson skrifar í Fréttablaðið á laugardag að hækkun Hlaðvarpans sé 130 sentimetrar en byggingarleyfið hljóði upp á aðeins 75 sentimetra. Þráinn byggir á sínum eigin mælingum og kallar eigendur hótelsins „húsaníðinga".

Mikil óánægja er á meðal íbúa Grjótaþorpsins og húsaverndunarsinna með framkvæmdir Hótel Plaza á Hlaðvarpanum og einnig göngubrú úr gleri sem byggð verður yfir Fischersund á milli hótelsins og Hlaðvarpans.

Minjavernd, sem staðið hefur fyrir endurbyggingu nokkurra húsa í Aðalstræti, kærði þá breytingu á deiliskipulagi sem byggingarleyfi Hlaðvarpans byggði á. Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, segir að miður sé að eftir nær tólf ára starf Minjaverndar, við uppbyggingu eldri húsa við Aðalstræti, hafi þau viðhorf sem félagið hefur unnið eftir ekki verið höfð til hliðsjónar, heldur ef eitthvað er, ýtt til hliðar þegar afgreiddar voru byggingarheimildir að Vesturgötu 3. Minjavernd var eigandi húsanna við Aðalstræti 2 og Vesturgötu 1 og stóð fyrir endurbyggingu þeirra. Þorsteinn segir mikinn mun á hvernig þar var farið með hús við endurgerð og því hvernig nú sé staðið að málum varðandi Hlaðvarpann.

Við sölu eigna Minjaverndar munu kærur félagsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála falla niður, en Þorsteinn staðfestir að sú hækkun húsa Hlaðvarpans sem heimiluð hafi verið sé 75 sentimetrar og ekki fari á milli mála að Þráinn Bertelsson hafi rétt fyrir sér og hækkunin sé 130 sentimetrar. Þorsteinn segir að það sé mál sem byggingaryfirvöld borgarinnar hljóti að taka á.

Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar, segist ekkert hafa heyrt af málinu og ekki séð skrif Þráins. Hann geti því ekki tjáð sig um hvort satt sé eða hvort og hvernig byggingaryfirvöld muni bregðast við.

**svavar@frettabladid.is**


KAUPÞING BANKI

# AÐALFUNDUR KAUPÞINGS BANKA

Aðalfundur **Kaupþings banka hf.** 2006 verður haldinn í **Borgarleikhúsinu, föstudaginn 17. mars** og hefst klukkan **17.00**.

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Breytingar á samþykktum:
   *Tillaga um að stjórn bankans fái heimild til að hækka hlutafé um allt að 1.250.000.000 króna að nafnverði, með áskrift allt að 125.000.000 nýrra hluta. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum og að stjórn verði heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.*
   *Núverandi ákvæði samþykkta sem varða heimildir stjórnar til hlutafjárhækkunar verði samtímis felld niður.*
5. Stjórnarkjör.
6. Ákvörðun stjórnarlauna.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eigin hlutabréf.
9. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

*Stjórn Kaupþings banka hf.*


Tilboð í viku 10 gilda til sunnudags 12. mars eða á meðan birgðir endast
Kíktu á þetta!
EKKERT BRUDL
bonus.is
NÚ MEÐ SÚKKULAÐIBRAGÐI!
Chocolate Lucky Charms
Whole Grain
198 KR.
PAKKINN
Nýtt!
ERAN/Landlist
...fyrir sóðarhaug!
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
898 KR.
MERKT VERÐ 998KR.
KRYDDLEGNAR KF SVÍNAKÓTELETTUR
KF SVÍNAKÓTELETTUR
959 KG KR.
MERKT VERÐ 1598KR.
40% afsláttur við kassann
BÓNUS
HÁGÆÐA PLASTKASSAR STERKIR OG GÓÐIR
EKKERT BRUDL
HÆFILEGA STÓR FYRIR KVENSKÓ
5 lítra
799 KR.
SERVORUR VERSLANIR
GÓÐUR UNDIR RÚMIÐ
50 lítra
1799 KR.
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
998 kg KR.
BÓNUSLÆRI
CAMEMBERT
Val
240g
298 KR.
CAMEMBERT
Sá stóri!
FRANSKUR 240g CAMEMBERTOSTUR
Lífrænt ræktaða Newman's Own salatið fæst nú í Bónus!
LÍFRÆNT SALAT
289 KR.
142g
Lífræn ræktun!
NEWMAN'S OWN
BRÚNU EGGIN FÁST NÚ Í BÓNUS
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
CHIQUITA SAFAR
259 KR.
2 LÍTRAR
Vitality
Chips Paprika
Chips Natural · Naturel · Salted
EURO SHOPPER
EUROSHOPPER SNAKK
98 KR.
200 GRÖMM
McCain TRÖLLAPITSUR
CRESCENDO
RISING CRUST PIZZA
McCain tröllapitsa
399 KR.
830/900g
PEPPERONI
ORGANIC HUNANG
499 KR.
EITT KÍLÓ
Lífrænt framleitt hunang
GOLDEN HONING
Chiquita 2L Vitality
McCain GARLIC FINGERS BÂTONNETS À L'AIL
McCain PITSUSTANGIR
399 KR.
472g
HVÍTLAUKSSTANGIR 472g
www.bonus.is

## „ORÐRÉTT“

*Flytjum öll með Marel!*

**„Mjög hagkvæmt er að reka fyrirtæki í Slóvakíu. Landið er innan Evrópusambandsins, sem tryggir aðgang að opnum vinnumarkaði og stöðugt rekstrarumhverfi.“**

HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI MAREL UM UPPBYGGINGU FÉLAGSINS Í SLÓVAKÍU. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Samt nánast ekki nein.*

**„Virkjanir hafa vissulega áhrif á umhverfið sem teljast mega neikvæð, skoðað út af fyrir sig. En það er ekkert sérstakt á Íslandi.“**

JAKOB BJÖRNSSON FYRRVERANDI ORKUMÁLASTJÓRI Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURJÓN SAMÚELSSON BÓNDI OG PLÖTUSAFNARI

# Óæskilegt að menn verði of gamlir

„Það er allt gott að frétta, veðrið er gott þó það sé rétt aðeins grátt í rót,“ segir Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum við Ísafjarðardjúp. „Svo varð ég víst sjötugur í síðasta mánuði og bauð þá vinum heim. Ætli að það hafi ekki verið um fjörutíu manns hérna. Nokkrir kunningjar tóku sig til og færðu mér þá Edison-spilara sem þeir fundu í Bandaríkjunum þannig að ég get nú spilað Edison-hólkana sem ég á. Þeir eru frá þar síðustu aldamótum. Ég hlusta svo sem ekki mikið á þetta, þetta er meira til að monta sig af,“ segir Sigurjón og hlær við.

Bóndinn hefur úr nægu að velja þegar hann vill njóta tónlistar því hann



á um sjö þúsund plötur og nokkur hundruð geisladiska.

„Svo er að hægjast um í þessu póstmáli sem hefur verið allt of mikið til umræðu hérna við Djúpið. Mín afstaða hefur alltaf verið skýr í þessum málum. Mér finnst að menn eigi að láta póstinn vera og leysa þessi samgöngumál með öðrum hætti. Þegar við sameinuðumst Suðureyri 1995 var því lofað að bæta samgöngur hér við Djúpið og peningar látnir í það en síðan hefur ekkert gerst.“

Þegar hann er spurður um heilsufarið segir hann: „Ég er við góða heilsu. Kannski finnst sumum nóg um hvað ég er heilsuhraustur en það er ekki æskilegt að menn verði of gamlir,“ og svo hlær hann við.

## HVAÐ SEGIR ANNA Á HESTEYRI

KOSTNAÐURINN VIÐ STJÓRNMÁLIN



ANNA MARTA GUÐMUNDSDÓTTIR BÓNDI Á HESTEYRI

# Líkist mútum

„Allt of miklir peningar fara í kosningar, hvort heldur sem er prófkjör, sveitarstjórnar- eða alþingiskosningar,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. Henni hreinlega blöskrar fjárausturinn og vill að gripið verði í taumana. „Fólk á að hætta öllu þessu brölti til að ná sér í atkvæði. Það á ekki að þurfa að borga neitt fyrir að bjóða sig fram eins og raunin virðist vera. Allir eiga að hafa sama rétt á njóta sinna verðleika,“ segir Anna og stingur upp á að auglýsingar fyrir prófkjör og kosningar verði bannaðar. „Frambjóðendur eiga að fá að tala fyrir ekki neitt í sjónvarpi og útvarpi. Allir eiga að fá jafnan tíma og standa þannig jafnir að vígi. Það ætti ekki að vera neitt vandamál fyrir stöðvarnar því það þarf alltaf eitthvað efni.“

Anna Marta telur anda spillingar svífa yfir vötnum eins og málum er nú háttað. „Þetta er farið að líkjast mútum. Og það þó enginn ætti að geta mútað öðrum þegar kosningar eru leynilegar.“ Hún segist hafa fært þessar hugleiðingar í tal við fólk og ávallt fengið þau svör að svona hafi þetta alltaf verið og verði því svona áfram. „Ég spyr hins vegar; þarf það að vera svona áfram þó það hafi verið svona áður? Ef maður sér galla þá lagar maður þá. Og þetta sé svona í útlöndum þá þarf ekki að apa allt eftir þeim. En aðrir gætu svo síðar apað eftir okkur.“






**RUSLINU MOKAÐ UPP** Hús Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík var reist 1941 og þar var fryst uns fyrirtækið sameinaðist Granda 1990. Nýtísku íbúðahús verður byggt á lóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Steinsteypan brotin í mél

**Unnið er að niðurrifi tveggja stórhýsa sem bæði eiga sinn kafla í athafnasögu Reykjavíkurborgar.**



**HAMAST Á STEYPU OG VÍRUM** Síðustu vikur hefur verið unnið af kappi viður niðurrif gömlu Lýsisverksmiðjunnar við Grandaveg en fyrirtækið hóf starfsemi 1938. Fyrirhugað er að hjúkrunarheimili fyrir aldraða rísi á lóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stórvirkum vinnuvélum er nú beitt á hús Lýsis við Grandaveg og Hraðfrystistöðvarinnar við Mýrargötu. Um árabil voru þetta með fjölmennari vinnustöðum í vesturhluta borgarinnar og af færiböndunum streymdu verðmætar vörur sem fluttar voru úr landi.

Lýsi hf. var stofnað 1938 og var til húsa á Grandaveginum allt fram á síðasta sumar þegar fyrirtækið flutti starfsemi sína í nýtt hús við Fiskislóð.

Hús Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík við Mýrargötu var byggt 1941. Hraðfrystistöðin var lengi með blómlegri vinnustöðum borgarinnar en árið 1990 var starfsemi hennar sameinuð Granda.

Húsin tvö eru með síðustu stóru iðnaðar- og athafnahúsum hverfanna sem þau stóðu í og er það til marks um þróun borgarinnar að í þeirra stað verða byggð íbúðahús, þó ólík verði. Fyrirhugað er að reisa hjúkrunarheimili fyrir aldraða á Lýsislóðinni en nýtísku íbúðahús á lóð Hraðfrystistöðvarinnar. - bþs

# Fréttir frá Bakkafirði á pólsku

Frétta- og upplýsingavefurinn bakkafjordur.is hóf nýverið að flytja fréttir frá Bakkafirði og nágrenni á pólsku. Á þriðja tug Pólverja býr á Bakkafirði og annar eins fjöldi í nágrannabyggðunum Vopnafirði og Þórshöfn og segist Víðir Már Hermannsson, umsjónarmaður vefsins, hafa fengið góð viðbrögð við uppátækinu.

„Ég geri þetta svo að Pólverjarnir geti betur fylgst með því sem er að gerast í sveitarfélaginu,“ segir Víðir Már, sem nýtur aðstoðar hjónanna Sigríðar Óskar Indriðadóttur og Krysztof Krawcyk við þýðingar úr íslensku yfir á pólsku.

Víðir Már hefur haft umsjón með vefnum síðan í byrjun desember og sinnir því vandasama verki samhliða vinnu sinni í ratsjárstöðinni í Gunnólfsvíkurfjalli.

Víðir Már segist ekki vita til þess að aðrir vefir flytji fréttir á pólsku en þó má geta þess að í Textavarpi Ríkisútvarpsins eru



**VÍÐIR MÁR HERMANNSSON** „Það getur vel verið að þau séu að skrifa illa um mig.“

helstu fréttir á pólsku. „Pólverjarnir sem hér eru hafa flestir keypt hér hús og eru því komnir til að vera,“ segir Víðir Már og bætir við að þeir setji sinn svip á bæjarlífið.

Öllum helstu tíðindum er snarað yfir á pólsku og helst er í fréttum þessa dagana á bakkafjordur.



**VELKOMIN TIL BAKKAFJARÐAR** Pólverjar geta nú lesið fréttir frá Bakkafirði á móðurmáli sínu.

is að viðræður um sameiningu við Þórshöfn standa nú yfir og Ingvar Jónasson hefur keypt sér nýjan bát. Þá eru nýjustu aflatölur vitaskuld tíundaðar. Víðir Már segist ekkert skilja í pólsku en vonar að þýðendurnir fari sæmilega rétt með. „Ég veit ekkert hvað stendur þarna og það getur vel verið að þau séu að skrifa illa um mig,“ segir hann og hlær. -KK/BÞS



Gildir til 11. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## > SVONA ERUM VIÐ

Uppfærslur leikhúsa




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ÍSLENSKA HÚSÖNDIN

# *Húsöndin ein af gersemum Íslands*

Húsöndin er einn af einkennisfuglum Mývatns og þar með Íslands. Fáir aðrir íslenskir fuglar eru jafn háðir þeim lífsskilyrðum sem eru við Mývatn og Laxá, á Norðurlandi eystra.

Húsöndin hefur allsérstæða varphætti. Þegar vetur nálgast fara varpfuglarnir að helga sér vatnsskika sem karlarnir verja með ráðum og dáð. Er sem ósýnilegar línur séu dregnar á vatnsflötinn og flestir aðrir fuglar eru umsvifalaust reknir á braut ef þeir fara inn fyrir þær. Eftirsóttustu svæðin eru efst á Laxárkvíslum og á Kálfastrandarvogum og þar er iðulega háð hörð landhelgisbarátta.

Húsandarsteggirnir beita ýmsum ráðum til að verja landhelgi sína en oftar en ekki láta þeir nægja að leggjast flatir með framteygðan háls og beina höfðinu að hinum óboðna gesti.



**Hvenær skoða kollurnar hreiðurstæði?**
Í apríl á ári hverju taka kollurnar að skoða vænleg stæði fyrir hreiður. Yfirleitt fljúga þær nokkrar saman á morgnana um nærliggjandi hóla og hæðir. Alltaf finna einhverjar húsendur sér hreiðurstað í veggjahleðslum eða þekjum útihúsa og má rekja nafn húsandarinnar til þess. Um miðja síðustu öld hófst sá siður að koma upp sérstökum hreiðurkössum fyrir endurnar, en í flestum tilfellum eru þeir innan við göt á steinsteyptum hlöðuveggjum. Þess má geta að áætlað er að tíunda hvert hreiður húsanda í Mývatnssveit sé í sérsmíðuðum kössum. Flest önnur hreiður húsanda eru í holum og sprungum í hrauninu við Mývatn.

**Afar sjaldgæfur fugl á heimsvísu**
Húsöndin verpir aðeins á þremur stöðum í heiminum: Í Bandaríkjunum, og þá sérstaklega í norðanverðum Klettafjöllum, í austurhluta Kanada og svo við Mývatn, en þar er eitt sérstæðasta vistkerfi sem um getur í heiminum.

## SPURT OG SVARAÐ

PRÓTEINVERKSMIÐJA

### *Við fögnum*


MARGEIR FRIÐGEIRSSON

Prótínverksmiðjan Iceprótein tekur til starfa á Sauðárkróki innan tíðar. Fimm til tíu störf skapast hjá verksmiðjunni. Margeir Friðriksson er sviðstjóri fjármálasviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar.

**Hvaða þýðingu hefur verksmiðjan fyrir Sauðárkrók?** Öll störf eru velkomin til Skagafjarðar og við fögnum verksmiðjunni sérstaklega hér.

**Hvernig horfir framtakið við bæjarbúum?** Allir fagna og óska verkefninu góðs gengis. Við reyndar búum við mjög fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu. Hér er mikil þjónusta, landbúnaður og sjávarútvegur, allt sem skiptir máli. Nú erum við hins vegar að bæta við hátæknistörfum og er það vel.

**Er atvinnuleysi á svæðinu?** Það er ekki mikið, en fimm til tíu störf telja. Fyrst og fremst horfum við samt til samstarfs milli skóla og atvinnulífs.

# Bauhaus ætlar sér að ná fimmtungi markaðarins

**Forsvarsmenn Bauhaus telja að þrátt fyrir að markaðurinn sé ekki stór á Íslandi sé umfang hans um sautján milljarðar á ári, um 210 til 220 milljónir evra. Þeir eru vissir um að markaðshlutur Bauhaus verði fimmtán til tuttugu prósent og telja sig geta boðið um tuttugu prósentum lægra vöruverð en keppinautarnir.**

Bauhaus hefur að sögn yfirmanns þróunarsviðs, Helmuts Diewald, reynt árangurslaust að komast inn á íslenskan markað. Þrautagöngunni gæti lokið í dag þegar borgarráð tekur lokaákvörðun um hvort Bauhaus fái lóð austan við Vesturlandsveg, undir hlíðum Úlfarsfells.

**Vildu vera hjá IKEA**
Helmut Diewald lýsir því hvernig Bauhaus hafi sóst eftir lóð í Kópavogi fyrir tveimur árum. Fyrirtækið hafi reynt að semja við einkaaðila. Sigurður Geirdal heitinn, þáverandi bæjarstjóri, hafi verið því innan handar. Lóðakaupin hafi ekki gengið upp og ekkert verið óeðlilegt við það. Við lát Sigurðar hafi samband Bauhaus við bæjarstjórnina rofnað.

Diewald segir að í apríl hafi Bauhaus sóst eftir lóðinni í Urriðaholti í Garðabæ, sem er í eigu félags undir sama nafni. Bauhaus hafi verið ánægt með staðsetninguna, enda stutt í verslunarmiðstöðina Smáralind. Einnig hafi forsvarsmenn þess fundað með þeim hjá IKEA, því IKEA reisir verslun við Urriðavatn. Þeir hafi verið sammála um að nálægð fyrirtækjanna hefði meira aðdráttarafl viðskiptavina fyrir þau bæði. Diewald segir hins vegar að babb hafi komið í bátinn þegar BYKO sóttist einnig eftir lóðinni sem þeir hafi átt í löngum samningaviðræðum við eigendur Urriðaholtssvæðisins um.

**Samningaviðræðum slitið**
Forsvarmönnum Urriðaholts og Bauhaus ber ekki saman um af hverju viðræðunum var slitið. „Við gerðum allt til þess að fá lóðina en þegar kom að þeim tímamótum að bæjarstjórinn í Garðabæ varð forstjóri Byko varð kúvending í samningaviðræðunum við eigendur lóðarinnar,“ sagði Diewald í Fréttablaðinu í gær. Þessu hafnar stjórn Urriðaholts í yfirlýsingu sem blaðinu barst í gær. „Staðreyndin er sú að formlegar viðræður Urriðaholts ehf. við Bauhaus hófust mánuði eftir að fyrrverandi bæjarstjóri lýsti því yfir að hún myndi hætta og taka við starfi forstjóra Byko,“ segir í fimmta lið yfirlýsingar stjórnarinnar sem Geir Zoëga stjórnarformaður og Jón Pálmi Guðmundsson framkvæmdastjóri rita undir: „Eftir fimm mánaða samningsviðræður höfnuðu fulltrúar Bauhaus því að hitta stjórn Urriðaholts ehf. nema að fyrirfram ákveðnum skilyrðum. Þegar það lá fyrir ákvað stjórnin að slíta frekari viðræðum. Var það mat stjórnar að með afstöðu Bauhaus væru sett fram ný og ófrávíkjanleg skilyrði sem ekki var fallist á og að enginn grundvöllur væri fyrir frekari viðræðum,“ segja Urriðaholtsmenn og bæta við: „Í framhaldinu var Byko boðið að endurnýja eldra tilboð sitt og var gengið frá samningum við fyrirtækið í kjölfarið.“ Diewald segir hins vegar að forsvarsmenn Bauhaus hafi sett eigendunum stólinn fyrir dyrnar þar sem umsamdar forsendur breyttust ítrekað milli funda. Þeir hafi talið að sama hvað þeir gerðu eða byðu í lóðina, því yrði ekki tekið: „Við fengum á tilfinninguna að þeir væru að leita að ástæðu til þess að slíta viðræðunum án þess að missa virðingu sína með því að setja fram kröfur sem þeir vissu að við gætum ekki fallist á.“



ÚLFARSFELL Borgarráð ákveður í dag hvort Bauhaus fai lóðina austan við Vesturlandsveg. BYKO hefur fengið lóðina á móti, en vill að jafnræðis sé gætt og þeim verði einnig boðin lóð austan við.



URRIÐAHOLT Við Reykjanesbraut er gert ráð fyrir verslunarkjarna. Þar rís IKEA og þar vildi Bauhaus vera en BYKO bauð betur.

**Bauhaus haldið frá markaðnum**
Diewald segir að Bauhaus telji baráttuna í Garðabæ og nú um Úlfarsfellið snúast um að halda því frá markaðnum. Fyrirtækið hafi aldrei mætt eins mikilli andstöðu við komu sína til annarra landa: „Byko og Húsasmiðjan eiga engin svör við því sem við gerum. Þau hafa kynnt sér starfsemi okkar í Evrópu og vita að ef við komum með 20.000 fermetra verslun fylgja okkur um 120 til 130 þúsund vörutegundir.“ Spurður hvers vegna fyrirtækið sóttist ekki fyrr eftir lóð í Reykjavík, sagði hann að kannski hafi þeir hjá Bauhaus verið of bláeygðir. Þeir hafi viljað vera þar sem IKEA byggði og þar sem stutt væri í næstu verslunarmiðstöð. Þegar samningar hafi ekki tekist endurmátu þeir stöðu sína og sóttu um lóð í Reykjavík. Þeir geti ekki verið vissir um að fá lóðina en komi tilþess geti þurft sex til átta mánuði til að ganga frá samningum: „Þegar undirbúningurinn er síðan í höfn þurfum við sex til sjö mánuði til að opna verslunina,“ segir Diewald. Um 140 vinni í versluninni komist hún á fót. Stofnað verði nýtt fyrirtæki um starfsemina en verslunin muni tilheyra eigendum þýsku verslunarkeðjunnar ólíkt öðrum Bauhausverslunum utan Þýskalands, þar sem leyfið hefur verið framselt.





FRÉTTASKÝRING
GUNNHILDUR A. GUNNARSD.
gag@frettabladid.is

SKRÁNINGARLÝSING
ATORKU GROUP

Atorka Group hf. hefur gefið út skráningarlýsingu í kjölfar hlutafjárhækkunar sem skráð var í Kauphöll Íslands hf. þann 20. janúar 2006. Hlutafé var aukið um 600.000.000 hluti og var því ráðstafað til greiðslu fyrir hluti í Jarðborunum hf., sbr. Tilboðsyfirlit dags. 9. desember 2005. Hlutabréfin voru ekki boðin í almennri sölu.

Heildarhlutafé eftir aukninguna er 3.373.650.000 kr. Sölugengi nýrra hluta í aukningunni var 6,0 og nemur söluverð hinna nýju hluta 3.600.000.000 kr. Allt hlutafé Atorku Group hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu ATOR.

Fyrirtækjasvið MP Fjárfestingarbanka hf. hafði umsjón með yfirtöku Jarðborana og skráningu hlutafjárhækkunarinnar.

Skráningarlýsinguna má nálgast hjá umsjónaraðila:

MP Fjárfestingarbanki hf.
Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Sími 540 3200, www.mp.is

FJÁRFESTINGARBANKI
ATORKA

# RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGS

**VIÐ FLYTJUM, ALLT Á AÐ SELJAST**

# 70%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM!**

## LOKADAGUR LAUGARDAGINN 11. MARS

PETER KAISER · ecco · ara SCHUHMODE DIE PASST · LLOYD · ZINDA

**DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR**




**Toppskórinn**

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16




SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN

| Verslun | | |
|---|---|---|
| Skeifan | virkir dagar | 11-19 |
| | laugardagar | 11-19 |
| | sunnudagar | 12-18 |
| Bíldshöfði | virkir dagar | 11-19 |
| | laugardagar | 11-19 |
| | sunnudagar | 12-19 |
| Hringbraut | virkir dagar | 11-19 |
| | laugardagar | 11-19 |
| | sunnudagar | lokað |
| Breiðholt | virkir dagar | 11-21 |
| | laugardagar | 11-21 |
| | sunnudagar | 12-21 |
| Norðurbrún | virkir dagar | 11-21 |
| | laugardagar | 11-21 |
| | sunnudagar | 12-21 |
| Hvaleyrarbraut | virkir dagar | 11-21 |
| | laugardagar | 11-21 |
| | sunnudagar | 12-21 |
| Mosfellsbær | Allir dagar | 12-23 |
| Selfoss | virkir dagar | 11-19 |
| | föstudagar | 11-20 |
| | laugardagar | 11-19 |
| | sunnudagar | 12-19 |
| Vestmannaeyjar | virkir dagar | 11-19 |
| | laugardagar | 11-19 |
| | sunnudagar | lokað |
| Þorlákshöfn | virkir dagar | 11-19 |
| | laugardagar | 11-19 |
| | sunnudagar | 11-16 |


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
20% Afsláttur
SS Grand orange helgarsteik 1.334 kr./kg.
Grand orange
Virk Sam- keppni
KRÓNAN Grillborgarar 4 stk
398 kr./pk.
Krónu grillborgarar 4 stk. m/brauði
KRÓNAN Krydduð Lambasteik
30% Afsláttur
Krónu krydduð lambasteik 1.119 kr./kg.
MS Þykkmjólk 500ml 4 teg.
105 kr./stk.
ÞYKKMJÓLK
ÞYKKMJÓLK
ÞYKKMJÓLK
Krónu súkkulaðikex
299 kr./pk.
Léttostur 250ml 5 teg.
Verð frá:
158 kr./stk.
LÉTTOSTUR
Mini Flutes
Fine taste smábrauð
149 kr./pk.
Calgonit Powerball 60 töflur í uppþvottavélina
998 kr./pk.
+30%
4in1 New
Protector Action
Calgonit
GÓÐ KAUP
ewman's
ylgjupopp
29 kr./pk.
Exact sjampó 300ml
149 kr./stk.
Exact sjampó 400ml 2 teg.
199 kr./stk.
Barnasokkar 3 pör í pakka
349 kr./pk.
Herra/dömusokkar 3 pör í pakka
399 kr./pk.
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## Útgjöldin

Kaffineysla Íslendinga




# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** TOLLI MORTHENS MYNDLISTARMAÐUR

## *Bækistöð í náttúrunni*

„Ja, stórt er spurt. Það er nú ekki hlaupið að því að svara þessu, maður er slíkur neyslubolti," segir Tolli en svo tekur við smá bið. Blaðamaður spyr hvort hann vilji ekki hafa þetta á bak við eyrað í hálftíma og svo hringi hann aftur. „Reyndu það," segir Tolli.

Hálftíma síðar er minning um verstu kaupin orðin kristaltær í huga Tolla. „Verstu kaupin voru þegar ég keypti Audi-bíl. Ég hef átt tugi ef ekki hundruð bíla og alltaf er maður að gera bestu kaupin en svo verða þau oft verstu kaupin. Þessi Audi, ég var búinn að liggja undir honum í lengri tíma og þá fór ég norður á Akureyri og þar upp í Hlíðarfjall. Þar sem ég er að aka niður fjallið þá sé ég allt í einu að það eru rjúkandi hlutir að rúlla undan bílnum. Þá var græjan að liðast í sundur í fjallinu. Ég hirti upp járnið, rauðglóandi, og kom svo bílnum niður á höfn. Ég var í svo mikilli afneitun um að þetta væri ónýtur bíll að ég tók far með bílinn til Reykjavíkur með Ríkisskipum. Bíllinn var ónýtur en það átti samt að reyna að koma honum saman. Og ekki er ég neinn mekaniker og bíllinn endaði auðvitað í brotajárni."



Bestu kaupin hans Tolla áttu sér stað nýlega. Hann er búinn að leita lengi að landi á Suðvesturlandi þar sem hann ætlar að byggja sér heimili. Landið varð að liggja að vatni og fleiri kröfur gerði hann einnig. Þolgæði hans skilaði sér um síðir og hann fann loksins land við Meðalfellsvatn í Kjós, aðeins stutt þaðan sem rætur hans liggja. „Þetta var eina fáanlega spildan frá Vík í Mýrdal og upp í Borgarfjörð. Ég er alveg rosalega ánægður. Það er erfitt að fá svona lóðir nema í einhverjum sumarbústaðagettóum eða uppi á heiði einhvers staðar. Þetta myndi ég skrá sem mín bestu kaup." Við vatnið ætlar hann að búa og reisa sér vinnustofu eða „bækistöð í náttúrunni", eins og hann kallar það.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### AÐ LOSNA VIÐ VÖRTU OG EYRNAVERK

■ *Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segist luma á fullt af húsráðum. Sérstaklega kunni hún gott ráð við eyrnaverk.*



„Til dæmis ef barnið þitt er með eyrnaverk er gott að sjóða lauk í fimm mínútur, skera hann svo í fjóra hluta, setja hann heitan inn í þvottapoka og láta svo barnið liggja með veika eyrað á þvottapokanum. Þetta er ráð sem bregst ekki. Svo er ég með gott ráð við vörtu. En þá er gott að stinga vörtunni, hvort sem hún er á tá eða fingri, í sláturvömb. En þá er betra að henda vömbinni að því verki loknu," segir Ólína og hlær við.

■ **Hvað kostar... áskrift að enska boltanum?**

## Ódýrara með bindisamning

Tvær leiðir eru færar hafi fólk áhuga að sjá síðustu leiki þessarar leiktíðar í enska boltanum, bindisamningur út leiktímabilið eða venjuleg áskrift. Enginn munur er á pökkunum tveimur nema að með bindisamningi er viðskiptavinur skuldbundinn til að greiða út tímabilið til loka maí en fær í staðinn fimm hundruð króna afslátt. Kostar hver mánuður þá 1.990 krónur. Venjulegri áskrift má segja upp hvenær sem er en fyrir það greiðist aukalega og er mánaðargjaldið 2.495.




Þar sem sendingar eru aðeins gegnum Breiðbandið og ADSL-þjónustu verður enn fremur að greiða aukalega fyrir þann aðgang. Síminn afgreiðir til að mynda ekki sjónvarp gegnum ADSL nema gegn 12 mánaða binditíma og verð á þeirri þjónustu er aftur mismunandi. Ódýrasti aðgangur kostar því 5.885 krónur á mánuði og er þá miðað við mánaðargjald á heimasíma, ADSL-línu og áskriftina sjálfa. Sé heimilið tengt Breiðbandi er hægt að fá myndlykil frían gegn áskrift að enska boltanum og greiðist þá aðeins áskriftin.

■ **Verslun og þjónusta:**

## British Airways býður til London

Í tilefni þess að breska flugfélagið British Airways hefur reglulegt áætlunarflug hingað til lands 26. mars næstkomandi hefur félagið ákveðið að bjóða 52 einstaklingum í þriggja daga ferð til London ásamt hóteli og kvöldverði eitt kvöldið þeim algjörlega að kostnaðarlausu. Allir eiga þess kost að taka þátt í leiknum með því einu að skrá sig á vef félagsins en það verður að gerast fyrir miðnætti í kvöld. Munu hinir heppnu fara út 26. mars og koma til baka 29. mars og er hótelgisting alla dagana og þriggja rétta kvöldverður lokakvöldið innifalið í ferðinni.



■ **Verslun og þjónusta:**

## Nýtt þjónustugjald KB banka

Frá fyrsta mars síðastliðnum kostar það 65 krónur að fá upplýsingar um stöðu reikninga hjá KB banka en þessi þjónusta hefur hingað til verið gjaldfrjáls. Umrætt gjald þekkist einnig hjá Landsbanka og Sparisjóðnum en hefur hingað til ekki verið innheimt hjá KB banka. Ekkert slíkt gjald er tekið fyrir þjónustuna hjá Íslandsbanka. Fram kemur í samtali við deildarstjóra viðskiptasviðs KB banka á vefsíðu Neytendasamtakanna að með gjaldtökunni sé verið að beina viðskiptavinum í netbanka og hraðbanka þar sem hægt sé að nálgast slíkar upplýsingar án kostnaðar. Gjaldið eigi hins vegar ekki við um viðskiptavini eldri en 65 ára.

# Getur borgað sig að leita aðstoðar með framtalið

**Töluvert er um að fólk notfæri sér þjónustu endurskoðenda og bókhaldsstofa við gerð skattframtals. Algengt viðhorf er að slík þjónusta geti margsparað það sem hún kostar, að sögn Þóris Arnar Ólafssonar, viðskiptafræðings hjá Debet - endurskoðun og reikningsskilum.**



**ÞÓRIR ÖRN ÓLAFSSON VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR** Segir starfsemi Ríkisskattstjóra varðandi skattframtöl til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þórir telur aðgengi og framsetningu upplýsinga góða hjá Ríkisskattstjóra en eðlilegt sé að fólk leiti sér aðstoðar við þetta samanborið við að fólk leiti sér þjónustu fyrir bílaviðgerðir, það sé ekki hægt að vera bestur í öllu.

Opnað var fyrir framtalsgerð á vef Ríkisskattstjóra miðvikudaginn 1. mars og og er almennur skilafrestur á framtölum einstaklinga til 21. mars. Hægt er að sækja um aukinn frest til að skila vefframtali sem getur orðið lengstur til 31. mars.

Þjónustustig Ríkisskattstjóra hefur farið vaxandi á undanförnum árum og sérstök áhersla lögð á rafræn skil. Á undanförnum árum hefur sífellt færst í vöxt að fólk kjósi að skila skattframtalinu á vefnum í stað pappírs og í fyrra skiluðu níutíu prósent framteljenda á vefnum. Helstu nýmæli við framtalsgerðina í ár felast í aukinni forskráningu upplýsinga á skattframtalið.

Þórir bendir á að með aukinni forskráningu í skattframtöl geti fylgt að fólk kvitti bara fyrir án þess að kynna sér almennilega hvort það hafi rétt á einhverjum frádrætti frá gjöldum enda ekki alltaf á færi almenns launamanns að vita hverju hann hefur rétt á.

Það að fá einhvern til að vinna framtal fyrir sig sem kann til verka getur skilað margföldum ávinningi til baka.

Þórir segir ekki algengt að forskráðar upplýsingar séu rangar en það geti komið fyrir. Hann tekur bifreiðaupplýsingar sem dæmi en þær hafa ekki alltaf verið réttar þegar afskráðar bifreiðar hanga enn inni á forskráðum framtölum. En það veltur á launagreiðendum og stofnunum hversu vel uppfærðar upplýsingarnar eru. Í leiðbeiningum með skattframtalinu er fólk hvatt til þess að sannreyna allar forskráðar upplýsingar.

Útfærsla skattframtala og þjónusta við hana á Íslandi er langt á undan öðrum löndum að mati Þóris. Í samanburði við hin Norðurlöndin, sem almennt teljast standa mjög framarlega meðal þjóða í þessum málum, er Ísland þar fremst í flokki. Niðurstöður samantektarskýrslu, sem var unnin í MBA-námi í Háskólanum í Reykjavík og kynnt í fyrra, sýna fram á leiðandi stöðu Íslands í netframtölum miðað við Norðurlöndin.

sdg@frettabladid.is






**MATUR & NÆRING** ÓLÖF HAFSTEINSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Aukum fiskneyslu



Könnun Manneldisráðs frá 2002 sýnir að auka þarf ávexti, grænmeti og sjávarfang í mataræði okkar Íslendinga. Fiskneyslan hefur dregist saman á síðustu áratugum, mest hjá ungu fólki, um allt að þrjátíu prósent frá 1990. Það er ekki langt síðan við gátum státað okkur af að borða hvað mest allra þjóða af fiski og töldum sjávarafurðirnar eiga stóran þátt í góðu heilsufari og langlífi. Miklar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi síðustu árin, tiltölulega fáir Íslendingar vinna við fiskvinnslu sem hefur aukið fjarlægð okkar frá fiskinum. Mestallur fiskur er fluttur úr landi og of fáir virðast hafa hag af aukinni fiskneyslu innan lands. Í sérverslunum með fisk er úrvalið gott, en aðgengi að fiski er misgott í landinu og ekki er mikil hvatning til að borða fisk. Það er helst á sumrin í tengslum við Fiskidaginn mikla á Dalvík sem talað er á jákvæðan hátt um fisk í fjölmiðlum. Í raun ættum við að hampa þorskinum oftar og þakka honum reglulega allt sem hann hefur gefið okkur, heilsu og veraldleg auðæfi.

Staðreyndin er sú að ef við missum fiskmetið út úr mataræðinu verður fæðið rýrara. Fiskur er meinhollur, ekki einungis fyrir hjarta- og æðakerfi heldur einnig fyrir heilann. Hafið í kringum landið er tiltölulega hreint og varasöm efni í íslensku sjávarfangi eru langt undir þeim mörkum sem talin eru varasöm. Því er fiskurinn ákjósanlegt byggingarefni fyrir líkamann.

Við þurfum að gera átak til að auka neyslu fiskmetis og því er rétt að hvetja alla til að kenna börnunum að borða fisk. Skólamötuneyti og matreiðslukennsla er kjörinn vettvangur til að sýna ungu fólki alla þá fjölbreytni sem fiskur hefur upp á að bjóða. Við neytum mest af mögrum tegundum, eins og ýsu og þorski, en af nógu er að taka og æskilegt væri að bæta við feitum tegundum eins og laxi og steinbít. Nóg er til af uppskriftum með fiski, þar má benda á sjávarréttarsíður Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, www.rf.is, en þar er mikið úrval af uppskriftum úr ýmsum fisktegundum, m.a. háfi, rauðmaga, rauðsprettu og fleiri sjaldséðum tegundum.

Fiskurinn er raunveruleg auðlind okkar Íslendinga. Fiskurinn í kringum landið er ekki bara kvóti sem hægt er að deila endalaust um, nei, fiskurinn er áþreifanleg auðlind allra landsmanna.




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **3700+ Athlon64 - 939**<br>1MB flýtiminni, 1600MHz FSB+HT |
| **Móðurborð** | **MSI K8N NEO4 FI - SATA2**<br>PCI-Express 16x, 8xUSB2, FireWire |
| **Minni** | **1 GB DUAL DDR 400MHz Corsair**<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | **250GB WD SE 16MB - SATA II**<br>SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| **Skjákort** | **256MB GeForce6 NX6600GT**<br>MSI PCI-E 16x, 1GHz DDR3, Zero Noise |
| **Skjár** | **17" LCD Acer 1751as Gamer**<br>8ms viðbragðstími og CrystalBrite |
| **Skrifari** | **16x DVD± DL skrifari**<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| **Hljóðkort** | **7.1 Dolby Digital DTS - EAX2**<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| **Hátalarar** | **5.1 Altec Lansing hljóðkerfi**<br>5 öflugir hátalarar og bassabox |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000**<br>Gigabit netkort |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2**<br>Á íslensku eða ensku |

# GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**64 BITA 3700+**
Öflugur 64-bita 3700+ AMD Athlon örgjörvi með 1MB í cache 1600 FSB og Hyper Transport

**CRYSTALBRITE**
17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega litadýpt með CrystalBrite

**SATA II – 16MB**
Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari

**6600GT ZERO NOISE**
Ótrúlega öflugt skjákort sem þó er viftulaust og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise MSI Heatpipe tækni

**5.1 HLJÓÐKERFI**
Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

**SPECIAL EDITION**
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, Logitech mús, lyklaborði og SE músarmottu

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# VERÐ 149.900

Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**
Nóatúni 17
Sími 562 6730

**AKUREYRI**
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.298 **-3,02%** **Fjöldi viðskipta:** 815 **Velta:** 6.199 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Grandi** | +5,34% | **Landsbankinn** | -5,17% |
| **Actavis** | +1,58% | **FL Group** | -4,98% |
| **Atlantic Petroleum** | +1,19% | **Straumur-Burðarás** | -4,12% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,90 +1,58% ... Alfesca 3,91 -2,01%... Atorka 6,00 -1,64% ... Bakkavör 50,30 -1,37% ... Dagsbrún 6,94 +0,43% ... FL Group 24,80 -4,98% ... Flaga 3,79 +0,00% ... Íslandsbanki 19,40 -3,48% ... KB banki 900,00 -3,33% ... Kögun 66,00 -0,75% ... Landsbankinn 27,50 -5,17% ... Marel 69,00 -0,29% ... Mosaic Fashions 17,50 -0,57% ... Straumur-Burðarás 18,60 -4,12% ... Össur 111,50 +0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



**Sniglar hjá Atlantsolíu**
Samkvæmt könnun sem gerð var á vef Sniglanna, bifhjólasamtaka lýðveldisins, kaupa þeir flestir eldsneyti hjá Atlantsolíu. Á vegum stjórnar samtakanna er hins vegar unnið að því að semja við olíufélögin um afslátt á fleiru en eldsneyti einu.

Í könnuninni, sem gerð var í liðinni viku og um 200 manns tóku þátt í, kom fram að 34 prósent Sniglanna versla við Atlantsolíu, 19 prósent við Olís, 16 prósent við Esso, 14 prósent við Skeljung og 14 prósent sögðust kaupa eldsneyti þar sem ódýrast væri hverju sinni.

**Vilja semja um meiri viðskipti**
Jóhann Ágúst Jóhannsson, vefstjóri Sniglanna, segir reynt að vera með nýja könnun vikulega og að því gætt að ekki sé svindlað. „Þetta er náttúrlega ekki mjög vísindaleg könnun samt," segir hann en telur þó að þarna sé að finna nokkra vísbendingu um kauphegðan Sniglanna.

Jóhann Ágúst segir að á vegum stjórnar samtakanna sé unnið að því að fá afslátt hér og þar fyrir félagsmenn. „Og ég veit til þess að viðræður standa yfir við eitt olíufélaganna en þar kemur náttúrlega miklu meira inn í en bara bensín."

## MARKAÐSPUNKTAR...

Verð á norskum laxi hefur hækkað verulega sökum mikillar eftirspurnar, meðal annars því margir kjósa að borða lax í stað fuglakjöts af hræðslu við fuglaflensu.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, framkvæmdastjóri sölu til þriðja aðila hjá Actavis Group, keypti í gær 3.333.333 hluti í félaginu á genginu 57 og seldi 1.052.632 hluti á sama gengi.

Evrópsk hlutabréf náðu þriggja vikna lágmarki í gær vegna vaxandi áhyggna af að hækkandi stýrivextir um allan heim muni draga úr hagvexti.

## Kaupa í Aktiv Kapital í Noregi

FL Group hefur keypt tæplega 9 prósenta hlut í norska fjármálafyrirtækinu Aktiv Kapital.

Markaðsvirði hlutarins er um 4,7 milljarðar króna. Starfsemi félagsins skiptist í kaup á lánasöfnum sem eru í vanskilum, innheimtu viðskiptakrafna og umsýslu reikninga. Starfsemin er í ellefu löndum og var hagnaður í fyrra um 2,5 milljarðar króna. - jab

## Mikil umsvif í fasteignum

Umsvif voru óvenju mikil á fasteignamarkaði í síðustu viku. Gengið var frá 206 kaupsamningum, 160 samningum um kaup á eignum í fjölbýli, 30 kaupsamningum um sérbýli og 16 samningum um annars konar eignir.

Meðalupphæð samnings nam 23,6 milljónum króna, að því er fram kemur í hálffimm fréttum KB banka, þar sem vísað er í upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins. ■

# Segja áhættu kalla á hærra vaxtaálag skuldabréfa

**Krónan féll um þrjú prósent fyrri partinn í gær í kjölfar frétta af viðskiptahalla við útlönd og nýrrar skýrslu verðbréfafyrirtækisins Merrill Lynch þar sem dregin er í efa lánshæfiseinkunn íslensku bankanna. Merrill Lynch segist ekki spá krísu, en telur innbyggða áhættu í bankakerfinu.**



**EVRUMERKI VIÐ SEÐLABANKA EVRÓPU Í FRANKFURT Í ÞÝSKALANDI** Íslenskir bankar fjármagna starfsemi sína að stórum hluta með útgáfu skuldabréfa á erlendum fjármálamörkuðum. Ný skýrsla Merrill Lynch segir að kjör þeirra eigi að vera verri en ráðsettra evrópskra banka vegna áhættu sem byggð sé inn í íslenska bankakerfið. NORDICPHOTOS/AFP

Gengi krónunnar og íslensku bankanna lækkaði um rétt þrjú prósent í gærmorgun. Eru þar talin koma inn áhrif nýrrar skýrslu verðbréfafyrirtækisins Merrill Lynch um stöðu bankanna og nýbirtar tölur Seðlabanka Íslands um að viðskiptahalli hafi nálægt því tvöfaldast milli ára.

Merrill Lynch telur óvissu um hvort mjúk lending náist í íslenska hagkerfinu og telur matsfyrirtækin Moody's og Fitch hvorugt hafa tekið nægilegt tillit til „kerfislægrar áhættu" bankanna í lánshæfismati sínu á þeim. Skýrslan er að einhverju leyti samhljóma álitum greiningarfyrirtækjanna Barclays Capital Research og Credit Sights í byrjun síðasta mánaðar. Skýrsla Merrill Lynch er þó heldur ítarlegri og gerir ákveðinn greinarmun á stöðu bankanna. Íslandsbanki er sagður standa einna best og komu þau áhrif strax fram á erlendum skuldabréfamörkuðum í gær. Íslandsbanki hefur notið aðeins betri kjara í útgáfu og jókst sá munur í gærmorgun þó svo að kjör allra bankanna hafi versnað eitthvað. Álag á vexti nam í gær 55 punktum hjá Íslandsbanka, 75 hjá KB banka og 79 punktum hjá Landsbankanum, en var daginn áður 47, 58, og 68 fyrir sömu banka.

Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka, segir almennt ekki margt koma á óvart í skýrslu Merrill Lynch. „Hún er í takt við svipuð skrif sem við höfum séð undanfarið. Margt er samt óumdeildar staðreyndir, en neikvæð túlkun á þessum staðreyndum er ekki alltaf vel rökstudd." Hann segir hins vegar skýra aðgreiningu á stöðu Íslandsbanka og annarra banka í skýrslunni og hún hafi komið fram á markaði í gær. „Í skýrslunni er sérlega jákvæð umfjöllun um viðskiptamódel Íslandsbanka og stöðugleikann í tekjum hans," segir hann og bendir á að á þessu ári hafi bankinn aflað fjár sem nemi meiru en endurfjármögnun ársins.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, áréttar að bankakerfið standi geysilega sterkt og hafi í raun aldrei verið sterkara. Hann segir aukin umsvif bankanna hafa vakið áhuga fleiri greiningardeilda. „En það sem okkur hefur þótt einkenna þessar nýju greiningar er að í þeim gætir misskilnings og að hluta til vanþekkingar á íslenskum aðstæðum," segir hann og kveður bankann hafa komið á framfæri leiðréttingum. „Og það hefur væntanlega áhrif á frekari umfjöllun."

Halldór segir bankann standa vel undir lánshæfismati sínu og telur að í samanburði Merrill Lynch á bönkunum gæti ákveðins misskilnings. „Landsbankinn kemur mjög sterkt út úr hvaða samanburði sem er og ályktanir sem dregnar eru í skýrslunni ekki fyllilega byggðar á réttri greiningu talna." Hann segir þó mikilvægast að minna á að þeir sem greint hafi bankana í um áratug og veiti formlegt lánshæfismat, Moodys og Fitch, hafi á síðustu dögum staðfest mat sitt á bönkunum og á síðustu 12 mánuðuðum báðir hækkað lánshæfismatið á Landsbankanum.

olikr@frettabladid.is





Aðalfundur Símans hf. verður haldinn miðvikudaginn 22. mars 2006 kl. 17.00 á Nordica hotel sal H og I.

Dagskrá:

1. Tillaga um breytingu á gr. 19.1. í samþykktum þess efnis að stjórnarmenn verði allt að sjö talsins.
2. Tillaga um að gr. 26.2. í samþykktum félagsins falli niður.
3. Tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa hluti í félaginu samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
4. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
5. Önnur mál löglega fram borin.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins liggja frammi á skrifstofu Símans, Ármúla 25, hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Stjórn Símans

800 7000 · siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM20822


# Fíton eignast fimmtung í Öflun

Auglýsingastofan Fíton hefur eignast fimmtungshlut í Öflun, sem vinnur að yfirtöku á Office Line, stærsta smásala Norðurlanda með Apple-vörur.

„Við komum inn í hluthafahóp Öflunar til að fjármagna yfirtökuna og styrkja Öflun til frekari verkefna," segir Þormóður Jónsson, framkvæmdastjóri Fítons. Um leið ætlar Fíton að efla sig sem auglýsinga- og markaðsfyrirtæki.

Aðrir stórir hluthafar eru meðal annars Bjarni Ákason og Frosti Bergsson.

Yfirtakan á Office Line er í fullum gangi og hefur Öflun eignast um áttatíu prósent hlutafjár í norska félaginu. Verðmæti norska fyrirtækisins nemur um 1,2 milljörðum króna. - eþa



**ÞORMÓÐUR JÓNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FÍTONS** Félagið hefur keypt tuttugu prósent í Öflun, sem vinnur að yfirtöku á Office Line.



**JÓHANNES GEORGSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI FLYME** Farþegum FlyMe heldur áfram að fjölga.

## Kröftug uppsveifla FlyMe

Enn eykst fjöldi þeirra sem ferðast með sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe. Farþegum fjölgaði um 49,5 prósent í febrúar samanborið við sama mánuð í fyrra en sams konar aukning var 44,4 prósent í janúar.

Alls ferðuðust 68.600 farþegar með FlyMe í febrúar.

Sætanýting var 61,9 prósent í febrúar og jókst um 2,5 prósentustig á milli ára. - eþa


Lagerútsala
að Kletthálsi 13, 110 Reykjavík
og á Akureyri
TAKMARKAÐ MAGN
Eikarborð
Útsöluverð 19.900.-
Verð áður 49.900.-
Xilinman 1107 Hornsófi / hægri
ljóst áklæði / einnig til í beige lit.
Útsöluverð 79.900.-
Verð áður 149.900.-
Eikarborð 90x150
Útsöluverð 19.990.-
Verð áður 39.900.-
Stólar: PVC 4.990,-
ÓTRÚLEG VERÐ
KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP
Eikarborð
Útsöluverð 49.900.-
Verð áður 79.900.-
Stólar
Útsöluverð 7.900.-
Verð áður 12.900.-
JR leðursófasett 3 + 1 + 1
Útsöluverð 99.900.-
Verð áður 155.700.-
Richie leður/hægindastóll
Útsöluverð 38.900.-
Verð áður 54.900.-
Xilinman leður hornsófi
Útsöluverð 79.900.-
Verð áður 149.900.-
Oregon Ivory tungusófi
Útsöluverð 89.900.-
Verð áður 135.900.-
Einnig til í rauðu og svörtu
Richie leður/hægindastóll
Útsöluverð 38.900.-
Verð áður 54.900.-
Eikarborð 90x180
Útsöluverð 24.990.-
Verð áður 49.900.-
SJÁIÐ VERÐIN!
Oregon 3+2 White smoke microfiber
Útsöluverð kr. 79.900
Verð áður 119.000.-
Bogart 3 + 2 +1 sæta sett
Útsöluverð 179.900.-
Verð áður 258.700.-
Bogart 3 + 1 +1 sæta sett
Útsöluverð 149.900.-
Verð áður 217.700.-
Einnig til í Ivory
Xilinman 3 sæta Beige / einnig til í ljósu.
Útsöluverð 39.900.-
Verð áður 89.900.-
Xilinman stóll
Útsöluverð 19.900.-
Verð áður 44.900.-
MIKIÐ ÚRVAL
Stakir stólar, sófaborð, borðstofustólar úr leðri og taui og margt fleira.
OPIÐ Á LAGERÚTSÖLU
Mánud. til fös. kl. 10.00 - 18.00
Laugardaga kl. 11:00 - 16:00
EINNIG Á AKUREYRI
Vöruafgreiðsla
HEIM
HÚSGÖGNIN HEIM
LAGERÚTSALAN Í REYKJAVÍK ER Í SAMA HÚSI OG GÍSLI JÓNSSON EÐA UPPI Í ÁRBÆ VIÐ HLIÐINA Á ÖLLUM BÍLASÖLUNUM...
ÚTSALAN LÝKUR LAU. 18. MARS
Kletthálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími : 567 2255 og Dalsbraut 1 · Akureyri · Sími 461 5200 · Fax 461 1121

# töfrandi til

## vertu ve



þú sparar 500 kr/kg

**1.299** kr.pk

Verð áður 1.799 kr/pk

Danskar kjúklingabringur




þú sparar 409 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa

Verð nú 1.228 kr/kg

Verð áður 1.637 kr/kg

Old West grísarif




**50%** afsláttur við kassa

Verð nú 9 kr/stk

Verð áður 19 kr/stk

Mr Noodle núðlur



drykkjarkanna fylgir frítt

SS danskar pylsur




þú sparar 393 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa

Verð nú 1.227,75 kr/kg

Verð áður 1.621 kr/kg

Gourmet léttreyktur lambahryggur



þú sparar 513 kr/kg

**50%** afsláttur við kassa

Verð nú 513 kr/kg

Verð áður 1.026 kr/kg

Bautabúrið blandað hakk




þú sparar 350 kr/kg

**20%** afsláttur við kassa

Verð nú 1.398 kr/kg

Verð áður 1.748 kr/kg

BK helgargrís

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 9.mars til 12.mars. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# lboð í nettó

## elkomin



299 kr.pk.
Sjávargull sjávarkokteill 300g.



299 kr.pk.
Sjávargull kræklingur 350g.

Sjávarveisla í nettó



Sjávargull risarækja soðin 200g.
Sjávargull risarækja 200g.
Sjávargull rækjur innbakaðar 250g.
Sjávargull innbakaður smokkfiskur 500g.

299 kr.pk.

899 kr.kg.
Sjávargull rækjur 1000g. Úrvalsflokkur

fiskinn minn...
nammi, nammi, namm



799 kr.kg.
Fjörfiskur rauðsprettuflök m/roði

Humarveisla



2.999 kr.2 kg.
Humar 2 kg. stór

499 kr.pk.
Humar 500g. millistærð

nettó

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Fleiri og fleiri hnífstungumál koma til kasta lögreglu.

## Vopnaburður í miðborginni

Stöðugt virðist færast í vöxt að menn grípi til hnífa þegar kemur til átaka manna á milli um helgar. Þessi átök eru mest áberandi í og við miðbæinn en eru þó ekki eingöngu bundin við hann því fregnir um hnífanotkun í átökum berast víðar að.

Um síðustu helgi voru gerðar tvær alvarlegar hnífaárásir í miðbænum og í bæði skiptin náði lögreglan að handsama árásarmennina. Eftirlitsmyndavélar í Miðbænum koma ekki síst að góðu gagni við að upplýsa slík mál, en þær eru nú á mörgum stöðum í Kvosinni og við hana. Lögreglan telur að hnífaárásir séu vaxandi vandamál sem þurfi að bregðast við. Bæði beita menn hnífum þegar kemur til átaka inni á veitingastöðum og eins úti á götum þegar fólk hópast út af stöðunum og til átaka kemur út af litlu eða engu tilefni. Fréttir af þessum árásum vekja ugg hjá mörgum sem vonlegt er og geta orðið til þess að fólk forðist miðbæinn á ákveðnum tímum. Ölvun og næturskemmtunum fylgja gjarnan pústrar og áflog, en þegar hnífar eru orðnir algengir við slíkar kringumstæður er málið komið á mjög alvarlegt stig.

*Það ætti að geta orðið sameiginlegt átak lögreglu og veitingamanna að vekja athygli á því að hnífaburður á almannafæri er bannaður og við slíkum verknaði liggja sektir, nema menn geti sýnt fram á nauðsyn á notkun hnífsins, en slíkt hlýtur nú að vera fremur sjaldgæft þegar menn eru úti að skemmta sér.*

Rétt er að rifja upp í þessu sambandi að samkvæmt gildandi lögum, sem gengu í gildi haustið 1998, er vopnaburður á almannafæri bannaður og undir þetta bann heyra hnífar hvers konar. Það er þó ekki þannig samkvæmt laganna hljóðan að bannað sé að bera á sér vasahníf eða annars konar hnífa, því mönnum er heimilt að bera á sér bitvopn, eins og það er orðað í lögunum, þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar. En það getur ekki talist eðlilegt að menn búi sig út með hnífa eða önnur bitvopn þegar þeir fara út að skemmta sér á síðkvöldum um helgar og beri þessi vopn inn á veitingahús. Svo virðist sem sumir hafi á sér hnífa í öryggisskyni, en þegar þeir svo grípa til þeirra snúast vopnin í höndum þeirra í orðsins fyllstu merkingu og þeir eru orðnir að vopnuðum árásarmönnum.

Það ætti að geta orðið sameiginlegt átak lögreglu og veitingamanna að vekja athygli á því að hnífaburður á almannafæri er bannaður, og við slíkum verknaði liggja sektir nema menn geti sýnt fram á nauðsyn á notkun hnífsins, en slíkt hlýtur nú að vera fremur sjaldgæft þegar menn eru úti að skemmta sér. Kannski hafa stjórnvöld ekki verið nógu ötul við að kynna bann við notkun hnífa á almannafæri, því það er ekki nóg að samþykkja lög, sem hafa kannski farið hljóðlega í gegnum þingið og því ekki vakið mikla athygli, heldur þarf að gera mönnum rækilega grein fyrir banni sem þessu og þá jafnframt undantekningum frá banninu.

Dagana 6.-11. mars heldur
Skóvinnustofa Sigurbjörns
upp á það að liðin eru 50 ár
frá stofnun fyrirtækisins

Af því tilefni er þessa daga veittur 50% afsláttur af sólningum
og hælaviðgerðum og 20% afsláttur af öllum öðrum viðgerðum.
Einnig er gefinn 20% afsláttur af allri söluvöru.

Ath. Við bjóðum upp á 352 tegundir af skóreimum,
123 liti af skóáburði, 18 tegundum af leppum
og viðhaldsvörur í miklu úrvali.

Félagar úr Vox Feminae
koma kl. 17 og taka lagið.

50 ára

Skóvinnustofa Sigurbjörns
Austurveri, Háaleitisbraut 68.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Vel er þæft en ekki nóg**

Nú hafa þjóðkjörnir þingmenn og ráðherrar þjarkað um fjármál stjórnmálaflokka í meira en áratug. Síðast í gær svaraði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Samfylkingunni, um störf nefndar á vegum stjórnvalda í þessum efnum. Ekkert bólar á gagnsæi og reglum sem þykja sjálfsagðar í nágrannalöndum, sagði hún. Nefnd sem Halldór skipaði í júlí í fyrra átti að skila tillögum um síðastliðin áramót. Sú nefnd er lögst í rannsóknir og hefur fengið lengri frest. Forsætisráðherra hamraði á því að ná þyrfti samstöðu allra flokka um málið. Allar upplýsingar liggja fyrir og hefur svo verið frá því að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, lét gera skýrslu um málið fyrir miðjan síðasta áratug, svaraði Jóhanna. „Er S-hópurinn að þakka fyrir sig?“ spurði Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, úr ræðustól Alþingis í lok janúar þegar honum þótti fjáraustururinn orðiðnn full mikill í prófkjöri Framsóknarflokksins í höfuðborginni. Menn þurfa að kynna málstað sinn svaraði forsætisráðherra.



**Æ sér gjöf til gjalda**

Eitt mikilsvert gagn í þessu máli er skýrsla GRECO, nefndar Evrópuráðsins sem fjallað hefur um mútur og spillingu hér á landi í skýrslu frá 2004. Lesa má þar að sérfræðingum nefndarinnar hafi þótt Íslendingar sjálfsánægðir og andvaralausir í þessum efnum. Orðrétt segir: „Það er augljóst að í þjóðfélagi, sem er sannfært um að það sé að mestu leyti laust við spillingu, er ekki auðvelt að vekja vitund manna og fá þá til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn mögulegri spillingu í nútíð eða framtíð.“ Þetta eru svo smámunir hjá annarri mikilvægri athugasemd GRECO sem snertir þá hagsmunaárekstra sem geta orðið í tengslum við gjafir til stjórnmála- eða embættismanna. Um það gilda engar reglur á Íslandi. „Annað varðar það atriði þegar embættis- eða stjórnmálamenn hverfa til starfa í einkageiranum og gætu notfært upplýsingar úr fyrra starfi á þann hátt sem stríðir gegn hagsmunum almennings.“ Sérfræðingar GRECO töldu að setja yrði um þetta reglur, ekki síst vegna þess að einkamarkaðurinn tekur við æ fleiri hefðbundnum verkefnum hins opinbera. Var einhver að tala um bæjarstjóra eða ráðherra sem eru nýfarnir yfir í einkageirann?



**johannh@frettabladid.is**

## Skuldirnar taka kipp

Í DAG
ERLENDAR SKULDIR



ÞORVALDUR GYLFASON

Það þótti sæta tíðindum, þegar erlendar langtímaskuldir þjóðarbúsins fóru í fyrsta skipti upp fyrir helming af landsframleiðslunni. Þetta var 1993. Forsagan er fróðleg. Erlendu langtímaskuldirnar höfðu numið röskum fjórðungi af landsframleiðslu 1960, minnkuðu síðan niður í sjöttung á síldarárunum um og eftir 1965 og ruku síðan upp í þriðjung af landsframleiðslu, þegar síldin hvarf og gengi krónunnar féll með brauki og bramli 1967-68. Síðan hélzt skuldahlutfallið sæmilega stöðugt milli þriðjungs og fjórðungs af landsframleiðslunni í allmörg ár, en daðraði þó aðeins við 50 prósenta markið um og eftir 1983, þegar menn óttuðust, að þorskurinn væri á sömu leið og síldin, en 50 prósenta markinu var sem sagt ekki náð fyrr en 1993.

Eftir það héldust skuldirnar stöðugar miðað við landsframleiðslu í nokkur ár og tóku síðan á rás upp á við 1997, nokkru eftir að fjárstreymi að og frá landinu var gefið frjálst til fulls í krafti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Langtímaskuldirnar rufu 100 prósenta múrinn 2003 og eru nú komnar upp í tæp 250 prósent af landsframleiðslunni samkvæmt glænýjum tölum frá Seðlabanka Íslands. Heildarskuldir þjóðarbúsins – langtímaskuldir auk skammtímaskulda – eru enn meiri, eða 294 prósent af landsframleiðslu. Á móti þessum skuldum standa eignir, rétt er það, en þær eru fjórðungi minni en skuldirnar, svo að hrein staða þjóðarbúsins við útlönd er neikvæð sem því nemur. Aðeins fjögur lönd heimsins skulda meira í útlöndum en Ísland miðað við landsframleiðslu, þar af eru þrjú í Afríku og eitt í Karíbahafi.

Takið eftir einu í frásögninni hér að framan: erlendu skuldirnar snögghækkuðu jafnan, þegar á móti blés í búskap þjóðarinnar, því að menn tóku þá lán til að fleyta sér yfir erfiðleikana, og skuldirnar hjöðnuðu síðan aftur miðað við landsframleiðsluna, þegar efnahagslífið rétti úr kútnum. Nú er öldin önnur. Skuldirnar við útlönd halda áfram að aukast hröðum skrefum í langvinnu góðæri. Annað vekur athygli, þegar skuldatölurnar eru skoðaðar aftur í tímann. Á fyrri tíð stóðu ríkisvaldið og ríkisbankarnir á bak við mestan hluta skuldsetningarinnar erlendis, meðal annars til að byggja upp og endurnýja fiskiskipaflotann og til að virkja orkulindirnar. Nú stendur einkageirinn að miklu leyti á bak við skuldasöfnunina: fólkið í landinu er í óða önn að stækka við sig húsnæði og endurnýja bílana sína, og innlend fyrirtæki taka erlend lán fyrir milligöngu íslenzkra banka til að kaupa fyrirtæki í útlöndum. Ríkið og byggðirnar láta sitt ekki eftir liggja, því að Landsvirkjun tekur enn sem fyrr lánin til að fjármagna virkjunarframkvæmdir.

*Mikið ríður á því, að sem mestum hluta lánsfjárins sé varið til arðbærra framkvæmda, svo að arðurinn af framkvæmdunum geti staðið undir vaxtagreiðslum og afborgunum, því að ella eru menn að veðsetja vinnutekjur sínar fram í tímann.*

Hvað er óhætt að skulda mikið í útlöndum? Við þeirri spurningu er ekki hægt að gefa einhlítt svar. Mikið ríður á því, að sem mestum hluta lánsfjárins sé varið til arðbærra framkvæmda, svo að arðurinn af framkvæmdunum geti staðið undir vaxtagreiðslum og afborgunum, því að ella eru menn að veðsetja vinnutekjur sínar fram í tímann. Þess vegna ekki sízt þurfa orkuframkvæmdirnar á hálendinu að bera viðunandi arð. Það er einnig brýnt, að útrás íslenzkra einkafyrirtækja á erlend mið beri arð, og það er ekki einkamál útrásarmanna, því að einkabankar eiga hægt með að velta skakkaföllum yfir á saklausa vegfarendur, ef illa fer, eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku. Neyzlulán til bílakaupa bera yfirleitt ekki beinan arð og gera því lítið til að bæta endurgreiðslugetu lántakenda.

Yfirleitt líta menn svo á, að erlendar skuldir megi helzt ekki fara upp fyrir helming af landsframleiðslunni af öryggisástæðum. Nýja-Sjáland hefur að vísu gengið lengra en svo, en þar hafa erlendar skuldir haldizt stöðugar nálægt 100 prósentum af landsframleiðslu eða þar um bil síðan 1998 á móti tæplega 300 prósentum nú hér heima. Það er einnig algeng viðmiðun úti í heimi, að erlendar skammtímaskuldir megi helzt ekki fara upp fyrir gjaldeyrisforða seðlabankans, því að forðinn þarf á hverjum tíma að duga fyrir skyndilegri endurgreiðslu skammtímaskulda, ef á skyldi reyna. Þetta brást í Taílandi sumarið 1997, þegar erlendir bankar veigruðu sér við því að halda áfram að dæla lánsfé inn í landið, svo að Taílendingar neyddust fyrst til að ganga mjög á gjaldeyrisforða sinn til að brúa bilið og fella síðan gengi bahtsins með illum afleiðingum. Erlendar skammtímaskuldir Íslendinga nema nú nærri fimmföldum gjaldeyrisforðanum. Það lítur ekki vel út.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## FLIPP OG FÁGUN Í KRONKRON

Um helgina opnar stækkuð verslun með nýjum vörumerkjum. TÍSKA 4



## FALLEG LISTAVERK Á GÓÐU VERÐI

Af hverju að eyða stórum fjárfúlgum í málverk þegar hægt er að fá skemmtilegar eftirprentanir til að prýða heimilið?

HEIMILI 10



## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**

**Ungabörn** kljást við mun flóknari tilfinningar en áður var haldið. Ný rannsókn sýnir að áður en ungabörn byrja að tala eða sitja óstudd eru þau farin að kljást við tilfinningar eins og afbrýðisemi, kærleik og vonbrigði en áður var talið að börn upplifðu þetta ekki fyrr en seinna á ævinni. Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn. www.persona.is



**Lindsey Lohan** er líkleg til að verða næsta andlit í auglýsingaherferð fyrir Louis Vuitton. Lohan hefur áður komið fram í auglýsingum fyrir Dooney & Bourke, bandarískan töskuframleiðanda. Raddir hafa einnig heyrst að Keira Knightley verði næsta andlit Chanel en tíminn einn mun leiða í ljós sannleikann í því máli.

**Borgholm-leðursófar** eru á tilboði hjá Ikea. Um er að ræða tveggja til þriggja sæta leðursófa á verðbilinu 50 til 60 þúsund krónur. Sófana má skoða á www.ikea.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 9. mars, 68. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.08 | 13.38 | 19.10 |
| Akureyri | 7.55 | 13.23 | 18.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Hugsar ekki um tísku heima

***Svavar Örn Svavarsson fylgist vel með tískunni og veit hvað er flottast hverju sinni. Uppáhaldið hans núna er hálsklútar sem hann segist nota mikið.***

Svavari finnst Íslendingar almennt vera mjög meðvitaðir um tískuna og fara eftir henni. „Mér finnst mjög skemmtilegt hvað við erum snögg að tileinka okkur tískuna miðað við marga aðra,“ segir hann.

Svavar segist aðallega kaupa föt á Íslandi en ekki vera einn af þeim sem kaupa bara föt í útlöndum. „Ég hef ekkert efni á Gucci eða Prada svo ég get alveg eins keypt mér föt hérna heima. Búðirnar hérna standast fyllilega samanburð við verslanir erlendis og margar þeirra eru að fá nýjar sendingar vikulega. Ég fæ alltaf góða þjónustu og mér finnst mjög gott að versla hérna. Íslendingar mættu vera duglegri við að notfæra sér þjónustu starfsfólks verslana því það er mjög mikil hjálp í því.“

Uppáhaldsverslun Svavars er Sautján. „Mér finnst mjög gott að versla í þar og svo finnst mér líka gaman að fara í GK og All Saints. Ég er duglegur að notfæra mér þjónustu starfsfólksins og í Sautján þekkir einn sölumaðurinn mig og lætur mig vita ef að koma vörur sem henta mér.“

Svavar keypti sér síðast belti í Sautján og þverröndóttan bol. „Beltið er alveg æðislegt. Bolurinn hins vegar gerir ekki mikið fyrir bumbuna á mér en af því að röndótt er í tísku þá treð ég mér í hann,“ segir hann og hlær.

Svavar segir að svört jakkaföt séu ómissandi í fataskápinn. „Það er gott að eiga jakkaföt í fleiri en einni stærð. Ég stækka um nokkur fatanúmer á milli vikna þannig að ég þarf að eiga jakkaföt í small, medium og large. Ég er mjög hrifinn af stuttum dálítið kvenlegum jökkum þessa dagana.“ Hann segist líka vera með með hálsklútaæði núna. „Hálsklútar eru mjög smart og ég nota þá mikið.“

Þrátt fyrir að hafa mikið vit á tískunni segist Svavar ekki hugsa mikið um hana þegar hann er heima hjá sér. „Þegar ég er heima finnst mér best að vera bara í nógu stórum fötum,“ segir hann.

*emilia@frettabladid.is*



Svavar Örn Svavarsson notar hálsklúta mikið þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Mercedes Bens ML-350

Nýskráður 8.2005
Ekinn 11.000 km.
Sjálfskiptur, glertopplúga, ESP stöðuleikarbúnaður, leðuráklæði, leiðsögukerfi, litað gler, innbyggður sími, hraðastillir, rafdrifin sæti, o.m.fl.

**Tilboð kr. 5.390.000,-**

Bílabúð Benna
Notaðir Bílar - Bíldshöfða 10
587-1000 - Bílasalan Skeifan

www.velaborg.is

S: 414 8600

Bobcat






ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR

Smámokstursvélar
Smágröfur
Skotbómulyftarar
Úrval af aukahlutum

Vélaborg ehf.

**Reykjavík** Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 **Akureyri** Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601



**Hnébuxur** hafa verið mjög vinsælar í vetur og verða það víst áfram í sumar. Hnébuxur er hægt að nota í nánast hvaða veðri sem er en mikilvægt er að velja sér sokkabuxur í samræmi við hitastig.





UPPGÖTVAÐU
YFIR




HÖNNUÐI
Í DEBENHAMS




DEBENHAMS HEFUR FENGIÐ TIL LIÐS VIÐ SIG HEIMSÞEKKTA HÖNNUÐI TIL AÐ SÉRHANNA LÍNUR EINUNGIS FYRIR ALLAR DEILDIR DEBENHAMS.

DESIGNERS
AT DEBENHAMS

Antony & Alison
BDL eftir Ben De Lisi
Butterfly eftir Matthew Williamson (4)
EB eftir Erickson Beamon
J eftir Jasper Conran (2)
Pearce II Fionda
Reger eftir Janet Reger
Rocha eftir John Rocha (1)
Star eftir Julien Macdonald (3)
St George eftir Duffer

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG TRYGGÐU ÞÉR EINSTAKA HÖNNUN Á EINSTAKLEGA GÓÐU VERÐI, -AÐEINS Í DEBENHAMS.

DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 31693 03/2006




Katharine Hepburn. Glæsileiki Hepburn var annálaður en hún var líka mikill töffari. Víðar síðbuxur voru hennar aðalsmerki. Mynd til að skoða: Women of the Year frá árinu 1942.



Ursula Andress í bíkíníinu fræga sem hún skartaði í fyrstu Bond-myndinni, Dr. No. Ursula var kannski ekki mikil leikkona en hún var kyntákn og flott týpa. Mynd til að skoða: Dr. No.



Marilyn Monroe. Kvikmyndastjarnan íturvaxna aflitaði á sér hárið og var oft í hressilegum kjólum. Madonna hefur sótt mikið í smiðju hennar. Mynd til að skoða: Gentlemen Prefer Blondes frá árinu 1953.

# Leitað fanga hjá fögrum kvikmyndastjörnum

***Oft er sagt að tískan gangi í hringi. Föt sem voru flott í fyrra þykja ljót í ár en verða líkast til orðin heit á ný eftir nokkur ár. Fæsta klæðir að hlaupa á eftir hverri einustu tískubólu, flottara er að finna sinn eigin stíl.***

Tískudrottningar síðustu aldar geta verið uppspretta hugmynda þegar kemur að því að kaupa föt, ekki síst þegar kemur að því að velja föt í verslunum sem selja notaðar flíkur. Þar má oft gera góð kaup. Ekki er þó mælt með að stíll stjörnunnar sé stældur eins og hann leggur sig, betra er að nota hann til að fá góðar hugmyndir að samsetningum. Ekki þarf heldur alltaf að leita langt yfir skammt til að finna flott gömul föt, aldrei er að vita á hverju mamma eða amma lumar, tékkaðu á því. En langi þig til að fá hugmyndir frá kvikmyndastjörnum 20. aldar, skoðaðu þá stíl þessara stjarna. Þær voru ókrýndar tískudrottningar heimsins um áratuga skeið. Á netinu er að finna mikið af myndum af þessum glæsikonum en einnig er hægt að verða sér úti um klassískar kvikmyndir þar sem þær eru í aðalhlutverki skoða fatastíl söguhetjunnar, og næla sér í góðar hugmyndir til að lífga upp á fatastílinn.



Grace Kelly var dæmigerð Hollywood-glæsipía. Glæsilegir kjólar og óaðfinnanlegt útlit einkenndu hana að minnsta kosti meðan hún var kvikmyndastjarna. Mynd til að skoða: High Society frá árinu 1956.



Audrey Hepburn. Hollywood-stjarna sem var mikil tískudrottning á sjötta og sjöunda áratugnum. Mynd til að skoða: Breakfast at Tiffany's frá árinu 1961.



Faye Dunaway. Setti nýjar línur í því sem var svalt. Myndin til að skoða: Bonnie and Clyde frá 1967.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Hundar í stíl

Þá er tískuviku lokið í París að þessu sinni þó enn standi yfir sala á því sem sýnt hefur verið á tískusýningum í „showroomum“ víða um borg. Margir eru þó sammála um að frekar lítið hafi verið um stórkostlegar uppgötvanir að þessu sinn enda kannski hægt að spyrja sig að því hversu oft er hægt að finna upp hjólið án þess að fara í hringi. Og þvílík frétt, aðalliturinn næsta vetur verður svartur!

Hjá Yves Saint Laurent er Stefano Pilati enn og aftur að endurvinna hið gullna tímabil gamla meistarans og virðist fastur á sjöunda áratugnum, lítið eftir af stjörnuglamúr Toms Ford sem hannaði fyrir YSL frá 2001-4. En Pilati er ekki einn um þetta afturhvarf til þessa tíma því Christophe Decarnin, nýr hönnuður Pierre Balmain sem sýndi nú í fyrsta skipti eftir tveggja ára hlé, var sömuleiðis í sjöundaáratugs fíling, með mínísídd á kjólum sínum, minnir á þann tíma þegar Henný Hermanns var alheimsfulltrúi ungu kynslóðarinnar. Og sýning Chanel var eins og leiksýning á sviði við tónlist Franz Ferdinand sem tók upp lag Gainsbourg, en nú eru einmitt fimmtán ár frá dauða hans.

Jean-Paul Gaultier var að vanda stórvirkur með tvær sýningar, sína eigin og svo hjá Hermès þar sem hann er listrænn stjórnandi kvenhönnunarinnar. Hann virðist nú hafa náð vel tökum á hönnun Hermès, sýningin var einstaklega fáguð en um leið nútímaleg, nokkuð sem hæfir vel flaggskipi franskrar tísku. Hjá sínu eigin tískuhúsi, sem minnti á skuggaleg ævintýri sem gerast í skógum, var helsta nýjungin að Gaultier klæddi hunda í yfirhafnir og annan klæðnað í stíl við eigendur sína.

Áhugaverðustu hönnuðina er ekki alltaf að finna á þeim tískusýningum sem frægasta fólkið mætir á eða flestir fjölmiðlar. Sumir eiga einfaldlega ekki fyrir tískusýningu þrátt fyrir hæfileika. Oft þarf að leita víðar, í búðir sem selja vörur margra hönnuða (multimarque) og vilja alltaf vera á undan, eins og Chez Colette svo dæmi sé tekið. Þar er oft að finna skemmtilegri og hugmyndaríkari hönnun og meira þor í innkaupum, enda eru þessar búðir suðupunktur strauma og stefna í tískuborginni. Svo eru þeir sem byrja aleinir með internetsíðu þar sem hægt er að skoða framleiðsluna og panta beint. Einn slíkur er Franck Passerat, fransk-kamerúnskur hönnuður sem ég kynntist á dögunum þar sem ég tók þátt í opnun á nýrri strauma- og stefnubúð í Faugbourg St. Honoré-hverfinu. Ykkur til skemmtunar er hér síðan hans sem þið getið skoðað, www.fpf.20mn.com. Margir láta sig dreyma um frama á hönnunarbrautinni, sitja tíma í tískuskólum og hanna svo heima við og vonast eftir frægð.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Svo virðist sem að mikið af fólki í tískubransanum sé að flytja frá Manhattan og yfir Brooklyn-brúna.

# Tískuvika í Brooklyn

*Brooklyn-hverfið í New York fær að halda sína eigin tískuviku í maí.*

Tískuvikur vekja alltaf geysilega athygli og þangað hópast blaðamenn, stjórnur og auðvitað tískuhönnuðir og -aðdáendur. Tískuvikur í New York eru einar stærstu sinnar tegundar í heiminum en einni slíkri lauk fyrir um mánuði síðan. Nú stendur til að stærsta hverfi New York-borgar, Brooklyn, fái einnig sína eigin tískuviku.

Það stendur til að þriggja daga tískuvika fari fram í byrjun maímánaðar undir yfirskriftinni BK Fashion Week. Rick Davey, einn af aðalskipuleggjendum tískuvikunnar segir að markmiðið sé að koma Brooklyn á landakort tískuheimsins. „Allt tískufólkið virðist hvort sem er vera í Brooklyn eða á leiðinni að flytja þangað.“




# Litríkir sumarskór

DÖKKIR LITIR VETRARINS ERU Á UNDANHALDI OG LJÓSIR OG SKÆRIR LITIR AÐ VERÐA ÁBERANDI.



Í sumar verður hvíti liturinn allsráðandi, hvítt frá toppi til táar er alltaf flott, sérstaklega þegar smá roði er kominn í kinnarnar, en svo er líka fallegt að tefla glaðlegum skærum litum með þeim hvíta. Hvítar gallabuxur verða t.d. afskaplega heitar í sumar en við þær er nauðsynlegt að skarta flottum skóm.

Skór í öllum regnbogans litum eru byrjaðir að berast í búðir og þeir eru til í ótal útfærslum. Það ætti því að vera auðvelt fyrir alla að finna sér glaðlega skó við hæfi sem passa vel með hvítu sumarflíkunum. Skórnir á myndunum kosta allir 6.900 kr. og fást í GS skóm.











**Rýmingarsala**

**Opið laugardag frá 11-16**

**Gullbrá, Nóatúni 17 • Sími 562 4217**

**klipparinn**
laugum



*Við hjá Klipparanum bjóðum Ágústu Skúladóttur velkomna í hópinn Björgvin, Linda, Ingibjörg og Systa*

**opið virka daga til 20 sími 533 1311**




Svört kvenblússa úr sumarlínu Henrik Wibskov.

Litrík hettupeysa frá Henrik Wibskov.



Grár bolur frá Humanoid.



Renndur jakki úr sumarlínu Henrik Wibskov.

Græn og grá prjónapeysa frá Siv Ftoldal.

# Flipp og fágun í Kronkron

Versluninni Kronkron hefur verið vel tekið og næstu helgi verður opnuð stækkuð og betri verslun með nýjum vörumerkjum. Þá eru vor- og sumarvörurnar farnar að streyma inn í verslunina frá merkjum eins og Humanoid og Henrik Wibskov. Skærir litir koma sterkir inn, létt efni og stuttbuxur. Talsvert er um pils sem eru víð að ofan og þröng að neðan, með svokölluðu túlípanasniði.

Stuttbuxur fyrir karla eru áberandi bæði sem kvartbuxur og hefðbundnar stuttbuxur, og koma þær jafnvel með fínum jökkum. Boli, kjóla, skyrtur, peysur, skó, fylgihluti og margt fleira er þar að finna. Svarti liturinn heldur áfram inn í sumarið í þeim fatalínum sem er að finna hjá Kronkron en hvíti liturinn er ekki eins sterkur.

Léttur kjóll úr sumarlínu Humanoid.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Ferming 2006** aldrei meira úrval...



Stelpur
bolir frá: 2.990 pils frá: 4.990 jakkar frá: 9.990 skór frá: 4.990
ermar frá: 3.990 buxur frá: 3.990 kjólar frá: 4.990 - skór fást í focus og gs skóm

Strákar
jakkaföt 15.990 bindi 2.990
skyrta 3.990 skór frá: 6.990



Bleikur léttur jakki og seðlaveski frá Puma.

Svartar buxur og bleikur bolur sem er bundin að aftan, frá Adidas.

Skærbleik og hvít handtaska frá Puma. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Andi níunda áratugarins

Enginn vill vera hallærislegur í ræktinni enda alger óþarfi þar sem nóg er til af flottum íþróttafatnaði. Dökkbleiki litur níunda áratugarins hefur nú ratað inn á tískubrautina að nýju og hefur Puma algerlega tekið þennan lit upp á sína arma. Jakkar, töskur, svitabönd og bolir í fullorðins- og barnastærðum einkenna nýjustu línu Puma. Fatnaðurinn er þess eðlis að vel er hægt að nota hann utan líkamsræktarstöðvarinnar og blanda saman við annan fatnað. Adidas er líka í bleika litnum í ár en notar hann í mun mildari tónum og blandar honum við appelsínugult og svart. Bleiki liturinn mun án efa sjást mikið á hlaupabrettinu í sumar, í ólíkum tónum.

Flíkurnar á myndunum fást í Útilífi í Kringlunni.
























NÝTT-NÝTT-NÝTT

Hárspangir frá kr. 290
Síðar hálsfestar frá kr.990
Síðir bolir kr. 1990

Nýja vorlínan frá Pilgrim komin Ný breið belti og margt fleira

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466


# Sumarkjólar í öllum litum

***Sumarkjólarnir eiga hvorki að vera of síðir né stuttir. Þeir mega bæði vera mynstraðir og einlitir.***

Mikið er lagt upp úr kvenleika og kvenlegum línum í sumartískunni. Kjólar draga fram kvenleikann betur en nokkuð annað og eru svo sannarlega nauðsynlegir í fataskápinn fyrir sumarið.

Kjólarnir sem voru að koma í verslunina Kúltúr eru einmitt af þessum toga. Þeir eru kynþokkafullir og hver öðrum klæðilegri, fallegir litir og mynstur, sniðin flott og efnin gæðaleg. Þessir kjólar eru frá ítalska merkinu Cultura, sem ber með sér mikinn þokka og hönnunin er framsækin og smart. Innblástur sækja hönnuðirnir m.a. til listaheimsins og hliðarmerki fyrirtækisins er einmitt nefnt eftir popplistarmanninum fræga Andy Warhol.

Þess ber að geta að það koma fá eintök af hverjum kjól sem er auðvitað kostur.



Rauður kjóll á 32.990 kr.



Hvítt er aðalliturinn í sumar, þessi kjóll kostar 25.990 kr.

Sumarkjóll á 33.990 kr.

Skemmtilegur svartur kjóll, 26.990 kr.

Mynstraður kjóll 34.990 kr.

Hlýralaus kjóll, 49.990 kr.







**Frizz-Ease Straight Ahead** er sérhannað til að slétta úfið og krullað hár. Gefur hárinu silkimjúka áferð, raka og fallegan gljáa. Úfið hár heyrir sögunni til.

JOHN FRIEDA.
FRIZZ EASE



molo

Töff föt á hressa krakka
Ný sending



ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201





FERMING Í FLASH

Kjólar
Pils
Toppar
Jakkar
Ótrúlegt úrval

FLASH
Laugavegi 54, sími 552 5201





jbj design

Ermar úr ull og silki
www.jbj.is
Skólagerði 5 554-2718

# Ekki við eina fjölina felld

*Breska leikkonan Keira Knightley vakti heldur betur athygli á Óskarsverðlauna-hátíðinni.*

Óskarsverðlaunahátíðin snýst ekki bara um einhverja styttu. Hún snýst líka um það hver var í flottasta kjólnum, hver var með flottustu hárgreiðsluna og hver hélt flottustu ræðuna. Hin unga Keira Knightley var ein af þeim sem vöktu töluverða athygli. Ekki eingöngu var hún tilnefnd fyrir leik sinn í myndinni Pride & Prejudice heldur þótti hún einnig afar glæsileg til fara.

Einna mestu eftirtektina vakti demantshálsmen sem hún bar. Mörgum fannst hins vegar skrýtið að hún bæri hálsmenið, sem var frá Bulgari, þar sem Knightley er andlit Asprey. Talsmaður Asprey sagði hins vegar eftir hátíðina að ekki væri um samningsbrot að ræða. Knightley væri eingöngu andlit Asprey en ekkert í samningi þeirra á milli skyldaði Knightley til þess að bera skartgripi frá Asprey. Hefur Knightley mátt sæta nokkru ámæli vegna þessa.

Því má einnig bæta við að á síðustu Bafta-hátíð bar Knightley skartgripi frá Cartier. Þrátt fyrir þessa ótryggð Knightley gerast þær raddir alltaf háværari og háværari þess efnis að hún verði næsta andlit Chanel. Greinilegt að það er hægt að komast upp með ýmislegt ef maður er nógu frægur.



Keira Knightley var ein þeirra sem þóttu bera af varðandi klæðnað á seinustu Óskarsverðlaunahátíð. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



# Grúví gallabuxur

*Gallabuxur eru sú flík sem flestir telja ómissandi í fataskápinn.*



Gallabuxurnar kosta 19.900 kr. og fást í Whistles.

Nýtt merki í gallabuxnabransanum, Paige Premium, kom fram á sjónarsviðið fyrir um það bil ári síðan og hefur slegið rækilega í gegn. Sú sem stendur á bak við Paige Premium er ungfrú Paige Adams Geller sem um áraraðir var eitt heitasta gallabuxnamódelið fyrir stór merki eins og Seven og True Religion.

Paige-buxurnar eru til í nokkrum útfærslum, sniðum og litum en það sem einkennir hönnun þeirra allra er að leitast er við að afturendinn taki sig sem best út. Til dæmis er mittið hærra en maður á að venjast, alls ekki of þröngt, rassvasarnir eru á réttum stað og buxurnar eru passlega þröngar yfir lærin. Allt þetta hjálpar til við að láta konum líða sem best í gallabuxunum og „fíla sig í botn“.

Fyrstu Paige-gallabuxurnar voru að berast í Whistles í Kringlunni, passlega dökkbláar, temmilega snjáðar og pínulítið útvíðar sem er skemmtileg viðbót við allar niðurþröngu buxurnar sem hafa tröllriðið markaðnum. Fleiri útfærslur eru svo væntanlegar á næstu vikum og það verður gaman að sjá hvað Paige Premium býður upp á fyrir hásumarið.










**Bollar** eru ómissandi á flestum heimilum og það getur verið ágætt að eiga þá í mismunandi stærðum. Sumum finnst best að drekka kaffið sitt úr stórum bollum en aðrir vilja helst nota pínulítla bolla.



Ingveldur Ýr slakar á við stofugluggann um leið og hún virðir fyrir sér útsýnið og fylgist með veðrabrigðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Öll málverk óþörf

***Þeir sem búa í þéttbýli verða margir að þola það að sjá ekkert út um gluggana sína annað en næsta vegg. Hinir eru þó til sem hafa vítt útsýni. Þeirra á meðal er söngkonan Ingveldur Ýr Jónsdóttir.***

Ingveldur býr í tvíbýlishúsi í Borgahverfinu í Grafarvogi og út um bogalagaðan stofugluggann blasir við víður sjóndeildarhringur. Geldinganesið sem getur talist útvörður byggðarinnar er á vinstri hönd og svo sést Kollafjörðurinn teygja sig inn með ströndinni með síbreytilegum litbrigðum eftir sólarátt og sjávarföllum, allt að Mosfellsbæ. Hinum megin fjarðarins er svo Kjalarnesið þar sem stolt Reykvíkinga og nágranna stendur traustum fótum, sjálf Esjan sem kórónar allt ¿ stundum hvít, stundum grá og stundum græn. „Það er alger lúxus að hafa svona útsýni. Þetta er bara eins og panoramamynd,“ segir Ingveldur dreymin á svip. Hún kveðst hafa keypt þetta hús tilbúið fyrir nokkrum árum og þar rekur hún meðal annars söngskólann sinn. Þegar haft er orð á að hún geti sparað sér að kaupa málverk hlær hún og svarar. „Já, enda hef ég ekki mikið verið að skella þeim upp hér.“

Veðurlagið er eitt af því sem hún verður vel vör við á þessum stað. „Hér er allra veðra von,“ segir hún. „Stundum er rosalegt rok en í annan tíma logn og sól og blíða.“ Þá stund sem blaðafólk stendur við hjá henni skiptast á skin og skúrir og regnboginn kemur og fer. „Í góðu veðri er algengt að farið sé með skólahópa hér niður í fjöru og margir gera sér ferð út í Geldinganesið að skoða fuglalífið,“ segir hún og bendir niður að sjó. En ekkert er tryggt í henni veröld og verði Sundabrautin lögð meðfram ströndinni breytist heldur betur útsýnið hjá Ingveldi. „Þá verð ég með hraðbraut fyrir utan gluggann og það er ekki beint tilhlökkunarefni.“ Það verða lokaorð hennar í þessu spjalli.

## STELLIÐ: FRENCH GARDEN

***French Garden er glaðlegt stell sem minnir á páskana, sólina og vorið. Það er þýskt og fæst í Villeroy & Boch.***

Fáum stellum fylgja jafn margir og fjölbreyttir hlutir og French Garden. Þegar allt er talið eru þeir á sjöunda tuginn. Á diskunum eru fjögur mismunandi mynstur sem gaman er að blanda saman fram og til baka og þeir eru til bæði kringlóttir og ferkantaðir. Bollarnir eru af fimm stærðum, morgunverðarbolli, kaffibolli, tebolli, mokkabolli og kakóbolli, og eru ýmist skreyttir sítrónum eða hindberjum. Um síðustu jól bættust eldföst mót við French Garden-fjölskylduna. Upphaflega kom þetta skrautlega stell fram á sjónarsviðið árið 1997 og hefur aflað sér vinsælda síðan, enda gleður það augu hvar sem það sést á borði.



Sumir diskarnir eru með ávöxtum á brúnunum en mynsturlausir í botninn.



Blá ber prýða ýmsa hluti French Garden.



Bollarnir eru í fimm stærðum, þar af fjórir með undirskál.


GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

PÍANÓSTILLING.IS
Kristinn Leifsson - Leifur Magnússon
S. 661-7909


bodum Pressukanna
Áður kr. 4.900,-
Nú kr. 3.900,-
DUKA
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
Kringlunni - sími : 533 1322

SHURE SLX
Þegar þú vilt láta í þér heyra..

Þráðlausir hljóðnemar.
TÓNABÚÐIN
tonabudin.is
Sunnuhlíð 12. 603 Akureyri s.462-1415
Skipholt 21. 105 Reykjavík s.552-4515


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Keramik fyrir alla
Barnaafmæli
Bekkjaferðir

Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.
Tilboðspakkar
Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.
Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

allt bílar
Alla laugardaga



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Tvö pottablóm fyrir skúmaskotin: Sómakólfur og sjómannstryggð

Nú lengir daginn hratt og hin norræna dagsbirta er aftur farin að teygja sig inn í öll skúmaskot í híbýlum okkar. Að jafnaði er birtan þar af skornum skammti, jafnvel um hásumarið, og fáar plöntur sem hjara þar af ljósleysið. En þó skal ekki gefa upp alla von því þónokkuð er til af plöntum sem spjara sig í lítilli birtu, vanar dimmum skógarbotnum og skuggagiljum í hinum hlýju heimalöndum sínum. Til Kólfblómaættarinnar teljast afar margar tegundir pottaplantna, en ekki eru þær allar jafn meðfærilegar og kröfulausar og þær sem hér eru til umfjöllunar nú.

Sjómannstryggð hefur verið vinsælt pottablóm um alla Vestur-Evrópu síðan um miðja átjándu öld. Sagan segir að farmenn á Austur-Indíaskipunum hafi haft með sér græðlinga frá þessum fjarlægu löndum til að færa mæðrum sínum, unnustum eða eiginkonum við heimkomuna eftir langa útivist. Íslenska heitið er dregið af hinu danska „Sømandstrøst“, sem er firna gamalt í Danmörku.

Sómakólfurinn er hins vegar, að segja má, nýliði í hópi þeirra pottaplantna sem nú má rekast á í blómaverslunum. Á örfáum árum hefur hann orðið tískuplanta sem fellur vel að naumhyggjustefnunni sem ráðandi er í innanhússarkitektúr um þessar mundir. Hann hefur þó verið þekktur meðal safnara í tvær aldir, en sló ekki í gegn fyrr en fyrir svosem átta til tíu árum.



**Sómakólfur**

**Zamioculcas zamiifolia**
**Notkun:** Græn blaðplanta. Kerjaplanta.
**Birta:** Ekki sterk sól – Ákaflega skuggþolin jurt.
**Hiti:** Stofuhiti – 18-25°C. Þolir þurrt loft.
**Vökvun:** Fremur lítið í hvert sinn. Látin þorna vel af og til.
**Umpottun:** Eftir þörfum í víðari pott.
**Áburður:** Daufur skammtur endrum og eins.

Blöðin eru fjaðurskipt út frá þykkum miðstilk. Afar dökkgræn og glansandi. Upprunalega er sómakólfur botngróður í kjarrskógum í fremur þurru, ófrjóu og grýttu landi í austurhluta Mið-Afríku. Hann vex hægt en getur orðið um eins metra hár. Sómakólfurinn er flestum plöntum harðgerðari og þolir að standa hvar sem er inni í húsum svo framarlega að þangað berist einhver skíma af dagsljósi á sumrin. Umber mikla vanrækslu og óreglulega vökvun, en líður að sjálfsögðu betur ef rykið er skolað af honum nokkrum sinnum á ári! Hægt er að fjölga plöntunni með einum blaðflipa sem stungið er í þvala mold, þar myndast þá lítill hnúður við blaðskaftið og verður með tímanum að nýrri plöntu – en það tekur tímann sinn! Sómaplanta sem passar alls staðar og einungis kuldi og ofvökvun getur grandað!



**Sjómannstryggð**

**Aglaonema commutata**
**Notkun:** Laufplanta.
**Birta:** Í meðallagi til lítil. Ekki í glugga. Skuggþolin.
**Hiti:** Stofuhiti – 18-25°C.
**Vökvun:** Fremur lítil. Mold þorni á milli.
**Umpottun:** Eftir þörfum í stærri pott.
**Áburður:** Dauf blanda vikulega á sumrin.

Blöðin eru lensulaga, aflöng en breiðari um miðjuna. Fallega mynstruð með ljósari eða dekkri bekkjum, rákum eða dílum þvert yfir. Sjómannstryggð er mjög þolin pottaplanta og hentar vel þar sem fáar aðrar plöntur geta þrifist. Plantan þolir skugga og vanrækslu um langa hríð flestum plöntum betur svo framarlega að ekki sé kalt í kringum hana. Forðist ofvökvun og gólfkulda. Til eru margar tegundir og ræktunarafbrigði af sjómannstryggð. Öll þurfa þau samskonar umönnun. Sumstaðar á Jövu er sagt að með því að rækta sjómannstryggð í híbýlum sínum, færi menn barnalán í bæinn og bægi ólánsverum frá fjölskyldunni.

# Pólýhúðun í stað lökkunar

***Pólýhúðun ehf. að Smiðjuvegi sér um að pólýhúða ýmsa hluti og muni svo hægt sé að leggja pensilinn endanlega á hilluna.***

Pólýhúðun er í raun lökkun eða dufthúðun. Duftblöndu er þá úðað á málm og húðaða málmstykkið sett í bakaraofn svo duftið bráðni. Pólýhúðun getur húðað alla málma og gler með Epoxy eða pólýester-dufti eða blöndu af þessu tvennu og fæst duftið í rúmlega 200 litum með mismunandi glans og áferðum auk 50 sérlita. Meðal þess sem hægt er að pólýhúða eru álgluggar, bílahlutar, húsgögn, húsmunir og margt fleira.

Pólýhúðun er mun sterkara lakk en blautlökkun og er með sterkustu lakkhúð sem völ er á. Þeir sem komnir eru með leið á að pensla ættu því að kynna sér málið.



Margir taka upp lakk- eða málningarburstann reglulega og yfirfara lúna hluti.


**FLOTTUR PAKKI**

Fylgir öllum ALNO® eldhúsinnréttingum



1. Digital Ísland upptökulykill
2. Leiga út árið 2006
3. Afnotagjald af Sýn út árið 2006
4. Philips 15' LCD Sjónvarp/útvarp (15PF120)



ALNO®

2283 Taktík

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

. . . . miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14



**EPSON Stylus D88**

**Hagkvæmur!**



* 4 aðskilin Hylki
* 5760 dpi upplausn
* 22 bls í svörtu á min
* 12 bls í lit á min
* Aðeins 990kr hylkið
* Windows & Mac Os

**12.900**

ÞÓR HF | Sími: 568-1581
Ármúla 11 | www.thor.is








Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.

Sófalist,
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is





Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos
gólfteppa

Heimilisgólfdúkar
Tilboðsverð
frá kr. 890 á m²

Plastparket
Eik, beiki, hlynur, kirsuber
Tilboðsverð kr. 990 á m²
Fullt verð kr. 1.190 á m²

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.




Upphengd salerni
í miklu úrvali
frá Villeroy & Boch
ásamt handlaugum með
Ceramicplus glerung.

BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Fallegt verk eftir Macke. Míró 10.200 kr.

# Falleg listaverk á góðu verði

***Fæstir vilja auða veggi í stofum sínum og rýmum. Hins vegar hafa ekki allir efni á dýrum málverkum. Víða er hægt að fá fallegar eftirprentanir á góðu verði sem geta prýtt heimilið.***

Fallegar myndir geta gert gæfumuninn. Þær gera stofur, ganga og herbergi heimilisleg og af þeim er hægt að lesa smekk og stíl þess sem í híbýlunum býr. Myndir eru því að margra mati nauðsynlegar. Hins vegar er alger óþarfi að eyða stórum fjárfúlgum í málverk, sérstaklega þegar fólk er að hefja búskap og hefur lítið á milli handanna.

Víða er hægt að nálgast eftirprentanir af verkum meistaranna, ljósmyndum eða gömlum bíóauglýsingum svo fátt eitt sé nefnt. Úrvalið er ótakmarkað auk þess sem hægt er að ákveða áferð myndanna. Til dæmis með því að setja sérstaka filmu á plaköt svo þau líkist frekar frummyndum sínum, eða prenta ljósmyndir á striga til að fá fram sérstaka stemningu.

Eftirprentanir er hægt að nálgast víða. Hér birtum við nokkrar myndir úr Gallerí Míró í Faxafeni og í Húsgagnahöllinni. Innifalið í verði er einhvers konar rammi. *solveig@frettabladid.is*




Teiknimyndir eru líka listform. Húsgagnahöllin 11.500 kr.



Með vor í huga og sinni. Húsgagnahöllin 9.980 kr.



Eftirprentanir af fornum rómverskum vegglistaverkum eru prýðilegt stofuskraut. Míró 6.500 krónur.



Litríkt og lifandi. Húsgagnahöllin 12.980 kr.



Allt er vænt sem vel er grænt. Húsgagnahöllin 12.980 kr.



Englar Leonardo Da Vinci eru sígildir. Míró, 7.600 kr.




Abstrakt eftir Kandinsky. Míró 10.600 kr.




Fyrir bílaáhugamennina. Húsgagnahöllin 13.980 kr.





## BREIÐARI HRINGAR ÞETTA ÁRIÐ
*Nöfnin skrifuð utan á* SJÁ BLS. 14

## BRÚÐARVENDIR
*Mildir og rómantískir* SJÁ BLS 10

[ SÉRBLAÐ UM BRÚÐKAUP – FIMMTUDAGUR 9. MARS 2006 ]

# stóri dagurinn



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT






ÆTLUÐ HVORT ÖÐRU
Árni og Stína
BLS. 2

MEIRA LAGT Í KJÓLANA EN ÁÐUR
Brúðarkjólar
BLS. 6

BRÚNTÓNAMYNDIR VINSÆLAR
Myndatökur
BLS. 10

ÁKVÁÐU STRAX AÐ GIFTA SIG
Saga af brúðkaupi
BLS. 12

UPPHAF HJÓNABANDSSÆLUNNAR
Brúðkaupsferðir
BLS. 14



Íslensk list
gerir hús að heimili



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur



Mynd eftir Soffíu Sæmundsdóttur

LISTMUNASALA fold

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

# Aðalmálið er að vera afslappaður og hlæja

Hægt er að fara ýmsar leiðir til að draga úr kostnaði við brúðkaup.

Brúðkaup geta verið kostnaðarsöm og er þar veislan stærsti útgjaldaliðurinn. Margir bera það fyrir sig að þeir muni aðeins gifta sig einu sinni og því best að gera það með stæl. Fólk hefur þó mismikið fé á milli handanna og er alger óþarfi að bjóða mörg hundruð manns og splæsa í dýrasta kampavínið svo að dagurinn verið fullkominn, rétti makinn og góðir vinir nægja til þess.

Til eru fjölmargar leiðir til að halda veislu án þess að eyða of miklu. Til að byrja með er best að ákveða hversu miklum peningum má eyða í brúðkaupið. Næst skal skipta fjárhæðinni niður í kostnaðarliði, til dæmis hversu miklu má eyða í fatnað, blóm og skreytingar, og loks veisluna sjálfa. Kostnaðarmesti liðurinn við veisluhöldin er alltaf áfengið. Ef brúðhjónin hafa lítið fé á milli handanna er hægt að stinga upp á því að veislugestir gefi ekki gjafir, heldur komi þess í stað með eina eða tvær vínflöskur til að hafa með matnum. Auk þess er hægt að hafa kaffiboð að deginum til og hreinlega sleppa öllu áfengi.

Partí í heimahúsi getur einnig verið skemmtilegt, þar sem boðið er upp á smá bjór og ef til vill smá kampavín en partígestir mæta að öðru leyti sjálfir með veigarnar. Heimabruggað áfengi er kostur sem brúðhjón ættu aldrei að hugleiða, þó svo það kosti minna. Slíkt vín fer misvel í fólk og getur hreinlega eyðilagt stemninguna. Salur og matur geta kostað mikið en heilmargt er hægt að gera til að draga úr þeim kostnaði. Jafnvel er hægt að halda veisluna í heimahúsi og notast við allt húsrými, þar á meðal bílskúrinn. Með hvítum lökum, kertum, rósabúntum keyptum beint af rósabóndanum og nokkrum silkiborðum er hægt að breyta hvaða heimili sem er í veislusal.

Langborð er hægt að útbúa með spónaplötum og búkkum, auk þess sem hægt er að leigja borð og bekki víða. Hvað matinn varðar er hægt að fá stórfjölskylduna til að leggjast á eitt og útbúa matinn. Einnig er hægt að útbúa súpu, baka heilan helling af brauði og bjóða upp á salat með. Ostabakkar og súkkulaðikaka í lok máltíðar ættu svo að gera alla glaða.

Aðalmálið er þó að hafa góðan veislustjóra, vera afslappaður og hlæja mikið. Þá er veislunni borgið, sama hvar hún er og hvað er á borðum.



Bílskúrinn getur breyst í veislusal með smá hugmyndaflugi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

úrval • gæði • góð verð
Trúlofunar hringar
Jón & Óskar
ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA
Laugavegi 61 Sími 552 4910 www.jonogoskar.is



Árni og Kristín hafa fylgst að í fimmtíu og fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eins og við höfum verið ætluð hvort öðru

Rúm 55 ár eru liðin síðan Árni Tryggvason leikari og Kristín Nikulásdóttir kona hans gengu í það heilaga. Þau eru samt eins og nýtrúlofuð.

„Við giftum okkur á annan í jólum árið 1950 og vorum þá búin að þekkjast frá því í apríl það ár. Athöfnin fór fram heima hjá sr. Bjarna dómkirkjupresti. Kirkjan hefur sjálfsagt verið upptekin og sennilega höfum við heldur ekki haft efni á kirkjubrúðkaupi. Ríkidæmið var nú ekki mikið," segir Árni þegar þau hjón eru beðin að rifja upp brúðkaupsdaginn. Kristín tekur við frásögninni. „Svo var smá kaffisopi heima hjá systur minni á eftir og þar mætti eitthvað af systkinum okkar en um kvöldið fór Árni niður í leikhús og giftist þar annarri konu. Ég lét mér það í léttu rúmi liggja!" Kristín er svo fjörleg að ekki er hægt að efast um að hún segi satt. „Já, ég tvígifti mig sama daginn, sitt hvorri konunni en ég man ekkert hvað sú seinni hét," segir Árni og hlær. Svo heldur hann áfram að lýsa alvöru brúðkaupinu.

„Við þurftum að fá svaramenn og það voru faðir Stínu og systir hans. En þau gátu ekki komið svo við fórum bara með blöð til prestsins. Það voru svaramennirnir. Við vorum bara ein inni í stofu hjá presthjónunum í húsi þeirra við Lækjargötuna. Þetta gekk allt vel fyrir sig og við vorum pússuð saman. Sjálf vorum við kórinn og prestsfrúin Áslaug spilaði undir. Það voru sungnir tveir sálmar og annar þeirra var dálítið hástemmdur í tónum og þegar sr. Bjarni komst ekki nógu hátt þá hætti hann og þegar lagið var komin niður í hæfilega hæð fyrir hann þá kom hann inn í aftur. Þetta var alveg ágætt."




Börn Árna og Kristínar settu gamlar andlitsmyndir af foreldrum sínum inn á nýlega brúðkaupsmynd og gáfu þeim hana í gullbrúðkaupinu.

Kristín hristir höfuðið kæruleysilega þegar hún er spurð um brúðarkjólinn. „Ég keypti mér ekkert sérstakt fyrir þessa athöfn og man ekkert í hverju ég var." „Hún var nú aðeins farin að þykkna undir belti en hún var smart klædd. Það man ég," upplýsir Árni.

Engin mynd er til af brúðhjónunum Árna og Kristínu frá 1950 en á fimmtíu ára hjúskaparafmælinu var þeim samt gefin glæsileg brúðkaupsmynd. „Okkur datt í hug að láta gifta okkur aftur nú á seinni árum og þá í kirkjunni í Hrísey en það varð ekkert af því. Hinsvegar komu krakkarnir okkar með falsaða mynd til okkar í fimmtíu ára hjúskaparafmælið. Það var brúðkaupsmynd af dóttur okkar og tengdasyni en þau höfðu skipt um hausa og sett gamlar andlitsmyndir af okkur í stað þeirra réttu. Svo sungu þau brúðarmars fyrir okkur," segir Árni hlæjandi og nær í myndina.

Þótt giftingarathöfnin hafi verið látlaus hjá Árna og Kristínu fyrir 55 árum og lítið tilstand í kringum hana hefur hjónabandið enst og enn eru þau með blik í augum er þau horfa hvort á annað. Hver er uppskriftin? „Okkur hefur alltaf komið vel saman og við virðum hvort annað. Í mörg ár rerum við saman til fiskjar á sumrin og nú förum við daglega saman í sund," segir Kristín brosandi og lítur á Árna. „Það er bara eins og við höfum verið ætluð hvort öðru."

# Boðskortin á réttum tíma

Boðskortin þurfa að berast tímanlega til gesta, sérstaklega ef brúðkaupið er um sumar. Þá er fólk á ferð og flugi og helgar skipulagðar langt fram í tímann. Ágæt regla er að senda út boðskortið þremur mánuðum fyrir brúðkaupið. Á boðskortinu þarf að koma fram nafn brúðhjónanna, staðsetning á athöfn og veislu, auk tímasetninga. Afar mikilvægt er að þar komi einnig fram símanúmer og netföng þar sem fólk getur tilkynnt komu sína eða afþakkað boðið, og þá þarf að setja fram tiltekna dagsetningu og biðja fólk að svara fyrir þann tíma.

Boðskort eru oftast hvít, en það getur verið gaman að breyta til og hafa einhvern lit í kortinu. Skreyta það með blómamynstri, eða jafnvel doppum sem gerir það öðruvísi. Þar að auki getur verið fallegt að hafa umslagið í einhverjum lit, sem gefur viðtakanda strax til kynna að innihaldið sé spennandi.

Nú er mikið í tísku að hafa ljósmynd af brúðhjónunum í kortinu. Skemmtilegast er að hafa nýlega mynd af þeim, eða jafnvel gamla mynd frá þeim tíma sem parið var að byrja saman. Barnamyndir af brúðhjónunum, láta kortið frekar líta út eins og verið sé að bjóða til afmælisveislu en brúðkaups.




Boðskort frá Stafrænu hugmyndasmiðjunni í Hafnarfirði.

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10.00-18.00 lau 10.00-16.00 sun 13.00-16.00



ego dekor
Borð (180x100) og sex stólar
Verð áður: 140.000.-
Verð nú:
-10%
126.000.-



ego dekor
Stækkanlegt borð 160(45+45)x100) og sex stólar
Verð áður: 164.000.-
Verð nú:
-10%
147.600.-
Skenkur 125cm hár
Verð:
108.000.-

# NÝ SENDING AF EIKARHÚSGÖGNUM

## - einnig fáanleg í hvíttuðu og dökkbæsuðu -



ego dekor
Sófaborð m/sandblásnu gleri 120x64
35.000.-



ego dekor
Skenkur 150cm
79.000.-



ego dekor
Sjónvarpsskenkur
Fáanlegur í tveimur stærðum
240cm
Verð: 69.000.-
183cm
Verð: 65.000.-
Hilla með ljósi
Verð: 29.500.-



ego dekor
Sjónvarpsskenkur
200cm
Verð:
67.000.-



Veislustjóri þarf að stýra því að reglulega sé skálað í veislunni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Léttlyndur og skipulagður

Starf veislustjóra í brúðkaupsveislum er afar mikilvægt og skiptir máli að vera vel undirbúinn.

Hlutverk veislustjóra er viðamikið og hefur hann í mörg horn að líta svo allt gangi snurðulaust fyrir sig. Best er að veislustjórinn sé glaðlyndur og skemmtilegur en ekki má gera það að aðalatriði að hann sé fyndinn. Skemmtiatriði eru yfirleitt í annarra höndum. Mestu máli skiptir að hann sé skipulagður og hafi góða yfirsýn yfir gang mála. Veislustjóri þarf að sjá um að taka á móti gestum og sjá til þess að borðhaldið gangi vel fyrir sig og ræðuhöld og skemmtiatriði séu kynnt til leiks á réttum tíma.

**HLUTIR SEM BER AÐ HAFA Í HUGA VIÐ VEISLUSTJÓRN:**

**1.** Ef veisla er haldin í sal ætti veislustjóri að líta við í salnum áður og athuga hvernig salurinn er uppsettur, sjá hvort hljómflutningstæki eru í góðu lagi og slíkt.

**2.** Veislustjóri þarf að skrifa niður hjá sér punkta. Hann ætti að hafa nöfn brúðhjónanna skrifuð hjá sér, ásamt nöfnum foreldra og jafnvel systkina.

**3.** Veislustjóri tekur á móti gestunum við upphaf veislunnar, slær á létta strengi og kynnir dagskrána. Hann sér einnig um að stýra því að það sé skálað.

**4.** Hann skráir hjá sér nöfn þeirra sem vilja halda ræður og eru með skemmtiatriði. Gott er að skipuleggja ræðuhöldin vel. Ekki má hafa of þétt prógramm, því fólk þarf að fá færi til þess að spjalla saman á milli. Atriði og ræður sem krefjast þess að fólk hlusti af athygli ættu að koma snemma í veislunni, þar sem fólk missir gjarnan athyglina þegar líða tekur á kvöldið, sérstaklega þegar vín er haft um hönd og jafnvel fiðringur kominn í fólk sem vill dansa.

**5.** Ekki er gott ef borðhald dregst langt fram eftir kvöldi, þannig að veislugestir séu orðnir órólegir eða borðhaldið jafnvel búið að leysast upp áður en kemur að eftirréttinum. Mikilvægt er að drífa það áfram, en þó ekki meira en svo að fólk fái tækifæri til að njóta matar síns.

**6.** Brúðkaup eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Stundum er það mikið af skemmtiatriðum að veislustjórinn gerir lítið annað en að kynna þau. Stundum er afar lítið um skemmtiatriði og mest um þurrar ræður. Þá þarf veislustjóri aldeilis að grípa í taumana og jafnvel stýra skemmtilegum leikjum og segja gamansögur.




Heill heimur af rómantík og glæsileika

Brúðargjafir og brúðargjafalistar
Dúkar og skraut á veisluborðið





Lene Bjerre
Scandinavian Country Collection

Bæjarlind 6, Kóp.
s. 5347470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18
og laugardaga 10-16


# Breiðari hringar þetta árið

Breiðir giftingarhringar eru vinsælir þessa dagana. Algengast er að herrahringarnir séu látlausari en dömuhringarnir.

Það heyrir til algjörra undantekninga að fólk gifti sig án þess að setja upp hringa. Eins og í flestu öðru eru sveiflur í hringavali frá ári til árs. Ólína Þorvaldsdóttir, verslunarstjóri Siggu & Timo, segir hringana í breiðari kantinum þetta árið, oft um sex til sjö millimetra á breidd. Bæði séu þeir teknir flatir og kúptir þó hið síðarnefnda sé alltaf vinsælla og klassískara. Talsvert hefur verið um að fólk taki sér hringa úr hvítagulli en Ólína segir gullið vera að koma sterkt inn aftur.

Ekki eru dömu- og herrahringarnir alltaf eins. Misjafnt er hvað klæðir fólk og karlmenn taka oft breiðari hringa fyrir sig. Hins vegar hefur mikið borið á því upp á síðkastið að settur sé steinn í kvenhringinn og er það þá yfirleitt demantur. Algengt er að skrifað sé inn í hringana en nú láta margir grafa nöfn utan á þá.

Ekki vilja þó allir hefðbundna giftingarhringa og geta þeir þá meðal annars leitað í Gullsmiðju Ófeigs. Ófeigur kveðst ekki stíla inn á giftingarmarkaðinn en bjóða þó fólki upp á sérsmíðaða giftingarhringa ef fólk kjósi. Þá geti hann litið sagt um tískubylgjur í giftingarhringum þar sem fólk sem komi til hans kjósi sérstaka og óhefðbundna hringa.



Sex millimetra gullhringar frá Siggu & Timo. Dömuhringur hefur 25 punkta demant.



Sjö millimetra hvítagullshringar frá Siggu & Timo. Nöfn eru áletruð utan á hringana.



Átta millimetra hringur úr hvítagulli frá Siggu & Timo. Demantar, þrettán punkta, liggja langsum á dömuhring.



Silfurhringar frá Gullsmiðju Ófeigs, hvort sem er fyrir dömur eða herra. Inni í átján karata gullferhyrningnum er demantur.



Átta millimetra hringur úr hvítagulli frá Siggu & Timo. Demantar, fjögurra punkta, liggja í þverrönd á dömuhring.



Silfur- og bronshringar frá Gullsmiðju Ófeigs. Hringarnir eru hvort sem er fyrir herra eða dömu.



Sex mm gullhringar frá Siggu & Timo. Kvenhringur er með sex punkta demöntum.



Kvenhringinn klæðir röð af demöntum, um eitt karat, en herrahringurinn er látlaus. Hringarnir eru úr hvítagulli frá Siggu & Timo.

ORMSSON

SMÁRALIND / SÍMI 530 2900

Full búð af glæsilegri gjafavöru!







Allt fyrir heimilið!

Opið mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 11-19, fimmtudaga frá kl. 11-21, laugardaga frá kl. 11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



Brúðarkjólar frá Brúðarkjólaleigu Dóru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Meira lagt í kjólana en áður

Brúðarkjólar fylgja ákveðnum tískustraumum eins og aðrir kjólar en þó skiptir það flestar konur meira máli að kjólinn klæði þær vel en að hann fylgi nýjustu tísku.

Anna Kristín Magnúsdóttir hjá Brúðarkjólaleigu Dóru segir að brúðarkjólar fylgi alltaf ákveðnum tískustraumum eins og annað. „Flestar konur taka auðvitað þá kjóla sem klæða þær best en kjólarnir breytast samt alltaf aðeins eftir því hvað er í tísku hverju sinni,“ segir hún.

Anna segir að núna sé tjull mest áberandi. „Tjullpils eru áberandi og tjull yfir kjólana líka. Kjólarnir eru svolítið nýtískulegir og en það er líka verið að fara svolítið aftur.“ Hún segir að nælur séu ennþá mjög mikið notaðar á kjólana. „Slaufurnar eru að detta út en ennþá eru notaðir borðar og þá eru settar nælur í þá.“ Anna segir að það sé ennþá svolítið um að konur vilji hafa rykkingu í mittið og blúndur. „Sá stíll er svolítið gamaldags og þeir kjólar hefðu alveg getað verið í notkun í kringum 1920.“ Hún segir að kjólarnir séu ýmist með miklum pilsum eða mjög einfaldir og að hlýralausir kjólar séu enn mjög vinsælir. „Við erum með mikið úrval af kjólum og í ár ákváðum við að taka smá áhættu. Við tókum inn svolítið öðruvísi kjóla, með krögum og með miklu tjulli, þannig að við erum með alls konar kjóla.“



María Gunnarsdóttir kjólameistari á MG saumastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Anna segir að kjólarnir komi í ýmsum litum. „Kjólarnir eru í hvítu, beinhvítu og gylltu. Beinhvítt er vinsælast en ástæðan fyrir því er sú að það klæðir flestar íslenskar konur betur en hvítt, frekar en sú að þær eigi börn.“

Fylgihlutir eru mjög vinsælir að sögn Önnu. „Margar konur eru mjög hrifnar af svona litlum ermapeysum úr blúndu og slör eru ennþá mjög vinsæl. Við vorum til dæmis að fá dálítið mikið af nýjum slörum sem eru mjög falleg.“

María Gunnarsdóttir, kjólameistari og eigandi MG saumastofu, segist ekki verða eins vör við að tískustraumar hafi áhrif á viðskiptavini hennar. „Konurnar sem koma til mín hafa mjög ólíkan smekk og þær leggja meiri áherslu á hvað klæðir þær vel heldur en hvað er í tísku, en viðskiptavinir mínir eru náttúrlega konur sem vilja hafa kjólana eftir sínu höfði,“ segir hún.



Anna Kristín Magnúsdóttir hjá Brúðarkjólaleigu Dóru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

María segist hins vegar hafa tekið eftir því að konur hafi viljað leggja meira í kjólana síðustu ár. „Kjólarnir eru ekki eins einfaldir og það er meira um handsaum. Konurnar vilja hafa kjólana bróderaða, með perlusaumi og ýmsu þess háttar. Konurnar vilja hafa kjólana vandaða og hugsa ekki eins mikið um verðið og áður.“

María er sammála Önnu um það að konur vilji kjóla í ýmsum litum. „Það er mikið um beinhvítt og gyllt. Konurnar vilja geta notað kjólinn áfram og þess vegna velja þær síður hvítt. Fólk er líka orðið aðeins eldra þegar það giftir sig í dag og þess vegna vill það kannski ekkert endilega hvítt.“






# Kastaðu vendinum!

Rætur brúðarvandarins liggja aftur til Rómarveldis.

Blóm í hendi eru flestum brúðum ómissandi. Blómum skreyttur brúðkaupsdagur er langt frá því að vera nýr af nálinni því rómverskar brúðir, og reyndar brúðgumar líka, báru blómakransa um hálsinn á sér sem tákn um langlífi og frjósemi. Einnig hefur viðgengist í hundruð ára að bera blóm, hvítlauk og jurtir sem gefa frá sér sterka lykt á brúðkaupsdaginn til þess að fæla frá illa anda.

Sú venja að brúðir kasti vendinum til kvenkyns ættingja sinna og vinkvenna er ekki nándar nærri jafn gömul og brúðarvöndurinn sjálfur. Fyrstu heimildir um þessa hefð koma frá Bandaríkjunum en síðan hefur hún náð mikilli útbreiðslu. Reyndar má við bæta að sums staðar er líka vani að brúðgumar kasti ermahnöppunum sínum í sama tilgangi!



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Gæsin og steggurinn

Þegar kemur að því að skipuleggja steggja- og gæsadaginn skal ávallt hafa í huga fyrir hvern dagurinn er. Margir falla í þá gryfju að gleyma að taka tillit til langana þess sem er að fara að gifta sig. Vilji viðkomandi láta fíflast með sig á alla vegu skal verða við því en vilji viðkomandi rólegan dag með vinum skal einnig verða við því. Hér koma nokkrar hugmyndir um hvað hægt er að gera á þessum skemmtilega degi.



**FLÚÐASIGLING** Skemmtileg athöfn sem hópurinn getur gert saman.



**DEKURDAGUR** Þar sem allt er innifalið frá kampavíni til handsnyrtingar.



**DANSKENNSLA** Víða má fá kennslu í súludansi, magadansi eða afródansi.

**ÁHUGAMÁLIÐ** Farið með hann í veiði í dýrustu ánni eða með hana í sumarbústað og fjallgöngu, allt eftir því hvar áhugamálin liggja.




**LISTFLUG** Ef ætlunin er að hræða líftóruna úr viðkomandi.



**LÍFSSPEKIN** Farið með viðkomandi í heimsókn til eldri hjóna sem kunna öll trikkin og geta gefið góð og skemmtileg ráð.



**MÓTORHJÓLAFERÐ** Margir hefja daginn á því að viðkomandi er sóttur á mótorhjóli.

**HITTINGUR** Látið stegginn og gæsina hittast seint um daginn við vandræðalegar aðstæður (syngja saman ástardúett í karókí í vina viðurvist.)



Steggurinn sendur út í opinn dauðann á vatnsslöngu meðan félagarnir hafa það huggulegt á bakkanum. MYND/ÓVISSUFERÐIR.IS

# Endað á góðri sundferð

Óvissuferðir.is sjá um að skipuleggja óvissuferðir fyrir gæsa- og steggjapartí.

Óvissuferðir.is sjá um skipulagningu og framkvæmd á ýmsum ferðum fyrir hópa og þar með töldum gæsa- og steggjaferðum. Auðvelt er að skipuleggja ferð að eigin vali í samstarfi við starfsfólk Óvissuferða en einnig liggja fyrir tilbúnir pakkar sem velja má úr.

Hópurinn er sóttur í rútu frá Hópbílum og keyrt á Þórkötlustaði í Grindavík þar sem farið verður stutta í hjólaferð með leiðsögn. Því næst er farið í hellaskoðun í nágrenni Bláa lónsins þar sem boðið verður upp á snafs undir yfirborði jarðar. Svo er endað í Bláa lóninu með kvöldverði.

Morgunverður snæddur heima hjá gæs eða stegg. Rúta frá Hópbílum sækir hópinn og farið verður á Nesjavelli í Adrenalíngarðinn. Þar á eftir er farið með Eldhestum í Hveragerði í útreiðatúr og hestaleiki. Kvöldverð má snæða hjá Eldhestum eða grilla á staðnum. Vænlegur kostur er að fara með hópinn í nærliggjandi bústað eða heimahús þar sem búið er að panta mat eða kokk til að elda ofan í mannskapinn.



Dekurdagur fyrir gæsina fellur alltaf í góðan jarðveg. MYND/ÚR SAFNI

Hópurinn er sóttur í rútu frá Hópbílum og morgunmatur snæddur á vel völdum stað. Síðan er ekið með hópinn í nágrenni Reykjavíkur og blásið til bardaga undir stjórn Lárusar hjá M16. Því næst er haldið upp á nálægt vatn þar sem steggurinn fær að spreyta sig á sjóskíðum og vatnsslöngu. Dagurinn endar á góðri sundferð svo að menn geti sest hreinir við matarborðið hvort sem er í heimahúsi eða nærliggjandi bústað.

eitthvað alveg einstakt

Glæsilegt úrval listmuna, handverk úr keramiki og málverk í öllum verðflokkum - við allra hæfi • Íslensk list fyrir alla!



Gallerí List

GJAFAKORT:
Við vitum hvað getur verið erfitt
að velja list fyrir aðra því er að sjálfsögðu
alltaf auðveld lausn að gefa gjafakort

Skipholti 50d / s:581 4020

Gallerí List

# KENWOOD

HÁGÆÐA HRÆRIVÉLAR OG MATVINNSLUVÉLAR




**MX270**

**Hágæða hrærivél gerð í anda sígildrar breskrar hönnunar**

- Tólf hraða 400w mótor
- 4 lítra skál úr ryðfríu stáli með handfangi
- Þrír spaðar; hrærari, hnoðari og pískari
- Fæst í rauðu, hvítu, gulu eða krómuðu stáli.

**KM005**

**Titanium**
Öflugasta hrærivélin á markaðnum



**FP920**

**Toppurinn!**
Framúrskarandi matvinnsluvél frá Kenwood



**TITANIUM HRÆRIVÉL**

- Kröftugur og hljóðlátur 1200w mótor
- 6,7 lítra stál skál
- Stiglaus elektróniskur hraðastillir með púls
- Blandari með glerskál fylgir
- Hakkavél fylgir

**MATVINNSLUVÉL með blandara**

- Kröftugur 1000w mótor
- Blandari með glerskál fylgir
- Fjöldi aukahluta

## FAGMENNIRNIR VELJA KENWOOD

KRAFTMIKLAR - VANDAÐAR - HLJÓÐLÁTAR

**HLJÓMSÝN** Akranesi - **SKAGAVER** Akranesi - **SAMKAUP ÚRVAL** Borgarnesi - **BLÓMSTURVELLIR** Hellissandi - **VERSLUNIN HAMRAR** Grundarfirði - **SKIPAVÍK** Stykkishólmi - **KAUPFÉLAG KRÓKSFJARÐAR** Króksfjarðarnesi - **ÞRISTUR** Ísafirði - **KAUPFÉLAG V-HÚNVETNINGA** Hvammstanga - **KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA** Sauðárkróki - **RAFBÆR** Siglufirði - **LJÓSGJAFINN** Akureyri - **ÖRYGGI** Húsavík - **SPARKAUP** Fáskrúðsfirði - **VERSLUNIN VÍK** Neskaupsstað - **SAMKAUP STRAX** Seyðisfirði - **FLÁABRÚN** Vopnafirði - **HS-RAF** Eskifirði - **VERSLUNIN VÍK** Reyðarfirði - **SINDRI KHB** Egilsstaðir - **MARTÖLVAN** Höfn - **KASK** Höfn - **MOSFELL** Hellu - **FOSSRAF** Selfossi - **BRIMNES** Vestmannaeyjum - **GEISLI** Vestmannaeyjum - **VERSLUNIN RÁS** Þorlákshöfn - **NETTÓ** Grindavík - **TÖLVUSPÍTALINN** Grindavík - **RAFEINDATÆKNI** Reykjanesbæ - **SAMKAUP** Reykjanesbæ - **RAFBÚÐIN** Hafnarfirði - **RAFMÆTTI** Hafnarfirði.







NÝ LÍNA ELDHÚSTÆKJA ÚR ÁLI

KÁMFRÍ OG KLIKKA EKKI

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

# Sterkir litir á undanhaldi

Fölbleikur er nokkuð vinsæll í brúðarvöndum um þessar mundir. Formið á vöndunum fer meðal annars eftir lögun brúðarinnar en sídd í vöndunum er grennandi.

Úr mörgu er að moða þegar brúðarvöndurinn er valinn enda eru blómategundirnar óteljandi. Hlín Eyrún Sveinsdóttir, eigandi Hlínar blómahúss, segir allt leyfilegt í þessum efnum þó henni finnist einfaldleikinn alltaf bestur. „Þá á ég við penar og einfaldar kúlur. Síðan er hægt að skreyta með vír og fallegum glerprjónum," segir Hlín sem helst hefur aðeins eina blómategund í hverjum brúðarvendi. „Þetta á að vera eins einfalt og hægt er því brúðurin á að lýsast upp. Það á ekkert að taka frá henni."

Ásta Kristjánsdóttir hjá Blómaverkstæði Binna segir að mikið sé um hvíta og ljósa vendi. „Það eru líka alltaf einhverjir sem vilja rauðan lit," segir Ásta og bætir því við að fölbleikur sé nokkuð vinsæll um þessar mundir en sterkir litir hins vegar á undanhaldi.

Gerð vandanna fer eftir því hvernig brúðarkjóllinn er, hvernig brúðurin er í laginu og jafnframt eftir smekk blómaskreytingarmannsins. Sumar brúðir vilja að vöndurinn nái niður í gólf á meðan aðrar vilja hafa hann lítinn og látlausan en grennandi er að hafa einhverja sídd í vendinum.

Sem blómaskreytingar í veislum finnst Hlín fallegast að hafa flotta blómvendi. „Mér finnst vanta svolítið að blómin fái virkilega að njóta sín. Vera ekki að hlaða blómum út um allt heldur hafa nokkra góða punkta," segir Hlín.



Brúðarvöndur frá Hlín blómahúsi. Hann er gerður úr nellikkum sem eru blóm þessarar árstíðar. FRÉTTABLAÐIÐ / E. ÓL.



Brúðarvöndur með rósum frá Blómaverkstæði Binna. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIDA



Fallegt er að vera með einfalda blómvendi í veislusalnum. Hér má sjá ranuculus sem er vorblóm. FRÉTTABLAÐIÐ / E. ÓL.



Brúðarvöndur frá Blómaverkstæði Binna. Í honum eru liljur, rósir, lysiantus og gladíólur. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIDA



## Brúðkaupsafmæli

1 árs Pappírsbrúðkaup
2 ára Bómullarbrúðkaup
3 ára Leðurbrúðkaup
4 ára Blóma- og ávaxtabrúðkaup
5 ára Trébrúðkaup
6 ára Sykurbrúðkaup
7 ára Ullarbrúðkaup
8 ára Bronsbrúðkaup
9 ára Leirbrúðkaup
10 ára Tinbrúðkaup
11 ára Stálbrúðkaup
12 ára Silkibrúðkaup
12½ ára Koparbrúðkaup
13 ára Knipplingabrúðkaup
14 ára Fílabeinsbrúðkaup
15 ára Kristalsbrúðkaup
20 ára Postulínsbrúðkaup
25 ára Silfurbrúðkaup
30 ára Perlubrúðkaup
35 ára Kóralbrúðkaup
40 ára Rúbínbrúðkaup
45 ára Safírbrúðkaup
50 ára Gullbrúðkaup
55 ára Smaragðsbrúðkaup
60 ára Demantsbrúðkaup
65 ára Króndemantsbrúðkaup
70 ára Platínubrúðkaup
75 ára Gimsteinabrúðkaup

# Brúntóna myndir eru að ná vinsældum

Myndataka er eitt af þeim atriðum sem þarf að skipuleggja í þaula, ef vel á að takast.

„Því fyrr því betra," svarar Finnbogi Marínósson, ljósmyndari á ljósmyndastofunni Dagsljós á Akureyri, aðspurður hvenær best sé að panta myndatöku af brúðhjónunum. „Fólk lætur þó þetta ótrúlega oft sitja á hakanum og hugsar meira um kjólinn, skreytingarnar og slíkt. Ljósmyndin er ekki ofarlega í hugum fólks, fyrr en eftir á," segir Finnbogi. Hann leggur þó áherslu á að fólk taki sér tíma í að hugsa um myndatökuna, hvernig myndir fólk vill fá og hvað eigi að mynda. „Ég mynda aldrei fólk, nema hitta það fyrst. Ég vil að það sjái mig og ég vil sjá brúðhjónin og spjalla við þau um væntingar þeirra," segir Finnbogi.

Síðustu árin hefur það farið minnkandi að myndatökur fari fram í stúdíói, en mikið orðið um að fólk láti mynda sig utandyra. „Ef veðrið er gott þá förum við út," segir Finnbogi og bætir við að í raun sé ekkert sem hindri hvar myndatakan fari fram nema hugmyndaflugið. Fólk vill gjarnan hafa myndirnar frjálslegar, en þá taki það ábyrgðina á sig sjálft. „Fólk verður að vita hvernig það ætlar að vera á myndunum ef það vill vera frjálslegt og mjög mikilvægt að vera búin að hugsa það fyrirfram hvernig fólk sér þetta fyrir sér," segir Finnbogi.

Aðspurður um hvað sé í tísku núna, segir hann að brúntónaðar myndir séu að koma inn hægt og rólega, en svarthvítar myndir í bland við litaðar séu alltaf mjög vinsælar. „Staðreyndin er sú að svarthvít mynd eldist betur," segir Finnbogi.

Hann segir það vera orðið algengt að fólk kalli til ljósmyndara í veisluna og við athöfnina. Sumir setji verðið ekki fyrir sig og ljósmyndarinn sé þá viðstaddur allan tímann. „Sumir vilja spara peninginn og fá Jóa frænda í verkið, en útkoman verður þá ef til vill ekki eins góð," segir Finnbogi og hlær. Hann segir að mikilvægt sé að setja sér reglur þegar teknar eru myndir í brúðkaupi og mynda til dæmis ekki fólk þegar það er að borða.



Finnbogi segist oft vera beðinn um að lita hluta af svarthvítri mynd, til dæmis brúðarvöndinn, eða glösin eins og sést á þessari mynd. MYND/FINNBOGI MARÍNÓSSON



Brúntónar gefa myndinni fallegt og tímalaust útlit. MYND/FINNBOGI MARÍNÓSSON



Hér bregða brúðhjónin á leik. MYND/FINNBOGI MARÍNÓSSON




SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ
VILT
SOFA

Veldu það besta!

ALLT FYRIR GÓÐAN SVEFN OG BETRI HEILSU










Chiropractic®




Ameríkar heilsudýnur
sem aldrei þarf að snúa

Njóttu lífsins! með nýrri og betri Chiropractic heilsudýnu.

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.












★ GÆÐI
★ GÓÐ VERÐ
★ ÞJÓNUSTA
★ ÚRVAL
★ ÞEKKING







Svefn & heilsa

Munið gjafakortin vinsælu

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

## hafðu í huga...




...að útbúa körfu með smágjöf til handa veislustjóranum. Í körfunni geturðu komið fyrir ostum og góðri vínflösku, snyrtivörum, gjafabréfið í nudd, eða hverju því sem þú veist að veislustjórinn mun kunna að meta. Starf veislustjórans er mikið og krefjandi. Oftast er hann úr röðum vinahópsins eða fjölskyldunnar og þiggur því ekki laun fyrir. Þakkargjöf væri því tilvalin og kynni hann eflaust að meta slíkt. Mundu bara að skilja eftir þakkarkort. Sniðugt getur verið að útbúa svipaðar körfur, eða gjafaöskjur handa öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn.




... að við myndatöku í brúðkaupinu getur verið gaman að mynda brúðhjónin með foreldrum sínum, systkinum og vinahópnum. Gott er að fá einhvern í fjölskyldunni eða einn af vinunum til að hafa umsjón með myndatökum svo að þetta gleymist ekki því brúðhjónin hafa nóg annað að hugsa. Auk þess getur verið góð hugmynd að sjá til þess að allir veislugestir séu myndaðir og gæti þá ljósmyndari staðið við dyrnar þegar fólk mætir til veislunnar. Jafnframt er hægt að dreifa einnota myndavélum á borðin og hvetja fólk til að mynda hvert annað.







# Ákváðu strax að gifta sig

Ólafía Erla Svansdóttir og Ólafur Jónsson giftu sig í ráðhúsinu í Kaupmannahöfn fyrir fjórum árum.

Ólafía og Ólafur giftu sig þann 16. maí 2002 en þau kynntust í ágúst 2001. „Við ákváðum það strax þegar við kynntumst að við ætluðum að gifta okkur," segir Ólafía.

Það er ekki lengur mjög algengt að ungt fólk gifti sig eftir svona stutt samband en Ólafía segir að þau hafi ekki viljað bíða með þetta. „Okkur fannst þetta skemmtilegra heldur en að bíða þangað til við værum búin að vera saman í mörg ár og komin með fullt af börnum."

Ólafía og Ólafur bjuggu úti í Kaupmannahöfn þegar þau giftu sig. „Við giftum okkur í ráðhúsinu í Kaupmannahöfn og athöfnin var frekar látlaus." Þau létu engan vita af fyrirætlunum sínum fyrr en viku fyrir giftinguna. „Engir af ættingjum okkar voru viðstaddir en tvær vinkonur mínar komu frá Íslandi. Svo komu vinkona mín og vinur sem bjuggu í Þýskalandi, en annars voru bara vinir okkar sem bjuggu í Danmörku við athöfnina. Eftir giftinguna fórum við heim til okkar og héldum partí en við vorum í raun og veru ekkert búin að skipuleggja þetta mikið."

Ólafía segir að mamma hennar sé ekki ennþá búin að fyrirgefa henni að hafa gift sig með svo stuttum fyrirvara. „Við vorum bara að gera þetta fyrir okkur og ég hugsaði ekki út í það á þessum tíma að þetta væri fjölskyldunni svona mikilvægt."

Ólafía segir að ef að hún væri að gifta sig núna myndi hún hugsanlega gera þetta aðeins öðruvísi. „Ég myndi kannski leyfa fjölskyldunni að taka meiri þátt í skipulagningunni en okkur sjálfum finnst brúðkaupsdagurinn hafa verið fullkominn eins og hann var."



Ólafía Erla Svansdóttir er ánægð með að hafa haldið látlaust brúðkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Ólafía Erla Svansdóttir og Ólafur Jónsson giftu sig í ráðhúsinu í Kaupmannahöfn.

# Klíptu brúðina og gifstu á afmælisdegi hans

Ýmsar hefðir og hjátrú fylgja brúðkaupsdeginum og undirbúningi hans. Hér eru nokkrar þeirra sem vonandi koma að gagni svo að giftingardagurinn verði áfallalaus og framtíðin hamingjurík.



✤ Gömul hjátrú segir að það brúðhjónanna sem er fyrri til að festa kaup á einhverjum hlut eftir vígsluna muni verða ráðandi aðilinn í sambandinu. Til að tryggja sér ráðin má kaupa smáhlut af brúðarmeyjunum fyrir slikk strax að lokinni athöfn.

✤ Til að tryggja að búið verði aldrei matarlaust skal hafa brauðmat við höndina þar sem brúðarhjónin eyða brúðkaupsnóttinni.

✤ Að fara með heitin þegar stóri vísirinn á klukkunni er á uppleið er tákn um að hjónin munu vinna saman í hjónabandinu. Sé hann á niðurleið getur það boðað ógæfu.

✤ Það er hollenskur siður að gróðursetja furutré í garði nýgiftu hjónanna, sem tákn fyrir frjósemi og heppni í hjónabandinu. Þetta er einnig gert í Bermúda en þá er trénu plantað meðan á veislunni stendur.

✤ Ástæðan fyrir því að svo margir giftast í júní á rætur sínar að rekja til 15. og 16. aldar. Þá var maí sá mánuður sem fólk fór í sitt árlega bað og var það eina almennilega baðið sem fólk fór í á árinu. Þess vegna lyktaði fólk þolanlega í júnímánuði. Það lyktaði vel til giftinga.

✤ Það er talin mikil gæfa fyrir brúði ef hún mætir sótara, svörtum ketti, lambi eða dúfu á giftingardaginn. Enn betra er ef hún finnur könguló í brúðarkjólnum sínum.

✤ Í Egyptalandi er sá siðurinn að foreldrar brúðhjónanna færa þeim mat í heila viku eftir brúðkaupið svo hjónakornin geti sinnt „öðrum málum".

✤ Í Egyptalandi er einnig sá siður að klípa brúðina á giftingardaginn til að færa henni lukku.

✤ Sérstök gæfa á að fylgja því að giftast á afmælisdegi brúðgumans. Hvort gæfan sé þá sú að eiginmaðurinn man eftir brúðkaupsafmælum skal látið liggja á milli hluta.

✤ Það boðar ógæfu ef brúðurin æfir ganginn inn kirkjugólfið. Margar konur hafa staðgengil við æfinguna.

✤ Ef brúðurin grætur á brúðkaupsdaginn munu það vera síðustu tárin sem hún fellir yfir hjónabandinu.

✤ Þegar brúðhjónin hafa skálað fyrir sameiginlegri framtíð sinni ættu þau að brjóta glösin til að tryggja að þau verði aldrei notuð í betri tilgangi.




áman

Skeifunni 11d - 108 Reykjavík - Sími: 533-1020
Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfirði - Sími: 533-3070
www.aman.is






Snorklað við strendur Mexíkó. Ævintýraferð er kjörin fyrir nýgifta og skilur eftir sig skemmtilegar minningar.

# Upphaf hjónabandssælunnar

Brúðkaupsferðin er oft það skemmtilegasta við sjálft giftingarferlið. Kannski hugleiða ekki mörg nýgift hjón brúðkaupsferðir innanlands en af nógu er að taka bæði í gistingu og afþreyingu.

Við val á brúðkaupsferðum er best að velja sér ákveðið svæði og kanna til hlítar hvað er á boðstólum og miða ferðina út frá því. Erlendis má brjóta upp sólarstrandavanann og skella sér í ævintýraferð eða heimsækja framandi heimshluta.

Hvort sem ferðast er innanlands eða utan ætti brúðkúpsferðin að vera sú ferð sem ekkert er sparað til og skilur eftir margar góðar minningar.

Ferðaskrifstofan Prima Embla er með gott framboð af mögulegum brúðkaupsferðum. Með sérsamningum við helstu lúxushótel, flugfélög og skipafélög heims getur ferðaskrifstofan boðið gott verð. Meðal annars er veittur allt að 75 prósenta afsláttur af gistingu fyrir brúðina í brúðkaupsferðum til Máritíus, sem er meðal vinsælustu áfangastaða brúðhjóna víða um heim og ýmis tilboð eru í fyrir brúðhjón.



Hótel Legends á Máritíus í Indlandshafi. Tilvalið fyrir rómantíska og afslappaða brúpkaupsferð.

Máritíus mætti kalla himneska paradís og er eftirsóttur áfangastaður þeirra sem kjósa gott loftslag og glæsilegan aðbúnað. Eyjan er aðeins um 865 ferkílómetrar að stærð en afar fjölbreytt frá náttúrunnar hendi. Hótelin eru hvert öðru glæsilegra enda er eyjan áfangastaður efnameiri ferðamanna hvaðan æva af. Aðalgististaður Prímu Emblu á Máritíus er hið stórglæsilega hótel Legends sem er innréttað eftir hugmyndafræði Feng Shui. Fjölbreytt afþreying er í boði, áhugaverðar skoðunarferðir og skemmtilegt mannlíf. Þessa ferð má skoða nánar á www.embla.is



Hótel Búðir á Snæfellsnesi er í námunda við stórkostlegt landslag ásamt því að stutt er í fjölbreytta afþreyingu af ýmsu tagi.

Snæfellsnes er einn fallegasti staður Íslands og kjörinn áfangastaður fyrir brúðhjón. Hótel Búðir eru glæsilegt hótel með rómantísku andrúmslofti og þar er meðal annars boðið upp á Deluxe-herbergi sem hentar vel fyrir brúðkaupsferðina. Deluxe-herbergið er vel útbúið fyrir rómantískar stundir með frístandandi baðkari á miðju herbergis og stórbrotið útsýni yfir Snæfellsjökul.

Mikið er um afþreyingu í nágrenni hótelsins. Á Arnarstapa er starfrækt vélsleðaleiga sem fer með áhugasama á topp Snæfellsjökuls á vélsleða eða snjótroðara. Frá Arnarstapa, Ólafsvík og Stykkishólmi er hægt að fara í sjóferðir af ýmsu tagi, svo sem hinnar þekktu hörpuskels- og eyjaskoðunarferðir frá Stykkishólmi, en einnig hafa sjóstangaveiði- og hvalaskoðunarferðir frá Arnarstapa og Ólafsvík verið afar vinsælar. Margar skemmtilegar reiðleiðir og gönguleiðir eru í nágrenni Búða, jafnt á endalausum sandfjörunum, eftir moldargötum og gömlum stígum um Búðahraun.

Ferðaskrifstofan Trans Atlantic er með skemmtilega ævintýraferð til Mexíkó, Belís og Guatemala þar sem veitt er innsýn í hinn forna menningarheim Maya og ferðast inn á töfrandi regnskógasvæði Suður-Ameríku. Synt verður og snorklað í sjónum við næststærsta kóralrif heims. Dagskrá ferðarinnar má skoða á www.transatlantic.is en þetta er án efa ferð sem skilur eftir sig góðar minningar og skemmtilega upplifun.

# Brúðkaup sem bragð er að

Þemabrúðkaup færast í vöxt og hér eru nokkrar aðferðir til þess að gera brúðkaupið enn eftirminnilegra.

Það færist í vöxt að brúðkaup séu haldin með einhverja ákveðna grunnhugmynd eða „þema“ að leiðarljósi. Þannig eru brúðhjónin kannski klædd í kántríföt og farið fram á að gestirnir klæðist í þeim stíl líka, veislan haldin í hlöðu og dansaður línudans fram eftir nóttu. Hugmyndir að þemabrúðkaupum eru óþrjótandi og hér eru nokkrar sem ekki ætti að vera of flókið að gera að raunveruleika.



## FRIENDS

Brúðhjónin eru klædd eftir langnýjustu tísku. Besti vinur þeirra giftir þau og heldur langa ræðu um að gefa og þiggja, skipta með sér og elskast. Brúðguminn segir vitlaust nafn við altarið, helst nafn gamallar kærustu sem er einmitt stödd í kirkjunni. Brúðurin lokar sig inni á klósetti og skríður út um gluggann.

*Lag:* I´ll Be There for You.

*Veitingar:* Pitsa, brúðarflan og kjúklingabringur.

## TÓGA

Allir gestirnir mæta í hvítum lökum og brúðurin og brúðguminn líka. Þau eru hins vegar eina fólkið með lárviðarkransa. Skemmtiatriðin eru magadans, eldgleypar og dansandi geitur. Gjarnan má athuga hvort gæludýr eða eftirlætishestur getur framkvæmt athöfnina.

*Lag:* That´s Amore.

*Veitingar:* Innbakaðir gíraffahálsliðir með hunangi, einn obbolítill villigöltur og auðvitað vínber eins og hver getur í sig látið.



## HRYLLINGSMYNDIR

Brúðurin er með hvítar rendur í hárinu og brúðguminn með skrúfu á hálsinum. Drakúla greifi leikur á orgelið og Varúlfakórinn spangólar brúðarmarsana. Allir gestirnir koma sem uppáhalds hryllingsmyndahetjan sín og taka eitt tíðhnitið enn.

*Lag:* Damn It Janet og öll hin lögin úr Rocky Horror Picture Show.

*Veitingar:* Grilluð innyfli, lifrarkæfa, rauðvín og blóðmör.


LOKSINS
LOKSINS
LOKSINS
Hollywood þægindi á Íslandi!
GOLD
Hann er til leigu!
Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
Tekur 17 farþega
Lystisnekkja á hjólum
GOLD LIMO
SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is


Fermingatilboð 2006
Besta gjöfin sem hægt er að gefa unglingi er góður svefn
Þú gætir unnið!
Þegar fermingagjöf er keypt hjá okkur, fer nafn fermingabarnsins í pott. Fimm heppin fermingabörn verða Ipod nano ríkari þegar dregið verður föstudaginn 5. maí.
Nöfn vinningshafa verða birt á www.lystadún.is.
Heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi
Verð frá: kr. 30.320 (80 x 200 cm)
Glæsileg tilboð í mjúku deildinni. Mikið úrval af sængum, heilsukoddum, rúmfatnaði og öðrum fylgihlutum.
LYSTADÚN
Marco
Opið virka daga: 10-18 og laugard. 11-16
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

## Húsráð

**Reykingalykt**
Hægt er að minnka stórlega reykingalykt eftir veisluhöld með því að setja glös á alla ofna stofunnar með blöndu til helminga af ediki og vatni. Best er að vera búinn að láta glösin á ofnana áður en gestirnir koma og láta þau standa til næsta morguns.

**Skítugar hansagardínur**
Það er ósköp leiðinlegt að þrífa skítugar hansagardínur og það vita ekki allir að til er frábært tæki sem gerir þetta verk að leik einum. Þetta er nokkurs konar rykkústur sem fæst meðal annars í Ikea. Kústurinn fer milli rimlanna og þurrkar rykið. Hrein snilld.

**Blettir á parketi**
Stundum koma blettir á parketið undan til dæmis húsgögnum eða blómapottum. Yfirleitt má losna við þessa bletti bara með blautri tusku. Sömuleiðis getur verið sniðugt að setja smávegis borðedik í tuskuna.

**Skerpum skærin**
Ef skærin eru orðin bitlaus er hægt að klippa álpappír eða sandpappír með þeim. Það skerpir þau. Þetta ráð er einnig hægt að nota á nálar í saumavélar. Saumið nokkrum sinnum yfir sandpappírinn á sex mánaða fresti og nálarnar ættu að endast von úr viti.

# Flísar skipta um lit

***Ef þú ert kominn með leið á flísunum heima hjá þér er um að gera að mála þær.***

Það er ekki mikið mál að mála flísar en það krefst góðs undirbúnings. Mikilvægt er að þrífa flísarnar mjög vel og skipta um þær sem eru lausar. Einnig skal pússa yfirborð þeirra ef þær eru glansandi og nota sveppaeyði ef nauðsyn krefur. Ef flísarnar hafa verið málaðar áður skal skrapa málninguna af.

Áður en málað er þurfa flísarnar að vera orðnar alveg þurrar. Eingöngu ætti að nota pensla með gervihárum. Grunnið með vatnsþynnanlegum grunni. Málið alltaf í sömu áttina, annaðhvort lóðrétt eða lárétt. Þegar grunnurinn hefur þornað skal strjúka yfir hann með fínum sandpappír og tusku með smá terpentínu. Málið svo aftur yfir með grunni og endurtakið allar aðgerðir. Næst er málað yfir og eru reglurnar þær sömu og fyrir grunninn og passa þarf vel upp á að hylja grunninn alveg svo hann leysist ekki upp við raka.

Innihaldsmeiri lýsingar má finna á www.husasmidjan.is.



Mikilvægt er að þrífa flísarnar vel áður en hafist er handa.

## heimilið }



## Hreingerning

Nú þyrfti aldeilis að taka til hendinni heima við þar sem sólin er farin að skína og lýsir upp allt rykið sem safnast hefur á hillur og gólf yfir veturinn.
Fyrir utan að skúra, skrúbba og bóna er ágætt að gefa heimilinu vorupplyftingu. Með hækkandi sól er gott að draga frá gluggum, losa sig við þung teppi og kaupa nokkrar inniplöntur til að gera heimilið iðagrænt. Skipta má um diskamottur, servíettur og annað smálegt sem gefur skemmtilega vorstemningu. Páskarnir eru líka á næsta leiti og því ekki úr vegi að gera gult að þemalitnum í komandi vorhreingerningu.





opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

KYNNINGARTILBOÐ
Í MARS - NÝ VARA
**30%** afsláttur af Coffie eik og Grá eik **20%** afsláttur af Natur eik

mira art HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is






SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnaðarmanninn

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



**Heimaleikfimi** er heilsubót. Það þarf ekki að taka langan tíma að fara í smá leikfimi heima hjá sér daglega en getur samt verið mjög hressandi og skilar sér fljótt í betra líkamlegu formi.

# Ráða í svipbrigði

***Ungbörn eru ekki einfaldar tilfinningaverur eins og margir halda.***

Samkvæmt rannsókn sem gerð var nýlega í Bandaríkjunum upplifa ungbörn flóknari tilfinningar en áður var haldið. Því hefur lengi vel verið haldið fram að ungbörn upplifðu aðeins einfaldar tilfinningar eins og gleði, reiði og sorg. Samkvæmt þessari rannsókn kemur þó í ljós að ungbörn upplifa afbrýðisemi, kærleik og vonbrigði, sem eru allt flóknar tilfinningar, áður en þau læra að sitja óstudd. Í niðurstöðunum kemur fram að ungbörn í kringum eins árs aldur fylgist með andlitsdráttum hjá fólki og ráði úr þeim hvernig manneskjunni líður.

Hægt er að túlka niðurstöðurnar á þann veg að þar sem að blind börn ná ekki að upplifa heim móður sinnar í gegnum andlitsdrætti hennar þróist talmál þeirra hægar. Greint er frá rannsókninni á vefnum persona.is.



Ungbörn geta upplifað afbrýðisemi sem og kærleik.



Nýleg rannsókn sýnir að fái annar Olsen-tvíburinn Alzheimer seinna á ævinni eru mjög miklar líkur á að hinn fái sjúkdóminn líka.

# Erfðir stærri þáttur en talið var í Alzheimer-sjúkdómi

***Gen og erfðir eru ef til vill mikilvægari orsakir Alzheimer-sjúkdómsins en áður var talið.***

Nýleg rannsókn sem framkvæmd var í Svíþjóð gefur til kynna að sjúkdómurinn eigi sér rætur í genum einstaklinga í allt að áttatíu prósentum tilfella. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í febrúar en alls tóku 12.000 eldri borgarar í Svíþjóð þátt í henni, allir tvíburar.

„Rannsóknin rennir stoðum undir djörfustu tilgátur þessa efnis sem áður hafa verið lagðar fram,“ segir Margaret Gatz, sálfræðiprófessor við Háskólann í Suður-Kaliforníu og stjórnandi rannsóknarinnar. „Þetta þýðir þó ekki að umhverfi og aðstæður skipti ekki máli. Þeir þættir hafa ekki bara áhrif á hvort, heldur líka hvenær fólk fær sjúkdóminn.“

Rannsakað var hversu mikil fylgni var á milli tvíbura þegar kom að Alzheimer. Niðurstöður sýndu að fái annar tvíburinn sjúkdóminn fær hinn hann líka í stórum hluta tilfella.

Í síðasta mánuði voru einnig kynntar niðurstöður tveggja rannsókna sem ætlað var að kanna fylgni á milli þunglyndis og Alzheimer. Niðurstöður þeirra gáfu ekki skýr svör.

Í annarri rannsókninni voru skoðaðir 95 einstaklingar á dvalarheimili aldraðra. Heilar þeirra sem höfðu glímt við þunglyndi á ævinni sýndu meiri merki tengd Alzheimer-sjúkdóminum.

Í hinni var fylgst með 1.300 einstaklingum, 67 ára og eldri, í 12-15 ár. Ekki tókst að sýna fram á að þunglyndum einstaklingum væri hættara við Alzheimer en hinum. Stjórnendur rannsóknarinnar drógu þá ályktun að læknum hætti til að setja orsakasamhengið í vitlausa röð. „Læknir gæti ályktað sem svo að þunglyndið væri ein orsök Alzheimer-einkenna,“ segir Mary Ganguli, prófessor í geðlækningum og faraldursfræðum og stjórnandi rannsóknarinnar. „Versni einkennin er þunglyndið hins vegar ekki ástæðan. Við vitum að þunglyndi hefur neikvæð áhrif á starfsemi heilans. Það er hins vegar eins líklegt að fólk sem á við minnistap og skerta getu að stríða verði þunglynt.“







Ráðstefna haldin á Grand Hóteli, Háteigi, fimmtudaginn 16. mars kl. 14.00 – 16.30

## Búsetumál aldraðra og nýjar leiðir í þjónustu

Stofnanavistun, mismunandi rekstrarform og fjármögnunarleiðir

Dagskrá:

Kl. 14.00 Ávarp

Kl. 14.10 Nýjar leiðir í þjónustu við aldraða
Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu

Kl. 14.25 Valkostir í fjármögnun húsnæðis fyrir aldraða
Ragnar Atli Guðmundsson, framkvæmdastjóri Klasa

Kl. 14.40 Nýjar áherslur í rekstri og uppbyggingu hjúkrunarheimila
Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistu

*Kaffihlé*

Kl. 15.15 Ný sýn í hjúkrunarmálum aldraðra
Ásgeir Jóhannesson, fv. formaður Sunnuhlíðarsamtakanna

Kl. 15.35 Samningar ríkisins við Akureyrarbæ - höfum við gengið til góðs?
Brit Bieltvedt, framkvæmdastjóri öldrunarheimila Akureyrar

Kl. 15.50 Umræður

Fundarstjóri: Kristján Kristjánsson, fréttamaður.
Allt áhugafólk hvatt til að mæta.
Þátttökugjald kr. 4.000.
Skráning á netfangið sol@reykjalundur.is og við innganginn

- Félag forstöðumanna sjúkrahúsa
- Landssamband sjúkrahúsa
- Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu





# Geymslugámar



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
**Uppl. í s. 553 8890.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi. Einnig vantar manneskju frá kl. 13-18.30 irka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

RED CHILI

**Red Chili**
Hefur þú áhuga að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað. Vegna opnunar á nýjum stað í miðbænum þurfum við að bæta okkur góðu fólki í allar stöður.
Eldhússtörf
Þjónastörf
**Dag og vaktarvinna í boði**
**Upplýsingar gefur Helgi í síma 820 4381 redchili@redchili.is**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar sem fyrst vegna mikilla anna matreiðslumann í fullt starf í veisluþjónustuna okkar. Viðkomandi þarf að vera reglusamur, vandvirkur og skapandi.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

HÓTEL HOLT

Óskum eftir að ráða starfsfólk í uppvask á kvöldin. Vaktavinna. Uppl. á staðnum eða í s. 552 5700.

**Leikskólinn Hof Gullteig 19, 105 RVK.**
**Aðstoð í eldhús.**
Aðstoðarmanneskju vantar í eldhús leikskólans Hofs sem fyrst. Vinnutími er frá kl. 8:00 - 16:00. Hæfniskröfur eru: Áhugi á matreiðslu, snyrtimennska, hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, sveigjanleiki og nákvæmni í starfi. Þarf að geta leyst leikskólakokkinn af í hans fjarveru.
**Upplýsingar gefur Sigrún leikskólastjóri í síma 553 3590 / 553 9995.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í ca. 75% vinnu 20 daga í mánuði. T.d. 20 dagar frá 12-19 eða 15 dagar frá 12-19 og 5 dagar frá 7-14.
**Upplýsingar í síma 843 9950 eða 898 2975.**

vísir

# NFS ER Á VISIR.IS

**NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar**

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS



**Bakarnemar óskast**
Óskum eftir að ráða til starfa hörkuduglegan bakaranema.
**Upplýsingar hjá Jóa, s. 897 9493.**

**Næturvaktir á Select**
Afgreiðslumaður á næturvaktir óskast á Selectstöðina í Suðurfelli. Einnig vantar vaktstjóra á næturvaktir á Selectstöðina við Vesturlandsveg. Unnið er aðra hverja viku frá kl. 23.30 til kl. 07.30.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shell eða Selectstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

Stjörnusól

Starfskraftur óskast í fullt starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. hjá Stjörnusól Fjarðargötu 17, Hafn. S. 555 7272.

MAX1 BÍLAVAKTIN

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1 í Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga. Góður vinnustaður fyrir gott fólk.

**Vaktstjóri á Select**
Þjónustuliprir og úrræðagóðir vaktstjórar óskast á Selectstöðina við Vesturlandsveg.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shell eða Selectstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**Ræsting hverfi 108**
vantar 2 starfsmenn til að þrífa á morgnanna, virka daga fyrir opnun á milli kl. 6 - 8
**Uppl. í síma 533 6020 , Ræstir ehf**

**Bensínafgreiðsla**
Bensínafgreiðslumenn óskast á Shellstöðina við Kleppsveg og Bústaðaveg. Mikil útivinna. 2x2x3 vaktakerfi.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shellstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**Ræsting hverfi 104**
Vantar starfsmann til að þrífa virka daga fyrir hádegi kl. 9-11:00.
**Uppl. í síma 533 6020 , Ræstir ehf.**

**Brasseria Askur, Suðurlandsbraut 4.**
Óska eftir að ráða aðstoðarfólk í sal í kvöld og helgarvinnu, helst vant fólk. Einnig vantar starfskraft í uppvask milli kl. 11-16.
**Uppl. í s. 553 9700.**

**Ræsting Grafarvogur**
vantar starfmann til ræstinga á morgnanna virka daga kl. 09:00.
**Uppl. í síma 533 6020 , Ræstir ehf.**

**Veitingahúsavinna**
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu starfssfólki í þjónustustörf, dag, kvöld og helgarvaktir. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

### Símadömur óskast!
Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við "spennandi" símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar! Frekari uppl. á www.raudatorgid.is (atvinna í boði símadömur) og 899 7987. Skráning í s. 552 3349.

### Langar þig að vinna sjálfstætt við hárgreiðslu?
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góður mórall. Uppl. í s. 561 8677.

### Góðir tekjumöguleikar
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

### Kassastarfsmaður
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í faxafeni, skútuvogi og Tjarnarvöllum í Hafnarfirði í fullt starf. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is. Möguleiki á 30.000 kr. mætingarbónus.

Eðalverk ehf óskar eftir vönum vélamönnum og verkamönnum. Uppl. hjá Stefáni í s. 661 2277.

### Vélstjórar
1.vélstjóra, sem leysir af sem yfirvélstjóri vantar á stórt og öflugt línuskip. Lámarks réttindi 750 kw. Nægar aflaheimildir. Upplýsingar á skrifstofu í síma 420 4400 og hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825.

### Hásetar
Háseta vanir línuveiðum vantar á línuskipið Geirfugl GK frá Grindavík, nánari upplýsingar hjá skipstjóra í síma 852 2533 eða hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825.

HREINSITÆKNI EHF. óskar eftir starfsmönnum með meirapróf eða vinnuvélaréttindi til starfa strax. Í boði er mikil vinna og góð starfsaðstaða. Uppl. veittar í s. 894-8565 eða á staðnum að Stórhöfða 37.

Vínsölumaður óskast. Vínumboð óskar að ráða sölumann í árangurstengt starf sem fyrst. Upplagt fyrir frískan aðila með áhuga á vínum og veitingageiranum. Frjáls vinnutími. Uppl. Sími 588 4100.

### Ræstingar.
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða í föst ræstingastörf og afleysingastörf. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054.

### Hreingerningar
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hraustan starfsmann í aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan. Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821 5056, á skrifstofutíma.

Yfirvélstjóri & vélstjóri óskast til ferjusiglingar á 2200 bhp vél. Uppl. í s. 897 8923.

### Helgarvinna - Bakarí.
Starfskrafur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti um helgar, ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

### Bakarí.
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti eftir hádegi og aðra hverja helgi, ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

### Bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi fyrir hád. og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Ótrúlega búðin. Við leitum að duglegu og jákvæðu fólki á lager og í afgreiðslustörf í búðunum. Þeir sem hafa áhuga á að afla sér upplýsingar um starfið vinsamlega hafið samband við Ingu starfsmannastjóra í síma: 694 2663 eða inga@fong.is

### Helgarvinna
Kornið Bakarí óskar eftir skólafólki í helgarvinnu. Umsóknir á kornid.is

### Gröfumaður.
Vanur gröfumaður óskast til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 861 5577.

## Viðskiptatækifæri

### Viltu miklu hærri laun
Viltu vinna sjálfstætt? Viltu algjört tímafrelsi?www.fagmennska.com hjálpar þér.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld i Landsbankanum. Fyrirlestur um skattamál og skattaumhverfið á Íslandi í Aðalbanka Landsbankans, Austurstræti, í kvöld klukkan 20. Nánari upplýsingar á Landsbanki.is Landsbankinn.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Ýmislegt

tenor
www.tenor.is

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júni hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

## Leikir

Drögum á morgun. Fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á www.hhi.is. Happdrætti Háskólans.

# X HÚS Sími 533 1060

**FASTEIGNASALA - Skeifan 19**

## Nýtt 70 fm sumarhús aðeins um 6 km frá Flúðum





Frum

Húsið er á steyptri plötu með hita í gólfum. Búið er að gera um 90 fm verönd við húsið. Hátt er til lofts í öllu húsinu sem gefur því mikinn sjarma. Möguleiki er á millilofti. Mahóní-gluggar og hurðir, en stór rennuhurð er í stofu. Fallegt 1,2 ha land með góðu útsýni. Húsinu er skilað fullbúnu að utan en einangruðu að innan. Búið verður að taka inn heitt og kalt vatn ásamt rafmagni. Frárennsli verður fulltengt. Öll þjónusta er á Flúðum þ.e. góð búð, sundlaug, banki o.fl. Tveir gólfvellir eru á svæðinu, annar 18 holu á Flúðum og hinn 9 holu í Ásatúni. Möguleiki að fá húsið fullbúið ef þess er óskað. Frábær staðsetning í fallegu landi í aðeins 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Nú er bara að fara í biltúr og skoða!

*Jón Magnússon, hrl. löggiltur skipa- og fasteignasali*

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

# Fossháls/Dragháls



Frum

Til sölu u.þ.b. 800 fm mjög vel staðsett skrifstofuhúsnæði á einni hæð í góðu atvinnuhúsnæði. Húsnæðið býður upp á mikla möguleika, má auðveldlega skipta niður í minni einingar. Lofthæð við mæni er ca 5,5 m. En við útvegg ca 3,5 m. Tveir inngangar eru í húsnæðið, annar frá Fosshálsi og hinn frá Draghálsi. Næg bílastæði, upphitað og malbikað, lóð fullfrágengin. Glæsilegt útsýni. Húsið er allt ný málað og hefur verið vel viðhaldið.

***Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson á skrifstofu.***

Skipulags stofnun

## Dettifossvegur, Hringvegur-Norðausturvegur

### Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Dettifossveg.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **9. mars** til **21. apríl 2006** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Kelduneshrepps og á skrifstofu Skútustaðahrepps í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar: www.vegagerdin.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **21. apríl 2006** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun**



*Hef hafið störf á Hársnyrtistofunni Arnarbakka*

Tímapantanir í síma 557 9030.
Velkomin Jónína Þorvaldsdóttir hársnyrtir.

## Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.

Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Lyf & heilsa

## LYFJATÆKNIR

Lyf & heilsa í Mjódd óskar að ráða lyfjatækni sem fyrst. Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf fyrir drífandi einstakling.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með lyfjaskömmtun. Lyf koma inn pökkuð í rúllum frá DAC en umsýsla og heimsendingar fara í gegnum apótekið
- Framleiðsla á lyfjum skv. forskrift lækna
- Vinna í receptur og afgreiðslu
- Umsjón með verkferlum vegna Tryggingastofnunar ríkisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Lyfjatæknipróf
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæði í starfi
- Reglusemi, stundvísi og samviskusemi

Umsóknarfrestur er til 15. mars.

Skriflegar umsóknir sendist til Jóns Þórðarsonar, lyfsala í Lyf & heilsu í Mjódd í tölvupósti á netfangið: *jon.thordarson@lyfogheilsa.is*, eða í pósti merkt "Lyfjatæknir", Lyf & heilsa, Álfabakka 12, 109 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir lyfsali í síma 557-3390.

Lyf & heilsa er ungt og framsækið fyrirtæki sem leggur áherslu á að hafa yfir að ráða hæfu og áhugasömu starfsfólki sem býr yfir faglegri þekkingu og þjónustulipurð. Lyf & heilsa rekur 2 keðjur lyfjaverslana, annars vegar Lyf & heilsu og hins vegar Apótekarann.

Lyf & heilsa • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
sími 522 5800 • fax 561 4748
www.lyfogheilsa.is

## BAADERMAÐUR ÓSKAST

**Baadermaður óskast á frystitogarann Baldvin Njálsson**
**Uppl í síma 893 4458 og 892 2956**

FASTEIGNIR

... í öruggum höndum
FASTEIGNASTOFAN 565 5522

### Mýrargata - Hafnarfirði



Í einkasölu mjög falleg og mikið endurnýjuð sérhæð ásamt sérstæðum bílskúr á mjög góðum stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Nýtt parket á gólfum, eldhúsið allt nýendurnýjað og einnig baðherbergi. Þrjú svefnherbergi. **Verð kr. 27,9 millj.**
***Hægt að sjá myndir á: www.fasteignastofan.is***

## Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi

Ráðstefnan - Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi - verður laugardaginn 11. mars nk., í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og hefst kl. 13:00.

**Ráðstefnan er á vegum**
Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur

Ráðstefnan er haldin í tengslum við fulltrúafund skógræktarfélaganna.

***Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis.***

Ráðstefnustjórar:
Þuríður Yngvadóttir í stjórn Skógræktarfélags Íslands og Aðalsteinn Sigurgeirsson, varaformaður Skógræktarfélags Reykjavíkur

**Dagskrá**

13:00 Setning: Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra

**Stefnumörkun og skipulag**

13:15 Gunnar Einarsson, varaformaður SSH, bæjarstjóri Garðabæjar. *Skógrækt frá sjónarhóli bæjarstjóra*

13:30 Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands
*Skógræktarfélög og Grænir treflar*

**Lýðheilsa**

13:45 Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu
*Hafa skógar áhrif á heilsufar fólks?*

14:00 Sigrún Gunnarsdóttir, varaformaður Félags um lýðheilsu og fulltrúi félagsins í Landsnefnd um lýðheilsu
*Heilsa í skógi*

14:15 Gígja Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð
*Skógrækt er heilsurækt - Hreyfing í fallegu umhverfi og fersku lofti*

14:30 Ingólfur S. Sveinsson geðlæknir
*Skógur til að rækta fólk*

14:45 Fyrirspurnir

15:00 Kaffihlé

**Þéttbýlisskógar og notkun þeirra**

15:30 Sherry Curl mannfræðingur og Hrefna Jóhannesdóttir, skógfræðingur hjá Skógrækt ríkisins
*Viðhorf og notkun Íslendinga á skógum*

15:45 Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstjóri Umhverfissviðs Reykjavíkur.
*Náttúra í borg*

16:00 Herdís Friðriksdóttir skógfræðingur og Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur
*Hvernig er Heiðmörk í stakk búin að þjóna lýðheilsu? Hverju er ábótavant?*

16:15 Jón Geir Pétursson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands og Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá
*Skógrækt og útivist: Straumar og stefnur í Evrópu*

16:30 Desiree Jacobsson, verkefnisstjóri hjá sænsku skógarstjórninni(Skogstyrelsen)
*Skógar og endurhæfing. Reynsla Svía (Forests for Rehabilitation using the Greenstages Model)*
Erindi flutt á ensku

16:50 Fyrirspurnir

17:15 **Dagskrárlok**

MÓGILSÁ

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá

# Óperuhús í Kópavog

UMRÆÐAN
ÓPERUHÚS



MAGNÚS HELGI BJÖRGVINSSON

*Ég vil leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við þessar fyrirætlanir hans sem Kópavogsbúi og skattgreiðandi í Kópavogi.*

Nú síðustu mánuði hefur bæjarstjóri Kópavogs farið mikinn í fjölmiðlum og kynnt fyrir okkur hugmynd sína um byggingu óperuhúss í Kópavogi. Nú síðast heyrðist að hann væri búinn að safna allt að 800 milljónum, í byggingarkostnað hússins. Og þar af eru víst 400 milljónir á rekstraráætlun Kópavogs til næstu þriggja ára.

Ég vil leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við þessar fyrirætlanir hans sem Kópavogsbúi og skattgreiðandi í Kópavogi. Hefur verið kannað hver byggingarkostnaður við slíkt hús er? Ég gæti sem best trúað því að slíkt hús fyrir 700 áhorfendur kosti ekki undir rúmum milljarði. Hef heyrt að Gunnar hafi sagt að Kópavogur ábyrgist það sem útaf stendur. Hver á að sjá um rekstur slíks húss? Er það Íslenska óperan? Mér hefur nú skilist að henni hafi nú ekki gengið vel að standa undir rekstri í „Gamla Bíó“ þrátt fyrir styrki frá Ríkinu og fleirum. Ég minni á að Leikfélag Reykjavíkur ætlaði líka að reka Borgarleikhúsið á sínum tíma, en raunin var sú að það gekk ekki og Reykjavíkurborg hefur þurft að standa að baki þeim með hundruð milljóna framlagi ár eftir ár. Hefur verið kannaður rekstrargrundvöllur óperuhúss? Hvað eru t.d. margir sem líklegir eru til að sækja óperusýningar? Ég leyfi mér að efast um að þeir skipti mörgum tugum þúsunda. Og hvað þá þegar húsið kemur að hluta til með að keppa við tónlistarhús í Reykjavík, því að þau keppa væntanlega bæði um að ná til sín tónlistaráhugafólki?

Hvað með staðsetningu hússins? Að troða því upp við Borgarholt, eitt af kennileitum Kópavogs sem er friðað og þrengja enn að Kópavogskirkju. Hvað með bílaumferð og bílastæði? Kirkjan, Salurinn, Gerðarsafn, bókasafnið, og svo tómstundahúsið hljóta að keppa um þessi bílastæði. Þarna gætu orðið á stórum ráðstefnum kannski allt að 1000 manns á kannski 700 bílum og svo er kannski jarðarför í kirkjunni. Verður farið að keyra fólk til að vera við jarðarfarir í rútum?

Þetta eru bara nokkrar spurningar sem ég vil fá svör við. Eins vil ég vita af hverju bær sem hefur augljóslega svona mikið fjármagn í gæluverkefni bæjarstjóra, er svo dýrasta bæjarfélag hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir barnafólk (sbr. Könnun ASÍ og Kastljóss). Er kannski kominn sá tími í sögu Kópavogs að hér ríkir einræðisherra og byggir sér bautasteina (óperuhús og knattspyrnuhallir) á kostnað okkar? Það er algjört lágmark að við fáum að vita meira um þetta mál áður en ákvarðanir eru teknar. ■

## BRÉF TIL BLAÐSINS

**Elís Björgvin Hreiðarsson skrifar:**

Ég var að tala við kunningja sem býr í Alaska þar sem er myrkur eins og hér á veturna, og þeir eru með bílabíó sem byrjar klukkan þrjú á daginn og stendur til tvö að nóttu. Spurningin er af hverju hugkvæmist engum að koma sér upp bílabíói með góðri aðstöðu hér á Fróni. Ég er viss um að það yrði vinsælt. Ég man að þetta var reynt fyrir einhverjum árum síðan niður við höfn en veit ekki af hverju þetta var ekki þróað áfram. Ég legg til að fram fari umræða um þetta sem allra fyrst svo hægt sé að sjá hversu mikill áhuginn er.

**J.M.G. skrifar:**

Jónas Kristjánsson er færasti blaðamaður landsins nú. Það gengur ekki að hann sé án blaðs. DV þarf að fá hann aftur til starfa og það án tafar. Á sínum tíma braut Jónas blað í sögu blaðaútgáfu á Íslandi. Þess verður lengi minnst og merkið sem hann reisti má ekki falla.

**Þórarinn hringdi:**

Ég vil koma þökkum til strákanna á Esso í Borgartúninu. Svo er mál með vexti að miðstöðin í bílnum mínum var farin að leka og mengunin barst um allan bíl, svo ekki var gefið að maður ætti afturkvæmt úr sunnudagsbíltúrnum. Ég sá fram á stórfelld fjárútlát, enda eru bifvélavirkjar einkar lunknir við að finna nýja kvilla á bílnum eftir að hafa fengið hann á skurðarborðið. Þegar ég sagði strákunum á Esso frá þessu voru þeir ekki lengi að benda mér á að setja bara vatnskassaþétti á bílinn, það ætti að þétta miðstöðina og skrúfa fyrir útblásturinn. Það er skemmst frá því að segja að þetta gekk eins og í sögu og ég get dregið öndina með léttum leik.


Ekkert blað í morgun?
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

MARKAÐURINN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Móðurstöð
Danfoss, fyrir þráðlausan hita
8961258

Þægilegur gólfhiti


Mótorloki 2.650 3.787
Giacomini, 230V, R473
8946150




Hitastillir 6.985 9.979
Danfoss, hitastillir, þráðlaus á vegg
8961256




Gólfhitarör 69 kr./m 99 kr./m
Pex, 20 x 2 mm, m/súrefniská
8946305



30% afsláttur
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Gagnrýni og skapandi andi

**UMRÆÐAN**
GAGNRÝNI



**TOSHIKI TOMA PRESTUR INNFLYTJENDA**

Ég undirritaður vil gera stutta athugasemd við grein eftir Albert Jensen, sem birtist 6. mars sl. hér í Fréttablaðinu. Hlutverk gagnrýnandans er mjög mikilvægt. Stjórnskipulag íslensku þjóðarinnar, lýðræðið, viðurkennir tilvist ólíkra skoðana, sem er mjög mikilvægt. Mér finnst gagnrýni í eðli sínu jákvætt fyrirbrigði, hvort heldur er að gagnrýna eða að verða fyrir gagnrýni.

Flest höfum við einhvern tímann lært að „gagnrýni er ekki það sama og að skíta einhvern út“. Gagnrýni á að vera málefnaleg og það er mikilvægt að skilja á milli persónu og hegðunar hennar. Ef ég myndi t.d. telja eitthvað gagnrýnisvert í frumvarpi sem lægi fyrir á Alþingi þá myndi ég átelja efnislega þætti þess en ekki þann eða þá sem sömdu og lögðu frumvarpið fram, hvort sem það eru stjórnmálamenn eða flokkar. Stundum er þó óhjákvæmilegt að tengja gagnrýni á einstök mál eða skoðanir við einstaklinga eða stofnun sem þeir kunna að starfa hjá.

Sjálfur reyni ég að forðast að gagnrýna persónulega einstaklinga en ef ég tel að það sé nauðsynlegt þá reyni ég að fylgja eftirfarandi reglum: a) Að gagnrýna aðeins fólk eða stofnanir sem getur svarað fyrir sig, þ.e. gagnrýninni, eins og stjórnmálamenn, opinbera stofnun eða ritstjórn dagblaða.

b) Að nota ekki neikvæð og gildishlaðin orð yfir fólk eins og „rasisti“, því það þjónar engum tilgangi í gagnrýni að stimpla fólk og útiloka samræðu.

c) Að bera virðingu fyrir viðkomandi manneskju í tjáningu og orðavali, sérstaklega ef gagnrýnin er persónuleg.

Ég er kristinnar trúar og ég tel, eins og allir sem eru með góða samvisku, að við eigum að bera virðingu hvort fyrir öðru. Það að láta ljót orð falla um einhvern getur kannski veitt þeim sem mælir persónulega útrás en það er ekki virðingarvert að láta sér slíkt um munn fara og að mínu mati flokkast það ekki undir gagnrýni. Sá sem gagnrýnin beinist að er nefnilega líka manneskja sem ber að virða og við eigum að geta gagnrýnt án þess að særa viðkomandi. Hann á líka aðstandendur, eins og t.d. börn, sem geta líka orðið miður sín undan ljótum ummælum. „Gott lyf er beiskt í munni“ er málsháttur í Japan. Það finnst fáum skemmtilegt að fá á sig gagnrýni, og skiptir þá engu hvort viðkomandi þurfi að taka gagnrýnina persónulega nærri sér eða ekki. Viðkomandi verður að viðurkenna að ummælandinn hefur rétt á að gagnrýna hann en við þurfum öll að aga okkur jafnt í að fá gagnrýni og í að gagnrýna.

Manneskjur eru ekki fullkomnar og þær geta stundum misst stjórn á sér og notaði óviðeigandi og óviðunandi orðalag í umræðum. Það er mannlegt og hefur komið fyrir sjálfan mig, oftar en einu sinni og bað ég viðkomandi afsökunar. Nýjasta tölvutækni og fjarskipti auðveldar samskipti og samræður en hún gerir líka til okkar kröfur, sömu kröfur og áður í samræðum og ritmáli. Við verðum að ígrunda það sem við segjum og skrifum og líka hvernig við segjum það. Gagnrýni er lykill að lifandi lýðræði og við verðum að gæta að henni því gagnrýni í góðum anda verndar mannvirði og siðferði í samfélaginu.

# Hrokafullur rithöfundur

**UMRÆÐAN**
STARFSFÓLK Í ÁLVERUM



**INGÓLFUR SVERRISSON**

*Þessi villukenning er dapurlegur vitnisburður um hvert fávísin getur leitt fólk.*

Guðmundur Andri Thorsson fjallar hinn 27. febrúar um styttingu eða skerðingu náms til stúdentsprófs og spyr hvort sú viðleitni sé til að draga úr menntun til að geta mannað álverin. Af þessum ummælum verður ekki annað ráðið en að rithöfundurinn geri því skóna að þeir, sem starfa í álverum, séu lítt menntaðir enda harla lítið með menntun að gera á hátæknivæddum vinnustöðum eins og álver eru nú til dags. Þangað þurfi einasta að sópa fákunnandi fólki sem sprenglærðir rithöfundar geta talað niður til í krafti visku sinnar og meintrar víðsýni. Þessi villukenning er dapurlegur vitnisburður um hvert fávísin getur leitt fólk.

Eins og allir vita, sem hafa fyrir því að kynna sér málið, verður ekkert nútíma álver rekið nema þar starfi fjöldi vel menntaðra manna – konur og karlar. Sem dæmi má nefna að u.þ.b. 40 verk- og tæknifræðingar starfa við álverið í Straumsvík auk annars háskólamenntaðs fólks á öðrum sviðum. Þá starfa þar fjölmargir iðnaðarmenn á sérhæfðum sviðum og flestir aðrir eru sérmenntaðir til vandasamra verka enda sá vinnustaður talinn einn sá fremsti í heiminum á sínu sviði. Þar er lögð mikil áhersla á símenntun starfsmanna og öll umgengni er til vitnis um að þar er rekið fyrirmyndar fyrirtæki með mjög hæfu starfsfólki. Sama má segja um álverið á Grundartanga og væntanlegt álver á Reyðarfirði enda öll tæknifyrirtæki í fremstu röð. Þar er og verður saman komin mikil þekking og vit sem virkjað er í flóknum og vandasömum störfum.

Það er því dapurlegt að verða vitni að því að rithöfundur, sem vill láta taka sig alvarlega, geri lítið úr störfum og hæfni fólks sem hann þekkir greinilega hvorki haus né sporð á. Enginn verður maður að meiri á slíkum málflutningi.

*Höfundur er deildarstjóri Samtaka iðnaðarins.*




# Aðgengi fyrir alla

**UMRÆÐAN**
AÐGENGI FATLAÐRA



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

*Annars sætir nokkurri furðu hve atvinnulífið virðist vera ómeðvitað um þá staðreynd að hreyfihamlaðir eru ekki síðra vinnuafl til margra starfa en aðrir.*

Ferðamálastofa er í vanda stödd. Erlendir ferðamenn kvarta yfir skorti á upplýsingum um aðgengi hreyfihamlaðra að gisti- og veitingastöðum. Ferðamannaiðnaðurinn sem er einn helsti vaxtarsproti atvinnulífsins þarf á hreyfihömluðum ferðamönnum jafnt sem öðrum að halda en þeir og aðstandendur þeirra geta ekki komið til landsins nema aðgengi sé tryggt. Það skyldi þó ekki vera að viðskiptasjónarmið opni loks augu manna fyrir þeim mikla vanda sem viðvarandi áhugaleysi um aðgengismál hefur skapað. Hitt er svo annað mál, að gott aðgengi ber að tryggja fyrir alla, innlent fólk sem erlent, vegna þess að annað er ekki sæmandi fyrir samfélag sem vill tryggja sjálfsögð mannréttindi.

Annars sætir nokkurri furðu hve atvinnulífið virðist vera ómeðvitað um þá staðreynd að hreyfihamlaðir eru ekki síðra vinnuafl til margra starfa en aðrir. Þetta á ekki síst við nú á tímum þar sem upplýsingasamfélagið og aukin tækni hafa skapað fleiri starfsmöguleika. Þetta sjá alltof fáir atvinnurekendur, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera þrátt fyrir viðvarandi skort á vinnuafli. Til marks um það má benda á að margir vinnustaðir eru óaðgengilegir hreyfihömluðum. Þeir komast ekki inn á þá af sjálfsdáðum og salerni eru þeim óaðgengileg.

Það hlýtur að teljast þjóðhagslega hagkvæmt og er að sjálfsögðu hjartans mál hreyfihamlaðra að fá tækifæri á við aðra til að taka þátt í atvinnulífinu. Þess vegna ætti að vera forgangsverkefni að styðja þá til mennta og opna þeim greiðari leið inn á vinnumarkaðinn. En það er til marks um metnaðarleysi í þessum efnum að aðalbygging Háskóla Íslands er óaðgengileg þessum hópi fólks.

**Aldraðir og aðgengið**

Aðgengismál snerta einnig hag aldraðs fólks. Óskir flestra aldraðra um að fá að búa heima eins lengi og hægt er eru bæði skiljanlegar og skynsamlegar. Skiljanlegar vegna þess að aldraðir eiga rétt á því eins og aðrir að halda sjálfsvirðingu og sjálfsákvörðunarrétti um það hvar þeir búa. Skynsamlegar vegna þess að sé öldruðum gert kleift, eftir að sjúkdómar fara að herja á, að vera lengur heima, minnkar álagið á sjúkrastofnanir og styttir biðlista. Til þess að af þessu geti orðið þarf oft að gera breytingar á heimilum viðkomandi. Of þröng hurðaop, þröskuldar og innréttingar geta stundum orðið óyfirstíganlegt vandamál. Vinnuaðstaða þeirra sem sinna öldruðum í heimahúsum eftir að þeir eru orðnir sjúkir er iðulega óviðunandi.

Það er nokkuð ljóst að ef gera á öldruðum kleift að vera heima eins lengi og þeir óska þarf hið opinbera að leggja til fjármagn til aðgengismála þessa hóps. Þetta á við víðar. Hreyfihamlaðir sem eru að leita sér að húsnæði lenda oftast í miklum vanda. Jafnvel þó að ekki sé talað um lyftur er kostnaður við nauðsynlegar breytingar á gömlu húsnæðinu, mörgum ofviða. Það er mikilvægt að hið opinbera leggi fé til breytinga á húsnæði fyrir hreyfihamlaða og skapi þannig eðlilegan húsnæðisvalkost sem víðast.

**Þörf á stórátaki í Reykjavík**

Þegar litið er til opinberra bygginga er auðséð að áhersla á aðgengi hefur ekki haft forgang. Hér að framan var minnst á aðalbyggingu Háskóla Íslands sem er óaðgengileg mörgum hreyfihömluðum vegna þess að rampurinn út er allt of brattur. Þetta hefur ekki fengist lagað þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir og úrbótatillögur. Í Reykjavík má finna opinbert húsnæði af svo að segja öllum gerðum sem óaðgengilegt er hreyfihömluðum. Hér má finna skóla, barnaheimili, sundlaugar, bókasöfn, og aðrar byggingar svo sem höfuðstöðvar ÍTR og Höfða sem ekki geta boðið alla velkomna. Þó svo að nú sé starfandi nefnd á vegum borgarinnar sem fylgjast á með því að nýbyggingar borgarinnar séu aðgengilegar hefur byggingarfulltrúi engin tæki til að neita úttekt séu vanhöld þar á. Alvarlegra er svo hitt að engar markvissar áætlanir eru um að gera fjölmargar eldri byggingar í eigu borgarinnar aðgengilegar öllum. Það verður að segjast eins og er að Félagsmálaráð sýndi ekki meiri metnað hvað þetta varðar en svo, að úttekt á verkefninu og ákvörðunum þar um var frestað fram á næsta kjörtímabil. Þetta er staðreynd sem formaður Félagsmálaráðs þekkir mæta vel því margoft reyndi undirritaður að knýja á um úrlausn.

Byggingalög hafa verið til endurskoðunar. Þar gefst kostur á að koma aðgengismálum í gott horf. En það er ekki nóg að ákvæði um slíkt sé í reglugerðum ef engin viðurlög eru við brotum. Það þurfa allir að leggjast á eitt um að sett verði ákvæði í byggingalög um aðgengi fyrir alla með viðurlögum, sambærilegum við þau sem gilda um brunavarnir. Það er mikilvægt að þetta sé sett í lög. Það má með réttu tala um aðskilnaðarstefnu á meðan hluti þegnanna kemst ekki inn í byggingar og önnur samfélagsleg svæði. Slíkt stangast á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og er ekki samboðið samfélaginu. Það er ekki nóg að virða mannréttindi í orði. Það þarf einnig að vera á borði.

*Höfundur er formaður Vinstri grænna í Reykjavík.*







# Nýkomið mikið úrval af afar vönduðum ítölskum borðstofusettum




**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
ími 581-2275 ■ 568-5375

**Opið** Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

**MATTHEW A. HENSON (1866–1955) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég held að ég sé fyrsti maðurinn sem settist á topp heimsins.“ Vegna hörundslitar síns öðlaðist könnuðurinn Matthew A. Henson ekki sömu frægð og félagi hans Robert Peary þegar þeir komust á Norðurpólinn 1909.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 9. MARS 1950

# Fyrstu tónleikar Sinfóníunnar

Á þessum degi árið 1950 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands sína fyrstu tónleika í Austurbæjarbíói. Margir vísar höfðu verið að hljómsveit „Íslendinga“ en það sem þessi hljómsveit hafði umfram aðrar sem fyrr höfðu komið var að hún starfaði eftir samþykkt útvarpsráðs. Samkvæmt samþykktinni voru tuttugu og fimm hljóðfæraleikarar ráðnir til starfa í sveitinni og auk þeirra léku í henni hljóðfæraleikarar sem áður höfðu verið á samningi hjá Ríkisútvarpinu.


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Rekstur sveitarinnar gekk þó ekki sem skyldi fyrstu árin því hún hafði engin föst fjárframlög. Meðlimir hennar þáðu afskaplega lág laun fyrir að leika í sinfóníuhljómsveitinni og þurftu því allir að hafa önnur störf til að framfleyta sér. Eftir að rekstur hennar hafði stöðvast í fimm mánuði einungis nokkrum árum eftir stofnun var hún gerð að sjálfstæðri stofnun með tiltekin framlög frá Ríkisútvarpinu, Þjóðleikhúsinu, íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg. Það var þó ekki fyrr en árið 1983 sem tilvera Sinfóníuhljómsveitar Íslands var tryggð með lagasetningu og henni gefið ákveðið hlutverk í menningarlífi þjóðarinnar.

Nú er hljómsveitin skipuð áttatíu fastráðnum hljóðfæraleikurum með möguleika á stækkun upp í hundrað meðlimi þegar svo ber undir. Hún heldur um sextíu tónleika á hverju starfsári, flestir eru í Háskólabíói en einnig heldur hljómsveitin tónleika á landsbyggðinni og í útlöndum.

## MERKISATBURÐIR

**1685** Alls farast 1.132 menn á sjó og sex verða úti í veðri sem nefnt hefur verið Góuþrælsveðrið.

**1841** Hæstiréttur Bandaríkjanna dæmir í Amistad-málinu svokallaða að afrískir þrælar sem tóku yfir þrælaskipið Amistad hafi verið ólöglega í haldi og þar með frjálsir samkvæmt bandarískum lögum.

**1908** Ítalska knattspyrnuliðið Inter Milan er stofnað í Mílanóborg.

**1953** Jósef Stalín er grafinn í Moskvu.

**1959** Fyrsta Barbie-dúkkan er sett á markað.

**1997** Flutningaskipið Dísarfell sekkur og tveir farast, en tíu er bjargað af þyrlu Landhelgisgæslunnar.

## ANDLÁT

**Jóhann Kristinn Gunnarsson** frá Flatey á Skjálfanda, Garðarsbraut 57, Húsavík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga föstudaginn 3. mars.

**Ágúst Helgason** húsgagnabólstrari, síðast til heimilis á hjúkrunarheimilinu Eir, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 5. mars.

**Helga Jónsdóttir**, dvalarheimilinu Hlévangi, Keflavík, lést sunnudaginn 5. mars.

**Klemenz Halldórsson** bóndi, Dýrastöðum, Norðurárdal, lést á heimili sínu föstudaginn 3. mars.

**Magnús Heimir Gíslason**, Granaskjóli 80, Reykjavík, varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 3. mars.

## JARÐARFARIR

13.00 **Guðmundur Jónsson** vélfræðingur, Dalbraut 20, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Rannveig Sigurðardóttir**, Lautarsmára 1, Kópavogi, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

15.00 **Ragna Lísa Eyvindsdóttir** (Góa), Borgarheiði 13v, Hveragerði, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Haraldur Sigurjónsson**, Eyjabakka 26, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Guðrún Jónsdóttir**, Bakkaflöt 14, Garðabæ, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

## AFMÆLI


**Guðjón Friðriksson** sagnfræðingur er 61 árs.


**Símon Helgi Ívarsson** gítarleikari er 55 ára.


**Robert James Fischer** skákmeistari er 63 ára.


**Margrét Kristín Pétursdóttir** leikkona er 44 ára.


**SKÓSMIÐIR Í AUSTURVERI** Jónína Sigurbjörnsdóttir ásamt foreldrum sínum en þau hafa öll starfað á Skóvinnustofu Sigurbjörns. Vinnustofan heldur upp á fimmtíu ára afmæli sitt í vikunni.

**SKÓVINNUSTOFA SIGURBJÖRNS:** HELDUR UPP Á FIMMTÍU ÁRA AFMÆLIÐ

# Öll fjölskyldan vinnur saman

Skóvinnustofa Sigurbjörns Þorgeirssonar í Austurveri hefur verið sannkallað fjölskyldufyrirtæki í fimmtíu ár. „Pabbi minn stofnaði verkstæðið árið 1956 á Vesturgötunni,“ segir Jónína Sigurbjörnsdóttir en hún hefur rekið verkstæðið undanfarin 29 ár. Á fimmtíu árum hefur verkstæðið verið til húsa á fjórum stöðum og margir innan fjölskyldunnar lagt hönd á plóginn í rekstrinum.

„Maðurinn minn, mágkona mín og sonur vinna öll hérna núna þannig þetta er allt saman mjög nátengt,“ segir Jónína. Hún bætir við að auk föður hennar hafi móðir hennar einnig unnið á verkstæðinu í fjölda ára. Þau eru öll lærðir skósmiðir fyrir utan son hennar sem er nemi, enda rétt rúmlega tvítugur. „Sonur minn er kominn á samning hjá okkur. Hann er aðeins að þreifa sig áfram og það á eftir að koma í ljós hvort hann verður alveg örugglega hér, en honum líst vel á,“ segir hún aðspurð um hvort stefnt sé að því að halda fyrirtækinu áfram innan fjölskyldunnar. Hún er sjálf einkabarn og því kom enginn annar til greina til að taka við rekstrinum, „fyrst maður vildi halda þessu áfram í ættinni“.

Eins og gefur að skilja um svo rótgróið fyrirtæki á Skóvinnustofa Sigurbjörns sér ákaflega dyggan kúnnahóp. „Sumir hafa fylgt okkur alveg frá byrjun. Margir tala um að þeir hafi komið til pabba á Tómasarhagann,“ segir Jónína. Reyndar segir hún að viðskiptavinir sínir séu af öllum stærðum og gerðum. „Margir tengja skósmíðina við eldra fólk en okkar kúnnahópur er að mjög miklu leyti til ungt fólk,“ segir hún og bætir við að yngra fólkið sæki kannski meira í annars konar þjónustu verkstæðisins en bara að sóla skó. „Mjög margar konur eiga til dæmis í vandræðum með að finna sér stígvél. Oft er svo mjór leggurinn á þeim, þau hönnuð fyrir einhverjar ítalskar prímadonnur,“ segir hún og bætir við að skósmiðir breyti skóm á alla mögulega vegu.

Jónína og fjölskylda hafa þurft að sinna mörgum skónum síðustu daga enda hefur fjöldi manns nýtt sér sérstök tilboð á viðgerðum í tilefni afmælisins. Hún segir að þau hafi unnið til miðnættis til að halda í við viðskiptavinafjöldann, svo mikið hefur verið að gera. Tilboðin eru þó ekki eina húllumhæið í tilefni afmælisins því í dag klukkan fimm mun kvennakórinn Vox feminae syngja á vinnustofunni.

Spurð um frekari hátíðarhöld segir Jónína hlæjandi að þau verði að bíða þar til hægist um. „Ég held að við verðum svo þreytt að við höfum ekki orku í að gera neitt næstu vikurnar.“



†

*Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Sveinsdóttir**

áður til heimilis að Hamraborg 18 og Þönglaskála, Skagafirði,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju, Kópavogi, föstudaginn 10. mars kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.
Fyrir hönd aðstandenda,

Eysteinn Jónsson
Edda Þorleifsdóttir



†

*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og sonur,*

**Hjálmur Sigurjón Sigurðsson**

Mánabraut 5, Skagaströnd,

lést á heimili sínu 2. mars og verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. mars klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Geðhjálpar í síma 570 1700.

Sigríður Rut Sigurðardóttir
Guðbjörg Hjálmsdóttir
Harpa Hjálmsdóttir — Brett Harris
Ólafur Freyr Hjálmsson
Ásdís Hjálmsdóttir
Guðbjörg Hjálmsdóttir — Sigurður Sigurjónsson

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S. HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Hallgrímsdóttir**

Reykhúsum, Eyjafjarðarsveit, áður til heimilis að Miklubraut 58, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grundarkirkju laugardaginn 11. mars kl 14.00.

Hallgrímur Ingvarsson — Lísbet Ingvarsson
Brynjólfur Ingvarsson — Rósa S. Aðalsteinsdóttir
Páll Ingvarsson — Anna Guðmundsdóttir
Guðrún María Ingvarsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

# Meira í gámana

Sorpa hefur fjölgað gjaldfrjálsum úrgangsflokkum. Nú geta íbúar höfuðborgarsvæðisins skilað plastumbúðum og umbúðum úr pappír og kartoni á endurvinnslustöðvar án þess að greiða fyrir það. Gjaldskylda fyrirtækja á stöðvarnar er óbreytt en tekið er á móti úrgangsflokkunum án greiðslu í mótttökustöðinni í Gufunesi.

Til að Sorpa taki við úrganginum verður hann að vera flokkaður og án allra aðskotahluta. Plastbrúsum, fötum og tunnum á að skila



tómum og loklausum þótt lokið megi fylgja með. Einnig verður þjónusta í svokölluðum grenndargámum bætt. Ásamt því að hægt verði að skila fernum inn til endurvinnslu má nú setja pappírsumbúðir í gámana líka.




# NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

BARNAHERBERGI – STAÐUR TIL
AÐ LEIKA OG LÆRA, SOFA OG DREYMA

ÁHRIF ÚR AUSTRI
STRAUMAR BERAST VÍÐA AÐ

ILMANDI HEIMILI | PÚÐAR OG PUNT

MATUR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ÆVINTÝRAHEIMAR Á STRIGA
LÍNA RUT WILBERG MYNDLISTARMAÐUR






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í
ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA
GJÖF Í KAUPBÆTI

VEGGFÓÐUR.
tímarit

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS




## STUÐ MILLI STRÍÐA Veikara kynið

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** METUR MIKILVÆGI SITT



Nú hafa vísindin komist að því hvort kynið er veikara. Vísindamenn lögðust í miklar rannsóknir á ofnæmiskerfi kvenna og karla til að sjá hvort þeirra væri sterkara og gerðu niðurstöður sínar opinberar fyrr í vikunni. Þær koma eflaust mörgum á óvart, enda skiptar skoðanir hvort kynið sé veikara og við hvað er átt. Á sumum sviðum virðast karlmenn vera sterkari, en konur á öðrum. Þær skilgreiningar eru þó oft háðar því hvort kynið metur styrkleikann. Karlmenn hafa ætíð talið sig vera líkamlega sterkari, segjast vera með stærri vöðva, geta hlaupið hraðar, lyft þyngri hlutum og stokkið hærra. Oftar en ekki telja þeir sig hraustari og veigra sér nú ekki við einum flensuræfli eða svo, sem þeir hreinlega hrista af sér eins og ekkert sé. Konurnar eru ekki alltaf sammála þessu, enda segja þær karlmenn væla eins og þjófavarnarkerfi þegar þeir verða veikir. Þeir leggjast í rúmið, gleyma hinu daglega lífi og finnst ekkert sjálfsagðara en að konan stjani við þá ræflana, enda líklegt að um banaleguna sé að ræða. Auðvitað eru þetta alhæfing af verstu sort, og fólk misjafnt hvað þetta varðar. Þó virðist leynast sannleikskorn í þessu samkvæmt vísindarannsókninni sem unnin var. Í ljós kom að karlmenn eru veikara kynið. Ónæmiskerfi þeirra er ekki eins gott og hjá konum. Þeir verða oftar veikir og fá fleiri sjúkdóma. Auk þess lifa þeir skemur en konurnar.

Nú hlakkar eflaust í einhverjum konum, sem segja upphátt „ég vissi það“. Þessar upplýsingar segja ýmislegt um líffræðilegt mikilvægi kynjanna og svo virðist sem konurnar séu hæfari til að lifa af, og ef til vill mikilvægari í lífskeðjunni. Þó veit ég nú ekki hvort það sé eitthvað til að hrósa happi yfir, og vera sá sem situr eftir þegar makinn er farinn.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og pa** — Eftir SÖB




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Geri Halliwell talaði nýlega í fyrsta sinn opinberlega um barnið sem hún á von á í maí. Meðal annars sagði hún frá því að hún væri að hugsa um nöfnin Leonardo ef það yrði strákur en Stella ef hún fengi stelpu. „Fyrsti sónarinn sýndi mér eitthvað sem líktist meira kartöflu en manneskju. Ég var hrædd um að ég væri með Kartöflu Halliwell í maganum," sagði hún. Hún hafði áður verið smeyk um að hún gæti ekki eignast börn og var því yfir sig ánægð að verða ófrísk. „Ég er mjög þakklát og hoppaði af gleði þegar ég komst að þessu. Mér fannst ég svo heppin."



Jerry Hall er orðin hundleið á leikfangastrákum. Semsagt er hún leið á að dandalast með yngri mönnum og segir þá lélega í rúminu. „Eldri menn eru betri elskendur. Þeir eru reyndari og kunna á allt saman. Yngri menn neyða mann til að hlusta á Coldplay, og það er engin lækning til við því," sagði Hall.



Mariah Carey er hrædd um að rassinn á henni sé að minnka. „Ég hef verið að æfa á fullu, þú gætir kýlt mig í magann og fundið hversu harður hann er," sagði hún í viðtali við The Daily Mirror. „En ég verð að hægja á mér því einhver sagði við mig um daginn að rassinn á mér væri að hverfa og þá varð ég hrædd," sagði Mariah, sem er einhleyp að svo stöddu ef maðurinn í lífi hennar, hundurinn Jack, er ekki talinn með.



Teri Hatcher hefur lýst því yfir að hún hafi verið misnotuð sem barn. Hún telur þessa hræðilegu reynslu sína vera ástæðuna fyrir því hversu erfitt hún á með að treysta karlmönnum. „Ég er kona sem ber byrðar af hræðslu og viðkvæmni á bakinu. Þessi reynsla hefur haft mikil áhrif á ástarlífið mitt, sem hefur einmitt ekki gengið svo vel hingað til," sagði Teri.



Pink tók mikla áhættu þegar hún bað eiginmann sinn Carey Hart um að gifta sér. Kappaksturskappinn Hart var í miðri keppni þegar Pink veifaði spjaldi við brautina en á spjaldið hafði hún letrað spurninguna. Hart brá svo hrikalega þegar hann sá spjaldið að hann keyrði næstum því á. „Hann var nýkominn framhjá öðrum bíl og í rauninni drap ég næstum því mann því Carey brá svo mikið," sagði Pink en þau giftust í janúar.



Madonna er aftur farin að stunda hestamennskuna, sjö mánuðum eftir að hún slasaðist illilega við þá iðju. Söngkonan braut viðbein, rifbein og handleggsbrotnaði þegar hún féll af hesti á landareign sinni í Englandi. „Ég reyndi að standa upp og beinagrindin mín einfaldlega gaf sig og það leið yfir mig. Ég grét mikið og aðallega vegna sársauka," sagði Madonna, sem greinilega lætur ekki bugast svo auðveldlega.


náttúra | menntun | mannauður | sköpun | hugvit | menning





# ORKULINDIN ÍSLAND

OPIN RÁÐSTEFNA UM GILDI NÁTTÚRU, MANNAUÐS OG HUGVITS

Föstudaginn 10. mars 2006
Hótel Nordica - Suðurlandsbraut 2

Ráðstefnustjóri: Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur

14:00 **Setningarávarp**
Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur og líffræðingur

14:15-16:15 **Stóriðja og EVE Online**
Reynir Harðarson, Creative director og stofnandi CCP

**Hugmyndir og ranghugmyndir um virkjanir vegna stóriðju**
Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur

**Er ástæða til þess að óttast framtíðina ?**
Rögnvaldur Sæmundsson, Forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum

**Hvað segja skoðanakannanir okkur um afstöðu almennings til náttúruverndar?**
Árni Finnsson, Náttúruverndarsamtök Íslands

**Enginn veit hvað átt hefur - fyrr en misst hefur.**
Magnús Sigmundsson, framkvæmdastjóri Hestasports - Ævintýraferða, Skagafirði

**Náttúran í máli og myndum**
Einar Ó. Þorleifsson, náttúrufræðingur

16:15-16:30 Kaffihlé

16:30 – 17:30 **Pallborðsumræður**
Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu
Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum
Ragnhildur Sigurðardóttir, vistfræðingur
Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum
Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokki
Fulltrúi frá Framsóknarflokki

FRJÁLS FRAMLÖG VIÐ INNGANGINN

NÁTTÚRUVAKTIN
Fuglaverndarfélag Íslands
HÆTTA!

**!** **Kl. 20.00**
*Hljómsveitirnar Big Kahuna, el Rodeo, Blindsight og The Best Hardcore Band in the World spila á Fimmtudagsforleik í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5. Hressandi tónlist sem er tilvalin upphitun fyrir helgina.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Skimað eftir skúffuskáldum*

Skáldspírur Íslands færa út kvíar sínar og í kvöld efna ung skáld til „Ljóðarís" í Stúdentakjallaranum. Þessi upplestraröð er angi af Skáldspírukvöldum sem Benedikt Lafleur hefur staðið fyrir vikulega m.a. á Kaffi Reykjavík og í bókabúðinni Iðu en stefnt er að því að halda slík Ljóðarí mánaðarlega. Að upplesturunum standa líka nemendur í Háskóla Íslands en í forsvari þeirra er Björk Þorgrímsdóttir bókmenntafræðinemi sem segir að þetta sé kjörið tækifæri fyrir ungt fólk að til að troða upp og lesa. „Við erum ekkert endilega að grafa eftir neinum stórskáldum, við reynum að skapa vettvang fyrir fólk sem er að skrifa og ætlum að þefa uppi skúffuskáldin." Björk segir að fólkið sem ætli að lesa í kvöld sé úr öllum áttum og ólíkum deildum innan Háskóla Íslands. Í hléi mun fjöllistamaðurinn Leif Vollebekk einnig troða upp en hann mun spila á gítar og syngja fyrir ljóðaunnendur og aðra gesti auk þess að flytja eigin ljóð. „Við trúum því að það sé mikill áhugi á svona framtaki og ætlum að hafa þetta skemmtilegt," segir Björk. Aðstandendur Ljóðarísins stefna einnig að því að halda málefnakvöld tengd ljóðlist á næstunni. Ljóðarí hefst kl. 21 í Stúdentakjallaranum við Hringbraut.



BJÖRK ÞORGRÍMSDÓTTIR

### > Ekki missa af

...samsýningu Ragnheiðar Georgsdóttur og Júlíusar Samúelssonar sem stendur yfir um þessar mundir á kaffihúsinu Sólon á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis.

...Hungri, sálfræðitrylli eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachman á fjölum Borgarleikhússins. Anorexía og aðrar annarlegar raskanir í óhugnalegum búningi.

...málþingi um menningu á Íslandi og íslensk fræði sem Stofnun Sigurðar Nordal stendur fyrir í Norræna húsinu á morgun.

# Austrið ómar

Í hádeginu í dag gefst fólki kostur á að heyra fagra rússneska tóna í Hafnarfirði. Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, efnir til hádegistónleika þar sem Bryndís Halla Gylfadóttir og Antonía Hevesi munu spila tónlist eftir rússnesku meistarana Tsjaikovskí, Rachmaninoff, Stravinskí og hinn minna þekktari Glazunov. Tónleikarnir eru liður í mánaðarlegri tónleikaröð Hafnarborgar en Antonía er listrænn stjórnandi þeirra. Bryndís Halla spilar í fyrsta skipti á þessari tónleikaröð og finnst framtakið frábært. Hún segir að verkin séu úr mjög ólíkum áttum en „öll svona í alvarlegri kantinum," sum þeirra séu samin fyrir selló og píanó en önnur séu útsett fyrir hljóðfærin eins og t.d. verkið eftir Stravinskí sem er aría úr óperu. Tónleikarnir standa yfir í u.þ.b. hálftíma og eru sérstaklega hugsaðir fyrir fólk sem vill skreppa frá í hádeginu og njóta góðrar tónlistar og jafnvel fá sér léttan hádegisverð á kaffistofu Hafnarborgar. Ókeypis er á tónleikana og þeir eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.



ANTONÍA HEVESI PÍANÓLEIKARI OG BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR SELLÓLEIKARI



JÓN NORDAL TÓNSKÁLD Á ÆFINGU SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# Brautryðjandi heiðraður

**Sinfóníuhljómsveit Íslands heiðrar Jón Nordal í tilefni af áttræðisafmæli tónskáldsins og flytur fimm verka hans á sérstökum afmælistónleiknum í kvöld.**

Jón kveðst ánægður með efnisskrána, verkin sem flutt verða spanna langan tónskáldaferil hans en hann segir að á dagskránni séu til að mynda „fjórir einleikskonsertar sem verða fluttir af framúrskarandi tónlistarfólki."

Elsti konsertinn er fyrir píanó en hann frumflutti Jón sjálfur árið 1957 ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það var fyrsti píanókonsert íslensks tónskálds og fyrsta íslenska tónsmíðin fyrir einleikshljóðfæri og hljómsveit síðan Jón Leifs lauk við sinn orgelkonsert árið 1930. „Nú mun ungur tónlistarmaður leika píanókonsertinn, ungur maður með æskuþrótt," segir Jón en Víkingur Ólafsson píanóleikari mun spila konsertinn í kvöld. Yngsta verkið á efnisskránni er klarínettukonsert sem Sinfóníuhljómsveitin frumflutti árið 2000 í stjórn Petri Sakari sem einnig er hljómsveitarstjóri í kvöld. Á undan tónleikunum verður kynning á vegum Vinafélags Sinfóníuhljómasveitar Íslands í Sunnusal Hótel Sögu þar sem Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur mun fara yfir feril Jóns Nordal. Hann segir að efnisskrá tónleikanna í kvöld muni gefa mjög góða mynd af ferli Jóns. „Þessi dagskrá sýnir breiddina frá unga manninum sem er enn að draga í sig áhrif, nýkominn heim úr námi erlendis og svo fylgjumst við með honum finna sinn eigin tón og fínpússa hann."



VÍKINGUR ÓLAFSSON PÍANÓLEIKARI

**Áhrifavaldur og frumherji**

Jón Nordal var einn af forvígismönnum módernismans í íslenskri tónlist og starfaði m.a. sem formaður félagsins Musica Nova, sem stofnað var árið 1959 til þess að kynna tónlist íslenskra tónskálda og skapa vettvang fyrir yngri hljóðfæraleikara. Því hefur verið haldið fram að með Musica Nova hafi nútíminn hafið innreið sína í íslenskt tónlistarlíf. Jón Nordal var skólastjóri Tónlistarskóla Reykjavíkur frá 1959 til 1992 og hafði ómæld áhrif á fjölmargar kynslóðir tónlistarmanna. Árni Heimir segir að það skipti miklu máli fyrir ung íslensk tónskálda að geta sótt í viðlíka sjóð og höfundarverk Jóns er. „Öll yngri tónskáld hér á Íslandi hljóta að vera undir áhrifum frá Jóni - ekki aðeins í tónlistinni sjálfri, þó músíkin sé sterk og búi yfir mikilli tjáningu þá skipta líka viðhorf hans og hugmyndafræðin sem speglast í verkum hans miklu máli. Jón er tónskáld sem lætur ekki glepjast af yfirborðinu sem fólk vill oft týnast í, hann skrifar vandaðar tónsmíðar þótt hann hafi ekki samið ótrúlega mikið af verkum," segir Árni Heimir Ingólfsson.

**Afmælisdagskrá**

Jón Nordal hefur sjálfur í nógu að snúast þessa dagana, á mánudaginn fagnaði hann áttræðisafmæli sínu í Iðnó ásamt vinum sínum og velunnurum. „Það var ljómandi samkoma," segir Jón. Tónskáldið segist enn vera að semja þó hann vilji lítið fara út í smáatriði og kveðst taka því rólega. „Þetta er sá tími þegar menn fara að leggja þetta á hilluna," segir hann hógvær. Á næstunni munu fleiri tónlistarmenn heiðra starf Jóns Nordals, m.a. heldur Tríó Reykjavíkur tónleika í Hafnarborg nk. sunnudag kl. 20.00 þar sem dagskráin er helguð starfi og verkum hans.




NÝJAR BARNAVÖRUR
FRÁBÆR TILBOÐSVERÐ
bolir kr. 990,-
skyrtur kr. 1.490,-
buxur kr. 1.990,-
zip-off buxur kr. 2.490,-
flíspeysur kr. 1.490,-
bakpokar kr. 990.-
regnbuxur kr. 990,-
regnjakkar fóðraðir kr. 3.990,-
regnbuxur isotex kr. 1.490,-
regnjakkar fóðraðir isotex kr. 2.990,-
sandalar kr. 2.490,-
gönguskór kr. 2.490,-
gönguskór háir kr. 4.490,-
ofl. ofl.
REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216




# Skál er ekki bara skál

„Ég hef málað sömu könnuna og sömu skálina mörg þúsund sinnum en finnst ég samt ennþá vera að þróast og þroskast,“ segir Pétur Gautur Svavarsson myndlistarmaður, sem um síðustu helgi opnaði stóra sýningu á málverkum sínum í Hafnarborg.

Á sýningunni eru stór málverk frá síðustu tveimur árum. Pétur Gautur er þekktur fyrir kyrralífsmyndir sem hann hefur málað árum saman og þessi sýning er engin undantekning þótt myndirnar séu orðnar stærri og inni á milli bregði fyrir blómamyndum.

„Blómamyndirnar hafa reyndar líkst meira og meira uppstillingunum sjálfum. Blómaknapparnir eru búnir að taka á sig skálaformin og blómastilkarnir orðnir eins og röndóttu dúkarnir mínir voru áður á borðunum. Það má segja að þetta sé nákvæmlega það sama og ég var að gera áður, bara undir öðrum merkjmum. Og ég er mjög ánægður með það.“

Hann tekur reyndar fram að þótt sjá megi skálar og könnur á myndunum séu þetta ekkert endilega myndir af skálum og könnum, „heldur er þetta allt leikur að litum og formum. Það er endalaust hægt að leika sér að þessu.“



**PÉTUR GAUTUR SVAVARSSON** Hefur málað skálar og könnur í þúsundavís, en er samt alltaf að uppgötva eitthvað nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hann bjó úti í Danmörku í mörg ár og byrjaði þar að mála uppstillingar.

„Þar er gömul og þekkt kyrralífsmyndagerð, líka eftir okkar gömlu málara. Ég var alltaf dálítið hrifinn af gömlu kyrralífsmyndunum og hef haldið mig við þær síðan.“

Pétri finnst reyndar oft myndirnar hreinlega mála sig sjálfar. „Bestu myndirnar eru þær sem ég hef minnst fyrir, þær sem ég mála til dæmis ef ég næ að gleyma mér í útvarpssögunni eða hljóðbókunum. Þetta er eins og að reyna að sofna. Þegar maður rembist sofnar maður aldrei, en svo þegar maður fer að slaka á gerast hlutirnir.“

Sýning Péturs Gauts er í Aðalsal Hafnarborgar og henni lýkur mánudaginn 27. mars. ■

# Svarta gullið glóir ekki

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Stephen Gaghan hefur helst getið sér til frægðar að hafa skrifað handritið að myndinni Traffic frá árinu 2000. Þá hafði Steven Soderbergh tögl og haldir, en í þetta sinn settist Gaghan sjálfur í leikstjórastólinn og Soderbergh er meðal þeirra sem framleiða myndina. Fíkniefni voru viðfangsefnið í Traffic; ljósi var brugðið á útbreiðslu þeirra, áhrif og baráttuna gegn þeim, en sögum ólíkum einstaklinga úr öllum stéttum, sem áttu fátt eða ekkert sameiginlegt nema fíkniefni, var fléttað saman.

Það sama er nú uppi á teningnum. Syriana segir sögu nokkurra manna; Bob Barnes (Clooney) er bandarískur leyniþjónustumaður í Mið-Austurlöndum sem er settur út í kuldann af yfirmönnum sínum þegar kreppir að. Bennett Holiday (Wright) er lögfræðingur sem er falið að rannsaka samruna tveggja risaolíufyrirtækja. Bryan Woodman (Damon) er ráðgjafi arabísks prins (Siddig) í orkumálum og Wazim (Munir) er ungur farandverkamaður í leit að vinnu fyrir botni Miðjarðarhafs og er farinn að daðra við hryðjuverkahópa. Allir eiga þessir menn eitt sameiginlegt: olíu.

Gaghan ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur, frekar en í Traffic, en með öllu brokkgengari árangri. Það helgast helst af því að hann kýs að fara nákvæmlega sömu leið í leikstjórastólnum og Soderbergh fór - allt frá útliti að innihaldi. Handritið að Traffic er notað sem skapalón með nýju þema. í fyrri myndinni hélt Topher Grace innblásna ræðu um hin alltumlykjandi fíkniefni og tilgangslausa baráttuna gegn. Í Syriönu er það hlutskipti Tim Blake Nelson að halda ræðu um hina alltumlykjandi spillingu og tilgangslausu baráttuna gegn henni.

Syriana er þó langt því frá slæm mynd; persónusköpunin og frásagnirnar eru áhugaverðar: George Clooney fer fremstur meðal jafningja sem samviskulaust handbendi bandarísku leyniþjónustunnar sem fer loksins að velta fyrir sér hvað liggur að baki starfi hans - hugsanlega of seint. Jeffrey Wright er sannfærandi sem lögfræðingurinn sem er um það bil að segja skilið við samvisku sína og ganga út í fen sem ekki verður snúið til baka úr. Sagan af ungu farandverkamönnunum sem ganga til liðs við hryðjuverkasamtök er hins vegar of einföld til að rista sérlega djúpt og og margir þræðir eru óhnýttir í lokin.

Það hefði verið óskandi að Gaghan hefði fetað aðrar slóðir í Syriönu en í Traffic, en þegar öllu er á botninn hvolft tekst honum þó ágætlega að lýsa því sem virðist vera sjálfskapaður vítahringur olíuiðnaðarins, með afleiðingum sem snerta nánast hvern einasta jarðarbúa. Óbreytt ástand getur aðeins endað á einn veg og skilaboðin eru skýr: Enginn verður hreinn af því að baða sig í olíu.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**SYRIANA**

**LEIKSTJÓRI:** STEPHEN GAGHAN

**AÐALHLUTVERK:** George Clooney, Jeffrey Wright, Chris Cooper, Matt Damon, Anthony Siddig, Amanda Peet, Christopher Plummer og Mazhar Munir.

**Niðurstaða:** Ágæt mynd um risavaxið og eldfimt efni, en Stephen Gaghan fetar full troðnar og öruggar slóðir fyrra höfundarverks.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

6 7 8 **9** 10 11 12

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Bryndís Halla Gylfadóttir** sellóleikari og **Antonía Hevesi** píanóleikari flytja rússneska rómantík á hádegistónleikum í Hafnarborg, Hafnarfirði.

☐ 19.30 Fimm einleikarar, þau **Víkingur Ólafsson, Guðný Guðmundsdóttir, Ásdís Valdimarsdóttir, Einar Jóhannesson** og **Erling Blöndal Bengtsson**. heiðra tónskáldið **Jón Nordal** og flytja einleikskonserta eftir hann ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói, sem haldnir eru í tilefni af áttræðisafmæli tónskáldsins.

☐ 20.00 Hljómsveitirnar **Big Kahuna, el Rodeo, Blindsight** og **The Best Hardcore Band In The World** spila á Fimmtudagsforleik í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5. Sextán ára aldurstakmark.

☐ 22.00 **Michael Pollock** heldur tónleika á Rósenberg þar sem hann kannar rætur tónlistarinnar. Við sögu koma m.a. lagasmíðar Woody Guthrie, Hank Williams, Johnny Cash, Bob Dylan og Robert Johnson.

☐ 22.30 Danska hljómsveitin **Epo-555** spilar á Grand Rokk.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Tumi Magnússon** opnar sýningu í i8, Klapparstíg 33.

### SAMKOMUR

☐ 21.00 **Ljóðarí**, fyrsta upplestrarkvöldið með ungum og nýjum skáldum, verður haldið í Stúdentakjallaranum.

### UPPISTAND

☐ 21.00 Uppistand.is hóar saman hæfileikafólki til og efnir til uppistands. Fram koma **Steinn Ármann**, **Bjarni töframaður**, **Rökkvi Vésteinsson** og **Þórhallur Þórhaldsson**. Kynnir kvöldins er **Oddur Boxer**. Allur ágóði rennur til styrktar flogaveikur. Aðgangseyrir er 500 kr.

BORGARLEIKHÚSIÐ



| Stóra svið | Nýja svið / Litla svið |
|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Lau 11/3 kl. 14 UPPS. Su 12/3 kl. 14 UPPS. | Fö 10/3 kl. 20 UPPS. Lau 11/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 18/3 kl 14 UPPS. Su 19/3 kl. 14 UPPS. | Su 12/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS. | Fi 23/3 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20 |
| **CARMEN** | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 Fi 16/3 kl. 20 |
| Lau 25/3 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR! | Fö 24/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20 UPPSELT |
| | Fi 30/3 kl. 20 100. SÝNING Lau 1/4 kl. 20 |
| | ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK |
| **TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-** | **HUNGUR** |
| Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort | Í kvöld kl. 20 Fi 16/3 kl. 20 |
| Su 19/3 kl. 20 Græn kort | Fö 17/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 |
| Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20 | Fö 24/3 kl. 20 |
| | ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI |
| **WOYZECK** | **NAGLINN** |
| Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 . | Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20 UPPSELT |
| | Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS. |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Fi 13/4 kl. 14 Lau 15/4 kl. 14 | Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20 |
| Má 17/4 kl. 14 Fi 20/4 kl. 14 | |
| **FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** | |
| Su 30/4 kl. 20 Þri 2/5 kl. 20 | |
| Mi 3/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20 | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

**Aukasýningar í mars:** Sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

**Aukasýning sun. 12/3 kl. 13:00** örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

VIRKJUNIN

3. sýn. í kvöld fim. 9/3 nokkur sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. fös. 24/3, 10. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 8 sýningar.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 26/3 **kl. 17:00**, fim. 30/3, fös. 31/3.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**

Sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 **uppselt**, **aukasýning mið. 15/3** örfá sæti laus, fim. 16/3 **uppselt**, fös. 17/3 **uppselt**, lau. 18/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00**, fim. 6/4, fös. 7/4, lau. 8/4, sun. 9/4.

**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**

Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.

Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS

AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.

MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HIMNARÍKI

Fös. 10. mars. kl. 20

Lau. 18. mars. kl. 20

SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/

Einar Má Guðmundsson

Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT

Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT

Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

VIÐTALIÐ

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

lau. 11. mars kl. 20

sun.12. mars kl. 20

fös. 17. mars kl. 20

sun. 19. mars kl. 20

fös. 24. mars kl. 20

sun. 26. mars kl. 20







FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000







# ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**SÍÐUSTU SÝNINGAR**
9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - LOKASÝNING

*„Á meðan jafn vel tekst til og á þessu kvöldi þarf vart að hafa áhyggjur af framtíð Ízlensku óperunnar"*
*R.Ö.P Morgunblaðinu*

**KYNNING FYRIR SÝNINGU - KL. 19.15**
**Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.**
**Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN









*Hey, I‘m not square, you‘re the one that‘s square. You‘re full of shit, man. What are you talking about? You walk out with those fuckin‘ creeps and low-lifes and degenerates out on the streets and you sell your little pussy for peanuts? For some low-life pimp who stands in the hall? And I‘m square? You‘re the one that‘s square, man. I don‘t go screwing fuck with a bunch of killers and junkies like you do. You call that bein‘ hip? What world are you from?*

Travis Bickle les Iris pistilinn í hinni mögnuðu Taxi Driver sem gerði Robert De Niro að stórstjörnu.

**bíó**

bio@frettabladid.is

# Næsti stórleikari?

Lengi vel hefur Colin Farrell verið einn efnilegasti leikarinn í Hollywood. Lífernið hefur hins vegar sett strik í reikninginn og andlit Farrells birtist oftar á síðum blaðanna vegna skandala sinna á börunum en afreka á hvíta tjaldinu. Farrell gæti því átt það á hættu að enda í b-myndunum víðfrægu og feta í fótspor ótrúlega margra leikara sem mega muna fífil sinn fegri eftir að hafa átt frekar stutta dvöl á toppnum.

Farrell er fæddur í Dublin og hefur fengið mörg bitastæð hlutverk út á hinn sérkennilega hreim sinn. Það verður reyndar að segja Farrell til hróss að honum hafði tekist að leika í myndum eftir leikstjórana Joel Schumacher og Steven Spielberg áður en hann náði 25 ára aldri.



**COLIN FARRELL** Hefur verið efnilegasti leikarinn í Hollywood um nokkurt skeið en nú bíða menn eftir því að hann hætti því og verði góður.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Farrell hefur lengi haft orð á sér fyrir að vera „óheftur“ þegar kemur að neyslu brennivíns og annarra vímugjafa. Samleikari hans úr Miami Vice, Jamie Foxx, sagði þó þessar sögur oft vera ýktar og úr lausu lofti gripnar. Farrell hefur með mikilli vinnu tekist að verða ein af stærstu stjörnum Hollywood um þessar mundir. Hvað framtíðin ber með sér verður síðan að koma í ljós.

Meðal næstu verkefna sem kvikmyndahúsagestir geta átt von á að sjá írska leikarann í er áðurnefnd Miami Vice sem byggð er á sjónvarpsþáttunum vinsælu og I‘m Not There eftir Todd Haynes þar sem Richard Gere og Julianne Moore eru meðal leikara. Sú þykir um margt merkilegt en Bob Dylan er þar leikinn af átta mismunandi leikurum.

## > Ekki missa af...

Crash sem hefur verið tekin aftur til sýningar í Háskólabíó. Myndin lýsir vel því dulda kynþáttahatri sem lifir góðu lífi meðal íbúa Los Angeles, hvort heldur er meðal svartra eða hvítra. Leikhópurinn er gríðarlega sterkur og nægir þar að nefna Matt Dillon en hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á lögreglumanninum Ryan. Meðal annarra má nefna Ryan Phillippe, Söndru Bullock og Thandie Newton auk Terrence Howard en hann fékk Óskarstilnefningu fyrir leik sinn í Hustle & Flow.



**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**The New World**
Internet Movie Database 7,4 / 10
Metacritic.com 6,8 / 10
Rottentomatoes.com 58% / Rotin



**Aeon Flux**
Internet Movie Database 5,3 / 10
Metacritic.com 6,6 / 10
Rottentomatoes.com 12% / Rotin

# Sagan af Pocahontas

**Margir muna eflaust eftir hinni fallegu teiknimynd Pocahontas sem Disney gerði árið 1995. Nú er draumaverksmiðjan mætt aftur með þessa sígildu sögu og að þessu sinni er það hinn goðsagnakenndi Terrence Malick sem situr við stjórnvölinn.**



**POCAHONTAS** Síðast birtist indjánaprinsessan í teiknimynd frá Disney en nú hefur Terrence Malick gert sína eigin útgáfu.

Árið 1607 fjármagnaði London Virginia Company leit að gulli eða fjársjóði sem sagður var falinn í Vesturheimi. Þrjú skip sigldu yfir Atlantshafið og gerðu strandhögg við James-ána í Virginiu þar sem bærinn Jamestown var stofnaður. Bátsverjarnir 103 voru hvergi nærri nógu vel búnir undir lífið á framandi slóðum og dvöl þeirra fjarri heimabyggðum gerði þá afhuga gullleitinni. Spurningin var bara hvort þeir myndu lifa dvölina af.

Áður en í óefni stefnir ákveður John Smith að taka með sér hóp manna til að leita matar og ganga þeir upp með Chickahominy-ánni. Þar situr Powhatan-ættbálkurinn fyrir óboðnu gestunum og eru allir drepnir nema Smith, sem tekinn er til fanga hjá indjánunum. Í fangavistinni kynnist hann fagurri dóttur höfðingjans Powhatan, Pocahontas, sem kennir honum að lifa af landinu og fræðir hann um menninguna þjóðarinnar. Þegar Smith hefur tekist að safna saman nægilegri fæðu fyrir veturinn snýr hann aftur til Jamestown.

Veturinn líður en með vorinu er ljóst að samskipti frumbyggja og aðkomumanna eru ekki með besta móti. Höfðinginn Powhatan uppgötvar að gestirnir hafa ekki í hyggju að hverfa á braut og stríð virðist óumflýjanlegt en Pocahontas varar vin sinn Smith við yfirvofandi árás föður hennar. Þegar ættbálkinum er slátrað uppgötvar höfðinginn að dóttirin hefur svikið hann og ákveður að selja hana í hendur öðrum ættbálki sem síðan skiptir henni fyrir frið við Englendinga. Hún lærir að aðlagast lífi þeirra með hjálp Smiths en hann er fljótlega kallaður aftur til Englands þar sem honum er gert að leiða nýjan leiðangur.

Fleiri forvitnir Englendingar streyma að til nýja heimsins og þeirra á meðal er John Rolfe. Pocahontas verður ástfangin af honum og Rolfe flytur hana með sér til heimalandsins en þar er Pocahontas kynnt sem prinsessan af Virginiu. Á Englandi veikist hún hins vegar og deyr á leiðinni til Bandaríkjanna, aðeins 21 árs að aldri.

Terrence Malick verður seint sakaður um að vera afkastamikill leikstjóri. Þegar hann gerði Thin Red Line árið 1998 voru tuttugu ár liðin frá hans síðustu mynd, Days of Heaven. Hann á að baki fimm myndir í fullri lengd en þeirra þekktust er vafalítið Badlands sem kom út árið 1973. Hér hefur hann fengið til liðs við sig Colin Farrell sem leikur John Smith en stutt er síðan írski leikarinn var í hlutverki Alexanders mikla sem Oliver Stone gerði við litlar undirtektir. Gamla brýnið Christopher Plummer fer einnig með stórt hlutverk auk Batmanleikarans Christians Bale. Táningsstúlkan Q'Orianka Kilcher leikur svo Pocahontas.

freyrgigja@frettabladid.is

# Vinsældir Óskarsins dala

Óskarinn er vissulega stærsta verðlaunahátíðin í kvikmyndaheiminum en áhugi áhorfenda virðist fara smám saman dvínandi því áhorfið í ár mældist það þriðja minnsta síðan mælingar hófust. Árið 2003 náði það sögulegu lágmarki því einungis 33 milljónir horfðu á Chicago vera útnefnda sem bestu myndina. Þegar Clint Eastwood tók styttuna góðu fyrir Million Dollar Baby í fyrra hafði aðeins bætt í en þá settust 42 milljónir áhorfenda fyrir framan viðtækin.

Sjónvarps - og kvikmyndaspekingar hafa velt vöngum yfir því af hverju áhorfið á Óskarinn fari hríðlækkandi. Í erlendu blöðunum hafa heyrst miklar efasemdarraddir um ágæti Jons Stewart sem kynnis. Gagnrýnandi Washington Post sagði hátíðina hafa keyrt á vegg og New York Post fannst Stewart ekki ná sér á strik. „Eins fyndinn og hann getur verið í þættinum sínum,“ skrifaði Alessandra Stanley í blaðið.

Aðrir benda á að kvikmyndirnar fimm sem voru tilnefndar hafi ekki höfðað til „almennings“. Þær hafi verið of djúpt þenkjandi, fjallað um málefni sem flestum séu hulin, leikarnir hafi ekki verið þekktir skemmtikraftar og því hafi áhugaleysi verið ríkjandi um hver myndi hreppa Óskarinn. Það getur á hinn boginn orðið forvitnilegt að sjá hvernig Akademían bregst við þessum áhorfstölum því væntanlega vill hún draga sjónvarpsáhorfendur að skjánum á ný og gera hátíðina að alheimsviðburði. ■



**JON STEWART** Hefur fengið afar misjafna dóma fyrir frammistöðu sína en áhorfið á þessa hátíð var það þriðja lægsta frá því að útsendingar hófust.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hefndarengillinn Aeon Flux

Aeon Flux birtist fyrst sem teiknimyndapersóna á tónlistarstöðinni MTV en bardagagellan er hugarfóstur Peter Chung. Nú hefur verið gerð kvikmynd um stúlkuna í níðþrönga latex-gallanum og hana leikur engin önnur en Óskarsverðlaunahafinn Charlize Theron sem var einmitt tilnefnd á þessu ári fyrir leik sinn í North Country. Karyn Kusama situr í leikstjórastólnum en hún vakti mikla athygli með kvikmyndinni Girl Fight.

Aeon Flux gerist árið 2415 en þá er þjóðfélagið fullkomið. Flux er þó ekki sannfærð enda sá hún útsendara stjórnvalda myrða foreldra sína með köldu blóði og frá þeim degi hefur hefndarþorstinn náð yfirtökum.

Auk Theron eru margir gæðaleikarar í stórum hlutverkum og nægir þar að nefna Pete Postlethwaite sem íslenskir kvikmyndahúsagestir geta einnig séð í The Constant Gardener. Þá leikur Frances McDormand einnig í myndinni en hlaut, líkt og Theron, tilnefningu fyrir leik sinn í North Country. Meðal annarra má svo nefna Sophie Okonedo sem einhverjir muna eftir úr Hotel Rwanda. ■



**AEON FLUX** Ofurgellan Charlize Theron þykir taka sig vel út í níðþröngum latexgalla þótt myndin sjálf hafi ekki hlotið náð fyrir augum erlendra gagnrýnenda.

# Kidman ver Craig

Leikarar hvaðanæva úr heiminum hafa fylkt liði og varið Daniel Craig með kjafti og klóm en hann bregður sér í hlutverk James Bond í nýjustu myndinni, Casino Royale. Nýjasti liðsmaðurinn í aðdáendahópi leikarans er ástralska þokkagyðjan Nicole Kidman, sem hvetur alla samstarfsmenn sína til að vinna með honum. Kidman sparaði ekki stóru orðin og sagði Craig henta fullkomlega fyrir hlutverkið. „Stephen Daldry, sem leikstýrði mér í The Hours, sagði að Craig væri besti karlleikari Englands,“ lýsti Kidman yfir við blaðamenn á dögunum og taldi hann hafa allt til brunns að bera.

Craig hefur átt undir högg að sækja enda sáu margir mikið á eftir Pierce Brosnan, sem nýtur þess nú að vera laus undan pressunni sem hlutverkinu fylgir. Hafa bresku blöðin verið óþrjótandi í að finna á honum höggstað en þeim þótti kynningin á Craig sem Bond heppnast illa, leikarinn lét slá úr sér tvær tennur í einni tökunni og til að bæta gráu ofan á svart kann hann ekki að keyra sjálfskiptan bíl. Brosnan-aðdáendur hafa meira að segja brugðið á það ráð að senda leikaranum vafasama tölvupósta og því ljóst að spennan verður mikil þegar Casino Royale verður loksins frumsýnd.



**KIDMAN** Hefur komið enska leikaranum Daniel Craig til varnar en hann hefur átt undir högg að sækja síðan hann tók Bond-hlutverkið að sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**DANIEL CRAIG** Hefur fengið senda haturspósta frá Brosnan-aðdáendum sem vilja losna við hann úr hlutverki James Bond. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES





ÞÆR BYRJA Í KVÖLD

Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD!




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000



> **Engifer**

*...er alveg ómissandi í alla hollustudrykki enda bráðhollt.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SIGURRÓS STEFÁNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

# Lambalundir eru langbestar



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Mér finnst grænmeti rosalega gott og gæti ekki verið án þess.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ætli það sé ekki bara siginn fiskur. Mér fannst hann ekkert sérstakur þegar ég var yngri en ég er hrifnari af honum núna. Einnig eru steiktar fiskibollur sterkar í minningunni.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég held að það sé lambakjöt sem standi upp úr. Lambalundir finnst mér vera langbestar.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég borða yfirleitt allan mat en sniglum er ég ekki hrifin af.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Sítrónupipar er aðaltrixið hjá mér. Finnst hann svakalega fínn og set hann á kjöt, kjúkling, lax og bara hvað sem er.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ætli það sé ekki aðallega grænmeti, ávextir og fiskur. Mér finnst gott að fá mér eitthvað hollt.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég á alltaf til mjólk, skyr, egg, grænmeti og ávexti.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?**
Eitthvað sem væri þægilegt að vera með í bakpoka. Kannski harðfisk, möndlur eða hnetur. Eða hvítt súkkulaði.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ætli það sé ekki einhverjar skrítnar fisktegundir. Eða sniglar. Ég er eiginlega voða lítið fyrir að borða eitthvað skrítið.

## PROSPECT HILL:

# *Kraftmikið í hæsta gæðaflokki*



Eitt vandaðasta vínið á afrískum dögum í Vínbúðum er Robertson Prospect Hill Cabernet Sauvignon. Kraftmikið og ákveðið cabernet-vín með miklum sólberjakeim og bragði af viltum berjum, endar svo í leðri og súkkulaði. Vínið er geymt á nýrri franskri eik í tólf mánuði og er þessvegna mjög lifandi og ákveðið. Það er langur súkkulaði keimur sem kemur aftur og aftur upp, löngu eftir að það var í munni. Þetta er vín sem vínþjónar myndu kalla jarðbundið vín. Það má geta þess að vínið fékk hin virtu Michelangelo-verðlaun fyrir skömmu.

*Kynningarverð á afrískum dögum 1.590 kr.*


101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Sigtryggur Jónsson
**Löggiltur fasteignasali**
101 Reykjavík Fasteignasala ehf.
Laugaveg 66, 101 Reykjavík
Sími 511 3101 Fax 511 3909
Gsm 863 2206

**Fossháls / Dragháls**



Til sölu u.þ.b. 800 fm mjög vel staðsett skrifstofuhúsnæði á einni hæð í góðu atvinnuhúsnæði. Húsnæðið býður upp á mikla möguleika, má auðveldlega skipta niður í minni einingar. Lofthæð við mæni er ca 5,5 m, en við útvegg ca 3,5 m. Tveir inngangar eru í húsnæðið, annar frá Fosshálsi og hinn frá Draghálsi. Næg bílastæði, upphitað og malbikað, lóð fullfrágengin.

Glæsilegt útsýni. Húsið er allt ný málað og hefur verið vel viðhaldið.

Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson á skrifstofu í síma 511 3101.




**RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR** Er mjög hrifin af saltkjöti og baunum og fiskibollum, en kann líka ótalmargar salatuppskriftir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekki ekta en rosalega gott

**Þótt Ragnhildi Magnúsdóttur útvarpskonu finnist yfirleitt best að fá sér léttan mat gerir hún stundum undantekningu og fær sér kjarngóðan spagettírétt með skandínavísku ívafi.**

„Þetta er kolvetnis- og próteinsprengja," segir Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona um spagettíréttinn sem hún vill deila með lesendum. „Þetta er svona matur sem maður borðar daginn fyrir langa göngu þegar maður þarf á kaloríum að halda.

Þetta var uppáhaldið mitt þegar ég var lítil og er einmitt í miklu uppáhaldi hjá syni kærasta míns. Börn eru mikið fyrir spagettí."

Ragnhildur kveðst reyna að elda þennan rétt að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í mánuði. „Hann minnir mig líka dálítið á mömmu mína, hún eldaði þennan rétt oft, yfirleitt með látum og brussugangi eins og ég geri. Þetta er frekar skandínavísk útgáfa af spagettí; kannski ekki ekta, en rosalega gott."

Ragnhildur ólst upp í Kaliforníu í Bandaríkjunum og matarsmekkur hennar ber þess sterkt vitni. „Ég er mjög mikið fyrir mexíkanskan mat og elda hann mikið. Ég kann ábyggilega hundrað uppskriftir að salötum, það var mikil áhersla lögð á léttan og hollan mat þegar ég var að alast upp. Þá finnst mér ekki síður gaman að elda taílenskan mat." Hún er þó langt því frá fráhverf íslenska eldhúsinu. „Mér finnst saltkjöt og baunir æðislegt þótt ég borði það ekki oft og er líka sólgin í fiskibollur."

Ragnhildur segir að uppskriftin sem hún lætur fylgja sé tilvalin þegar gesti ber að garði. „Þetta er heppilegur réttur við nánast hvaða tilefni sem er. Það skiptir ekki máli hvaða fólk kemur í heimsókn, ég læt alla borða spagettíið mitt," segir hún og hlær.

bergsteinn@frettabladid.is

**SKANDÍNAVÍSKT PASTA AÐ HÆTTI RAGNHILDAR**
**1 rauður laukur, niðurskorinn niður og steiktur í ólívu olíu**
**5-10 marðir hvítlauksgeirar**
**1 græn og ein 1 rauð niðurskorin paprika**
**Ungnautahakk**
**Ekta tómatsósa eða tómatpúrra.**
**Sojasósa**
**Oregano, basil, pipar, salt, ítalskt krydd.**

Steikið grænmetið og hakkið á pönnu. Kryddið rækilega með oregano, basil, pipar, salti og ítölsku kryddi. Bætið við tómatsósunni og slatta af sojasósu og látið malla í að minnsta kosti þrjátíu mínútur, fyrst á háum hita en lækkið svo undir.

Berið fram með góðu spagettíi, ekki of soðnu. Notið sjávarsalt og mikla ólívuolíu við suðuna.

Stráið soja osti eða parmesan yfir og borðið helst ekki minna en þrjá diska.

# Afrískir dagar í Vínbúðum

Í mars eru afrískir dagar í Vínbúðum og hægt að fá fjölmörg vín á kynningarverði. Auk þess eru á boðstólum vín frá Afríku sem eingöngu verða fáanleg meðan á þessum þemadögum stendur.

Vínrækt á sér langa sögu í Suður-Afríku sem rekja má aftur til 17. aldar. Á 19. öld voru sæt vín frá Constantia talin meðal þeirra bestu í heimi. Aðskilnaðarstefnan og viðskiptabann umheimsins hafði mikil áhrif á efnahagslíf í Suður-Afríku, þ.á.m. víniðnaðinn. Markaðir hurfu og um leið tækifæri til viðhalds og endurnýjunar. Vingarðar, tunnur og tæki gengu úr sér. Þegar viðskiptabanni var aflétt uppúr 1990 hófst endurreisn sem enn er í gangi. Fjöldi nýrra og metnaðarfullra fyrirtækja spratt upp úr ríkisfyrirtækinu KWV, sem var brotið upp. Í dag er verið að bæta vingarða, tunnur og tæki hafa mikið til verið endurnýjuð. Bestu vínin batna sífellt og framtíðin er björt. Auk rauðvína og hvítvína er mikið framleitt af freyðivínum, styrktum vínum, bæði sérrí og portvínstýpum, auk þess sem umtalsverður hluti af víni er eimaður í brandí.

Vínhéruð Suður-Afríku liggja flest frá 31° til 34° suðlægrar breiddar, sem jafngildir nokkurn veginn breiddargráðu Norður-Afríku. Loftslag í Suður-Afríku er hlýtt og sólríkt. Inni í landinu er mjög heitt en svalara með suður- og vesturströndinni þar sem kaldir hafstraumar kæla loftslagið og hafa úrslitaáhrif á vínræktunarmöguleika. Án þeirra væru suðurafrísk vín einungis heppileg til eimingar og framleiðslu styrktra vína.



## ROBERTSON:

# *Talið mjög góð kaup í fagtímaritum*



Mörg góð vínræktarhéruð eru í Suður-Afríku og er Robertson-héraðið í nágrenni Höfðaborgar eitt það besta. Nokkrar fjölskyldur tóku sig saman og stofnuðu víngerðina árið 1941. Þessar fjölskyldur réðu til sín einn besta kjallarameistara Suður-Afríku til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni. Hann heitir Pon van Zyl og gerði Robertson Winery að þriðja stærsta vínfyrirtæki í Suður-Afríku. Árið 1984 kom Bowen Botha til sögunar og endurnýjaði tækin og stórjók útflutning. Einkenni Robertson er góð vín á góðu verði. Í dag eiga 43 fjölskyldur fyrirtækið og er mjög eftirsótt að eiga hlut í því. Gaman er að minnast á að Robertson-vínin ganga verulega vel í Norðurlöndum, virðast vera þau vín frá Suður-Afríku sem einna best falla að norrænum smekk.

Robertson Chardonnay hefur mikið bragð af melónu og keim af lime. Sérstaða þessa chardonnay er sú að þrúgan er ræktuð hátt í fjallshlíðum og gefur það víninu mikinn ferskleika og fyllingu. Það er mjög kremað, með talsverðan keim af hnetum sem kemur frá eikinni en það er óvanalegt um kassavín að þau séu þroskuð í eikartunnum. Þetta gefur víninu tölverðan karakter og ágæta fyllingu.

*Kynningarverð á afrískum dögum 3.290 kr. í 3 lítra kössum.*

Þægileg og aðgengileg cabernet vín hafa rutt sér til rúms. Robertson Cabernet Sauvignon er dökkt og mjúkt með talsvert miklu bláberjabragði sem gefur víninu skemmtilegan ávaxtakeim. Vínið er talið mjög góð kaup í mörgum fagritum.

*Kynningarverð á afrískum dögum 3.490 kr. í 3 lítra kössum og 1.090 kr. í flöskum.*

## VEITINGASTAÐURINN

**QUIZNOS**

SUÐURLANDSBRAUT 32,
105 REYKJAVÍK.




## *Ljúffengur hádegisbiti*

**Hvernig er stemmningin:** Þetta er dæmigerður skyndibitastaður, innréttingar eru í ætt við sams konar staði í Ameríku og því fer lítið fyrir frumleikanum. Veggirnir eru veggfóðraðir og litasinfónían er frekar óspennandi, dökkgrænum, ljósgulum og ferskjulituðum blandað saman. Fyrsti Quiznos-staðurinn var stofnaður í Denver í Bandaríkjunum árið 1981 og fjölgaði stöðunum jafnt og þétt. Árið 1991 voru staðirnir orðnir 18 talsins en árið 2005 voru þeir 4.500.

Gott er að taka matinn með sér heim ef þessi hönnun fer í taugarnar á fólki.

**Matseðillinn:**
Þótt innréttingarnar séu ekki þær flottustu eru samlokurnar algert lostæti. Hægt er að velja um ótal tegundir, bæði kjöt- og grænmetissamlokur. Einnig er boðið upp á girnileg salöt þar sem kjúklingur spilar stórt hlutverk en hægt er að fá ýmsar tegundir af kjúklingasalati. Stærðirnar á samlokunum heita minni, stærri og risastór. Minni er feikinóg fyrir eina manneskju, stærri er fínn ef maður tekur með sér í vinnuna því þá getur verið gott að narta í seinni helminginn af samlokunni síðdegis. Risastóri er fínn fyrir tvo eða mjög svangan einstakling. Einnig er boðið upp á súpur og smákökur.

**Vinsælast:**
Kjúklingasalötin eru mjög vinsæl ásamt kjúklinga og kalkúnasamlokum af ýmsu tagi.

**Verð:**
Minni samlokan kostar í kringum 600 krónur, stærri í kringum 800 og risastór í kringum 1.300 krónur.

allt tilboð
Alla föstudaga



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Fyrir þá sem vilja ganga lengra

Líkamsræktarnámskeiðið Extreme hefst í World Class í dag þar sem þátttakendur munu fara lengra en flest venjulegt fólk fer í því að styrkja líkama sinn.

Ekki er langt síðan svokölluð Boot Camp-námskeið voru auglýst þar sem sannkallaður heragi átti að ríkja og sú verður einnig raunin á Extreme-námskeiðinu, sem er verið að halda í annað sinn. „Það virðist vera einhver kippur í þessu finnst mér, að fólk vilji láta fara með sig aðeins lengra og láta pína sig. Þetta er agi og allir vilja hafa reglu og aga,“ segir Sveinbjörn Jóhannesson einkaþjálfari. „Hjá okkur eru 25 stöðvar og farnir tveir hringir á 40 sekúndum á hverri stöð. Síðan verður eitthvað óvænt í endann sem allur hópurinn gerir, t.d. dauðaganga eða sprettir. Þá klárar fólkið sig endanlega,“ segir hann og hljómar eins og hinn mesti sadisti.

Þrátt fyrir að fólk komist ekki upp með neitt múður í tímunum mun Sveinbjörn þó sjá til þess að ganga ekki fram af því með æfingum. „Ég ýti á þá sem ég sé geta betur og hef auga með þeim sem eru að fara of langt með sig. Það er ekki okkar markmið að nánast drepa fólkið en það hefur gerst að fólk hefur ælt eftir fyrsta tímann. Enda segjum við að þetta sé fyrir þá sem vilja meira en við hin.“ **- fb**



**SVEINBJÖRN JÓHANNESSON**
Sveinbjörn lætur fólk ekki komast upp með neitt múður í tímunum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# FORTÍÐARÞRÁ Á ÖLDUM LJÓSVAKANS

**Sagan á það til að fara í hringi og endurtaka sig reglulega. Oftast er það í kjölfar hnignunarskeiðs og hruns sem mannkynið leitar aftur til fortíðar og byrjar upp á nýtt. Þó einhverja vaxtarbrodda megi finna í íslensku útvarpi blasir samt víða við andlaus eyðimörk. Ef til vill er því kominn tími til að horfa reiður um öxl og endurvekja horfna útvarpsþætti sem gætu auðgað andlegt líf hlustenda. Fólkið rifjar hér upp nokkra þætti sem gætu komið sterkir inn.**

## LÖG UNGA FÓLKSINS

Þegar Ríkisútvarpið einokaði öldur ljósvakans var það svo rausnarlegt að bjóða íslenskum æskulýð upp á þennan vikulega þátt þar sem unga fólkið gat sótt bréflega um að fá uppáhaldslagið sitt spilað í útvarpinu. Oft fylgdu þessu hressilegar kveðjur til vina og vandamanna. Þessi þáttur er vissulega fullkominn tímaskekkja á tímum internets, alþjóðavæðingar, MSN og iPoða en það væri samt ákaflega krúttlegt að endurvekja þennan þátt enda slatti af tímaskekkjum fyrir á dagskrá RÚV. Þá myndi þátturinn með sínu gamla bréfafyrirkomulagi og biðtíma minn aíslenska æsku á að það þurfti að hafa fyrir hlutunum í gamla daga. Íþróttafréttamaðurinn knái **Valtýr Björn Valtýsson** er einn fjölmargra sem stýrðu þessum þætti í gegnum tíðina og honum yrði vart skotaskuld að lesa upp nokkur vel valin bréf og spila óskalög einu sinni í viku.



## ÞJÓÐARSÁLIN

Þessi fornfrægi símainnhringiþáttur ruddi Útvarpi Sögu brautina en á tímabili var þetta einn helsti öryggisventill óstöðugrar þjóðarsálarinnar sem fékk útrás fyrir gremju sína og reiði í garð stjórnvalda með því að ræða málin í beinni við **Stefán Jón Hafstein**. Lokun kjaftavefjarins Málefnin í vikunni olli slíku fjaðrafoki í röðum skoðanaglaðra kverúlanta að ætti að vera öllum ljóst að þrátt fyrir tilkomu Útvarps Sögu er enn pláss fyrir Þjóðarsálina. Frumskilyrði fyrir endurvakningu þáttarins er þó vitaskuld að Stefán Jón taki að sér þáttastjórn enda tók hann nöldurseggina engum vettlingatökum, reif kjaft og átti það til að skella á þá verstu.





## ÓSKALÖG SJÚKLINGA

Þessi þáttur naut gríðarlegra vinsælda á meðan hann var á dagskrá Rásar eitt í styrkri stjórn Gerðar G. Bjarklind og það er í raun mesta furða að hann skuli hafa hætt göngu sinni. Sjúkdómavæðing samfélagsins hefur verið með slíkum ólíkindum á síðustu árum að hlustendahópurinn ætti að hafa stækkað verulega síðan Óskalög sjúklinga voru upp á sitt besta. Rúmum helmingi þjóðarinnar hefur verið talin trú um að hann þjáist af vélindabakflæði, þunglyndi, ofvirkni og svo er fuglaflensan á næsta leiti. Upprisa þessa þáttar myndi svo án efa lyfta íslenskri tónlistarmenningu á hærra plan en eins og Halldór Laxness benti á fyrir margt löngu er það ótrúlegt hvursu sjúkt fólk er músíkalskt.





## TVÍHÖFÐI

Enginn útvarpsþáttur fyrr né síðar hefur verið hlustendum jafn mikill harmdauði og Tvíhöfði þeirra **Sigurjóns Kjartanssonar** og **Jóns Gnarr**. Þátturinn hefur hætt nokkrum sinnum og ætíð skilið eftir sig skarð sem ekki reyndist mögulegt að fylla með öðru móti en að skutla þeim félögum aftur fyrir framan hljóðneman. Þegar eftirspurnin eftir Tvíhöfðanum var sem mest dugði ekkert minna til en að stofna heila útvarpsstöð, Radíó, utan um fyrirbærið. Tvíhöfðin hefur nú þagað of lengi og fullreynt að enginn og ekkert nema þeir sjálfir geta bætt úr þessum skorti. Það kemur ekki maður í manns stað þegar Tvíhöfði er annars vegar.

## FRÍSTUND

Áhygjur þeirra sem komnir eru til vits og ára af æsku landsins eru orðnar verulegar og sjálfsagt ekki að ósekju þegar útlitsdýrkun unglinganna er komin á það stig að farið er að ræða um innleiðngu skólabúninga í fullri alvöru. **Eðvarð Ingólfsson** ól íslenska unglinga upp á upphafsárum Rásar 2 og fórst verkið vel úr hendi. Hann fékk sálfræðing reglulega í heimsókn og setti upp leikrit byggð á köflum úr borgaralegum og sómakærum unglingabókum sínum. Þar höfðu söguhetjurnar andstyggð á áfengi og sukki og öxluðu ábyrgð gerða sinna. Eðvarð tók síðar við ritstjórn Æskunnar og vígðist til prests þannig að aldur hans og fyrri störf ættu að gera hann að enn betri æskulýðsleiðtoga nú en á níunda áratugnum.





## RADÍUS/GÓRILLA

Hafnfirðingaklíkan **Davíð Þór Jónsson, Steinn Ármann Magnússon** og **Jakob Bjarnar Grétarsson** tók margan góðan sprettinn í útvarpi fyrir nokkrum árum. Steinn og Davíð riðu á vaðið með vikulega Radíusþætti sína þar sem hinar margrómuðu Radíusflugur hljómuðu fyrst í eyrum hlustenda. Jakob Bjarnar og Davíð byrjuðu í framhaldinu með Górillu sem var daglegur morgunþáttur á Aðalstöðinni og fyrst og fremst settur til höfuð auglýsingaútvarpi Jóns Axels Ólafssonar og Gunnlaugs Helgasonar sem þá var á Bylgjunni á sama tíma. Steinn kom svo síðar til liðs við félaga sína en hann og Jakob enduðu svo á Bylgjunni með þáttinn King Kong. Þeir sem þekkja söguna vita að þessir æringjar ruddu Tvíhöfða brautina, voru skemmtilega kjaftforir og mátulega ósmekklegir. Fjöldi yngra útvarpsfólks hefur reyna að feta í fótspor Hafnfirðinganna en oftast með það döprum árangri að það væri vel þess virði að dusta rykið af þeim.



## SÆTT OG SÓÐALEGT

Aðalstöðin var lítil en feikilega öflug útvarpsstöð á sínum tíma og hýsti sígilda þætti á borð við Radíus, Górilluna og Tvíhöfða. Leikskáldið Jón Atli Jónasson sýndi einnig snilldartakta þar en enginn náði þó að skyggja á **Pál Óskar Hjálmtýsson,** sem átti tvo vinsæla þætti á dagskrá stöðvarinnar þegar hann var upp á sitt besta. Á virkum dögum var hann með þáttinn Þetta er yndislegt líf, talaði um heima og geima og lék tónlist eftir Burt Bacharach og Karen Carpenter. Sunnudagskvöldin voru öllu groddalegri en þá fékk þekking Páls Óskars á hryllingsmyndum og alls konar jaðarfyrirbærum að njóta sín. Þá bauð hann upp á klámfengin útvarpsleikrit og lét allt flakka. Palli hefur ekki náð slíkum hæðum í útvarpi aftur en fáir efast um aðhann myndi slá í gegn á ný ef hann yrði sætur og sóðalegur við hljóðnemann.




## ADR meiraprófsbílstjórar óskast

**Atlantsolía leitar eftir** traustum og áreiðanlegum bílstjóra með ADR-réttindi. Leitað er eftir bílstjóra til framtíðarstarfa.

**Atlantsolía** hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en hjá fyrirtækinu starfa 14 manns. Atlantsolía rekur 6 bensínstöðvar auk þess að vera eina olíufélagið sem býður Dælulykla til almennings.

**Áhugasamir hafi samband við Daníel Steinarr Jökulsson í síma 825-3104 eða sendi póst á daniel@atlantsolia.is.**

ATLANTSOLÍA

pipar / SÍA / 6630

# Svellkaldur Cavalli

Nýjasti ilmurinn frá Roberto Cavalli, Just Cavalli, var kynntur í snyrtivöruversluninni Maður og kona á laugardaginn. Af þessu tilefni var haldið skemmtilegt teiti í versluninni sjálfri. Nýi ilmurinn er bæði fyrir konur og karla og eins og hönnuðurinn sjálfur er hann sætur og seiðandi. Hann ilmar af vori, vonum og væntingum.



**ÁNÆGÐAR MEÐ NÝJU LYKTINA** Díanna Dúa Helgadóttir, starfsmaður Forval, og Þórunn Gunnarsdóttir skemmtu sér vel.



**Í DJÚPUM SAMRÆÐUM** Guðrún Edda Haraldsdóttir, markaðsstjóri Forval, er hér að spjalla við Jörgen Þór Þráinsson, sölu og markaðsstjóra. Þess má geta að Guðrún Edda klæddi sig í stíl við nýja ilminn og skartaði bol úr smiðju Cavalli.



**Í GÓÐUM FÍLING** Þórarinn Stefánsson, eigandi verslunarinnar Maður og kona, hjónin Fjóla Friðriksdóttir og Haraldur Jóhannsson í Forval, Bryndís Sigmarsdóttir og Ingunn Sveinsdóttir.



**SIGGI ÁRMANN** Trúbadorinn einlægi hitar upp fyrir José González á mánudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Siggi sér um upphitun

Trúbadorinn einlægi Siggi Ármann mun hita upp fyrir sænska tónlistarmanninn José González á tónleikum hans á Nasa næstkomandi mánudag.

Siggi hefur fengið prýðisdóma fyrir sína nýjustu plötu, Music for the Addicted, sem kom út fyrir síðustu jól. Þar naut hann m.a. aðstoðar Sigtryggs Baldurssonar, Jóhanns Jóhannssonar og Kjartans Sveinssonar og Orra Páls Dýrasonar úr Sigur Rós. Siggi vakti verðskuldaða athygli fyrir sína fyrstu breiðskífu, Mindscape, árið 2001 og fór í kjölfarið í tónleikaferð með Sigur Rós um Bandaríkin. Miðasala á tónleikana á Nasa fer fram í verslunum Skífunnar og á midi.is. Miðaverð er 2.500 krónur auk 200 króna miðagjalds.



**IGGY POP** Guðfaðir pönksins heldur tónleika í Höllinni 3. maí.

# Miðasala gengur vel

Miðasala á tónleika guðföður pönksins, Iggy Pop, og hljómsveitarinnar The Stooges í Laugardalshöll 3. maí hefur gengið vel.

Iggy Pop hefur haft áhrif á fjölmarga tónlistarmenn í gegnum tíðina, meðal annars vegna skemmtilegrar sviðsframkomu. Hafði hann til að mynda mikil áhrif á Bubba Morthens þegar hann var í Utangarðsmönnum.

Miðasalan á tónleikana fer fam í Bókabúð Máls og menningar í Reykjavík, Pennanum á Akureyri, Hljóðhúsinu á Selfossi, Hljómvali í Keflavík, í Tónspili í Neskaupstað og á citycentre.is. Miðaverð er 5.900 krónur í stúku og 4.900 í stæði.



protech hljóðkerfaleiga protech.is
RÁS 2
FLUGFÉLAG ÍSLANDS www.flugfelag.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| CONTANT GARDENER | kl. 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 8 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40 og 10.20 SÍÐUSTU SÝNINGAR |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CAPOTE | kl. 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA SÍÐUSTU SÝN. |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| PINK PANTHER | kl. 6, 8 og 10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 6 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| CONSTANT GARDENER | kl. 10.25 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Uma Thurman er hætt með kærastanum Andre Balazs en fyrir aðeins nokkrum vikum lýsti hún því yfir að þau væru ástfangin. Leikkonan sem á tvö börn með fyrri eiginmanni sínum, Ethan Hawke, hefur nú sagt að Balazs hafi ekki verið maður sem hún vildi giftast en þau séu hins vegar góðir vinir.



Mary J. Blige virðist vera heldur mikil díva og heimtaði meðal annars að fá nýtt klósett baksviðs á hverju kvöldi á 35 daga tónlistartúrnum hennar. „Kröfur Mary voru jafnvel hærri en þær sem J. Lo setur,“ sagði heimildarmaður The Daily Mirror. „Hún vildi fá nýtt klósett á hverjum einasta tónleikastað sem hún spilaði á. Það er auðvitað gott að hugsa um hreinlætið en þetta fékk fólk til að hlæja að henni,“ sagði hann. Mary vildi einnig tíu flöskur af vatni sem þurftu „algjörlega og pottþétt að vera frá Fiji“.



Michael Jackson æfir nú stanslaust og ætlar sér að komast í form á ný. Hann gerir 300 magaæfingar á dag að sögn bróður hans Jermaine Jackson. „Hann hefur bætt á sig,“ sagði bróðirinn. „Hann er hamingjusamur og hleypur daglega á ströndinni. Hann gerir 300 armbeygjur og magaæfingar á dag. Hann er að ná vöðvunum aftur og er að komast í form.“



Reese Witherspoon þarf nú að setja sig inn í starf pitsusendils og mun hjóla á mótorhjóli um í London að færa fólki pitsurnar sínar. Að sjálfsögðu gerir stúlkan þetta fyrir hlutverk í næstu mynd sinni. „Hún fer úr glæsilegasta starfi í heimi í annað sem er ekki eins virt,“ sagði heimildarmaður The Sun. „Áður en tökur hefjast mun Reese læra inn á starfið. Hún mun eyða talsverðum tíma með alvöru pitsasendli og lærir allt um að hjóla um í London með pitsur í skottinu.



**KATE MOSS** Vafalaust hefur hana ekki grunað að vinur hennar, Gavin Maselle, myndi ljóstra upp um líferni hennar á síðum slúðurblaðanna. FRÉTTABLAÐIÐ / MYND: AP

# Skrautlegt líferni

Gavin Maselle, vinsæll umboðsmaður fyrirsætna og náinn vinur Kate Moss, hefur látið ljós sitt skína á síðum breska götublaðsins The Sun og tjáð sig um líferni fyrirsætunnar á frekar opinskáan hátt þannig að mörgum þykir nóg um. Svo virðist sem sukksömustu rokkstjörnur gætu verið fullsæmdar af því sem Moss hefur gert í gegnum tíðina en Maselle sagði í samtali við blaðið að Moss hefði ferðast um með nauðgunarlyfið Rohypnol, kókaín og alsælu í Fabergé eggi.

Víst er að frásögn Maselle á eftir að vekja mikla athygli í Bretlandi en Moss er nýkomin úr meðferð og hefur verið að koma ferli sínum í rétt horf. Maselle greinir einnig frá því að þær Moss og ofurfyrirsætan Naomi Campell hafi verið iðnar við kolann í neyslu kókaíns þegar þær ferðuðust um Suður-Afríku í boði frelsishetjunnar Nelsons Mandela.

„Moss átti síðan funheita nótt með annarri fyrirsætu á hótelsvítu í þessari sömu ferð,“ upplýsir Maselle sem væntanlega verður ekki boðið í fleiri veislur hjá fyrirsætunni. Sjálfur viðurkennir hann að hafa neytt kókaíns með Moss og hefur væntanlega fengið greidda væna summu fyrir frásögn sína.








**HARAMAN-BAND** Hljómsveitin heldur jómfrúartónleika sína á Mörkinni á Akranesi í kvöld.

# Jómfrúartónleikar Haraman-Band

Hin nýstofnaða hljómsveit Haraman-Band heldur jómfrúartónleika sína á Mörkinni á Akranesi í kvöld.

Forsprakki sveitarinnar er Guðmundur Haraldsson, leikari og leikstjóri, sem er einmitt fæddur og uppalinn á Akranesi. Auk hans koma fram í kvöld söngkonan Sigríður Elliðadóttir, sem býr á Akranesi, og gítarleikarinn Einar Hrafnsson. „Þetta er ástríðu áhugamál sem er búið að vera í gangi mjög lengi. Núna er þetta að þróast í eitthvað meira og einhvern veginn varð þetta að komast út,“ segir Guðmundur.

Í gegnum árin hefur Guðmundur einbeitt sér að leiklistinni, enda menntaður í því fagi. Nú síðast leikstýrði hann leikritinu „Kominn til að sjá og sigra“ í Loftkastalanum fyrir Menntaskólann við Sund, sem fékk góðar viðtökur. Einnig hefur hann starfrækt barnaleikhúsið Litla leikhúsið í mörg ár og leikið hjá Leikfélagi Akureyrar og í Alþýðuleikhúsinu.

Að sögn Guðmundar er tónlist Haraman-Band lágstemmt, hæg og tilfinningarík. Plata með frumsömdu efni er væntanleg síðar á árinu og að henni koma um tíu manns. Frítt er á tónleikana í kvöld og lofar Guðmundur rómantískri stemningu fyrir þá sem kíkja við. -fb


Tilboðsverð 12.999 kr.

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt



Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd

- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

At your side. brother QL-550

Augl. Þórhildar 1390.43




| | | |
|---|---|---|
| AEON FLUX | KL. 5:50-8-10:10 | B.I. 16 |
| AEON FLUX VIP | KL. 3:45-5:50-8-10:10 | |
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:40 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 5:50-8-10:20 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 6:30 | B.I. 12 |
| MUNICH | KL. 9 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |
| OLIVER TWIST | KL. 4 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 2 | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| CASANOVA | KL. 8-10:10 | |
| AEON FLUX | KL. 6-8-10 | |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 10 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

| | | |
|---|---|---|
| THE NEW WORLD | KL. 5-8-10:10 | |
| THE PINK PANTHER | KL. 6-8-10:10 | |
| UNDERWORLD 2 | KL. 10:45 | B.I. 16 |
| DERAILED | KL. 8 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| THE NEW WORLD | KL. 5:30-8:15 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 8-10:30 | |
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-10:15 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Uppistand á Gauknum

Grínistarnir Steinn Ármann Magnússon, Bjarni töframaður, Rökkvi Vésteinsson og Þórhallur Þórhallsson koma fram á sérstöku góðgerðaruppistandi á Gauki á Stöng í kvöld til styrktar flogaveikum. Kynnir verður Oddur Boxser.



Síðasta góðgerðaruppistand var haldið fyrir mánuði síðan þegar 52.000 krónur söfnuðust handa krabbameinsjúkum börnum. Aðgangseyrir í kvöld er 500 krónur og opnar húsið klukkan 21.30.

**STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON** Fjórir grínistar láta gamminn geysa á Gauki á Stöng í kvöld.

# Sama samtalið, aftur, aftur og aftur

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Skoski dúettinn Arab Strap er ekki mikið fyrir að pakka hlutum í fallegan pappír. Þeir eru þekktir fyrir að færa hlustandanum mjög óslípaðar plötur með djörfu, en alltaf ótrúlega heiðarlegum textum. Kannski ekki svo mikil furða í ljósi þess að sveitin heitir Arab Strap, sem er ensku heiti fyrir plastdildó er stelpur festa á sig með beltisólum til að geta elskast með öðrum stelpum. Ég ætla að leyfa ímyndunarafli ykkar að sjá um afganginn.

Stundum er textar söngvarans Aidan Moffett í því miklu aðalatriði að lögin hljóma nánast eins og ljóðalestur yfir indírokk. Hreimur hans er svo ótrúlega skoskur að það er eins og maður sé að hlusta á senu úr Trainspotting. Maður fær það á tilfinninguna að Aidan noti texta sína sem eins konar sáluhjálp, leið til þess að tappa af innri pirring. Fyrir vikið er stundum erfitt að átta sig á því um hvað hann er að tala, en það skiptir litlu.

Ég veit ekki alveg hvort það sé svo góð hugmynd að nota textagerð sína sem sáluhjálp. Þannig dreifir textahöfundurinn bara sínum eigin skít yfir á hlustandann, sem er kannski ekki alltaf reiðubúinn til þess að hlusta. Til allrar lukku er það oftast unaður að fá að kíkja inn í sjúkan haus herra Moffett.

Það er erfitt að segja hvort Arab Strap séu að þróast eitthvað með þessari nýju plötu sinni eða ekki. Tónlistin er kannski örlítið fjörugri en áður, en samt hljóma þeir eins og þeir séu lokaðir inn í sínum eigin heim. Það er ekkert lag hérna sem grípur mann einhverjum heljartökum og það eru aðallega textarnir og flutningur þeirra sem gerir þetta áhugavert. Það er alveg óhætt að segja að þetta sé ekkert sérlega skemmtilegt. Það er heldur ekki hægt að segja að þessi stöðnun komi




**ARAB STRAP:**

THE LAST ROMANCE

**Niðurstaða:** Sjötta breiðskífa Arab Strap er ekki slæm en heldur ekki góð. Sama tegund af kaffi og síðast, á sama kaffihúsi og menn eru í sömu sætunum að segja sömu brandarana. Öllum líður samt sæmilega.

mikið á óvart. Að mínu mati hefur Arab Strap ekki gert neitt sérstaklega áhugavert tónlistarlega síðan Philophobia kom út árið 1998. Síðan þá hafa þeir verið fastir á svipuðum nótum, en þó alltaf boðið upp á góða textagerð og hlutir vera matreiddir nægilega hrátt svo það sé enn safi í þeim.

Arab Strap er orðin ein af þessum sveitum sem gagnrýnendur hlusta á nánast af virðingu einni saman. Nánast af kurteisi, vegna þess hversu sjálfstæðir og einstakir þeir voru þegar þeir birtust okkur upphaflega fyrir tæpum 10 árum síðan. Núna eru þeir orðnir eins og Jói frændi sem maður hittir árlega í jólaboðinu og maður á sama samtalið við ár eftir ár. Það gerist bara vegna þess að menn eru einfaldlega of ólíkir til þess að geta tengst á djúpstæðari hátt andlega.

„Gaman að sjá þig Arab, hvernig hefurðu það? Ennþá að blæða úr hjarta þínu á plastdiska fyrir þá sem nenna að hlusta? Flott hjá þér... jæja, hvernig lýst þér á kalkúninn í ár?“.

**Birgir Örn Steinarsson**

# Rae beint á toppinn

Fyrsta sólóplata söngkonunnar Corinne Bailey Rae, sem er nýkomin út hér á landi, fór beint á topp breska breiðskífulistans.

Bailey Rae gaf út EP-plötuna Like a Star í nóvember í fyrra og síðan þá hefur hún notið mikillar hylli í Bretlandi. Miklar vonir eru bundnar við Rae í framtíðinni enda þykir rödd hennar með eindæmum góð auk þess sem lögin og textarnir á nýju plötunni eru sagðir standa vel fyrir sínu. Hefur henni þegar verið líkt við stór nöfn á borð við Billie Holiday, Erikah Badu, Lauren Hill og Macy Gray.

Platan, sem er samnefnd söngkonunni, hefur fengið mjög góðar viðtökur víðast hvar og fékk meðal annars fjórar stjörnur í hinu virta tónlistartímariti Q.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Put Your Records on, kom út 20. febrúar. ■



**CORRINE BAILEY RAE** Breska söngkonan hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu.

# Mason með Waters

Staðfest hefur verið að Nick Mason, fyrrum trommuleikari Pink Floyd, muni spila meistaraverkið Dark Side of the Moon með Roger Waters á tónleikum hans í Frakklandi.

Eins hefur Waters boðið Rick Wright, fyrrum hljómborðsleikara Pink Floyd, að spila með sér á tónleikunum.

Svo gæti því farið að Mason og Wright muni spila með Waters á tónleikum hans í Egilshöllinni þann 12. júní. Þeir þrír komu saman í London síðasta sumar ásamt fjórða meðlimi Pink Floyd, David Gilmore, á Live 8 við frábærar undirtektir.



**ROGER WATERS** Fyrrum forsprakki Pink Floyd heldur tónleika hér á landi 12. júní.



**IAN ANDERSON** Flautuleikarinn og söngvarinn knái er á leiðinni til Íslands.

# Miðasala hafin

Miðasala er hafin á tónleika Ians Anderson í Laugardalshöll þann 23. maí. Þar mun hann koma fram ásamt hljómsveit sinni og meðlimum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ian Anderson á að baki langan og farsælan feril með hljómsveitinni Jethro Tull. Sveitin hefur selt yfir 60 milljónir platna á þeim tæpu fjórum áratugum sem hún hefur starfað.

Miðasalan á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi á á midi.is. Miðaverð er á bilinu 5.500 til 8.900 auk miðagjalds.


# Heildsölu lagersala

9-13 mars 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

| | Listaverð | Útsöluverð frá |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | 29,990 | 11,900 |
| Hlaupajakki | 8,990 | 3,900 |
| Flíspeysa | 12,990 | 5,900 |
| HiTec Golfskór | 12,990 | 5,900 |
| Fótboltaskór | 13,990 | 5,900 |

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golffatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði
Barna-, unglinga- og fullorðinsstærðir

Við rýmum til á lagernum vegna sumarlínu okkar sem kemur fljótlega til landsins.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

www.zo-on.com

ZO•ON ICELAND





# Uppistand á Gauknum

Grínistarnir Steinn Ármann Magnússon, Bjarni töframaður, Rökkvi Vésteinsson og Þórhallur Þórhallsson koma fram á sérstöku góðgerðaruppistandi á Gauki á Stöng í kvöld til styrktar flogaveikum. Kynnir verður Oddur Boxser.

Síðasta góðgerðaruppistand var haldið fyrir mánuði síðan þegar 52.000 krónur söfnuðust handa krabbameinsjúkum börnum. Aðgangseyrir í kvöld er 500 krónur og opnar húsið klukkan 21.30.



**STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON** Fjórir grínistar láta gamminn geisa á Gauki á Stöng í kvöld.

# Rae beint á toppinn

Fyrsta sólóplata söngkonunnar Corinne Bailey Rae, sem er nýkomin út hér á landi, fór beint á topp breska breiðskífulistans.

Bailey Rae gaf út EP-plötuna Like a Star í nóvember í fyrra og síðan þá hefur hún notið mikillar hylli í Bretlandi. Miklar vonir eru bundnar við Rae í framtíðinni enda þykir rödd hennar með eindæmum góð auk þess sem lögin og textarnir á nýju plötunni eru sagðir standa vel fyrir sínu. Hefur henni þegar verið líkt við stór nöfn á borð við Billie Holiday, Erikah Badu, Lauren Hill og Macy Gray.

Platan, sem er samnefnd söngkonunni, hefur fengið mjög góðar viðtökur víðast hvar og fékk meðal annars fjórar stjörnur í hinu virta tónlistartímariti Q.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Put Your Records on, kom út 20. febrúar. ■



**CORRINE BAILEY RAE** Breska söngkonan hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu.



**IAN ANDERSON** Flautuleikarinn og söngvarinn knái er á leiðinni til Íslands.

# Miðasala hafin

Miðasala er hafin á tónleika Ians Anderson í Laugardalshöll þann 23. maí. Þar mun hann koma fram ásamt hljómsveit sinni og meðlimum Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ian Anderson á að baki langan og farsælan feril með hljómsveitinni Jethro Tull. Sveitin hefur selt yfir 60 milljónir platna á þeim tæpu fjórum áratugum sem hún hefur starfað.

Miðasalan á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi á á midi.is. Miðaverð er á bilinu 5.500 til 8.900 auk miðagjalds.

# Sama samtalið, aftur, aftur og aftur

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Skoski dúettinn Arab Strap er ekki mikið fyrir að pakka hlutum í fallegan pappír. Dúettinn er þekktur fyrir að færa hlustandanum mjög óslípaðar plötur með djörfu en alltaf ótrúlega heiðarlegum textum. Kannski ekki svo mikil furða í ljósi þess að sveitin heitir Arab Strap, sem er á ensku heiti fyrir plastdildó sem stelpur festa á sig með beltisólum til að geta elskast með öðrum stelpum. Ég ætla að leyfa ímyndunarafli ykkar að sjá um afganginn.

Stundum eru textar söngvarans Aidan Moffett í það miklu aðalhlutverki að lögin hljóma nánast eins og ljóðalestur yfir indírokk. Hreimur hans er svo ótrúlega skoskur að það er eins og maður sé að hlusta á senu úr Trainspotting. Maður fær það á tilfinninguna að Aidan noti texta sína sem eins konar sáluhjálp, leið til þess að tappa af innri pirring. Fyrir vikið er stundum erfitt að átta sig á því um hvað hann er að tala, en það skiptir litlu.

Ég veit ekki alveg hvort það sé svo góð hugmynd að nota textagerð sína sem sáluhjálp. Þannig dreifir textahöfundurinn bara sínum eigin skít yfir á hlustandann, sem er kannski ekki alltaf reiðubúinn til þess að hlusta. Til allrar lukku er það oftast unaður að fá að kíkja inn í sjúkan haus herra Moffetts.

Það er erfitt að segja hvort Arab Strap sé að þróast eitthvað með þessari nýju plötu sinni eða ekki. Tónlistin er kannski örlítið fjörugri en áður, en samt hljóma þeir eins og þeir séu lokaðir inni í sínum eigin heimi. Það er ekkert lag hérna sem grípur mann einhverjum heljartökum og það eru aðallega textarnir og flutningur þeirra sem gerir þetta áhugavert. Það er alveg óhætt að segja að þetta sé ekkert sérlega skemmtilegt. Það er heldur ekki hægt að segja að þessi stöðnun komi




**ARAB STRAP:**

THE LAST ROMANCE

**Niðurstaða:** Sjötta breiðskífa Arab Strap er ekki slæm en heldur ekki góð. Sama tegund af kaffi og síðast, á sama kaffihúsi og menn eru í sömu sætunum að segja sömu brandarana. Öllum líður samt sæmilega.

mikið á óvart. Að mínu mati hefur Arab Strap ekki gert neitt sérstaklega áhugavert með tónlist sinni síðan Philophobia kom út árið 1998. Síðan þá hafur bandið verið fast á svipuðum nótum, en þó alltaf boðið upp á góða textagerð og hlutirnir verið matreiddir nægilega hrátt svo það sé enn safi í þeim.

Arab Strap er orðin ein af þessum sveitum sem gagnrýnendur hlusta á nánast af virðingu einni saman. Nánast af kurteisi, vegna þess hversu sjálfstæðir og einstakir þeir voru þegar þeir birtust okkur upphaflega fyrir tæpum 10 árum síðan. Núna eru þeir orðnir eins og Jói frændi sem maður hittir árlega í jólaboðinu og maður á sama samtalið við ár eftir ár. Það gerist bara vegna þess að menn eru einfaldlega of ólíkir til þess að geta tengst á djúpstæðari hátt andlega.

„Gaman að sjá þig Arab, hvernig hefurðu það? Ennþá að blæða úr hjarta þínu á plastdiska fyrir þá sem nenna að hlusta? Flott hjá þér... jæja, hvernig líst þér á kalkúninn í ár?“

**Birgir Örn Steinarsson**

# Mason með Waters

Staðfest hefur verið að Nick Mason, fyrrum trommuleikari Pink Floyd, muni spila meistaraverkið Dark Side of the Moon með Roger Waters á tónleikum hans í Frakklandi.

Eins hefur Waters boðið Rick Wright, fyrrum hljómborðsleikara Pink Floyd, að spila með sér á tónleikunum.

Svo gæti því farið að Mason og Wright muni spila með Waters á tónleikum hans í Egilshöllinni hinn 12. júní. Þeir þrír komu saman í London síðasta sumar ásamt fjórða meðlimi Pink Floyd, David Gilmore, á Live 8 við frábærar undirtektir.



**ROGER WATERS** Fyrrum forsprakki Pink Floyd heldur tónleika hér á landi 12. júní.


# Heildsölu lagersala

9-13 mars 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

| | Listaverð | Útsöluverð frá |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | 29,990 | 11,900 |
| Hlaupajakki | 8,990 | 3,900 |
| Flíspeysa | 12,990 | 5,900 |
| HiTec Golfskór | 12,990 | 5,900 |
| Fótboltaskór | 13,990 | 5,900 |

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golffatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði
Barna-, unglinga- og fullorðinsstærðir

Við rýmum til á lagernum vegna sumarlínu okkar sem kemur fljótlega til landsins.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

www.zo-on.com

ZO•ON ICELAND



## Arnljótur í Þrótt

Miðjumaðurinn Arnljótur Ástvaldsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við 1. deildarlið Þrótt. Arnljótur er uppalinn KR-ingur en hefur leikið mest með Þór síðustu ár.

**sport**

sport@frettabladid.is

HLYNUR SIGMARSSON, FORMAÐUR HANDKNATTLEIKSDEILDAR ÍBV: HENT ÚT ÚR HÚSI ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

# *Ég er enginn fyrirmyndaráhorfandi*

Einn umdeildasti og litríkasti einstaklingurinn í handboltahreyfingunni á Íslandi er hinn ötuli og kappsami formaður handknattleiksdeildar ÍBV, Hlynur Sigmarsson. Hann er ekki eingöngu afkastamikill formaður heldur er hann vel yfir meðallagi líflegur á hliðarlínunni þegar hans lið er í eldlínunni. Dómarar landsins virðast reyndar vera á þeirri skoðun að Hlynur sé fullkappsamur áhorfandi því annað árið í röð hafa þeir neyðst til þess að henda honum út úr húsi. Það sem meira er áttu bæði atvikin sér stað í beinni sjónvarpsútsendingu, hið síðara í beinni um síðustu helgi.



„Ég hlýt að spyrja mig að því hvort ég sé að fá sömu meðhöndlun og aðrir áhorfendur á landinu. Ég trúi því ekki að ég sé orðljótasti maðurinn í handboltanum á Íslandi," sagði Hlynur við Fréttablaðið en hann er að skoða sinn rétt og hvað reglugerðir Handknattleikssambandsins segja um rétt dómara til þess að henda mönnum út úr íþróttahúsum landsins.

„Ég hef aldrei ógnað dómara og það lengsta sem ég hef gengið er að öskra dómaraskandall eða dómarafífl. Þjálfarar tala oft verr um dómara í viðtölum eftir leiki en ég á leikjum."

Þó að Hlynur sé eini áhorfandinn á landinu sem þarf að þola það reglulega að vera vísað af vettvangi er hann ekki á því að hann sé fyrsta íslenska handboltabullan. „Ég held ég hafi ekkert farið yfir strikið að þessu sinni og var hissa á því að þeir skyldu vísa mér úr húsi. Vissulega var ég að skipta mér af dómgæslunni þegar þeir vísa mér út en ég var ekkert grófari en gengur og gerist í stúkunni," sagði Hlynur, sem er stuðningsmaður ÍBV af lífi og sál og játar vel að hann eigi að það til að missa sig.

„Ég er enginn fyrirmyndaráhorfandi. Ég á það til að sleppa mér á leikjum og það er minn löstur. Ég lifi mig inn í leikinn og tel það vera hluta af leiknum að tjá sig og láta skoðanir sínar í ljós en kannski mætti ég passa betur upp á orðbragðið," sagði Hlynur en þess má geta að ÍBV var sektað um 25 þúsund kr. vegna hegðunar Hlyns.

### > Loksins gleðifréttir

Stuðningsmenn FH höfðu loks yfir einhverju að gleðjast í gær þegar í ljós kom að miðjumaðurinn efnilegi Davíð Þór Viðarsson mun spila með liðinu á komandi leiktíð. Davíð er búinn að vera í láni hjá Lokeren en félagið kaus að nýta sér ekki forkaupsrétt á stráknum og hann er því kominn aftur heim. Davíð er meiddur sem stendur og fékk aldrei almennilegt tækifæri til að sanna sig þann tíma sem hann var hjá belgíska félaginu.



Guðmundur E. Stephensen:

## Féll um níu sæti í mars

**BORÐTENNIS** Guðmundur E. Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis og atvinnumaður hjá Malmö í Svíþjóð, hefur fallið um níu sæti á nýútgefnum heimslista í borðtennis og er nú í 208. sæti. Guðmundur var í 199. sæti á listanum sem gefinn var út í byrjun febrúar. Þess má þó geta að Guðmundur var í 207. sæti á sama tíma í fyrra og hefur því unnið sig upp um eitt sæti á einu ári.

Heimsmeistarinn Wang Liqin frá Kína er í efsta sæti listans en á eftir honum er Timo Boll frá Þýskalandi. Michael Maze, fyrrum æfingafélagi Guðmundar, er í 17. sæti listans og er efstur Norðurlandabúa á listanum.

- vig

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

6 7 8 **9** 10 11 12

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **Keflavík** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Fjölnir** og **Skallagrímur** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Grindavík** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Höttur** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **Þór** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **ÍR** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland Express-deild karla.

**SJÓNVARP**

- ☐ 16.10 **Handboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 16.25 **Formúlukvöld** á Sýn.
- ☐ 21.45 **Áfangastaður Þýskaland** á Sýn. Lið Sviss og Ítalíu á HM 2006.

# Blóð, sviti og tár í orðsins fyllstu merkingu í kvöld

**Keflavík og Njarðvík mætast í kvöld í síðustu umferð Iceland Express-deildarinnar í körfubolta. Leikurinn er hreinn úrslitaleikur um deildarmeistaratitilinn en tveir stuðningsmenn liðanna búast báðir við gríðarlegum átökum í leiknum.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta verður blóð, sviti og tár - í orðsins fyllstu merkingu. Ég held að þetta verði rosalega harður leikur sem muni lifa lengi í manna minnum. Ég hef fulla trú á því að mínir menn fari með sigur af hólmi. Keflvíkingarnir koma dýrvitlausir til leiks og það verður því enn sárara fyrir þá þegar við vinnum þetta," sagði Valgeir Magnússon, stuðningsmaður Njarðvíkur, fyrir stórleikinn í kvöld.

Jóhannes Alfreðsson, forsvarsmaður Trommusveitarinnar í Keflavík, tók undir orð vinar síns úr nágrannabænum. „Ég býst við mjög hörðum leik þar sem hraðinn og spennan verða í fyrirrúmi. Ég á von á því að þetta verði leikur sem menn eiga eftir að muna eftir og vissulega er ég sigurviss," sagði Joey Drummer, eins og hann er iðulega kallaður, um leikinn sem hefst klukkan 19.15.

„Við verðum að spila boltanum mikið á Friðrik Stefánsson og stöðva A.J Moey, ég tel að það sé lykilatriði til að vinna leikinn. Jeb Ivey og Brenton Birmingham verða líka að skila sínu en vendipunkturinn er að finna Friðrik inni í teignum. Auk þess erum við með marga unga leikmenn eins og Guðmund Jónsson og Jóhann Ólafsson sem hafa þeir verið að standa sig mjög vel í vetur en hafa kannski fallið í skuggann af öðrum leikmönnum liðsins," sagði Valli um sína menn í Njarðvík.

„Friðrik, Jeb og Brent eru þeirra bestu menn. Við verðum að stöðva þá inni í teignum þar sem þeir eru bestir. Njarðvíkingar eru með góða vörn en ef okkur tekst að fá skotfæri fyrir skytturnar okkar vinnum við þennan leik. Friðrik er þeirra mikilvægasti leikmaður og það er alltaf mikið hitamál í kringum hann og hans villufjölda, sérstaklega í þessum barningi í teignum. Frikki er svokallaður umdeildur leikmaður," sagði Joey sposkur á svip en báðir eru að sjálfsögðu á því að þeirra lið sé það besta í deildinni.





**JOEY DRUMMER OG VALLI** Verða báðir uppi í stúku að hvetja sína menn áfram með tilheyrandi öskrum og trommuslætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Tvímælalaust. Við erum með besta hópinn í deildinni en stundum vantar meiri hroka í liðið. Njarðvíkingarnir þurfa að láta eins og þeir séu alltaf bestir, sem þeir eru auðvitað, eins og Keflvíkingarnir eru þekktir fyrir. Þeir láta alltaf eins og þeir séu bestir, sama hversu lélegir þeir eru," sagði Valli léttur í bragði.

„Keflavík er með besta hópinn en Njarðvík er ekki langt undan. Það sem Keflavík hefur framyfir er breiddin, sem er mjög mikil hjá okkur og liðið spilar iðulega á tíu mönnum í leikjum. Njarðvíkingarnir halda eflaust að þeir séu bestir en það er bara minnimáttarkennd fyrir stóra bróður í Keflavík," sagði Joey og hló við.

„Ef fólk mætir ekki á þennan leik þá mætir það aldrei. Strákarnir þurfa á stuðningi að halda og ég vona að fólk fjölmenni og komi tímanlega því þetta á eftir að vera stórkostleg sýning," sagði Valli að lokum og Joey tók undir þau orð.

„Þetta er okkar leikur, þetta er okkar heimavöllur, Sláturhúsið, og við ætlum okkur alla leið," sagði Joey að lokum. hjalti@frettabladid.is



**HEIÐAR DAVÍÐ BRAGASON** Verður meðal keppenda á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Golfmót á Spáni:

## Íslendingar keppa á Spáni

**FÓTBOLTI** Sex íslenskir kylfingar verða meðal keppenda á Sherry Cup-mótinu í golfi sem fram fer á Sotogrande á Spáni dagana 29. mars til 1. apríl næstkomandi. Mótið er með skemmtilegu fyrirkomulagi þar sem bæði er keppt í liðakeppni og einstaklingskeppni í karla- og kvennaflokki.

Fjórir karlar skipa íslenska liðið en þrjú bestu skorin hvern dag telja. Kvennaliðið er skipað þremur konum en þar telja tvö bestu skorin. Bæði mótin eru 72 holur en allir þátttakendur í liðakeppninni eru sjálfkrafa þátttakendur í Sherry Cup-einstaklingsmótinu.

Í karlaliðinu eru Heiðar Davíð Bragason GKJ, Magnús Lárusson GKJ, Pétur Freyr Pétursson GR og Stefán Már Stefánsson GR. Kvennaliðið skipa Elísabet Oddsdóttir GR, Nína Björk Geirsdóttir GKJ og Tinna Jóhannsdóttir GK en fararstjóri verður Staffan Johansson landsliðsþjálfari.

- hþh





Stjórn Magdeburg í Þýskalandi neyðir íslensku leikmennina í burtu:

## Höfum ekkert á móti Íslendingum

**HANDBOLTI** Reinhard Schütte, aðstoðarframkvæmdastjóri Magdeburg í þýska handboltanum, segir að margvíslegar ástæður liggi að baki þess að félagið vilji losna við Sigfús Sigurðsson og Arnór Atlason, íslensku landsliðsmennina sem eru á mála hjá liðinu. Eins og kunnugt er hefur Magdeburg fest kaup á pólskum línumanni og þá er ólíklegt að Arnór Atlason fái nokkurn tíma almennilegt tækifæri til að láta ljós sitt skína hjá Ghita Licu, rúmenska þjálfaranum sem tók við af Alfreði Gíslasyni eftir að sá síðarnefndi var rekinn fyrr í vetur.

„Sigfús og Arnór voru í miklum metum hjá Alfreð en núverandi þjálfari er ekki jafn hrifinn af þeim og telur sig betur í stakk búinn með öðruvísi leikmenn. Íslensku leikmennirnir eru dýrir leikmenn og við erum líka að breyta áherslunum," sagði Schütte við Fréttablaðið í gær.

Bæði Arnór og Sigfús eru samningsbundnir Magdeburg út næsta ár og þurfa því ekki að flýta sér neitt í sínum málum en markmið stjórnar Magdeburg með þessum nýlegu yfirlýsingum er augljóst - að neyða íslensku leikmennina til að finna sér nýtt lið, annars muni þeir líklega koma lítið sem neitt við sögu á næstu leiktíð.

„Við höfum tjáð leikmönnunum að krafta þeirra sé ekki lengur óskað hjá félaginu. Þeir geta alveg verið áfram en eins og ég segi þá er Sigfús línumaður númer fjögur og Arnór er ekki fyrsti kostur í neina stöðu," segir Schütte.

Spurður um hvort stjórn Magdeburg hefði eitthvað á móti Íslendingum hló Schütte og sagði svo ekki vera. „Við erum að leita að vinstri skyttu og ef við sjáum íslenskan leikmann í þá stöðu sem við teljum henta okkar liði munum við örugglega skoða hann betur. Jafnvel þó hann sé íslenskur."

Hvorki Sigfús né Arnór ætti að vera í vandræðum með að finna sér nýtt lið fyrir næsta tímabil og hafa nokkur félög þegar sett sig í samband við þá. Tvö þýsk úrvalsdeildarlið og eitt lið í efstu deildini á Spáni hafa áhuga á Sigfúsi. Þá hafa þrjú lið í þýsku úrvalsdeildinni lýst yfir áhuga á Arnóri og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Göppingen eitt af þeim liðum sem hafa hvað mestan áhuga. - vig


Fartölva
sem kaupauki með tölvutilboði BTnet!
Til: Þín
Frá: BTnet
...taktu fleiri bita!
Til: Þín
Frá: BTnet
4Mb/s
Tölvutilboð
V16
ADSL
V16 Tölvutilboð
•• Kaupauki : Fartölva
•• Hraði: 4Mb/s .
•• Ótakmarkað niðurhal
•• Gjafabréf frá Tónlist.is
•• Logitech Vefmyndavél fylgir með
•• 256MB USB Minnislykill fylgir með!
•• 5 póstföng innifalin
•• Frítt í bíó á BTnet.is
•• Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds
5.990 kr.* á mánuði
*M.v. 36.mánaðar samning
Kíktu í næstu BT verslun og taktu áskrift
...og fáðu tölvu sem kaupauka!
Gríptu tölvuna meðan hún gefst ;)
BT
TONLIST.IS
...taktu fleiri bita!
BTNET
nánar á www.btnet.is.

## ÚR SPORTINU

Nú bendir allt til þess að Mido, egypski sóknarmaðurinn hjá Tottenham, verði keyptur til liðsins í sumar. Mido er í láni hjá enska liðinu frá Roma og ætla forráðamenn ítalska félagsins að selja Mido til að eiga pening fyrir Vincenzo Iaquinta, hinum sjóðandi heita framherja Udinese. Talið er að uppsett verð Roma á Mido verði í kringum 500 milljónir en Iaquinta er verðlagður á þrisvar sinnum meira.

Alan Pardew, knattspyrnustjóri West Ham, hefur mikla trú á sóknarmanni sínum Dean Ashton og segir hann vel geta leyst sama hlutverk og Wayne Rooney hefur hjá enska landsliðinu. Ashton hefur spilað frábærlega fyrir West Ham eftir að hann var keyptur frá Norwich og segir Pardew hann vera í landsliðsklassa. „Hvað myndi England gera ef Rooney meiddist? Það er enginn til að leysa hann af í liðinu. Ashton gæti það hins vegar. Hann hefur verið að leika sama hlutverk hjá okkur og gert það frábærlega.“



Arouna Kone, sóknarmaður PSV í Hollandi, segir það vera sinn æðsta draum að spila fyrir Manchester United einhvern tímann á ferli sínum. Kone hefur skorað tíu mörk í sextán leikjum PSV í ár og hefur vakið athygli nokkurra stórliða í Evrópu. „Ég hef hugsað mér að spila tvö ár til viðbótar hjá PSV en að því loknu langar mig til Man. Utd. Ég veit að það verður erfitt að láta þann draum rætast en það er ekki ómögulegt,“ sagði Kone og bætti því við að fyrirmyndir sínar væru þeir Jaap Stam, Ruud van Nistelrooy og Park Ji-Sung, sem allir hafa farið frá PSV til enska félagsins á síðustu árum.

Spænska úrvalsdeildarliðið Valencia er sagt vera að undirbúa risatilboð í Cristiano Ronaldo, Portúgalann unga hjá Man. Utd. Valencia er í leit að vængmanni og sér forsetinn Juan Soler Portúgalann sem hinn fullkomna leikmann fyrir sig í þá stöðu. „Við munum ræða við Man. Utd. um möguleg kaup,“ sagði Soler en Ronaldo skrifaði undir nýjan samning við Rauðu djöflana í nóvember síðastliðnum.



Cesc Fabregas, miðjumaðurinn ungi hjá Arsenal, kveðst vera mjög stoltur yfir að vera undir smásjánni hjá stórliði Real Madrid en ekki hafa hug á því að færa sig um set þar sem hann sé mjög ánægður í herbúðum Arsenal. „Ég var svolítið hrærður þegar það var verið að orða mig við Real í blöðunum, ég viðurkenni það alveg. Real er líklega stærsta félag heims,“ segir Fabregas.



# Stundum borgar það sig að fá minna borgað

**Þegar rætt er um laun knattspyrnumanna er sjaldan eða aldrei er minnst á það hlutfall launanna sem greiðist í skatt, sem er í raun lykilatriði fyrir bæði leikmenn og félög. Nýjasta dæmið er félagaskipti Antonio Cassano frá Roma til Real Madrid.**

**FÓTBOLTI** Samkvæmt þeim samningi sem Cassano skrifaði undir við Real í janúar sl. fær hann 467 milljónir íslenskra króna í árslaun frá félaginu. Þessu boði tók Cassano þrátt fyrir að hafa fengið tilboð um framlengdan samning við Roma sem kvað á um rúmlega 490 milljón króna árslaun. Cassano bar saman skattaprósentuna á Spáni og ítalíu og var í kjölfarið ekki lengi að skrifa undir samning við Real. Ástæðan var einföld - hjá Real fær hann rúmar 374 milljónir í vasann árlega en hjá Roma hefði hann fengið um 245 milljónir.

Fyrir ekki meira en tveimur árum var skattahlutfall launa á Spáni með því hæsta í Evrópu. Þessu kerfi var þá breytt af stjórnvöldum í landinu á þann veg að erlendir ríkisborgarar fengu undanþágu til skattgreiðslna fyrir allt að 9/10 þess sem þeim bæri venjulega lögboðin skylda til. Tilgangurinn var að laða að erlenda fjárfesta til að stunda sín viðskipti á Spáni, sem myndi að sjálfsögðu hafa góð áhrif á efnahag landsins. Með öðrum orðum - erlendur ríkisborgari með risavaxin laun sín bókfærð á Spáni gæti, með góðum endurskoðanda, borgað á milli 10-20% af launum sínum í skatt. Skólabókardæmi um slíkan launþega er hinn erlendi fótboltamaður - eins og Antonio Cassano.

Evrópska knattspyrnusambandið er með stöðu mála á Spáni í gjörgæslu hjá sér og segja sérfræðingar að það sé aðeins tímaspursmál hvenær gripið verði í taumana. Þeir benda á að það verði hreinlega að gera áður en Spánn breytist í nýlendu fyrir fótboltamenn hvaðanæva úr heiminum. Félög þar í landi þurfa í raun að greiða sínum leikmönnum mun lægri laun en félög t.d. í Frakklandi og Þýskalandi til þess að viðkomandi leikmenn fái sömu laun útborguð. Áður voru ensk knattspyrnufélög í sömu stöðu og þau spænsku eru nú þar sem skattahlutfallið í Bretlandi er 40%, samanborið við 50% í Frakklandi og Þýskalandi og áður Spáni. Þessi 10% munur setti ensk félög í yfirburðastöðu áður og því þarf ekki að fara mörgum öðrum hversu mikið forskot félög á Spáni hafa nú, með sínu 25-35% forskoti.



Knattspyrnuyfirvöld í löndum utan Spánar benda á að félög eins og Real Madrid og Barcelona eru í beinni samkeppni við Manchester United, AC Milan, Lyon, Bayern München og fleiri í Meistaradeild Evrópu og því er ósanngjarnt að spænsku félögin skuli njóta slíkra yfirburða þegar kemur að launagreiðslum til leikmanna. Líklegt þykir að næsta skref knattspyrnuyfirvalda í öðrum deildum Evrópu verði sameiginleg beiðni til Evrópusambandsins um að gera knattspyrnumenn undanþegna frá aðgangi í þá skattaparadís sem stjórnvöld á Spáni hafa búið til fyrir erlenda ríkisborgara.

**- vig**



**ANTONIO CASSANO** Fær lægri laun hjá Real Madrid en hjá Roma en fær samt meira borgað. Hvernig má það vera? NORDICPHOTOS/AFP



**STUÐNINGSMENN RANGERS** Geta orðið brjálaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Stuðningsmenn Rangers:

## Réðust á rútuna

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Glasgow Rangers gagnrýndu öryggisgæsluna hjá Villarreal harkalega í kjölfar leiks liðanna á Spáni á þriðjudag. Fimmtán þúsund Skotar flykktust til Spánar en aðeins þrjú þúsund þeirra höfðu miða á leikinn.

Mikill fjöldi drukkinna og æstra stuðningsmanna félagsins var því fyrir utan völlinn meðan á leik stóð. Létu öllum illum látum og réðust meðal annars að liðsrútu Villarreal og brutu rúðu í henni. „Það fór eins og okkur grunaði að það voru allt of fáir öryggisverðir og því fengu þessir menn að láta öllum illum látum,“ sagði Lawrence McIntyre, yfirmaður öryggismála hjá Rangers. **- hbg**

Shaun Alexander:

## Fékk risasamning hjá Seattle

**NFL** Shaun Alexander, hlaupari Seattle Seahawks og besti leikmaður síðasta tímabils í NFL-deildinni, skrifaði í upphafi vikunnar undir nýjan samning við félagið. Samningurinn, sem er til átta ára, færir Alexander rúmlega fjóra milljarða króna í laun en þetta er stærsti samningur sem hlaupari hefur gert við nokkuð félag.

„Ég vildi aldrei yfirgefa félagið og það er mikill heiður að hafa fengið stærsta samning sem hlaupari hefur nokkurn tíma fengið,“ sagði Alexander en með hann í farabroddi fór Seattle alla leið í Super Bowl þar sem það tapaði fyrir Pittsburgh Steelers. **- hbg**

Formúlutímabilið hefst loksins um helgina eftir langa hvíld:

# Spennandi tímabil í vændum

**FORMÚLA 1** Formúlu-1 tímabilið hefst um helgina í Barein en margar nýjar reglur hafa verið teknar upp til að hafa keppnina enn meira spennandi. Skipuleggjendur Formúlunnar telja sig loksins hafa fundið góðan grundvöll fyrir keppnina eftir mismunandi mótafyrirkomulag ár eftir ár. Allar keppnirnar í ár verða í beinni útsendingu á RÚV.

Ein helsta breytingin felst í tímatökunni en hún verður á laugardögum þar sem keppt verður í þremur lotum. Eftir fyrstu lotuna, sem varir í fimmtán mínútur og fjöldi keyrðra hringja er frjáls, detta sex hægustu bílarnir út og eftir það eru tímarnir af þeim bílum sem eftir eru þurrkaðir út. Önnur tímataka fer alveg eins fram. Eftir það tekur við tíu bíla kappakstur sem varir í tuttugu mínútur þar sem ökumennirnir keppast við að ná hraðasta tímanum.

Í Formúlunni í fyrra mátti ekki skipta um dekk yfir keppnishelgina en það er nú aftur leyfilegt en liðin hafa úr þrettán mismunandi dekkjum að ráða.

Fernando Alonso varð í fyrra yngsti heimsmeistarinn í sögu Formúlu 1 en hann býst við æsispennandi keppni í ár. „Ég held að við í Renault verðum án efa aftur með í baráttunni um titilinn. Honda, Ferrari, McLaren og Renault hafa verið sterkust í vetur en nú fer að koma tíminn til að sanna sig þegar alvaran byrjar. Renault er heimsmeistari og allt liðið er fullt sjálfstrausts fyrir tímabilið,“ sagði Alonso sem margir telja líklegan til að verja titilinn í ár.

Michael Schumacher átti ekki sjö dagana sæla á síðasta tímabili en hann er einnig sannfærður um að lukkan muni snúast honum í vil þetta árið. „Við erum mjög ánægðir með bílinn, bæði hraðann á honum auk þess sem hann hefur ekki verið að bila neitt. Við erum tilbúnir í tímabilið og ég tel að við verðum eitt af toppliðunum,“ sagði Schumacher en Ferrari fákur hans bilaði ótt og títt í fyrra.

**- hþh**



**FERNANDO ALONSO** Er með sigurstranglegustu mönnum í Formúlunni í ár eftir heimsmeistaratitilinn í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES






David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins og leikmaður Real Madrid:

# Ég er bestur á hægri kantinum

**FÓTBOLTI** David Beckham, landsliðsfyrirliði Englands, segir að honum líki best við að spila á hægri kantinum þrátt fyrir að hafa oft verið notaður á miðjunni, sérstaklega eftir að hann gekk til liðs við Real Madrid. Í ár hefur hann þó mestmegnis verið látinn spila hægra megin og eru flestir sammála um að hann hafi verið einn besti leikmaður Real í ár.

„Sumir segja að ég sé frábær á miðjunni, aðrir segja að ég sé mun betri á hægri vængnum. Mér líkar vel að spila á miðjunni en ég held að mín besta staða sé hægra megin. Þar næ ég mestu út úr hæfileikum mínum,“ sagði Beckham í viðtali við Andy Gray á Sky sjónvarpsstöðinni. „Ég gef mun fleiri stoðsendingar þegar ég er hægra megin og almennt kemur meira út úr mínum leik.”

Í viðtalinu greindi Beckham einnig frá því að hann hygðist ekki gerast knattspyrnustjóri eftir að leikmannaferli hans lýkur. „Það verður ekki. Alls ekki,“ sagði Beckham ákveðinn og bætti við að ástæðan væri sú að áhuginn fyrir því væri einfaldlega ekki til staðar.

„Ég elska að vera á vellinum en ég held að sama ástríðan verði ekki til staðar á hliðarlínunni. Eftir að ég hætti að spila hyggst ég einbeita mér að knattspyrnuskólanum sem ég setti nýlega á laggirnar auk þess sem ég ætla að sinna fjölskyldunni eftir fremsta megni,“ sagði Beckham.

**- vig**



**DAVID BECKHAM** Ætlar ekki að verða knattspyrnustjóri eftir að leikmannaferlinum lýkur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Við kjósum samkeppni – það er þinn hagur





Með aukinni samkeppni eru neytendur farnir að njóta góðs af hagkvæmum rekstri og útsjónarsemi í æ fleiri greinum viðskiptalífsins.

- ☑ Matvörur
- ☑ Fjármálastarfsemi
- ☑ Bensín og olíur
- ☑ Ferðir til útlanda
- ☑ Tryggingar
- ☑ Flutningastarfsemi
- ? Byggingavörur

**Neytandi, finnst þér hafa verið næg samkeppni í sölu á byggingavörum?**

**Með því að beina viðskiptum til okkar nýtur þú hagstæðara verðs og tryggir aukna samkeppni í verslun með byggingavörur.**

Hvort skiptir þig meira máli; tilboð, afsláttarprósenta eða endanlegt verð?




**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# Evrópumeistararnir úr leik

**Benfica sló Evrópumeistara Liverpool úr leik í sextánliða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Arsenal sló Real Madrid út og er eina enska liðið í átta liða úrslitunum. Þá komst AC Milan áfram eftir öruggan sigur á Bayern München.**



**VONBRIGÐI** Miðjumenn Liverpool, fyrirliðinn Steven Gerrard og Xabi Alonso, áttu erfitt með að leyna vonbrigðum sínum í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FÓTBOLTI** Það voru niðurlútnir Evrópumeistarar sem gengu af velli á Anfield í gær eftir að hafa lotið í gras fyrir frísku liði Benfica. Leikmenn Liverpool fengu urmul af færum til að skora í fyrri hálfleik gegn Benfica en kunnuglegt vandamál leit dagsins ljós, þeir komu boltanum hreinlega ekki yfir línuna.

Peter Crouch setti boltann í tvígang í stöng Benfica en framherjinn stóri var einkar óheppinn að skora ekki. Hann hefði getað gert mun betur í leiknum, sérstaklega þegar hann komst einn gegn markmanni Benfica, en kvöldið var einfaldlega ekki hans. Geovanni skaut í slá fyrir Benfica og hringdi aðvörunarbjöllunum hjá Liverpool sem glumdu síðan um alla Liverpool-borg þegar Simao kom gestunum yfir með stórglæsilegu marki með skoti af löngu færi.

Þetta þýddi að Liverpool þurfti að skora þrjú mörk til að komast áfram og líklega gerast þau kraftaverk aðeins einu sinni á hverju tímabili í Meistaradeildinni. Allir muna eftir afrekinu í Istanbúl en það sama var hreinlega ekki uppi á teningnum í gær.

Leikmenn Liverpool reyndu hvað þeir gátu í síðari hálfleik, þeir sköpuðu sér nokkur marktækifæri en fundu engan til að klára þau. Liverpool notaði fjóra framherja í leiknum auk sóknarsinnaðra miðjumanna en allt kom fyrir ekki.

Gestirnir voru einnig skæðir í síðari hálfleik en þeir spiluðu sterka vörn og beittu skyndisóknum sem gengu fullkomlega upp og úr einni slíkri innsigluðu þeir sigurinn þegar Fabrizio Miccoli skoraði skemmtilegt mark á lokamínútu leiksins. Afrekið hjá Benfica er frábært og liðið getur vel komist langt í keppninni.

Arsenal og Real Madrid náðu ekki að skora á Highbury, sem þýðir að mark Thierry Henry í fyrri leiknum var nóg til að fleyta Skyttunum áfram. Heimamenn spiluðu góðan fótbolta í leiknum og voru óheppnir að skora ekki með Henry sem sinn skæðasta mann að venju. Real Madrid fékk einnig sín færi, Raúl skaut meðal annars í stöngina og tók svo frákastið sjálfur en Jens Lehmann varði meistaralega. Arsenal hafði leikinn í hendi sér og fór fyllilega verðskuldað áfram.

AC Milan sýndi mátt sinn og megin og gekk frá Bayern München á heimavelli sínum á Ítalíu. Filippo Inzaghi skoraði fyrir heimamönnum á bragðið áður en Andriy Shevchenko skoraði annað markið. Ismael minnkaði muninn en Inzaghi og Kaká innsigluðu öruggan sigur AC Milan.

Ítalska liðið spilaði gríðarlega vel í leiknum og er af mörgum talið sigurstranglegasta liðið í keppninni sem það tapaði svo grátlega í úrslitaleiknum á síðasta ári. Bæjarar áttu aldrei möguleika í leiknum og sáu vart til sólar gegn Mílanómönnum, sem spiluðu við hvern sinn fingur og komust örugglega áfram.

Lyon er til líklegt í Meistaradeildinni þetta árið en liðið vann sannfærandi 3-0 sigur á PSV í Frakklandi í gær. Tiago, sem kom til liðsins frá Chelsea, skoraði tvö mörk og Sylvain Wiltord eitt áður en Fred rak síðasta naglann í kistu PSV, sem fer heim til Hollands með skottið á milli lappanna. - hþh



**RONALDINHO** Var frábær í leikjunum gegn Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Frank Rijkaard, stjóri Barca:

## Ronaldinho fer ekki til Chelsea

**FÓTBOLTI** Knattspyrnustjóri Barcelona, Frank Rijkaard, hefur sent þau skilaboð til Romans Abramovich hjá Chelsea að milljarðar hans muni aldrei ná að lokka brasilíska snillinginn Ronaldino til félagsins. Hinn 25 ára gamli Ronaldinho var munurinn á liðunum í síðari viðureign Barcelona og Chelsea í fyrradag og segir Rijkaard að leikmaðurinn sé gríðarlega ánægður á Spáni.

„Hér á hann heima og hér á hann marga vini. Peningar skipta hann ekki mestu máli," sagði Rikjaard, en samningur Ronaldinho segir til um að hann megi fara ef 85 milljón punda tilboð komi í hann. Þess má geta að Ronaldinho kostaði Barcelona 21 milljón punda þegar hann var keyptur til félagsins frá Paris St. Germain fyrir tæpum þremur árum. - vig



**OLE GUNNAR SOLSKJÆR** Er einn sá óheppnasti í heimi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ole Gunnar Solskjær:

## Frá í 6-8 vikur

**FÓTBOLTI** Norski sóknarmaðurinn Ole Gunnar Solskjær mun líklega missa af því sem eftir er leiktíðar eftir að hafa brotið bein í kjálka í leik með varaliði Manchester United gegn Middlesbrough í fyrrakvöld. Seinheppnin heldur því áfram að elta Norðmanninn knáa en hann var tilölulega nýbyrjaður að spila á ný eftir þrálát meiðsli í ökkla sem hafa plagað hann í mörg ár.

„Solskjær þarf að gangast undir aðgerð og verður frá í 6-8 vikur," sagði talsmaður Man. Utd. í gær. - vig

Tim Wiese, markvörður Werder Bremen:

## Vildi jarða sig á vellinum



**TIM WIESE** Niðurlútur í leikslok ásamt leikmönnum Werder Bremen. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Tim Wiese, markmaður Werder Bremen, var í öngum sínum eftir að hafa orðið þess valdandi að liðið hans datt úr Meistaradeild Evrópu eftir 2-1 tap gegn Juventus á miðvikudaginn. Wiese greip auðveldlega fyrigjöf en missti svo boltann þegar hann lenti á vellinum og Emerson renndi boltanum í tómt netið eftir að samherji hans benti honum á að boltinn var laus.

„Þetta var skelfilegt, ég vildi jarða mig á vellinum. Þetta er langversta atvik sem ég hef lent í á ferlinum," sagði Wiese en hann hafði átt frábæran leik fram að mistökunum og allt leit út fyrir að hann yrði hetja Werder en það breyttist á skotstundu.

„Ég var ekkert of spenntur eða neitt slíkt, mér leið mjög vel og ég átti góðan leik fram að þessu. Ég hafði það á tilfinningunni að ég gæti varið allt. Þetta var einn besti leikur ferils míns þar til ósköpin dundu yfir, þetta er mistök sem maður gerir bara einu sinni á ævinni," sagði Wiese. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-BENFICA | 0-2 |

0-1 Simao (36.), Fabrizio Miccoli (89.).
Benfica komst áfram samanlagt 3-0

| | |
|---|---|
| ARSENAL-REAL MADRID | 0-0 |

Arsenal komst áfram samanlagt 1-0

| | |
|---|---|
| AC MILAN-BAYERN MÜNCHEN | 4-1 |

1-0 Filippo Inzaghi (9.), Andriy Schevchenko (25.), 2-1 Ismael (35.), 3-1 Filippo Inzaghi (47.), 4-1 Kaká (59.),
AC Milan komst áfram samanlagt 5-2

| | |
|---|---|
| LYON-PSV | 3-0 |

1-0 Tiago (26.), 2-0 Tiago (45+4.), 3-0 Sylvain Wiltord (71.),
Lyon komst áfram samanlagt 4-0

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| MAGDEBURG-LEMGO | 30-28 |

Hvorki Sigfús Sigurðsson né Arnór Atlason komst á blað hjá Magdeburg. Logi Geirsson skoraði 4 fyrir Lemgo og Ásgeir Örn Hallgrímsson 2.

| | |
|---|---|
| GUMMERSBACH-MELSUNGEN | 34-28 |

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 10 mörk Gummersbach og Róbert Gunnarsson 5.

| | |
|---|---|
| KIEL-DUSSELDORF | 34-28 |
| NORDHORN-DELITZSCH | 34-27 |

*Iceland-Express deild kvk:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-HAUKAR | 72-115 |
| KR-GRINDAVÍK | 58-89 |

*DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| KA-STJARNAN | 25-26 |

**Mörk KA:** Jónatan Magnússon 8, Ragnar Snær Njálsson 7. Hörður Fannar Sigþórsson 7, Goran Gusic 2, Elfar Halldórsson 2, Nikola Jankovic 1.

**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 8, Stefán Guðnason 3.

**Mörk Stjörnunnar:** Tite Kalandadze 7, Þórólfur Nielsen 6, Đatrekur Jóhannesson 4, Davíð Kekelia 3, Kristján Kristjánsson 2, Gunnar Jóhannsson 2, Arnar Theodórsson 1, Björn Ó Guðmundsson 1.

**Varin skot:** Roland Valur Eradze 24.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 19 | 14 | 2 | 3540-496 | 30 |
| **HAUKAR** | **19** | **14** | **1** | **4578-521** | **29** |
| VALUR | 19 | 13 | 1 | 5580-527 | 27 |
| **STJARNAN** | **19** | **11** | **4** | **4557-520** | **26** |
| FYLKIR | 19 | 10 | 2 | 7526-488 | 22 |
| **KA** | **19** | **8** | **3** | **8529-527** | **19** |
| ÍR | 19 | 8 | 3 | 8612-588 | 19 |
| **HK** | **19** | **8** | **2** | **9548-541** | **18** |



**PATREKUR JÓHANNESSON** Var sterkur gegn sínum gömlu félögum og skoraði fjögur mörk. Þetta var hans fyrsti leikur gegn KA síðan hann kom aftur til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einn leikur fór fram í DHL-deild karla í handbolta í gær:

## Stjarnan marði sigur

**HANDBOLTI** KA og Stjarnan mættust í DHL-deild karla í gærkvöldi og var leikurinn bráðskemmtilegur á að horfa. Stjörnumenn tóku leikinn strax í sínar hendur og héldu þægilegu forskoti mestallan leikinn. KA-menn hrukku í gang síðustu mínúturnar og þjörmuðu vel að Stjörnumönnum, en sá kafli kom full seint og Stjörnumenn lönduðu góðum sigri, 26-25.

Stjörnumenn með Roland Eradze í feiknaformi í markinu skoruðu fyrstu þrjú mörkin í fyrri hálfleik og því forskoti héldu þeir út hálfleikinn, en staðan í leikhléi var 12-15 Stjörnunni í vil.

Síðari hálfleikur byrjaði eins og sá fyrri og stjórnuðu Stjörnumenn leiknum, Roland varði eins og berkserkur og KA-menn réðu lítið við Tite Kalandadze sem spilaði mjög vel í sókn sem vörn en hann var markahæstur Stjörnumanna með sjö mörk í leiknum.

Stjörnumenn náðu sex marka forskoti í síðari hálfleik en gáfu verulega eftir á lokakaflanum. Þeir hleyptu KA-mönnum inn í leikinn og í hönd fóru fram spennandi lokamínútur þar sem KA-menn komust nálægt því að jafna en fór svo að Stjarnan vann sanngjarnan sigur á KA-mönnum, 26-25.

„Við fórum allt of seint í gang," sagði varnarjaxlinn Rögnvaldur Johnsen í liði KA-manna en hann fékk það hlutverk að reyna að stöðva Tite Kalandadze í leiknum. „Stjörnumenn eru með gríðarlega þétt og gott lið og áttu líklega sigurinn skilinn," bætti Rögnvaldur við.

Patrekur Jóhannesson var að spila gegn sínum gömlu félögum á Akureyri í fyrsta sinn en hann átti fremur rólegan dag í liði Stjörnumanna á sínum fyrrverandi vinnustað. Patrekur stóð vaktina í vörninni mjög vel og var duglegur að spila félaga sína uppi í sókninni en hann skoraði fjögur mörk í leiknum. - hb




**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




Lyf & heilsa
**Við hlustum!**

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði · Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi · JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð
Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd · Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli · Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum
Þorlákshöfn · Dalvík · Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If heaven is such a wonderful place, then how come being crucified is such a big fucking sacrifice?“**

**Svar:**
Igby úr kvikmyndinni Igby goes down árið 2002.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STEINÞÓR H. ARNSTEINSSON OPINBERAR ATHUGASEMDIR ÖMMU SINNAR

# *Ekkert nema rassar og klof*

Um daginn koma ég út úr skápnum og viðurkenndi að ég horfði á Idol-ið. Ég kom þar einnig á framfæri nokkrum athugasemdum mínum um keppnina sjálfa. Að lokum bætti ég því við að ég horfði hins vegar ekki á Spaugstofuna, þar drægi ég línuna. Þetta er svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að daginn eftir hringdi amma mín í mig og var alls ekki sátt. Nei, Amma Rúrí hafði sko sínar eigin pælingar um mínar skoðanir. Hvað var ég eiginlega að setja út á útlit keppenda? Auðvitað hlytu þeir sjálfir að hafa lokorðið. Amma var reyndar að mestu sammála mér um hinar ábendingar mínar um Idol-ið. Athugasemd mín um Spaugstofuna og sú staðreynd að ég horfði ekki á þá mætu pilta var hins vegar það sem fór mest fyrir brjóstið á Ömmu Rúrí. Svo ég vitni nú beint í hana ömmu mína þá sagði hún að Spaugstofan væri „besta og vandaðasta sjónvarpsefni sem nokkru sinni hefur verið gert í íslensku sjónvarpi,“ og hér talar kona sem hefur fylgst með frá því að útsendingar hófust árið 1966. Sömu sögu hafði hún amma hins vegar ekki að segja um Strákana „...sem eru ekkert nema rassar og klof! Hver leyfir eiginlega þessum vitleysingum að vera með þessi fíflalæti á besta tíma á kvöldin? Hvernig fá þessir drengir eiginlega að komast upp með þetta hátterni? Geta þeir ekki bara verið á miðnætti?“ Amma tjáði mér það einnig að margar fleiri konur í Grafavoginum væru sama sinnis. Ég reyndi nú að róa ömmu og sagði að Strákarnir væru nú frekar vinsælir hjá fjölmörgum og í öllum aldurshópum. „Já, þeir eru allavega ekki vinsælir hjá okkur vinkonunum í Grafarvoginum!“ Að lokum bað amma mig um að reyna að koma þessum skilaboðum á framfæri og auðvitað þorði ég ekki að gera annað, enda er Amma Rúrí ein áhrifamesta konan í mínu lífi. Breytir þó ekki þeirri staðreynd að ég horfi ekki á Spaugstofuna og mér finnst Strákarnir hóflega flippaðir.



**STRÁKARNIR** hafa greinilega gaman af því að fækka fötum.



▶ 20.10 *Keppni*

GETTU BETUR



▶ 20.55 *Heimildamynd*

RYANAIR CAUGHT NAPPING



▶ 21.45 *Spenna*

X-FILES



▶ 21.00 *Lífstíll*

SIGTIÐ



▶ 19.50 *Fótbolti*

MIDDLESBROUGH – ROMA

## SJÓNVARPIÐ

**16.10** Handboltakvöld **16.25** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** Latibær
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.10** **Gettu betur** Í þessum þætti keppa Verzlunarskóli Íslands og Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi.
**21.15** **Sporlaust (4:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Bönnuð börnum.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (29:47)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.10** Lífsháski (31:49) **23.55** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway **12.00** Hádegisfréttir

**12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Two and a Half Men **13.55** The Sketch Show **14.25** The Block **15.10** Wife Swap **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Strákarnir**
**20.05** **Meistarinn (11:21)** Sextán manna úrslit standa nú yfir og að þessu sinni mætast Ólína Þorvarðardóttir skólameistari og Erlingur Sigurðsson fyrrverandi kennari.
▶ **20.55** **Ryanair Caught Napping** (Ryanair hneykslið) Sláandi ný heimildarmynd frá bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4.
**21.45** **Nip/Tuck (9:15)** Str. b. börnum.
**22.30** **Murder Investigation Team (3:4)** (Morðdeildin 2)Breskir sakamálaþættir af bestu gerð sem fjalla um störf morðrannsóknarflokks innan Lundúnarlögreglunnar.

**23.40** American Idol 5 **0.45** American Idol 5 **1.45** American Idol 5 **2.25** Dancing at the Blue Iguana (Str. b. börnum) **4.25** Nip/Tuck **5.10** The Simpsons **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **American Dad (2:16)** Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.
**20.00** **Friends (14:24)**
**20.30** **Splash TV 2006**
**21.00** **Smallville**
▶ **21.45** **X-Files** (Ráðgátur) Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið og eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

**23.00** Invasion (9:22) (e) **23.45** Friends (14:24) **0.10** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**14.25** 2005 World Pool Championship (e) **16.05** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Cheers**
**19.25** **Fasteignasjónvarpið**
**19.35** **Game tíví**
**20.00** **Family Guy**
**20.30** **Malcolm in the Middle**
▶ **21.00** **Sigtið** Í hverri viku fjallar Frímann Gunnarsson um mikilvæg málefni: lífið, listir, vínmenninguna, dauðann, fordóma, glæpi og hvernig það er að vera sonur landsfrægs trúðs.
**21.30** **Everybody loves Raymond**
**22.00** **The Bachelor VI** Í sjöttu þáttaröð Bachelor fær Byron Velvick tækifæri til að finna draumakonuna, og vonandi verðandi eiginkonu.
**22.50** **Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.05** Cheers (e) **1.30** Top Gear (e) **2.20** Fasteignasjónvarpið (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.30** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.30** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**17.30** Meistaradeildin með Guðna Bergs **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Supersport 2006**
**18.35** **US PGA 2005**
**18.55** **Gillette World Cup 2006**
**19.20** **Ítölsku mörkin** Farið yfir helstu leiki og mörk í ítalska boltanum.
▶ **19.50** **UEFA Champions League** (Middlesbrough – Roma) Bein útsending frá 16 liða úrslitum í Evrópukeppni félagsliða. Roma hefurfarið í kostum í Ítölsku deildinni en þeir slógu fyrir skömmu ítalskt með meðfjölda sigra í röð í deildinni.
**21.50** **Destination Germany** (Italy + Switzerland) Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn.
**22.20** **Fifth Gear**
**22.45** **Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**23.15** UEFA Champions League

## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Right on Track **10.00** Benny and Joon **12.00** The Terminal **14.05** Moonlight Mile **16.00** Right on Track **18.00** Benny and Joon **20.00** **The Terminal** (Flugstöðin) Myndin fjallar um Viktor Navorski sem ferðast til Bandaríkjanna. **22.05** **Kill Me Later** (Dreptu mig seinna) Hvað tekur ung kona til bragðs þegar gullfiskurinn hennar er dauður? B. börnum. **0.00** The Matrix Reloaded (Bönnuð börnum) **2.15** Grind (Bönnuð börnum) **4.00** Kill Me Later (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** Live 2006 Academy Awards Post Show **17.00** Awards Fashion Police **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** Awards Fashion Police **21.00** 101 Most Awesome Moments in... **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Live from the Red Carpet **1.00** Supermodels Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** Awards Fashion Police

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn **8.00** Stuðningsmannaþátturinn **14.00** Tottenham – Blackburn frá 04.03 **16.00** Wigan – Man. Utd **18.00** West Ham – Everton frá 04.03
**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn – Liðið mitt**
**21.00** **Newcastle – Bolton frá 04.03**
**23.00** Man. City – Sunderland frá 04.03 **1.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ryanair Caught Napping **Stöð 2** kl. 20.55

### *Galli í öryggismálum lággjaldaflugfélaga*

Sláandi ný heimildarmynd frá bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4 verður sýnd í kvöld á Stöð 2 þar sem fréttamenn réðu sig sem flugliða hjá Ryanair og störfuðu þar í heila fimm mánuði. Þeim tókst að afhjúpa glæpsamlega galla á öryggismálum þessa stærsta lággjaldaflugfélags í Evrópu. Heimildarmyndin hefur vakið gífurlega athygli síðan hún var frumsýnd fyrst í Bretlandi fyrr í febrúarmánuði og kveikt tímabæra umræðu um þennan meinta fylgifisk sífellt harðnandi samkeppni á markaði lággjaldaflugferða; vanrækslu í öryggismálum.

***Þessi frábæra heimildamynd á eflaust eftir að skapa umræðu á Íslandi um öryggi í flugvélamálum.***




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 2 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 1 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 8 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 3 | 9 | | 5 | 8 | | | | |
| | 4 | | | | 9 | | | 1 |
| | | 2 | | | | 6 | | 8 |
| 8 | | | 9 | | 7 | | | 5 |
| 9 | | 5 | | | | 1 | | |
| 7 | | | 1 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 3 | | 1 | 7 |
| | | | | 4 | | | | |



**20.10**
*Fréttir*

FRÉTTALJÓS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Útvarpsleikhúsið: Ómerktur ópus í c –moll

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.10** Gettu betur **21.10** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fá krakkarnir í Idolinu fyrir að næla sér í laun frá Landsbankanum.*

# Helgin okkar...

**Morgunmatur:** Útbúðu hafragraut úr heilum höfrum og sjóddu nokkur epli með til að bragðbæta hann. Þú getur varla fengið betri morgunmat.

**Skemmtunin:** Bjóddu vinum þínum í tilefnislaust kaffiboð um miðjan dag og bakaðu súkkulaðiköku í tilefni dagsins. Það klikkar ekki.



**Afþreyingin:** Gerðu vorhreingerningu heima hjá þér. Taktu til í öllum skápum, skúffum og skúmaskotum.

**Drykkurinn:** Búðu þér til fulla könnu af kínversku tei, kældu það og drekktu það með klökum úti í. Þetta er sérlega hollt og hressandi.

**Dekrið:** Keyptu nýjasta breska Vogue, lífrænt súkkulaði og kaffi latte og færðu ástinni þinni í rúmið.

**Flíkin:** Vertu í einhverju rauðu um helgina. Sá litur rokkar um þessar mundir.



**Bíómyndin:** Sjáðu kvikmyndina Blóðbönd. Hún er stórkostlega skemmtileg, dramatísk og skilur mikið eftir sig enda endurspeglar hún hið raunverulega líf sem getur tekið stökkbreytingum á svipstundu.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2 sæti 6 einnig 8 stórt ílát 9 stormur 11 eldsneyti 12 mont 14 ljúka 16 þreyta 17 stjórnarumdæmi 18 fiskur 20 skóli 21 steintegund.

**LÓÐRÉTT**
1 bær 3 skammstöfun 4 fax 5 arinn 7 sveppur 10 bergtegund 13 eldur 15 ilma 16 dauði 19 tveir eins.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT:** 2 sess, 6 og, 8 hít, 9 rok, 11 mó, 12 grobb, 14 klára, 16 lú, 17 lén, 18 áll, 20 fg, 21 talk. **LÓÐRÉTT:** 1 borg, 3 eh, 4 símbréf, 5 stó, 7 gorkúla, 10 kol, 13 bál, 15 anga, 16 lát, 19 ll.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

1. Zacarias Moussaoui.
2. Ronaldinho fyrir Barcelona, Lampard fyrir Chelsea.
3. Match Point.

allt
bílar
Alla laugardaga



**JÓNAS R. HALLDÓRSSON** Kann vel við sig í Hafnarfirði þar sem hann hefur opnað Antikbúð og segir Hafnarfjörð vera í mikilli uppsveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

JÓNAS R. HALLDÓRSSON: HÆTTUR Á LAUGAVEGINUM

# Fluttur í Hafnarfjörð

Frá árinu 1999 hefur Jónas R. Halldórsson rekið Antikbúðina á Laugavegi 101. Fyrir ári síðan færði hann út kvíarnar og opnaði útibú í Hafnarfirði, nánar tiltekið á Bæjarhrauninu, hvítu götunni sem ferðalangar á leið til Keflavíkur sjá. Velgengni búðarinnar þar í bæ hefur orðið til þess að Jónas ætlar að loka í Reykjavík og flytja reksturinn alfarið til Hafnfirðinga, sem hafa tekið honum opnum örmum.

Jónas segir að þó umferðin um Laugaveginn hafi aukist komi honum það ekki að neinu gagni því kaupendur vilji fá bílastæðin sín, ganga á þurrum skóm inn í búðirnar og hverfa þaðan jafnskjótt. „Það er helst á löngum laugardegi sem fólk nennir að þramma Laugaveginn," útskýrir hann. Jónas var staddur í búðinni þegar Fréttablaðið náði tali af honum og söknuðurinn virtist ekkert vera að þjaka hann. „Ég er með 250 fermetra pláss á Bæjarhrauni og svo býr gamli hippinn fyrir ofan," heldur hann áfram. „Mér finnst reyndar eins og möndullinn á höfuðborgarsvæðinu sé að snúast og færast suður," segir hann. „Fyrir nokkrum árum var Hafnarfjörður í mikilli lægð og allt morandi í lausum plássum," útskýrir Jónas en nú sé öldin önnur því slegist sé um hverja búð.

Margir hafa eflaust rekið upp stór augu þegar þeir litu við inn í Antikbúðina nýverið því Jónas hefur hingað til skartað miklu og veglegu skeggi. Það er nú horfið til feðra sinna og hefur Jónas nokkrar skýringar á þeim verknaði. „Ég hef verið að bíða eftir því að komast á Reykjalund og rakaði skeggið af til að þyngdarmælingin kæmi betur út," segir hann í gríni. „Annars hef ég alltaf haft tilhneigingu til þess að vera öðruvísi og mér fannst allir vera komnir með svona skegg. Ég varð því að fara gera eitthvað nýtt," útskýrir hann.

Jónas bjó rúm fjörutíu ár í Hlíðunum en segist finna vel fyrir bæjarbragnum í Hafnarfirði sem stjórnist af rígnum milli FH og Hauka. Hann sigli þó milli skers og báru í þeim efnum. „Þegar ég hitti FH-ing segist ég halda með þeim og hið sama gerist þegar Haukari kemur að máli við mig," segir Jónas og hlær.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðstandendur Hollywood-kvikmyndarinnar Stardust voru staddir hér á landi í vikunni til að skoða aðstæður og verða væntanlega einhverjar tökur hér á landi. Mikið stjörnulið hefur verið ráðið í helstu hlutverk en þeirra þekktastur er væntanlega **Robert De Niro**. Leikstjóri myndarinnar er Matthew Vaughn en hann gerði síðast kvikmyndina Layer Cake þar sem James Bond-leikarinn Daniel Craig fór með aðalhlutverkið. Þar að auki hafa leikkonurnar Michelle Pfeiffer og Sienna Miller verið ráðnar til verksins en sú síðastnefnda er hvað þekktust fyrir að hafa átt í stormasömu ástarsambandi við leikarann Jude Law. True North fyrirtækið aðstoðaði fólkið frá Englaborginni en að sögn Helgu Margrétar Reykdal, framkvæmdastjóra True North, er ekkert fast í hendi. Umfangið er þó ekki í neinum samanburði við Flags of Our Fathers sem **Clint Eastwood** tók upp á Suðurnesjunum. Hún taldi nokkuð öruggt að hlutirnir myndu skýrast í lok þessarar viku eða eftir helgi en þetta gætu orðið nokkrir tökudagar og allt upp undir eina viku.



Söngkonan **Hafdís Huld** hefur verið að gera góða hluti í sönglistinni að undanförnu og samkvæmt fréttatilkynningu sem söngkonan sendi frá sér hefur hún skrifað undir útgáfusamning við Mvine-plötufyrirtækið. Hafdís vakti mikla athygli með Gus Gus-flokknum á sínum tíma en síðan þá hefur farið lítið fyrir henni hér á landi. Fyrsta sólóskífa Hafdísar, Dirty Paper Cup, er væntanleg í júní en smáskífan kemur út í apríl og heitir Tomoko. Breski ljósmyndarinn Helen Wood leikstýrir myndbandinu með laginu en þar dansar Hafdís ásamt vinkonu sinni Álfrúnu Örnólfsdóttur í litlu herbergi. Gríðarlegt stórskotalið kemur að þessari plötu en það eru lagahöfundar og upptökustjórar sem hafa starfað með listamönnum á borð við Arctic Monkeys, Dido, Kylie Minogue, Dido og Kasabian.



-fgg

SKÖTUSELUR
HUMAR
TÚNFISKUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Karlkyns matarblaðamaður

Albert Steinn Guðjónsson hóf nýverið störf á tímaritinu Gestgjafanum. Er það ekki í frásögur færandi nema það að hann er fyrsti karlkyns blaðamaðurinn sem þangað hefur verið ráðinn í fullt starf.

Þegar Albert Steinn sótti um starfið var þess krafist af umsækjendum að þeir gætu eldað, skrifað og stíliserað. Albert segist alla vega vera fullfær um tvo fyrstnefndu hlutina en eitthvað þurfi að fínpússa stíliseringuna.

„Ég er mikill áhugamaður um mat og hef eldað mjög lengi og kynnt mér undirstöðuatriðin mjög vel," segir hann. „Ég er nokkuð vel sjóaður í grundvallaratriðum meginlandsmatargerðar en þessa stundina hef ég mest gaman af því að elda indverska og suðausturasíska karrírétti," segir hann.

Albert er að útskrifast úr heimspeki í HÍ og hefur gert nokkuð af því að skrifa í skólanum. Meðal annars ritstýrði hann bókinni Andspænis sjálfum sér, sem var byggð á málþingi um samkynhneigð ungmenni og ábyrgð fagstétta á þeirra málefnum.

Hann segist hlakka mikið til að takast á við nýja starfið. „Þetta er stórfínt. Það er ekki á hverjum degi sem maður mætir hress til vinnu á mánudögum," segir hann í léttum dúr.

- fb



**ALBERT STEINN GUÐJÓNSSON** Albert hefur mest gaman af að elda karrírétti frá Indlandi og Suðaustur-Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



NÝJAR FELGUR
fyrir vorið
Panther
415C
16"/18"
DEVINO ROAD CONCEPTS
635BM
18"/20"
AKUZA ROAD CONCEPTS
347C
16"/17"/18"
Panther
EMR 429AM
18"/19"
Panther
EMR 310C
17"/18"
DEVINO ROAD CONCEPTS
220BM
17"
AKUZA ROAD CONCEPTS
324C
17"/18"
DEVINO ROAD CONCEPTS
635C
17"/18"
Panther
348BM
18"
AKUZA ROAD CONCEPTS
EMR 360C
16"/17"/18"
AKUZA ROAD CONCEPTS
327C
18"/20"
Vorið er komið.
Nú þegar dagurinn lengist er kominn tími álfelganna.
Bíllinn tekur miklum breytingum með nýjum felgum.
- Hann gjörsamlega skiptir um ham!
Hvaða felgur henta bílnum þínum?
Komdu við hjá okkur og skoðaðu það nýjasta í felgum.
Fagmenn okkar veita þér ráðgjöf í vali á felgum fyrir bílinn þinn.
- Við erum fagmenn í felgum!
Gúmmívinnustofan
Réttarhálsi 2 · 110 Reykjavík
587 5588
www.gvs.is
Hjólbarðahöllin
Fellsmúla 24 · 108 Reykjavík
530 5700
www.hollin.is
Bílanaust

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## Ábyrgð

Ég hef fjallað aðeins áður um ábyrgð í pistlum mínum. Ég er svo heillaður af því fyrirbæri að ég vil fá að halda því áfram vegna þess að mér finnst hún stödd á slíkum villigötum. Ég hef verið ábyrgðarlaus stærstan hluta lífs míns. Ábyrgðarleysi mitt var að eyðileggja líf mitt. Mér fannst ábyrgð leiðinlegt orð. En ekki lengur.

**AÐ GANGA** frá kaffibolla eftir sig er ábyrgð. Að gera það ekki er ábyrgðarleysi. Kaffibollar þvo sig ekki sjálfir. Það sem við gerum ekki lendir á öðrum. Ábyrgðarleysi getur leitt til hörmunga og dauða.

**ÁBYRGÐARLEYSI** er hluti af hinu illa í heiminum. Ef fólk myndi taka meiri ábyrgð á sjálfu sér í daglegu lífi myndi það gera meira gagn í heiminum en ef það gerði það ekki en gæfi háar fjárhæðir til góðgerðarmála. Fólki yfirsést auðveldlega vægi ábyrgðar. Svo er líka svo auðvelt að gleyma sér í öðrum. Ég hef þekkt fullt af fólki sem var ábyrgt í lífi annarra en ekki síns sjálfs.

**ÁBYRGÐARLEYSI** lendir á öðrum og meiðir þá. Eins og hundaeigandinn sem þreif ekki upp skítinn eftir hundinn sinn. Svo kom ég, steig óaðvitandi í skítinn og fattaði ekki óhappið fyrr en ég var búinn að klína skítnum í teppið heima.

**LÍF** okkar lýtur andlegum lögmálum eins og veraldlegum. Við erum andlegar verur. Það sem við gerum, bæði gott og illt, fáum við margfalt til baka. Það sem við gerum öðrum kemur okkur í koll síðar. Allt hefur sínar afleiðingar. Þessi bölvun fylgir okkur vegna þess að við þekkjum mun góðs og ills. Þú uppskerð það sem þú sáir, þótt enginn hafi séð til þín.

**ÞÚ** átt bara að taka ábyrgð á þér. Ekki taka hana af öðrum. Það er ekki til góðs, hvorki fyrir þig eða aðra. Það er ekki dyggð að bera aðra á bakinu á sér. Ábyrgð er tæki til aukins þroska. Þegar þú tekur hana af fólki eða leyfir því að komast upp með að varpa henni frá sér, þá hættir það að þroskast. Hjálpaðu fólki frekar að skilja vægi sjálfsábyrgðar með hvatningu og kennslu. Það þarf hver að sjá um sig eins vel og hann getur. Ef fólk ræktaði garðinn sinn en væri ekki alltaf að reyta arfa í annarra manna görðum væri heimurinn mikið betri staður að búa á. Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig.





AEG **Handverkfæri af BESTU gerð!**




HJÓLSÖG K 55 Kr. 16.900.-
STINGSÖG STEP 1200 Kr. 19.900.-
VELTU RAFHLÖÐUVÉL BDSE 12T Kr. 16.900.-
BORVÉL SB2 630 Kr. 8.990.-
BORHAMAR PN 3000R2/K Kr. 26.900.-

**BETRI VERÐ!**
AEG handverkfærin sverja sig í ættina. Þau eru eins og annað sem kemur frá þessum þýska framleiðanda vönduð og traust.

ORMSSON
LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu